Félag kvenna í atvinnulífinu

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 20. janúar 2022

FKA



Félag kvenna í atvinnulífinu FKA

FKA viðurkenning
FKA þakkarviðurkenning
og FKA hvatningarviðurkenning.

Viðurkenningarhafar ársins kynntir á Hringbraut í kvöld kl. 20.

Eliza Reid, félagskona, forsetafrú og rithöfundur, ásamt Andreu á ráðstefnu Jafnvægisvogarinnar í RÚV. Eliza gaf út bókina Sprakkar en nafnið þýðir kvenskörungar. MYND/ SILLA PÁLS

Þakklát þeim hugrökku sem ryðja brautir

Andrea Róbertsdóttir tók við sem framkvæmdastjóri FKA haustið 2019 eftir að hafa starfað sem stjórnandi í fyrirtækjum og stofnunum. Hún hefur leitt breytingar innan fyrirtækja, aðstoðað fyrirtæki og stofnanir að stíga sín fyrstu grænu skerf og starfaði um nokkurt skeið sem stjórnandaráðgjafi.

Andrea segir spennandi tíma hjá FKA og vill meina að nú komumst við ekki upp með annað en að breyta menningu og girða fyrir misrétti í víðasta skilningi þess orðs.

„Með því að vera félagskona í FKA ertu að fjárfesta í sjálfri þér. Ég get ekki bent á betri fjárfestingarkost en að setja sig á dagskrá, vaxa og gefa sér leyfi til að eiga áhugamál," segir Andrea og bætir við að félagið hafi stækkað á tímum Covid. „Lífið er eitt stórt áhættuatriði um þessar mundir en við höfum náð góðu flugi í FKA með plan A, B og C í öllu sem við gerum. Æðruleysið kemur þar við sögu og hve opnar félagskonur hafa verið fyrir tilraunum. Þægindi og vöxtur fer sjaldan saman en það er mjög mikilvægt að sýna sér mildi og vera óhrædd við að gera tilraunir, við erum jú að skapa framtíð fyrir okkur öll og tækifæri hvert sem litið er til að njóta sérfræðiþekkingar og reynslu kvenna, allra kynja."

Margar landsbyggðir

„Við höfum þurft að taka skynsamar ákvarðanir og erfiðar á köflum þegar það er búið að vera að skipuleggja hitt og þetta sem þarf svo að flauta af með skömmum fyrirvara eða breyta vegna sóttvarnareglna og svoleiðis. Tæknin hefur verið nýtt í starfinu og fært félagskonur nær hver annarri og aukið samtalið á milli ólíkra hópa á landinu öllu sem mér finnst alveg frábært. Þá má í raun tala um félagsstarf án staðsetninga og deildirnar okkar eru að springa út í landsbyggðunum. FKA Suðurnes, sem er nýjasta landsbyggðadeild FKA, er gott dæmi um það," segir Andrea stolt af sínum konum. „Hér áður talaði ég um landsbyggð í eintölu en lærði í heimsókn minni norður í haust að það er réttast að fjalla um landsbyggðir í fleirtölu. Því þó svo að þetta sammannlega sé til staðar og einhver raunveruleiki sem tengir okkur allar þá eru svæði mjög ólík. Mér finnst mikil fegurð í því falin að tengja svo þessar ólíku raddir, vera til dæmis á FKA-viðburði á netinu með félagskonum þar sem ein er í Berlín og önnur í Þykkvabæ," segir Andrea og bætir við að félagskonur hafi notað hvert tækifæri til að hittast í raunheimum í fyrra í takt við sóttvarnir. „Við náðum að halda Golfmót FKA, á viðburði Nýsköpunarnefndar FKA og Icelandic Startups var frumkvöðlasenan krufin og við fórum í ferð um Suðurlandið með Atvinnurekendadeild.

Það var stofnuð ný landsbyggðadeild, við hlupum, gengum, fórum í sjósund, vorum í mentorprógrammi og nefndir og deildir voru með vélina í gangi. Svo eru það árleg Hreyfiaflsverkefni FKA sem gera fátt annað en að fá meiri vigt og eru í sífelldri þróun í takt við nýja tíma. Það fylgja margir verndandi þættir því að taka þátt í félagastarfi. Ég vona innilega að félagskonur finni hvað ég er þakklát fyrir þær, allan þann tíma og orku sem þær eru að leggja til félagsins," segir Andrea einlæg.

Hvar er keppnisskapið í jafnrétti?

„Ég hef grínast með það að ég hefði stundum þurft að eiga „afsakið hlé" skilti í starfi mínu sem framkvæmdastjóri á tímum Covid en líka vegna stöðnunar á sviði jafnréttismála og bakslagsins sem við finnum fyrir á ólíklegustu stundum," segir Andrea alvarleg. „Þú sérð, Félag kvenna í atvinnulífinu FKA var stofnað í apríl 1999, þá einungis fyrir konur í eigin rekstri, sem hefur breyst. Og öllum þessum árum síðar skyldi maður ætla að ekki væri lengur þörf fyrir félag af þessu tagi. Sú er ekki raunin og keppnisskapið í jafnrétti hefur vantað á löngum köflum og kynin standa ekki jafnfætis. Það er mikilvægt að konur njóti sannmælis og fái verðskuldað tækifæri, að samfélagið njóti sérfræðiþekkingar og reynslu allra kynja, annars töpum við öll. Orð ná ekki yfir hve þakklát ég er þeim sem ryðja brautir og fyrir þetta ómælda hugrekki sem birtist okkur. Við komumst ekki upp með annað en að taka ákvörðun um að breyta menningu og girða fyrir misrétti. Síðustu misserin höfum við orðið vitni að jakabyltu í mannréttindamálum."

Jólin voru í desember síðast

„Hver og ein félagskona verður að finna sinn takt í félaginu en þess vegna erum við með ólíkar nefndir og deildir til að ná utan um ólíka hópa. Stór verkefni eru fram undan eins og Sýnileikadagur í Arion, Fjölmiðlaverkefni, golfferð er í undirbúningi, nýliðamóttaka, heilsuefling, fundir og fræðsla til að efla andann. Við skulum samt alveg hafa það á hreinu að konur þurfa margt en þær þurfa ekki fleiri háskólagráður né að breyta sér til að komast inn í eitthvert karllægt skapalón. Við eigum allar erindi og við nýtum tímann áfram í að prófa nýja hluti á tímum heimsfaraldurs. Við höfum öll þurft að vera sveigjanleg þegar ekkert er sem áður var. Eins og í fyrra voru jólin í desember líkt og árin áður og that's it," segir Andrea glöð í bragði að lokum og hvetur alla til að fylgjast með FKA viðurkenningarhöfum ársins og fyrri ára og minnir almenning og atvinnulífið á að tilnefna konur þegar félagið óskar eftir tilnefningum ár hvert, fjölbreyttan hóp kvenna af landinu öllu.

„Í dag heiðrum við konur. Ætluðum að vera með framlínu í íslensku atvinnulífi, félagskonum og vinum að heiðra þessar þrjár konur í raunheimum á Viðurkenningarhátíð FKA. Það er ekki í boði og því fáum við að kynnast þeim í þætti sem verður sýndur á Hringbraut í kvöld klukkan 20 og endursýndur klukkan 22. Ég hvet ykkur öll til að fylgjast með hver hlýtur FKA Viðurkenninguna, Þakkarviðurkenninguna og Hvatningarviðurkenninguna. Það var ekkert grín fyrir dómnefnd að velja úr hópi tilnefninga sem bárust af landinu öllu. Það sést langar leiðir." ■

> Í dag heiðrum við konur. Viðurkenningarhátíð FKA verður sýnd á Hringbraut í kvöld kl. 20.

Andrea Róbertsdóttir, framkvæmdastjóri FKA. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRRYGGUR ARI

Alma Dóra Ríkarðsdóttir hefur verið að gera góða hluti með hlaðvarpinu Konur í nýsköpun og þarna erum við í Grósku á Nýsköpunarviku. MYND/CAT

Viðskiptasambönd hjá FKA verða ekki síður til í gönguskóm. Hér í Reykjadal frá hægri: Inga Hrönn, Birna Dröfn, Svava Björk, Hafdís Huld, Aníka Rós, Katrín, Edda Rún, Þórey og Andrea.

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Félag kvenna í atvinnulífinu FKA | Forsíða: Við erum Félag kvenna í atvinnulífinu – myndir frá starfsárinu um land allt. | Veffang: frettabladid.is

Þekkingarfyrirtæki sem byggir á mannauði

EFLA er þekkingarfyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði verkfræði og tengdra greina með það að hlutverki að koma með lausnir sem stuðla að framförum viðskiptavina og efla samfélagið.

Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, sviðsstjóri markaðsþróunar, Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannauðs, og Helga Jóhanna Bjarnadóttir, sviðsstjóri samfélagssviðs, sitja allar í framkvæmdastjórn Eflu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

EFLA er með starfsemi á Íslandi og í Noregi og hefur að auki byggt upp starfsemi í Póllandi, Svíþjóð, Þýskalandi og Skotlandi auk þess að koma að fyrirtækjum í Frakklandi og Tyrklandi.

Hjá EFLU starfa um 370 starfsmenn. Á Íslandi eru starfsstöðvar EFLU á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum, Reyðarfirði og Seyðisfirði, Hellu, Selfossi, Hvanneyri og Reykjanesbæ, en höfuðstöðvarnar eru að Lynghálsi í Reykjavík. „Okkar markmið er að efla samfélagið og með því að hafa starfsstöðvar um allt land erum við í nálægð við nærsamfélagið. Okkur finnst mikilvægt að vera nálægt okkar viðskiptavinum og veita þeim nærþjónustu," segir Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, sviðsstjóri markaðsþróunar hjá EFLU.

Stefnumörkun og skýr framtíðarsýn

„Í fyrra fórum við í gegnum stefnumörkun og settum okkur framtíðarsýn til ársins 2025," heldur Jónína áfram. „Í henni kemur fram að EFLA verði fyrirmynd þekkingarfyrirtækja og brautryðjandi við úrlausn brýnna samfélagsverkefna. Þetta er metnaðarfull framtíðarsýn og gefur til kynna að við leggjum mikla áherslu á samfélagslega ábyrgð í allri okkar starfsemi. Á grundvelli þessarar framtíðarsýnar lögðum við fram fimm megináherslur. Við erum þekkingarfyrirtæki og okkar mikilvægasta auðlind er mannauðurinn".

Í framkvæmdastjórn EFLU sitja þrjár konur, auk Jónínu eru það Helga Jóhanna Bjarnadóttir, sviðsstjóri samfélags, og Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannauðs.

Helga Jóhanna er efna- og umhverfisverkfræðingur sem starfað hefur hjá EFLU og forverum í 20 ár og er sviðsstjóri samfélagssviðs. Meðal verkefna sviðsins eru meðal annars skipulags-, samgöngu- og umhverfismál, jarðtækni og landmælingar, landslagsarkitektúr og hönnun á samgönguinnviðum.

Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir, kom til starfa til EFLU fyrir rúmu ári síðan, hefur meistaraprróf í viðskiptafræði með áherslu á stjórnun og stefnumótun og hefur verið í stjórnendahlutverki í meira en 20 ár, bæði í opinbera- og einkageiranum. Hún ber ábyrgð á faglegri mannauðsstjórnun hjá EFLU og sinnir m.a. ráðgjöf til starfsfólks og stjórnenda, starfsþróunarmálum, ráðningum og að faglega séð staðið að ákvörðunum sem lúta að mannauði fyrirtækisins.

Jónína er viðskiptafræðingur með meistaragráðu í markaðsfræðum og alþjóðaviðskiptum. Hún ber ábyrgð á markaðsmálum, viðskiptaþróun og nýsköpun hjá EFLU. „Við þrjár erum í framkvæmdastjórninni og við ásamt öðrum vinnum að því að færa fyrirtækið í átt að þeirri framtíðarsýn sem við höfum fyrir næstu fimm árin," segir Jónína.

Að sögn Jónínu er EFLA drifin áfram af markvissri stefnumörkun. „Við vinnum mjög mikið með stefnumörkunina, setjum okkur markmið til fimm ára og brjótum það niður í verkefni hvers árs. Framkvæmdastjórnin heldur svo utan um það. Undanfarin ár hefur okkur tekist að vaxa og dafna og við teljum þessa miklu áherslu á stefnumótunina, öfluga eftirfylgni allra stjórnenda og þátttöku allra starfsmanna eiga stóran þátt í því hversu vel hefur tekist til hjá EFLU."

Störf án staðsetningar

„Fyrir tveimur árum fórum við í gegnum skipulagsbreytingar sem við teljum hafa verið mikið gæfuspor fyrir okkur varðandi framþróun mannauðs hjá fyrirtækinu, en hjá EFLU starfar mikill fjöldi sérfræðinga," segir Ingibjörg. „Hópurinn er mjög sérhæfður, margir með mikla reynslu og strúktúrinn hjá okkur er mjög flatur. Við vildum einmitt undirstrika þetta flata skipulag og dreifa ábyrgð enn frekar með þessum skipulagsbreytingum. Við vinnum í mörgum teymum og deilir fólk með sér hlutverkum í teymunum. Þar er ekki deildarstjóri sem stjórnar heldur fyrirliði sem hefur það hlutverk að tryggja virkni teymisins. Það mætti líkja þessu við íþróttalið þar sem er einn fyrirliði og svo hafa allir í liðinu sitt hlutverk. Okkur finnst þetta gagnlegt til að deila ábyrgð og auka samábyrgð hjá heildinni."

Ingibjörg segir að EFLA hafa sett sér það markmið að skapa eftirsóknarverðan vinnustað til að laða að afburðamannauð. „Við leggjum áherslu á að fólkinu okkar líði vel og að það sé ávallt valinn maður í hverju rúmi. Sem dæmi um það vorum við þátttakendur í tilraunaverkefni á vegum landlæknis og VIRK um að skapa heilsueflandi vinnustað sem veitir okkur gott aðhald. Við erum með skýra mannauðsstefnu auk þess sem við leggjum áherslu á að tryggja jafnrétti og jöfn tækifæri óháð kynjum.

EFLA hefur verið jafnlaunavottað fyrirtæki frá árinu 2019 og hefur sett sér skýr markmið um að vinna gegn öllum kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Má í því samhengi nefna að í síðustu mælingu mældist launamunur hjá okkur undir einu prósenti. EFLA er jafnframt eitt af þeim fyrirtækjum sem hafa heitið því að vinna markvisst að því að jafna hlut kynja í efsta lagi stjórnunar. Þá er það einnig mat okkar að með markvissri teymisnálgun teljum við okkur vera að skapa umgjörð þar sem allir geta notið sín óháð kyni. Einungis um 30 prósent okkar starfsfólks eru konur en með teymishugsun og samábyrgð, sem við leggjum mikla áherslu á, náum við að valdefla allt okkar starfsfólk."

Ingibjörg segir samkeppni um gott fólk vera harða og að ein afleiðing Covid sé að miklar breytingar séu að eiga sér stað á vinnumarkaði. „Eitt af því sem við höfum verið að horfa til eru störf án staðsetningar sem lið í því að stækka þann hóp sem hefur áhuga og vilja til að vinna með okkur. Hjá okkur er nokkur fjöldi starfsmanna sem vinnur víðs vegar um landið og sinnir verkefnum sem eru staðsett víða um heim. Sem dæmi má nefna starfar hjá okkur starfsmaður sem býr í Mývatnssveit, tilheyrir starfsstöðinni á Akureyri og sinnir verkefnum sem tengjast Suðurlandi. Þá erum við einnig með starfsmann sem sinnir verkefnum í Noregi en er búsettur á Siglufirði. Við sjáum ýmis tækifæri samfara þessari þróun og erum mjög opin fyrir því að prófa okkur áfram með að auka sveigjanleikann og skapa möguleika fyrir fólk til að vinna þar sem því hentar hverju sinni."

Annað atriði í framtíðarsýn EFLU til 2025 er stafræn þróun. „Við reynum að nýta tækifærin bæði í lausnum okkar og í samskiptum hér innanhúss og erum að innleiða nýja samskiptatækni bæði innan félagsins og í samskiptum við viðskiptavini. Þetta á líka við um sjálfvirknivæðingu ferla til að auka þjónustu við viðskiptavini og skilvirkni samskipta," segir Jónína.

Tæknin opnar tækifæri

Þriðja grunnatriðið varðandi stefnu EFLU snýr að því að auka virði til viðskiptavinarins. „Við viljum fara fram úr væntingum viðskiptavina, nýta þekkingu og getu sem býr í mannauði félagsins til að sjá tækifæri og kynna þau. Stafræna tæknin nýtist vel í þeim efnum enda hefur landslagið varðandi kauphegðun þróast og breyst mikið síðustu tvö ár," segir Jónína.

„Við finnum vel að þetta er það sem ætlast er til af okkur," segir Helga Jóhanna. „Við erum sérfræðingar á mörgum sviðum og viðskiptavinurinn vill oft að við komum með hugmyndir til hans um það hvernig hægt sé að gera hlutinn betur, öðruvísi og auka virðið til hans. Til að styðja við þessa hugsun höfum við farveg hér innandyra: skýra umgjörð nýsköpunar og þróunar."

> **Okkar markmið er að efla samfélagið og með því að hafa starfsstöðvar um allt land erum við í nálægð við nærsamfélagið. Okkur finnst mikilvægt að vera nálægt okkar viðskiptavinum og veita þeim nærþjónustu.**
>
> Jónína Björk Vilhjálmsdóttir

„Nýsköpun hefur alltaf verið í miklu fyrirrúmi hjá EFLU," bætir Jónína við. „Nýsköpunarhugsunin er ekki ný hjá félaginu. Á vissan hátt má segja að nýsköpun sé kjarni EFLU. Við teljum hana vera eina grunnstoð þess hve góðum árangri við höfum náð. Við fóstrum menningu sem hvetur til forvitni og frumkvæði starfsfólks til að leita framsýnna lausna."

Helga Jóhanna segir EFLU alltaf hafa lagt áherslu á að gefa ungu fólki tækifæri til að koma til starfa. „Við erum með 20-25 sumarstarfsmenn á hverju ári. Það tengist auðvitað því að vera í góðum tengslum við háskólasamfélagið. Sérfræðingar okkur eru leiðbeinendur og kennarar í háskólum landsins, á bæði BS- og MS-stigi. Mikið af þróunarverkefnum er í gangi og fullt af sprotum og nýsköpunarvinnu."

Sjálfbærni ávallt í fyrirrúmi

Næsta áhersla fyrirtækisins í stefnumörkun er sjálfbær EFLA. „Sjálfbærni helst gjarnan hönd í hönd við nýsköpun. Til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum hér á jörðinni þurfum við að beita nýjum aðferðum og nýrri tækni. EFLA leggur áherslu á sjálfbærni í eigin rekstri og gefur árlega út sjálfbærniskýrslu og sýnir þannig gott fordæmi auk þess að sinna ráðgjöf varðandi sjálfbærni til viðskiptavina , fyrirtækja og sveitarfélaga. Ekki síst er lögð rík áhersla á að í allri ráðgjöf EFLU sé horft í gegnum sjálfbærnigleraugun og fundnar þær lausnir sem eru hvað sjálfbærastar út frá umhverfissjónarmiðum sem og öðrum samfélagslegum sjónarmiðum," segir Helga Jóhanna.

Viðskiptavinir EFLU eru um 1.150 á ári og verkefnin yfir 3.000 talsins og getur fyrirtækið því haft umtalsverð jákvæð samfélagsleg áhrif. EFLA er í fararbroddi á þessu sviði. Starfsemin hefur verið kolefnishlutlaus síðustu fimm ár og hefur EFLA fengið ýmis verðlaun fyrir þennan þátt í starfseminni, meðal annars Kuðunginn, umhverfisverðlaun umhverfisráðuneytisins 2020 og Loftslagsviðurkenningu Reykjavíkurborgar og Festu árið 2019.

Upplýsingar um kolefnisspor

Matarspor, hugbúnaðarlausn sem reiknar kolefnisspor á bak við máltíðir, spratt upp úr umhverfisviku EFLU en slík vika er einu sinni á ári. „Hugmyndin var að veita okkar starfsfólki upplýsingar um kolefnisspor máltíða. Þetta hentar hins vegar mjög vel fyrir öll mötuneyti og veitingahús. Nú er önnur kynslóð hugbúnaðarins að koma út og í henni er ekki aðeins hægt að sjá kolefnissporið heldur líka næringargildi máltíða," bætir Jónína við.

EFLA gerði líka vefreikni í samvinnu við Orkuveituna sem er opin öllum á slóðinni kolefnisreiknir.is en þar geta einstaklingar reiknað út sitt eigið kolefnisspor miðað við íslenskar aðstæður. Núna er verið að vinna að kolefnissporsreikni fyrir ferðamanninn í samvinnu við Íslandsstofu. Það er hugsað til að ferðamenn geti séð kolefnisspor ferðarinnar og kolefnisjafnað hana hér á landi.

Vistvæn hönnun og ráðgjöf

Helga Jóhanna segir EFLU hafa um nokkurt skeið unnið að vistvænni hönnun skipulags og bygginga og vottun þeirra. Í slíkri hönnun er lögð áhersla á orkunýtni, góða innivist fyrir notandann, vistvænar samgöngur, efnisval og loftslagsmál. „Það má nefna að við unnum alþjóðlega hönnunarsamkeppnina Re-Inventing Cities ásamt Basalt arkitektum, Landmótun og Reginn fyrir byggingu sem rísa mun á mótum Suðurlandsbrautar og Lágmúla en tillagan gerir ráð fyrir nokkurra hæða byggingu úr krosslímdum timbureiningum með miklu lægra kolefnisspor en hefðbundin steypt bygging.

Rétt fyrir jól varð EFLA ásamt Beam architects hlutskörpust í samkeppni um brú yfir Fossvoginn. Um er að ræða tengingu yfir voginn fyrir vistvæna samgöngumáta, hjólandi, gangandi ásamt því að vera leið Borgarlínu yfir voginn. „Við hönnun brúarinnar var m.a. lögð áhersla á að útfæra brúna með hagkvæmni, upplifun og þægindi fyrir notandann að leiðarljósi um leið og hún félli vel að einstöku náttúrulegu umhverfi í Fossvoginum. Við lögðum sérstaka áherslu í efnisvali á góða endingu og lítið viðhald sem og lágt kolefnisspor sem allt eru mikilvægir þættir í sjálfbærni mannvirkja," segir Helga Jóhanna.

„Stefnumörkunin er grundvallaratriði í okkar starfsemi. Og samofið henni hefur okkur tekist að laða til okkar frábært starfsfólk sem er kjarninn í okkar velgengni," segir Ingibjörg að lokum. ■

Flugið getur verið alls konar

Hjördís Dröfn Vilhjálmsdóttir er stjórnenda- og leiðtogamarkþjálfi og stofnandi ráðgjafafyrirtækisins Taktu flugið.

Hjördís er með ACC vottun frá ICF, MS í stjórnun og stefnumótun og BS í hagfræði frá Háskóla Íslands. Hún býr yfir áratuga reynslu sem stjórnandi, ráðgjafi og greinandi. Breytinga- og krísustjórnun er kjarnafærni Hjördísar, sem býr yfir margþættri reynslu á því sviði, bæði á almennum vinnumarkaði og hjá hinu opinbera. Þá er hún með vottaða þjálfun sem NBI-practitioner & Whole Brain Coach.

„Ég elska að sjá fólk ná árangri umfram væntingar um eigin getu og sjá teymi vinna þannig saman að töfrar verði til. Að mínu mati felst lykillinn að árangri í viljanum til breytinga, vel útfærðri aðgerðaáætlun og markvissri eftirfylgni. Ég býð mig fram sem ferðafélaga á slíkri vegferð sem hvetur, ögrar, hrósar og rýnir til gagns.“

Af hverju leiðtoga- og stjórnendaþjálfun?

„Segja má að ég hafi elt það sem mér finnst skemmtilegt. Upphaflega fór ég í markþjálfunarnám til að efla leiðtogafærni mína. Ég heillaðist af aðferðafræðinni og tók því næsta skref, sem er vottun frá ICE, stærstu markþjálfasamtök heims. Á þeirri vegferð áttaði ég mig á að hér á landi erum við komin mun styttra en nágrannalönd okkar með leiðtoga- og stjórnendamarkþjálfun. Íslenskir stjórnendur eru þó hver á fætur öðrum að átta sig á þeim ávinningi sem þeir geta náð með leiðtogaþjálfun. Því var það í raun eðlilegt framhald fyrir mig að stíga þetta skref. Það er frábært tækifæri að koma ný inn á markað sem er í mikilli mótun. Ég legg mikinn metnað í að vinna faglega og nota því eingöngu greiningar, aðferðafræði og nálgun, sem byggja á rannsóknum sem sýna fram á ótvíræðan árangur.“

> **Að mínu mati felst lykillinn að árangri í viljanum til breytinga, vel útfærðri aðgerðaáætlun og markvissri eftirfylgni.**

Hvaðan kemur nafnið Taktu flugið?

„Taktu flugið eru hvatningarorð frá sjálfri mér til sjálfrar mín. Ákvörðunin um að hefja sjálfstæðan rekstur tók nokkuð langan tíma að þróast og mótast. Á slíkum tíma gerist alls konar. Þegar ég tók ákvörðunina þá átti ekkert heiti betur við en hvatningarorðin sem ég notaði á sjálfa mig. Það sem er líka svo skemmtilegt við flugið er að það getur verið alls konar. Langt og krefjandi, stutt og skarpt. Það getur falið í sér færni og fegurð eða byggt á samhæfni, eins og oddaflug gerir. Ég vona að nafnið eigi eftir að verða öðrum hvatning rétt eins og mér.“

Hjördís Dröfn Vilhjálmsdóttir elti drauma sína um að gera eitthvað skemmtilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hvað er fram undan hjá þér?

„Árið 2022 er mjög spennandi og ég hlakka mikið til þess og tækifæranna sem bíða bæði mín og viðskiptavina minna. Hugmyndin er að í fyllingu tímans verði unnt að fá heildstæða markþjálfun fyrir fyrirtæki hjá Taktu flugið eins og best gerist hverju sinni. Það þýðir að þjónustan verður í sífelldri þróun. Þess vegna vil ég eiga samtalið við viðskiptavini mína um hvað það er sem þeir þurfa og vilja. Ég vona að þeir hiki ekki við að fá mig til að móta það með sér. Þannig vil ég móta vöru- og þjónustuframboð mitt, með viðskiptavinunum mínum, fyrir þá. Ég bý líka að góðu tengslaneti og get beint fólki til annarra sem bjóða þá sérhæfðu þjónustu sem ég mun ekki sinna.“ ■

Skannaðu QR-kóðann til fá nánari upplýsingar.

Doktor Edda Blumenstein er framkvæmdastjóri framþróunar verslunar og viðskiptavina hjá BYKO, en það er nýtt svið hjá fyrirtækinu, sem hefur það hlutverk að bæta upplifun viðskiptavina. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hjá BYKO er viðskiptavinurinn miðja alls

Doktor Edda Blumenstein er framkvæmdastjóri nýs sviðs hjá BYKO, sem vinnur að því að þróa þjónustu fyrirtækisins á ýmsan hátt til að bæta heildarupplifun viðskiptavina og mæta auknum kröfum þeirra.

„Ég bjóst aldrei við því að BYKO, íslensk bygginga- og heimilisvöruverslun sem þjónustar fagmenn og einstaklinga í framkvæmdum og fegrun heimilisins, yrði minn vinnustaður að loknu doktorsnámi. En sú framsækna vegferð sem BYKO er á, undir forystu Sigurðar Pálssonar, heillaði mig mikið," segir doktor Edda Blumenstein, framkvæmdastjóri framþróunar verslunar og viðskiptavina hjá BYKO.

BYKO er rótgróið íslenskt fyrirtæki, en það var stofnað fyrir 60 árum af þeim Guðmundi Jónssyni og Hjalta Bjarnasyni og er enn þann dag í dag í eigu fjölskyldu Guðmundar.

Nýtt svið sem snýst um að bæta upplifun viðskiptavina

„Ég útskrifaðist sem doktor frá Leeds University Business School í október 2020 og doktorsrannsóknin mín fjallaði um „Omni channel retailing transformation" (umbreytingu verslunar) og dýnamíska hæfni verslunarfyrirtækja," segir Edda. „Í kjölfarið tók ég að mér forstöðu Rannsóknaseturs verslunarinnar (RSV) samhliða því að reka beOmni ráðgjöf ehf., sem ég stofnaði með doktorsnáminu. Í dag sit ég í stjórn RSV og Ormsson og kenni Heildræna verslunarstjórnun við Háskólann á Bifröst.

Sigurður Pálsson, forstjóri BYKO, hafði samband við mig á vetrarmánuðum 2020 til að kynna sér betur „Omni channel retailing" stefnu. Í framhaldinu tók ég svo að mér ráðgjafarverkefni fyrir BYKO, þar sem verkefnið var að móta stefnu sem fæli í sér að skapa bestu heildarupplifun viðskiptavinar í framkvæmdum og fegrun heimilisins," segir Edda. „Þegar vinnunni lauk á vormánuðum 2021 og stefnan og verkefnin lágu skýrt fyrir, þurfti að tryggja innleiðingu og niðurstaðan varð sú að ég réði mig til fyrirtækisins til að sinna henni.

Til að hafa vald til athafna innan fyrirtækisins var nýtt svið Framþróunar verslunar og viðskiptavina stofnað og það vinnur þvert á hin fjögur svið fyrirtækisins: smásölusvið, fyrirtækjasvið, vörustjórnunarsvið og rekstrarsvið," útskýrir Edda. „Undir framþróunarsvið heyrir svo vefdeild, markaðsdeild, heildarupplifun og sjálfbærni."

Á fleygiferð inn í framtíðina

„Ég er í því skemmtilega hlutverki að stýra framþróunarvegferð BYKO. Það eru ótalmörg spennandi verkefni í gangi, en forgangsverkefni okkar á þessu ári hvað varðar starfræna þróun er að borga upp stafræna „skuld" fyrirtækisins og mæta grunnþörfum okkar viðskiptavina. Við erum til dæmis búin að innleiða sjálfsafgreiðslukassa í þremur af fimm verslunum BYKO, og allar fimm verslanirnar verða komnar með sjálfsafgreiðslu á fyrsta ársfjórðungi þessa árs," segir Edda. „Í sjálfsafgreiðslunni verða reikningsviðskipti fljótlega virkjuð og þá geta fagaðilar skannað vörurnar og sett í reikning án þess að bíða í röð. Reikningurinn kemur svo í tölvupósti og verður aðgengilegur á Mínum síðum BYKO.

Við erum einmitt að setja nýjar Mínar síður í loftið í janúar og köllum við þá útgáfu 1.0. Í framhaldi af því munu fleiri útgáfur með spennandi nýjungum líta dagsins ljós og við munum kynna þær jafnt og þétt," segir Edda. „Rafrænt BYKO-kort er líka skemmtileg nýjung sem við kynnum fljótlega og miðar að því að auka hraða og þægindi viðskiptavina. Ný vefverslun, app og ýmislegt fleira mun einnig líta dagsins ljós á árinu. Við erum á fleygiferð inn í framtíðina, en fyrst þarf að byggja grunninn."

Þarfir viðskiptavina í fyrsta sæti

„Verslun og þjónusta hefur gjörbreyst síðastliðin ár og í dag gera viðskiptavinir, bæði einstaklingar og fagaðilar, allt aðrar og meiri kröfur en hefðbundin byggingavöruverslun uppfyllir. Markmið okkar á framþróunarsviði er að mæta þessum væntingum," segir Edda. „Hefðbundin verslun, stafræn verslun, þjónusta og markaðsmál, svo eitthvað sé nefnt, hafa runnið saman í eitt og viðskiptavinir ætlast til þess að fá sömu upplifun hvar, hvenær og hvernig sem þeim hentar. Það er því okkar hlutverk að greina hvar við getum bætt heildarupplifun viðskiptavina, hvaða snertifleti við þurfum að leggja áherslu á og í hvaða skrefi á kaupferlinu. Hjá BYKO er viðskiptavinurinn miðja alls.

Til að mynda vilja viðskiptavinir fá upplýsingar hvar, hvenær og hvernig sem þeim hentar, sem og persónulega þjónustu. Þeir vilja líka geta keypt í gegnum marga mismunandi snertifleti án nokkurra hnökra, geta fengið afhent og sótt hvar, hvenær og hvernig sem þeim hentar og fá aðstoð og upplýsingar sem mæta þeirra persónulegu þörfum," segir Edda. „Það er því mikilvægt að gera sér grein fyrir að ekki er um átaksverkefni að ræða heldur langtíma vegferð og skuldbindingu. Tæknin mun halda áfram að þróast, þarfir viðskiptavina halda áfram að breytast og samkeppnisumhverfið mun halda áfram að harðna.

Til að lifa af, vaxa og dafna í nútíma heimi verslunar, þurfa verslunarfyrirtæki af öllum stærðum og gerðum að setja þarfir og væntingar viðskiptavina í fyrsta sæti, vera með skýra framtíðarsýn og markvissa stefnu um heildræna upplifun viðskiptavina," segir Edda. „Við hjá BYKO náum þannig árangri með því að mæta þörfum okkar viðskiptavina. Öll okkar verkefni miða að því og öll svið fyrirtækisins vinna markvisst að því að bæta upplifun viðskiptavina, ekki bara við á framþróunarsviði."

> **Til að lifa af, vaxa og dafna í nútíma heimi verslunar, þurfa verslunarfyrirtæki af öllum stærðum og gerðum að setja þarfir og væntingar viðskiptavina í fyrsta sæti.**

Leggja mikla áherslu á umhverfismál og jafnrétti

„Umhverfismál og sjálfbærni hafa skipt eigendur miklu máli frá fyrsta degi og BYKO hefur í dag mótað metnaðarfulla sjálfbærnistefnu sem snýr að umhverfislegri, félagslegri og efnahagslegri sjálfbærni sem við tengjum við innleiðingu á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna," útskýrir Edda. „Þannig erum við sífellt að reyna að gera betur, verða samkeppnishæfari og verða við kröfum samfélagsins. Við viljum líka hafa jákvæð áhrif á byggingariðnaðinn, til dæmis með því að bjóða upp á vistvænt vöruúrval og ráðgjöf.

Við leggjum líka mikið upp úr því að BYKO sé vinnustaður fyrir öll kyn, að hér ríki góður starfsandi, jöfn tækifæri og almenn ánægja í starfi. Til að mynda hlaut BYKO jafnlaunavottun árið 2020 og viðurkenningu frá FKA árið 2021 fyrir Jafnvægisvogina. Þetta er í samræmi við Heimsmarkmið nr. 5, Jafnrétti kynjanna, sem er eitt af kjarnamarkmiðum BYKO," segir Edda. „Við leggjum áherslu á að jöfn kynjahlutföll myndist með náttúrulegum hætti og að við náum að skapa vinnustað sem er eftirsóknarverður fyrir öll kyn. Í jafnréttisstefnu BYKO er líka skýrt tekið fram að auglýsingar frá fyrirtækinu stríði ekki gegn jafnri stöðu og rétti kynjanna á nokkurn hátt og allar auglýsingar eru skoðaðar með tilliti til jafnréttis áður en þær eru birtar."

Vilja jafna út kynjahlutföllin í iðngreinum á Íslandi

„Konum í ábyrgðarstörfum hefur fjölgað mikið hjá fyrirtækinu á síðustu árum og stefnan er að tryggja áframhaldandi aukningu á þátttöku kvenna á sem flestum sviðum innan fyrirtækisins. Byggingariðnaðurinn er almennt mjög karllægur, en hjá BYKO eru hins vegar 40% verslunarstjóra konur, 50% af framkvæmdastjórn eru konur og þær eru 60% af stjórn fyrirtækisins. Á framþróunarsviðinu er svo líka að sjálfsögðu jöfn kynjaskipting, 54% konur og 46% karlar," útskýrir Edda. „Við viljum einnig hafa jákvæð áhrif á konur í iðngreinum, brjóta upp staðalímyndir og jafna kynjahlutföllin þar, sem er eitt af þeim spennandi verkefnum sem við erum að vinna að þessa dagana.

Í því samhengi skiptir máli að konur í atvinnulífinu efli tengslanetið sitt, hvort sem það er í gegnum frábær samtök eins og FKA, á LinkedIn, með greinaskrifum eða annars staðar," segir Edda. „Rödd okkar þarf að heyrast. Ég leyfi mér að hafa skoðun, ég þori að tjá skoðanir mínar, ég þori að láta vita af mér í viðskiptalífinu og ég er óhrædd við að grípa þau tækifæri sem mér berast. Hvað er það versta sem getur gerst?" ■

Halldóra G. Steindórsdóttir tók nýlega sæti í stjórn Reiknistofu bankanna og í Greiðsluráði Evrópu (EPC) fyrir hönd íslensku bankanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Látið í ykkur heyra og takið ykkur pláss

Hugbúnaðargeirinn er fullur af tækifærum fyrir konur og verkefnin bæði spennandi, skapandi og skemmtileg, segir Halldóra G. Steindórsdóttir, hópstjóri á Upplýsingatæknisviði Landsbankans.

„Það er sérstaklega skemmtilegt að starfa í upplýsingatækni í bönkunum þessi misserin. Það eru gífurlegar breytingar á því hvernig við veitum okkar þjónustu þar sem tækninni fleygir fram og viðskiptavinir vilja að sjálfsögðu fá eins mikla og góða þjónustu í sjálfsafgreiðslu og hægt er," segir Halldóra sem starfar við þróun hugbúnaðar á sviði greiðslumiðlunar á Upplýsingatæknisviði Landsbankans, þar sem hún er hópstjóri.

„Þetta leiðir af sér ógrynni góðra hugbúnaðarverkefna og getur verið snúið að forgangsraða og velja vænlegustu verkefnin. Þessi nýju verkefni keyrum við eins hratt og vel og við getum í svokölluðum sellum, þar sem blandaður hópur sérfræðinga er settur saman í verkefnahóp. Í sellunni eru þá bæði forritarar, sérfræðingar, verkefnastjóri og lögfræðingur – eða í rauninni allt sem þarf til að hægt sé að klára verkefnið vel. Sellan situr síðan saman og ber ábyrgð á því að klára verkefnið."

Vinnur fyrir Íslands hönd

Halldóra tók nýlega sæti í stjórn Reiknistofu bankanna (RB) og í Greiðsluráði Evrópu (EPC) fyrir hönd íslensku bankanna.

„Eitt af því sem nánast öll fjármálafyrirtæki í Evrópu hafa legið yfir síðustu árin, og er stóra verkefnið mitt nú, er ný reglugerð frá Evrópusambandinu sem nefnist PSD2. Tilgangur með reglugerðinni er að auka öryggi í netgreiðslum og leyfa öðrum en bönkum að fá aðgengi að bankareikningum viðskiptavina sinna, en að sjálfsögðu aðeins með samþykki umræddra viðskiptavina," upplýsir Halldóra, og heldur áfram:

„Þetta þýðir að við munum opna á sjálfsafgreiðslu með svokölluðum API-þjónustum svo að þjónustuaðilar geti leyft viðskiptavinum að framkvæma millifærslur í sínu eigin appi og skoða bankareikningana sína. Þetta er gert með því að láta appið hafa samskipti við bankakerfið í gegnum API með öruggum hætti. Þá eru einnig gerðar kröfur um aukið öryggi í greiðslum og munu viðskiptavinir verða varir við ýmsar breytingar á árinu, svo sem í því hvernig innskráning er framkvæmd og hvernig greiðsla er staðfest. Þetta er stærsta verkefnið mitt þessa dagana og ég held að það sé nokkuð ljóst að þessi vegferð, um að opna bankakerfið, muni halda áfram á næstu árum."

Undanfarin ár hefur Reiknistofa bankanna innleitt Sopra-kerfið sem er stórt og mikið verkefni sem allir bankar hér á landi hafa tekið þátt í, hver á sínum tíma.

„Sopra er klárlega stærsta verkefni sem ég hef tekið þátt í en Landsbankinn ruddi brautina og var fyrstur í loftið haustið 2017. Nú stefnir í að síðustu aðilarnir taki upp kerfið um miðjan febrúar. Þá verður loksins hægt að hefjast handa við að hætta alfarið notkun eldri greiðslu- og innlánakerfa RB. Þetta er stórt verkefni sem snertir Landsbankann með beinum hætti þar sem við þurfum að losa ýmsar lausnir af stórtölvu RB en til stendur að hætta notkun hennar. Ég tók nýlega sæti í stjórn RB og það verður gaman að fylgjast með og taka þátt í þessu og öðrum verkefnum, bæði í gegnum stjórnarsetuna og með störfum mínum hjá bankanum," segir Halldóra.

Stór verkefni í greiðslumiðlun

Fram undan eru fleiri stór og krefjandi verkefni hjá Halldóru.

„Meðal annars tek ég nú þátt í undirbúningi verkefnis um að taka upp evrópskar reglubækur fyrir greiðslumiðlun á Íslandi. Við erum nefnilega svo góðu vön hér á Íslandi, að hafa verið með rauntímagreiðslur síðan Reiknistofa bankanna gerði það mögulegt árið 1987. Þá vorum við langfyrsta landið í heiminum til að gera slíkt og í dag þykir okkur ekkert sjálfsagðara en að geta millifært okkar á milli á innan við sekúndu, á meðan vinir okkar í Evrópu eru bara rétt nýfarnir að geta þetta," greinir Halldóra frá.

> **Það er pláss fyrir fleiri konur, og munið að þið þurfið ekki að reyna að hafa sömu styrkleika og gaurinn við hliðina því við viljum ekki hafa einsleit teymi.**
>
> Halldóra G. Steindórsdóttir

Evrópubúar eru þó strax komnir skrefi framar því þeir geti sent evrur í rauntíma á milli landa en fyrir okkur tekur það klukkustundir upp í einn dag að koma evrum yfir til Evrópu.

„Vinnan í Evrópu hefur verið unnin af EPC (European Payments Council) og er því samræmd og unnin í samstarfi við markaðinn í heild. Því eru allir bankar að gera þetta með sömu aðferð, á hagkvæman hátt eftir sömu reglubókinni. Við á Íslandi erum því að skoða hvernig við getum aðlagað okkar innviði þessum evrópsku stöðlum. Það er mikilvægt að við stöndum jafnfætis evrópska markaðnum og fáum þannig betri tækifæri til að taka þátt í alþjóðlegu eða evrópsku samstarfi um greiðslur, bæði fyrir bankann og viðskiptavinina," segir Halldóra, og víst að nýlegt sæti hennar í EPC, fyrir hönd íslensku bankanna, fellur sérstaklega vel að þessu verkefni.

Kunni varla á tölvu í upphafi

Halldóra hóf nám í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík árið 2000.

„Þá áttaði ég mig ekki á hversu spennandi vettvang ég var að fara inn á. Á þeim tíma var internetbólan í hámarki, það varð mikil fjölgun nemenda og algjör metþátttaka kvenna. Þetta nám var ótrúlega skemmtilegt! Ég var ákveðin í að standa mig vel og vera enginn eftirbátur hinna, þrátt fyrir að hafa varla kunnað á tölvur þegar ég byrjaði – og það tókst!" segir hún kát.

Halldóra hefur unnið lengi hjá Landsbankanum.

„Þar hef ég fengið tækifæri til að spreyta mig á ýmsum hlutverkum sem hefur verið mjög lærdómsríkt og er einmitt kostur þess að vinna hjá jafn stóru fyrirtæki og Landsbankinn er. Sem dæmi byrjaði ég sem forritari í vefdeild og varð síðar forritari á greiðslu- og kortakerfum bankans. Ég var á tímabili greinandi og verkefnastjóri á Verkefnastofu bankans, var síðar vörustjóri á Fyrirtækjasviði þar til ég fór aftur „heim" yfir á Upplýsingatæknisvið þar sem ég tek við greiðsluhópnum í Hugbúnaðarlausnum. Það er ótrúlega gaman að hafa tekið þennan 360 gráðu hring um bankann sem styrkir mig mjög í núverandi hlutverki. Landsbankinn er afskaplega góður vinnustaður þar sem jafnréttismálin hafa verið tekin föstum tökum. Þar er vel hugsað um starfsfólkið og andinn er góður."

Karllægur geiri á breytingaskeiði

Halldóra segir hugbúnaðargeirann enn vera frekar karllægan.

„En ég hef alltaf haft jafn mikla trú á að það sé að breytast og jafnast, því störf innan geirans eru svo fjölbreytt og nýjar tegundir starfa verða sífellt til. Aðalatriðið er nú samt að það er svo mikilvægt að hafa kynjablöndun í teymum, því við komum með ólíka hluti að borðinu og erum að smíða vörur fyrir alla. Því er fjölbreytileikinn svo mikilvægur. Það er ekki spurning að við náum betri árangri og betra jafnvægi með því að hafa jafnt konur sem karla við borðið. Þetta er eitthvað sem við höfum í huga í Landsbankanum og ég er ótrúlega ánægð með að í mínu teymi eru jöfn kynjahlutföll og góð dreifing á styrkleikum svo við bætum hvert annað vel upp."

Hún hvetur konur til að láta til sín taka og sækja í þennan geira.

„Því það er pláss, og munið að þið þurfið ekki að reyna að vera með sömu styrkleika og gaurinn við hliðina því við viljum fá ólíka styrkleika inn til að hafa ekki einsleit teymi. Ég hvet líka sem flesta sem eru í öðrum greinum í háskóla eða jafnvel útskrifuð til að taka nokkur fög tengd tölvunarfræði eða kerfislegri hugsun því það mun margborga sig og styrkja ykkur á vinnumarkaði."

Ýmislegt líkt með húsgagnasmíði og hugbúnaðargerð

Í Covid-inu tók Halldóra sig til og skráði sig til náms í húsgagnasmíði við Tækniskólann.

„Það hefur verið alveg ótrúlega skemmtilegt og ég ætla að halda því áfram. Það er heilmikil núvitund fólgin í því að vera að vinna með viðinn, ákveðin hvíld frá erli dagsins, fyrir utan hversu gaman það er að smíða og vinna með við og sjá afraksturinn. Það hefur verið áhugavert að þarna hef ég rekist á fleira fólk úr tæknigeiranum og maður veltir fyrir sér hvort þetta sé einhver bylgja. Það er kannski samhljómur með því að smíða hugbúnað og að smíða húsgagn eða hús. Hvoru tveggja er skapandi nákvæmnisvinna sem krefst góðrar hönnunar og réttra tóla," segir Halldóra.

Þriggja daga ganga á Rauðasandi

Þegar heimsfaraldurinn skall á fóru Halldóra og maðurinn hennar að stunda gönguferðir og skráðu sig í skipulagðar göngur hjá gönguklúbbnum Veseni og vergangi.

„Það hefur verið æðislegt að kynnast betur umhverfinu í kringum borgina og við höfum farið leiðir sem okkur hefði ekki dottið í hug að fara upp á okkar einsdæmi. Í fyrrasumar fórum við í okkar fyrstu lengri göngu sem tekur meira en dagleið og var algjörlega stórkostleg upplifun. Nú verður ekki aftur snúið og stefnum við á að taka allavega eina lengri göngu á hverju sumri. Í júní ætlum við í skipulagða þriggja daga göngu á Rauðasandi og nágrenni, og hlakka ég sérstaklega mikið til þar sem amma mín ólst upp á Rauðasandi og við höfum margar heyrt sögurnar frá þessu svæði," segir Halldóra, full tilhlökkunar fyrir sumri komanda og spennandi verkefnum fram undan í Landsbankanum. ■

Áræðni leiðir til árangurs

Guðrún Ólafsdóttir hóf störf hjá upplýsingatæknifyrirtækinu Rue de Net samhliða námi sínu í tölvunarfræði. Með áræðni og drifkraft að vopni hefur hún þróast í starfi hjá sívaxandi fyrirtæki.

Rue de Net er öflugt þjónustufyrirtæki sem þjónustar íslensk fyrirtæki með viðskipta- og verslunarkerfi frá Microsoft og LS Retail ásamt sérlausnum. „Ég hóf störf hjá Rue de Net árið 2012 sem hlutastarfsmaður á sama tíma og ég var í námi í tölvunarfræði. Strax eftir útskrift 2014 fór ég svo í fullt starf og hef verið hér síðan," segir Guðrún sem er í dag meðeigandi í fyrirtækinu, situr í stjórn og er staðgengill framkvæmdastjóra, ásamt því að gegna starfi sölu- og markaðsstjóra.

„Á þeim tíma vorum við ekki nema sjö, en stækkuðum ört og tveimur árum síðar unnu rúmlega 20 manns hjá fyrirtækinu og í dag eru yfir 30 starfsmenn í starfi hjá Rue de Net. Það hefur alltaf verið markmið okkar að ráða til starfa ungt og öflugt fólk og við leggjum gríðarlega áherslu á að hlúa vel að fólkinu okkar og skapa góða vinnustaðamenningu."

Óx innan fyrirtækisins

„Starf mitt hefur breyst mikið í takt við þróun fyrirtækisins á síðustu árum. Ég hef vaxið með fyrirtækinu og gegnt mörgum stöðum innanhúss. Þegar ég hóf störf sem forritari fékk ég strax mjög krefjandi verkefni og mikla ábyrgð samhliða. Þekking mín jókst því hratt og tók ég fljótlega að mér stjórnunarhlutverk hjá fyrirtækinu, fyrst hópstjórastöðu, því næst var ég viðskiptastjóri og síðast þjónustustjóri í fjögur ár.

Þessi þróun er tvímælalaust ein birtingarmynd af kostum þess að vera hluti af fyrirtæki í vexti, tækifærin sem fylgja því að leggja hart að sér eru hreinlega út um allt. Árangur minn í starfi leiddi til þess að árið 2017 bauðst mér að gerast eigandi og kaupa hlut í félaginu, og í framhaldinu að setjast í stjórn, sem og ég gerði," segir Guðrún.

Tölvunarfræðin góður grunnur

„Í fyrra haust, árið 2021, tók ég svo að mér að vera sölu- og markaðsstjóri, en sem þjónustustjóri hafði ég oft stutt við söluhluta starfseminnar og verið þannig viðloðandi starfið á einn og annan hátt. En þarna urðu tímamót og ég tók það alfarið að mér. Á þeim tíma tók annar starfsmaður fyrirtækisins, sem hefur átt svipaða vegferð og ég, við þjónustustjórastöðunni. Hann byrjaði líka sem forritari og hefur nú unnið sig upp í stöðu þjónustustjóra."

Guðrún, sem býr ekki yfir formlegri menntun í sölu, viðskiptum eða markaðsmálum segir að þekking og reynsla af tölvukerfum og umsjón þeirra sé ekki síðra verkfæri þegar kemur að sölunni. „Ég segi ekki að ég hafi enga þörf á menntun í þessum fögum, þá sérstaklega núna þegar ég er líka staðgengill framkvæmdastjóra og mikið inni í daglegum rekstri fyrirtækisins. Ég hef mikinn áhuga á viðskiptum, rekstri fyrirtækja og fjármálum, svo hver veit nema ég mennti mig því tengdu í framtíðinni. Tölvunarfræðigrunnurinn og sú reynsla sem ég hef öðlast í mínu starfi hjá Rue de Net hefur samt komið sér einstaklega vel í sölu- og markaðsstjórahlutverkinu. Ég tel að í minni stöðu gangi það hreinlega ekki upp að hafa engan grunn í tölvunarfræði og hafa aldrei unnið við að forrita kerfin sem við bjóðum upp á. Við erum ráðgefandi fyrir viðskiptavini okkar í söluferlinu, sem treysta því að við vitum allt um vörurnar sem við erum að selja, hvernig þær eru til komnar, settar upp, þjónustaðar og viðhaldið."

Guðrún segist hafa verið heppin að hafa komið inn í fyrirtækið á réttum tíma fengið að vaxa og dafna í starfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Heillandi vinnustaður

Rue de Net var upphaflega stofnað árið 2003 á eyjunni Jersey í Ermarsundi en hefur verið starfandi í núverandi mynd frá 2007. Rue de Net er heillandi vinnustaður fyrir ungt og metnaðarfullt fólk sem vill taka á sig ábyrgð og vaxa með vinnustaðnum. „Starfsfólk endist að jafnaði lengi í vinnu hjá okkur og við höfum ráðið til okkar margt nýútskrifað fólk sem margt hvert hefur starfað hjá fyrirtækinu í nær áratug. Við höfum skapað umhverfi og vinnustað þar sem fólk vill vera, enda getur starfsfólk sem stendur sig vel öðlast yfirgripsmikla reynslu og þekkingu og samhliða vaxið í starfi.

Rue de Net er líflegur vinnustaður og klárlega eins og fjölskylda eða náinn vinahópur. Allt starfsfólkið leggur hjarta sitt í vinnuna sína og fólk finnur að það er tekið tillit til þess sem það leggur fram, því er treyst fyrir verkefnum og það getur haft raunveruleg áhrif."

Persónuleg þjónusta

„Það er gaman að vinna á stað þar sem mikið er um ungt, ferskt og frambærilegt fólk á svipuðum aldri og ég, rétt um þrítugt, stútfullt af metnaði og kjarki. Við erum að þjónusta mörg af stærstu og framsæknustu fyrirtækjum landsins og viðskiptavinir okkar finna að við höfum fullt fram að færa og erum góð í því sem við gerum. Eitt af megin markmiðum Rue de Net hefur alltaf verið að veita persónulega þjónustu, og það kunna viðskiptavinir okkar að meta. Við erum ekki með hefðbundið þjónustuborð, eða snjallmenni sem svara viðskiptavinum. Hver viðskiptavinur er sérstakur í okkar augum og hefur sinn eigin tengilið hjá Rue de Net. Þannig kynnumst við viðskiptavinum gegnum persónuleg samskipti og lærum að þekkja þarfir þeirra fljótt og örugglega."

Spennt fyrir framtíðinni

„Við hjá Rue de Net horfum til framtíðar alla daga og erum sífellt að skoða nýja tækni og finna leiðir til að innleiða hana, ef hún reynist vænleg til árangurs. Í því efni teljum við mikinn kost að við eigum okkur sjálf og ráðum okkur sjálf. Við erum engum háð og tökum okkar eigin ákvarðanir þegar kemur að því hvort skoða eigi nýja tækni eða aðferðir og bjóða þær til viðskiptavina okkar. Við erum mjög stolt af því að vera okkar eigin herrar.

Á síðustu árum hafa átt sér stað umskipti í viðskipta- og verslunarkerfum og eru þau nú öll að verða aðgengileg án uppsetningar í skýinu. Það hefur því verið eitt af okkar megin verkefnum síðustu þrjú árin að styðja viðskiptavini okkar á vegferðinni upp í skýið, og segjum þá gjarnan að viðskiptavinir okkar séu á leiðinni „úr skápnum í skýið". Þá erum við að vísa til þess að fyrirtæki hýstu áður viðskipta- og verslunarkerfi sín innanhúss í svokölluðum tölvuskápum. Í dag eru skýjaþjónustur orðnar ódýrasta, besta og þægilegasta lausnin, sérstaklega í samfélagi þar sem margir eru farnir að sinna sínum störfum utan hinnar hefðbundnu skrifstofu. Við hjá Rue de Net vorum sérlega snögg að tileinka okkur þessa nýju tækni, og höfum öðlast mikla þekkingu þar á, sem gerir okkur kleift að vera í fararbroddi á þessu sviði."

Tækifæri til að vaxa

Sögulega séð hefur tölvugeirinn haft yfir að ráða fleiri menntuðum körlum en konum, en sem betur fer erum við að sjá örar breytingar þar á og kynjahlutföllin í bransanum hafa verið að jafnast út. „Hér hjá Rue de Net fá allir jöfn tækifæri til þess að sýna sig og sanna. Ef um er að ræða frambærilegan einstakling þá fær hann framgang í starfi og hér eru, sem fyrr segir, góð tækifæri fyrir okkur öll til að vaxa." ■

> **Allt starfsfólkið leggur hjarta sitt í vinnuna sína og fólk finnur að það er tekið tillit til þess sem það leggur fram.**

Með því að skanna Qr kóðann má nálgast frekari upplýsingar um Rue de Net.

DINEOUT er fyrirtæki í útrás

Inga Tinna Sigurðardóttir er stofnandi fyrirtækjanna Icelandic Coupons og Dineout. Fyrirtækin hafa stækkað hratt á undanförnum árum og fram undan er útrás til Noregs.

Inga Tinna er hugmyndasmiðurinn að Dineout. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Inga Tinna Sigurðardóttir rekstrarverkfræðingur stofnaði árið 2015 fyrirtækið Icelandic Coupons sem er afsláttarapp, en fyrir þann tíma hafði hún meðal annars unnið í banka og sem flugfreyja.

„Ég vann hjá Arion banka meðal annars í eignastýringu og svo vöruþróun og var að feta mig upp metorðastigann, þegar ég áttaði mig á því að mig langaði til að prófa að fara í eigin rekstur. Ég ákvað að segja starfi mínu lausu og vissi ekkert hvað ég ætti að fara að gera. Ég fór síðan að vinna sem flugfreyja hjá Icelandair, sem ég hafði gert samhliða verkfræðináminu og þá spratt upp hugmyndin um Icelandic Coupons, af því að farþegar voru oft að spyrja hverju við mæltum með að gera á Íslandi og hvert þeir ættu að fara að borða. Þannig að úr varð bæklingur sem fyrst var prentaður í 1500 eintökum þar sem voru afsláttarmiðar sem giltu á veitingastöðum, börum og verslunum.

Einu og hálfu ári síðar var búið að þróa Icelandic Coupons-appið sem er afsláttarapp og þá var ég byrjuð að láta prenta 70.000 eintök af bæklingnum. Í dag erum við með rúmlega 50.000 virka notendur í Icelandic Coupons appinu, Íslendinga og erlenda ferðamenn, þannig að þetta hefur margfaldast.“

Um 280.000 manns

Það var svo árið 2017 sem Inga Tinna fékk hugmyndina að Dineout.

„Ég var oft á fundum með eigendum veitingastaðanna á stöðunum þeirra og þá tók ég eftir því að margir veitingahúsaeigendur voru bara með stílabækur eða notuðu Excel þegar teknar voru niður borðapantanir í gegnum síma, tölvupóst eða Facebook. Ég hugsaði með mér að það hlyti að vera til betri leið á þessari tækniöld sem við lifum á. Ég hafði kynnst því á ferðalögum mínum erlendis að panta borð á veitingahúsum í gegnum bókunarsíður, þannig að ég skoðaði að taka slíkt kerfi til landsins og byggja bara á því, en komst að því að það væri best að gera þetta algjörlega frá grunni og vera engum háð og geta þar af leiðandi breytt kerfinu eftir þörfum. Þá fékk ég til liðs við mig forritara og í dag eru þeir meðeigendur mínir í Dineout, en þeir eru tveir sem hafa gert öll Dineout-kerfin frá grunni, annar þeirra er Magnús Björn Sigurðsson, bróðir minn, og hinn er Viktor Blöndal Pálsson.

Við erum í dag komin með heildarlausn fyrir veitingastaði. Byrjunin var borðabókunarkerfi, sem átti alltaf að vera eina afurðin okkar, en þegar Covid-heimsfaraldurinn skall á þá bjuggum við til matarpöntunarkerfi fyrir „take away“ og heimsendingar. Við erum komin með kassakerfi sem er sölukerfi á veitingastöðunum og við erum komin með QR kóða inn á veitingastaði, þar sem almenningur skannar kóðann og getur pantað mat án þess að þörf sé á þjónustu.

Eins erum við með QR kóða inni á flestöllum hótelum og stærstu hótelkeðjum landsins, þar sem hægt er að panta herbergisþjónustu. Við erum auk þess komin í heimasíðugerð fyrir veitingastaði og aðra þjónustuaðila, þannig að við erum í raun og veru orðin hugbúnaðarhús sem byggðist upp vegna þarfarinnar á markaðnum. Það er alveg klárt mál að það var þörf fyrir þetta. Þegar nýr veitingastaður opnar í dag þarf hann í raun bara að hafa samband við okkur og við útvegum allar lausnir sem þarf.

Við erum ekki bara með hugbúnað fyrir veitingastaði og hótel, heldur erum við líka brú til almennings þar sem almenningur getur bókað borð og pantað mat. Nú þarf ekki að svara tölvupóstum til að staðfesta borðabókun,“ segir Inga Tinna, en í dag sér fyrirtæki hennar um rúmlega 80.000 borðabókanir í hverjum einasta mánuði og segir hún að á bak við þann fjölda setjist um 280.000 gestir til borðs í gegnum pantanir og bókanir í Dineout.

Blóð, sviti og tár

Inga Tinna nefndi matarpantanir og segir hún að þar sé mikil velta og vinsælt hjá almenningi að panta sér mat heim og veislubakka fyrir fjölskyldu og vini. Veitingarnar er hægt að panta í gegnum Dineout-appið og dineout.is „Þetta er í rauninni svar okkar við breyttum áherslum í tengslum við heimsfaraldurinn en veitingastaðir þurftu jafnvel að loka á tímabili, eða þegar borðabókanir detta niður og fjöldatakmarkanir eru, þá fer almenningur meira í matarpantanir og „take away“.

Við vildum sinna veitingastöðunum þar – fínni stöðum sem og bistro-stöðum og almennum skyndibitastöðum, þó svo að mottó okkar sé að vera með gæðastimpil varðandi þá staði sem eru hjá okkur, en við veljum gaumgæfilega hverjir komast inn á markaðstorgið okkar.“

Í dag eru um 180 veitingastaðir í viðskiptum við fyrirtækið.

Heimsfaraldurinn hefur haft mikil áhrif á rekstrargrundvöll margra fyrirtækja svo sem veitingahúsa og það hefur svo bein áhrif á fyrirtæki Ingu Tinnu. „Hlutabótaleiðin hjálpaði mikið í fyrra og hafði gríðarlega mikið að segja fyrir reksturinn. Þetta eru vægast sagt krefjandi tímar sem við lifum á í dag og umhverfið breytist jafnvel á einni nóttu. Það er gríðarlega mikilvægt að það séu úrræði og þau séu til taks fljótt, þegar landslagið er eins og í dag varðandi heimsfaraldurinn.

Flestir veitingastaðir voru alltaf uppbókaðir síðastliðnar vikur og mánuði, en í dag eru takmarkanir þannig að viðsnúningurinn er algjör. Góð og sterk fyrirtæki geta jafnvel borið varanlega skaða af töfum í úrlausnum og stuðningi. Dýrmætt og mikilvægt er að passa upp á fyrirtæki eins og nýsköpunarfyrirtæki og fyrirtæki sem eru búin að standa sig vel eins og Dineout og Icelandic Coupons í allan þennan tíma.

Nýsköpun er gríðarlega mikilvæg í stóra samhenginu og algjör synd ef faraldur sem þessi hefur varanleg áhrif á annars mörg frábær fyrirtæki. Ef við hefðum til dæmis ekki brugðist við með þeim hætti að búa til matarpöntunarkerfi og herbergjaþjónustukerfi fyrir hótelin og hefðum einvörðungu byggt á borðabókunum, sem er okkar tekjulind, hefði augljóslega allt þurrkast út.“

Vegur Dineout fer vaxandi og nú út fyrir landsteinana, en í samstarfi við miðasölufyrirtækið tix.is, er búið að gera stóran samning í Noregi við kvikmyndahúsakeðju. „Þá erum við komin með „all in lausn“ fyrir tónleikahallir, kvikmyndahús og leikhús, samhliða því að við erum með „all in lausn“ fyrir hótel og veitingahús. Þannig að við erum að fara svolítið bakdyramegin inn í Noreg með tix.is og þá erum við komin með kerfi sem heldur utan um miðasölu, matarpantanir og sölukerfi. Þetta gerir það að verkum að tónleikahallir, kvikmyndahús og leikhús geta notað eitt og sama kerfið sem verður það fyrsta sinnar tegundar í Evrópu.“

Inga Tinna segir það kostnaðarsamt að ætla sér út fyrir landsteinana. Hún nefnir í því sambandi mikilvægi mögulegra fjárfesta og styrkja. „Ég er mjög þakklát fyrir að við hlutum styrk frá Tækniþróunarsjóði, Rannís. Við erum annars búin að vera styrkjalaus frá byrjun og höfum bara byggt hlutina upp á eigin framlögum og vinnuframlagi og ekki tekið nein lán, sem ég er ákaflega stolt af. Þessu fylgir blóð, sviti og tár.“ ■

> Við erum í dag komin með heildarlausn fyrir veitingastaði.

Gleðin liggur í ferðalaginu, fremur en áfangastaðnum.

Að ná árangri getur verið erfitt. Þó vita þeir sem hafa náð markmiðum sínum, að baráttan er það sem gefur árangrinum gildi. Taycan er hin fullkomni félagi, í þessu ferðalagi, með því að gera öll litlu augnablikin enn betri. Í Taycan hefur Porsche náð markmiðum sínum að búa til **100% rafmagnsbíl** sem framkallar einstaka akstursupplifun hjá allri fjölskyldunni. Um það vitna ótal verðlaun, jafnt fyrir glæsileika og aksturseiginleika.

Kíktu til söluráðgjafa okkar og þeir hjálpa þér að sérsníða ferðafélaga að þínum óskum.

Taycan Cross Turismo 4.

- 93.4 kWh rafhlaða
- Fjórhjóladrifinn
- Hækkanleg loftpúðafjöðrun
- 476 hestöfl / 5,1 sek. 0 – 100 km.klst.

Verð: 13.990.000 kr.

Verð og textabrengl. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Bíll á mynd er með aukabúnaði.

100% rafmagn | 800 volta rafkerfi | Fjórhjóladrifinn | Hækkanleg loftpúðafjöðrun | 19" Aero álfelgur | Leðurinnrétting | Heimahleðslustöð | 150 w hljóðkerfi m/10 hátölurum | Rafdrifin stillanleg sportsæti | Leiðsögukerfi með Íslandskorti Fjarlægðarskynjarar framan og aftan | Leður Sport aðgerðastýri | LED ljósabúnaður | 16,8" stafrænt mælaborð | 10,9" háskerpu stjórnborð með snertiskjá | Sjálfvirk opnun/lokun á afturhlera | Veghæð er 17,8 cm í hæstu stillingu

PORSCHE

Bílabúð Benna

Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | 110 Reykjavík | S: 590 2000 | porsche.is | Opið virka daga frá 9:00 til 18:00 og um laugardaga frá 12:00 til 16:00

Stjórnarkonur í Félagi kvenna í atvinnulífinu

FKA vinnur með aðilum á vinnumarkaði, fyrirtækjum, félagasamtökum og hinu opinbera að því að efla og benda á þátt kvenna í stjórnum eða stjórnunarstöðum í atvinnulífinu.

Félagið stendur fyrir viðburðum, fræðslu, veitir ráðgjöf og knýr fram breytingar á lögum og venjum til að gæta jafnvægis og fjölbreytileika innan atvinnulífsins. Félagið var stofnað árið 1999.

FKA eru félagasamtök fyrir konur sem eru stjórnendur og leiðtogar í íslensku atvinnulífi. Hvort sem þú ert stjórnandi, leiðtogi, átt eða rekur þitt fyrirtæki – þá áttu heima í FKA ef þú vilt efla þig, styrkja tengslanet og taka þátt í að stuðla að því að efla íslenskt atvinnulíf.

Hægt er að skrá sig í félagið á heimasíðunni fka.is þar sem jafnframt eru ýmsar upplýsingar um starfsemina. ■

> Í dag heiðrum við Viðurkenningarhafa FKA 2022 og er FKA þannig mótandi og leiðandi í íslensku samfélagi.
>
> Sigríður Hrund Pétursdóttir

Edda Rún Ragnarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gefandi, lærdómsríkt og skemmtileg

Edda Rún Ragnarsdóttir, stjórnarkona í FKA, er innanhússarkitekt og eigandi ERR Design. „Ég gekk inn í FKA eftir að ég stofnaði fyrirtækið mitt ERR Design, innanhússarkitektúr og verkefnastjórnun árið 2010. Áður starfaði ég bæði í London og hér heima á stofu í nokkur ár fyrir eigin rekstur. FKA er risastórt tengslanet og býður upp á alls kyns fræðslu, það var aðalástæðan fyrir því að ég fór í FKA. Kynnast konum í ólíkum greinum, eiga áhugaverð samtöl, sækja fræðslufundi og læra eitthvað nýtt.

Máttur tengslanetsins getur opnað nýjar dyr og jafnvel viðskiptatækifæri, þar sem við bendum á og mælum með konu í starf eða verkefni og kynnum fyrirtækin okkar. Ég tala af reynslu, því ég er svo lánsöm að hafa fengið verkefni í gegnum félagskonur eða þær bent á mig. Síðastliðið vor var ég kosin í stjórn FKA sem hefur verið mér mjög gefandi, lærdómsríkt og skemmtileg. Ég hvet konur til að bjóða sig fram í nefndir eða í stjórn og tengjast þannig enn betur inn í félagið.

Elísabet Tanía Smáradóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Styrkur til framsækni

Elísabet Tanía Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri hjá Hertz, er stjórnarkona í FKA. „Leið mín lá á fyrst til FKA árið 2009 en vegferð mín og þátttaka hófst ekki fyrr en 2021 þegar ég ákvað að koma af fullum krafti inn. Bauð mig fram til stjórnar og sit þar í dag með bros á vör. Ég var nefnilega ein af þeim sem taldi fyrirtækjarekstur vera hálfgerða forsendu fyrir félagsvist. Sannarlega er það ekki svo enda er FKA fyrir allar konur sem eru leiðandi/stjórnendur í atvinnulífinu og vilja efla það enn frekar.

FKA fyrir mér er tækifæri til að styrkja sjálfa mig og aðra um leið. Tækifæri til að efla tengslanet og nýta styrk minn og annarra félagskvenna til framsækni. Læra af leiðandi konum í atvinnulífinu og gefa af mér um leið. Nýta ofurkraftinn frá ríflega 1.300 konum sem allar eru ólíkar og þekkingin eftir því. Ég vil leggja mitt af mörkum við að gera félagið enn sterkara með stöðugum

Eydís Rós Eyglóardóttir. MYND/AÐSEND

Veitir vináttu og góða reynslu

Eydís Rós Eyglóardóttir framkvæmdastjóri er stjórnarmaður í FKA og sömuleiðis gjaldkeri félagsins. „Styrkur FKA einkennist af þeim 1.300 konum sem eru skráðar í félagið. Hópurinn er gífurlega fjölbreyttur og spannar stórt aldursbil. Saman leggja félagskonur málefnum kvenna í atvinnulífinu lið, stöndum vörð hver um aðra, miðlum þekkingu og reynslu, sköpum og finnum þau tengsl sem við þörfnumst, en umfram allt jákvæð uppbygging sem nýtist konum í lífi og starfi.

Að starfa með og fyrir FKA hefur fært mér mikla reynslu sem og frábær tengsl sem og vináttu sem ég mun þakka fyrir alla mína ævi. Það er mín upplifun af félaginu að það leitist við að vera með puttann á púlsinum hverju sinni og sé mjög lifandi félag sem allar konur í atvinnulífinu ættu að íhuga að vera partur af sér til ávinnings.“

Katrín Kristjana Hjartardóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samstaða kvenna úr öllum áttum

Katrín Kristjana Hjartardóttir situr í stjórn FKA. „Ég skráði mig í FKA haustið 2020. Tíu mánuðum seinna var ég kosin í stjórn félagsins. Á þeim tíma hef ég vaxið á ljóshraða á vinnumarkaði, hugur minn hefur víkkað og tengslanetið breiðist hratt út líkt og ónefnd veira.

Starfið í FKA er líkt og önnur verkefni í lífinu: Við fáum það sem við leggjum til. Persónulega sóttist ég eftir eigin grósku, ráðabrunni kvenskörunga í Leiðtoga Auði og samveru Framtíðarkvenna. Á þessum tíma hef ég náð þeim markmiðum sem ég lagði upp með og meira til, fyrir það get ég þakkað starfinu í FKA, vinkonum mínum og mentorum.

Þegar litið er yfir farinn veg þá er mér minnisstætt öll góðu samtölin og vilji kvenna til að deila velgengni sinni.

Í FKA drögum við lærdóm hver af annarri, hlustum á félagskonur og setjum inn eigin reynslu – þannig eflum við atvinnulífið, með samstöðu kvenna úr ólíkum áttum.

Vigdís Jóhannsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Að gera gagn

Vigdís Jóhannsdóttir er stjórnarmaður í FKA en hún er markaðsstjóri Stafræns Íslands. „Það er fátt meira hvetjandi en að upplifa það að gera gagn. Að taka þátt í einhverju eða framkvæma eitthvað sem raunverulega skiptir máli fyrir aðra. Ýta við hlutum sem kalla fram raunverulegar breytingar á lífi fólks. Það þarf ekki að vera stórt. En við getum öll gert eitthvað.

Við höfum ekki öll þolinmæði til að horfa á dropann hola steininn. Þolinmæði er að minnsta kosti ekki einn af mínum helstu kostum en margt smátt gerir eitt stórt. Þess vegna stökk ég á tækifærið að taka þátt í verkefninu Stafrænt Ísland þar sem leiðarljósið er að einfalda líf fólks og fyrirtækja á Íslandi og tryggja öllum jafnt aðgengi að opinberri þjónustu. Það gerist kannski ekki á einni nóttu en áður en við vitum af verðum við búin að breyta Íslandi. Það er sömuleiðis ástæða þess að ég gaf kost á mér í stjórn FKA. 1.300 konur eru kannski dropar sem hola steina en saman eru þær stórfljót sem geta breytt heiminum.“

Til hamingju Ísland

Sigríður Hrund Pétursdóttir er formaður FKA ehf. og rekur fyrirtækið Vinnupallar. Með henni í stjórn eru sex konur úr atvinnulífinu. FKA eru félagasamtök fyrir konur sem eru stjórnendur og leiðtogar í íslensku atvinnulífi.

Í dag heiðrum við Viðurkenningarhafa FKA 2022 og er FKA þannig mótandi og leiðandi í íslensku samfélagi. Yfir 1.300 kraftmiklar konur eru í félaginu sem sjá virði í að tengjast til að efla sig sem og aðrar konur og vera hreyfiafl um leið. Heimsfaraldur hefur fært okkur bæði verkefni og gjafir. Landsbyggðadeildum óx t.d. öllum ásmegin þegar við þurftum að blanda félagsstarfinu í Raf- og Raunviðburði – sem er einstakt og lýsandi fyrir orkuna sem í félaginu býr.

Það er gefandi og ánægjulegt að veita viðurkenningar til útvaldra kvenna í dag – heiðrum þær og veitum athygli þeirra för. Það er sameiginlega vegferðin okkar allra. Kraftur kvenna er kraftur samfélagsins og mikilvægt að rækta þá dýrmætu auðlind.

Það er bjart fram undan en einungis ef við höfum hugarfarið þannig stillt – viðhorf er nefnilega val. Hugurinn ber okkur hálfa leið, framkvæmdin hinn helminginn.

Nýtum kraft kvenna – okkur öllum til gæfu og giftusemi.

Sigríður Hrund Pétursdóttir. MYND/AÐSEND

Leiðandi afl í atvinnulífinu

Unnur Elva Arnardóttir er varaformaður FKA og starfar sem forstöðumaður innri og ytri þjónustu hjá Skeljungi. „Ég hef tekið virkan þátt í starfi FKA, fyrst í nefndum og í stjórn frá árinu 2019. Innan stjórnar var ég fyrst í hlutverki gjaldkera, en nú sem varaformaður.

Ég tel að það félagsstarf sem Félag kvenna í atvinnulífinu stendur fyrir, sé atvinnulífinu og samfélaginu í heild mjög mikilvægt. Félagskonur sem tekið hafa virkan þátt í starfi FKA, hafa stóreflt tengslanet sitt og dýpkað tengingu sína við viðskiptalífið. Það má því segja að virkilegur ávinningur sé af virkri og reglubundinni þátttöku á fundum, fyrirlestrum og viðburðum félagsins. Ég hef sjálf haft mikið gagn af tengslanetinu þar sem gildi FKA, framsækni, kunnátta og afl hafa svo sannarlega átt við og ýtt undir mína styrkleika.

FKA er leiðandi afl í atvinnulífinu, kröftugt og fjölbreytt þekkingarnet sem er að vaxa sem aldrei fyrr. Vegna heimsfaraldurs finnum við enn betur hve mikilvægt félagastarfið er og ég hvet konur til að vera með í félagsstarfinu.

Unnur Elva Arnardóttir.

Vilja fleiri konur í tæknistörf

Þær Ragnhildur Geirsdóttir, Elfa Björk Kristjánsdóttir og Steina Dögg Vigfúsdóttir starfa við ólík störf hjá Reiknistofu bankanna. Þær velta því fyrir sér hvort ímynd af fólki í tæknistörfum valdi því að það halli oft á konur.

RB hefur markvisst lagt sig fram við að styrkja stöðu kvenna í tæknistörfum, enda margar byrjað starfsferil sinn þar.

„Við hjá RB erum að vinna markvisst að því að auka hlut kvenna í tæknistörfunum hjá okkur. Núna eru um 35% starfsfólks konur. Um það bil þriðjungur forritara eru konur en í kerfisrekstri er hlutfallið enn lægra. Stjórnendur eru aftur á móti tæplega 50%, svo hlutföllin eru góð þar," segir Ragnhildur.

Ragnhildur er forstjóri Reiknistofu bankanna og hefur gegnt þeirri stöðu í þrjú ár. Hún er menntaður verkfræðingur og hefur unnið við ýmis stjórnunarstörf frá árinu 2005. Hún segir að undanfarin ár hafi stefna RB verið að byggja upp fjölskylduvænan vinnustað og fjarvinnustefna hafi verið til staðar áður en heimsfaraldurinn skall á.

„Það var samt ekki fyrr en í Covid sem við fórum að nýta fjarvinnuna af alvöru. Við leggjum upp með að fólk geti verið heima í allt að tvo daga í viku. Margir hafa valið sér fasta daga og þá oftast mánudaga og föstudaga en svo er stór hópur sem nýtir sér þetta inni á milli. Fólk er kannski að lengja tímann sinn í frii með því að vinna hálfan daginn í sumarbústað, eða frá útlöndum og vera svo í frii hálfan daginn. Það eru ýmsar útfærslur á þessu," segir Ragnhildur.

„Við höfum líka verið að leggja áherslu á starfsþróun og höfum verið að ráða ungt fólk með tækniþekkingu á rekstrarvaktina og gefa því svo tækifæri til að vaxa inn í önnur störf seinna. En Steina kom einmitt inn þannig svo hún segir þér kannski betur frá því á eftir," bætir hún við.

Ofboðslega skapandi og fjölbreytt verkefni

Elfa Björk er með BS-gráðu í iðnaðarverkfræði frá HÍ. Hún hefur unnið í fjármálageiranum í bráðum tíu ár við margvísleg störf.

„Á síðustu fimm árum hef ég unnið í upplýsingatækni en hjá RB er ég hluti af metnaðarfullu teymi sérfræðinga sem vinna við innlán og greiðslur. Við erum hópur sem vinnur við grunnkerfi innlána og greiðslna, við þróun, prófanir og almenna þjónustu við okkar viðskiptavini. En ég vinn fyrst og fremst með viðskiptavinum okkar í að hanna og stilla sínar vörur í kerfinu. Það er skemmtileg vinna en líka krefjandi. Að fá tækifæri til að aðstoða viðskiptavininn og sjá hans vörur í þeirra vegferð verða að veruleika, það er ofboðslega skemmtilegt," segir Elfa Björk.

Hún segir starfið hafa skapað margvísleg tækifæri og að hún hafi fengið að vera leiðandi í ýmsum verkefnum. Aðspurð hvað henni finnst helst spennandi við að vinna í tæknifyrirtæki segir Elfa Björk að hún líti á störf í tæknigeiranum sem ofboðslega skapandi og fjölbreytt.

„Hugbúnaðurinn er kannski fastur í ákveðnum skorðum en á sama tíma hefur hann engin mörk. Þetta starf hentar mér og mínu áhugasviði mjög vel," útskýrir hún.

> Við viljum sjá fjölbreytileika í starfsmannahópnum og auka hlut kvenna í forritunar- og tæknistörfum.
>
> Ragnhildur Geirsdóttir

Elfa Björk segir að í hennar teymi séu konur í meirihluta en veltir því fyrir sér hvort sú ímynd sem fólk hefur af fólki í tæknistörfum valdi því að það halli oft á konur í þeim geira.

„Ég held við séum svolítið föst í að í tæknigeiranum séu forritarar og þegar við hugsum um forritara þá sjáum við fyrir okkur karlkyns forritara sem er svolítið nördalegur gaur. En þetta er að breytast. Hjá RB erum við með fullt af flottum kvenkynsforriturum og kvenkynsfyrirmyndum sem ég lít upp til og sæki innblástur frá þeim. Við erum frekar margar sem vinnum við þróun hjá fyrirtækinu," bætir hún við.

Við þurfum að passa hvernig við tölum

Steina vinnur við kerfisrekstur og þar er aðra sögu að segja. Hún er ein af fáum konum sem starfa þar.

„Eins og Ragnhildur sagði áðan þá kom ég til RB beint að loknu námi. Ég kláraði BS í tölvunarfræði árið 2019 og rata þaðan beint inn á rekstrarvaktina. Það var með því loforði að ef ég stæði mig vel fengi ég að breyta til og vinna við það sem ég er menntuð til. Það var heldur betur staðið við það," segir Steina sem færði sig yfir í rekstur rétt fyrir áramótin.

„Grunnþjónustan er meira rekstrarlegs eðlis en hugbúnaðarþróun. Það var aldrei mín stefna að enda í rekstri en starfið hefur komið mér skemmtilega á óvart. Það er mjög fjölbreytt. Ég er að setja upp og reka álagsdreifibúnað, afritunarkerfi og sýndarumhverfi. Einn daginn er ég að skipta út vélbúnaði í gagnaveri, hinn að setja upp CI/CD pípur í Gitlab og þann næsta að greina og leysa úr atvikum. Þetta síðastnefnda er reyndar lúmskt skemmtilegt, þótt tilefnið sé ekki gott," bætir hún við.

Steina segir að umhverfið sem hún vinnur í sé mjög karllægt og mjög fáar konur vinni í hennar deild.

„Það er þekkt að hlutfall karla í kerfisrekstri er óvenju hátt. Það er margþætt vandamál sem verður ekki leyst á einni nóttu. Eitt sem öll geta þó gert er að huga að málnotkun. Við þurfum að veita því athygli hvernig við tölum og hafa ekki karlkynið sem sjálfgefið val. Ef þú gengur inn á deild þar sem konur eru í minnihluta og segir „góðan daginn, drengir", þá þarftu að staldra við og hugsa hvaða skilaboðum þú ert að dreifa," segir Steina.

„Málefni kvenna eru mér hugleikin og sérstaklega málefni transkvenna, þar sem ég er sjálf trans. Kannanir sýna að þriðjungur transfólks kemur ekki út á vinnustöðum af ýmsum ástæðum. Það er ekki erfitt að ímynda sér að svipað hlutfall eigi við hér á landi. Stígum varlega til jarðar í umræðum um þessi málefni, og setjum meira púður í að hlusta."

Ragnhildur tekur undir þetta og segir að það sé mikilvægt þegar komið er inn í tæknifyrirtæki, þar sem eru kannski 20 karlar og tvær konur, að ávarpa ekki alla í karlkyni.

„Það þarf að passa sig svolítið á þessu því þetta er svo mikill vani. Til að fá fleiri konur í tæknigeirann þurfa þær að upplifa sig sem hluta af hópnum þegar talað er til þeirra," segir hún.

Ragnhildur segir að Reiknistofa bankanna vilji leggja sitt af mörkum til að fá fjölbreytt fólk til starfa.

„Við viljum sjá fjölbreytileika í starfsmannahópnum og auka hlut kvenna í forritunar- og tæknistörfum. Til þess höfum við verið að taka hlutfallslega fleiri konur í viðtal en þær sem sækja um en þróunin er frekar hæg. Það eru enn mun fleiri karlmenn sem útskrifast úr tölvunarfræði, en hlutföllin hafa jafnast út í verkfræði, sem er það sem ég lærði. Hlutfall kvenna sem útskrifast sem tölvunarfræðingar hefur verið að aukast mikið síðust 5-8 ár og við þurfum að horfa sérstaklega til þess hóps ef við ætlum okkur að auka hlutfall kvenforritara hjá RB." ■

Elfa Björk Kristjánsdóttir, Ragnhildur Geirsdóttir og Steina Dögg Vigfúsdóttir velta fyrir sér ímyndum í tæknigeiranum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þessar tvær eru alsælar í störfum sínum hjá Samkaupum, þar sem jafnrétti og manngæska eru í hávegum höfð; Gunnur Líf Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs, og Heiður Björk Friðbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Samkaupa.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Vonast til að breyta heiminum

Samkaup eru útbreiddasta verslunarkeðja landsins og dreifa vörum til fleiri staða en nokkurt annað fyrirtæki. Samkaup samanstanda af Nettó, Kjörbúðinni, Krambúðinni og Iceland og hjá fyrirtækinu starfa 1.400 manns í 65 verslunum og stoðþjónustu.

Jafnrétti á vinnustað og jafnrétti í samfélaginu hefur verið sérstakt áhersluverkefni hjá Samkaupum síðustu ár. Félagið hefur sett sér skýra stefnu í jafnréttismálum sem er órjúfanlegur hluti af heildarstefnu félagsins.

„Haustið 2021 lögðum við af stað í vegferð sem kallast Jafnrétti fyrir alla – Samkaup alla leið. Við upphaf þessa átaks voru gerðir samstarfssamningar við þrenn samtök sem starfa í þágu hópa fólks sem starfa hjá Samkaupum og verður lögð áhersla á þá í þessari fyrstu uppfærslu félagsins á jafnréttisstefnu sinni," segir Gunnur Líf Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Samkaupa.

Samstarfssamningarnir sem voru undirritaðir voru við Samtökin '78, Þroskahjálp og Mirru, rannsókna- og fræðslusetur fyrir erlent starfsfólk.

„Framkvæmdastjórn og stjórn Samkaupa hefur skuldbundið sig í allri stefnumótun til að stuðla að auknu jafnrétti og samþykkti jafnréttisáætlun árið 2020 sem inniheldur aðgerðaáætlun til ársins 2022. Hjá Samkaupum er lögð áhersla á að allt starfsfólk sé metið að verðleikum og njóti jafnra tækifæra á vinnustaðnum. Starfsfólki er ekki mismunað á grundvelli kyns, kynþáttar eða þjóðernis, kynhneigðar, aldurs, trúar, fötlunar, skoðana eða annarra þátta.

Gildi Samkaupa – kaupmennska, áræðni, sveigjanleiki og samvinna – eru hornsteinar í starfi félagsins og leiðarljós í að gera Samkaup að eftirsóttum vinnustað þar sem jafnrétti og jafnræði allra er virt og þar sem allir einstaklingar hafa jöfn tækifæri á öllum sviðum, því lykilatriði í velgengni Samkaupa felst auðvitað í starfsfólki fyrirtækisins," segir Gunnur Líf.

Allir fá að njóta sín sem best

Samkaup leggja áherslu á fjölmenningu innan raða síns starfsfólks og allir hafa jafnan rétt og tækifæri, óháð uppruna.

„Við leggjum áherslu á að nýta styrkleika fólks, óháð þeim takmörkunum sem fólki kunna að vera sett, og þannig að hæfileikar, kraftar og færni allra starfsmanna fyrirtækisins njóti sín sem best. Með jafnréttisáætlun og stefnu Samkaupa í jafnréttismálum hafa stjórnendur skuldbundið sig til að leggja áherslu á málaflokkinn þar sem hver einstaklingur er metinn að verðleikum eftir hæfni og frammistöðu," upplýsir Heiður Björk Friðbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs.

Það sé Samkaupum mikilvægt að stefnan sé ekki einungis skjal, unnið af stjórnendum og sem starfsfólk tengir ekki við.

„Þess vegna hefur mikil vinna farið fram á meðal alls starfsfólks við mótun stefnunnar og er henni haldið á lofti með reglulegum hætti þegar starfsfólk kemur saman, en einnig með óreglubundnum en þó stöðugum hætti á samskiptamiðlum eins og Workplace," greinir Heiður frá.

„Ásamt því að vinna jafnréttisáætlun með það að markmiði að efla hag starfsfólks og starfsánægju, er einlæg von Samkaupa að þessi metnaðarfulla jafnréttisáætlun veki eftirtekt úti í samfélaginu og hvetji önnur fyrirtæki til að feta sömu leið í jafnréttismálum. Þannig vonast Samkaup til að verða jákvætt afl út í allt okkar samfélag og jafnvel breyta heiminum í vissum skilningi."

Hlúð að erlendu starfsfólki

Samkaup hlutu nýverið Hvatningarverðlaun jafnréttis, en að þeim standa Samtök atvinnulífsins og Háskóli Íslands. Fyrirtækið hlaut verðlaunin í tveimur af þremur flokkum: fjölmenningu og fötlun.

„Um 25 prósent starfsfólks Samkaupa eru af erlendum uppruna og gegna ýmiss konar störfum innan fyrirtækisins, jafnt afgreiðslustörfum, vaktstjórastörfum, umsjónarstörfum sem og verslunarstjórastörfum," upplýsir Gunnur Líf.

Þá hafa Samkaup haft milligöngu um að tryggja erlendu starfsfólki sínu varanleg dvalarleyfi á Íslandi og veita ávallt aðstoð við ýmiss konar opinbera ferla sem fólk af erlendum uppruna þarf að fara í gegnum til þess að mega búa og starfa á Íslandi, sé þess þörf.

„Samkaup bjóða öllu erlendu starfsfólki sínu íslenskukennslu, á rafrænum fræðsluvettvangi fyrirtækisins, í fjarkennslu eða staðkennslu. Erlent starfsfólk getur einnig fundið sér íslenskunámskeið sem því hentar best og Samkaup endurgreiða kostnað þeirra að fullu," segir Gunnur Líf.

Samstarfssamningur Samkaupa og Mirru rannsókna- og fræðslusetur hljóðar upp á fræðslu til alls starfsfólks Samkaupa og þar er ekki síður lögð áhersla á fræðslu til íslensks starfsfólks.

„Þannig snýr fræðslan að því að gera fólk betur í stakk búið til að taka á móti erlendu starfsfólki, bjóða það velkomið í starfsmannahópinn og sjá til þess að inngilding þess verði sem mest og best. Fræðslan er sniðin að stjórnendum jafnt sem almennu starfsfólki. Haldnir eru stjórnendadagar þar sem farið er yfir þessi málefni og fræðslan fest í sessi hjá stjórnendum. Einnig eru haldnar vinnustofur í öllum verslunum fyrirtækisins, þar sem allt starfsfólkið tekur þátt, og þar er einnig opnað á þessa umræðu og fræðsla veitt."

Eftirsóknarverður vinnustaður

Hjá Samkaupum starfar fólk með skerta starfsgetu á allmörgum starfsstöðvum og margt hefur starfað þar í fjölmörg ár.

„Samstarfssamningur Samkaupa og Þroskahjálpar snýr að fræðslu til alls starfsfólks Samkaupa og aðallega því að gera starfsfólk betur í stakk búið til að taka á móti starfsfólki með skerta starfsgetu, að aðlögun þeirra að vinnustaðnum verði sem best og að hver og einn fái stuðning sem þarf til að eiga farsælan feril," útskýrir Heiður Björk.

Brakandi ferskt grænmeti, ávextir og hvers kyns nýmeti er aðalsmerki Samkaupa sem reka Nettó, Krambúðina, Kjörbúðina og Iceland.

Afbragðs þjónusta og hvers kyns þægindi við verslun er leiðarljós Samkaupa fyrir hönd viðskiptavina sinna. Hér má sjá sjálfsafreiðslu í Nettó Granda.

Fræðslan er sniðin að stjórnendum fyrirtækisins jafnt sem almennu starfsfólki.

„Einnig eru haldnar vinnustofur í öllum verslunum fyrirtækisins, þar sem allt starfsfólkið tekur þátt, og þar er einnig opnað á þessa umræðu og fræðslan veitt. Einnig kemur Þroskahjálp að fræðslu handa starfsfólki með skerta starfsgetu sem hefur störf hjá Samkaupum, veitir því aðstoð sem þarf til að blómstra í starfi og getur þannig betur undirbúið stjórnendur með stuðning og aðlögun sem starfsmaðurinn þarfnast.

Samkaup hafa sett sér markmið um að í hverri skipulagseiningu innan Samkaupa séu starfsmenn með skerta starfsgetu, þannig að á hverjum vinnustað sé að minnsta kosti einn starfsmaður sem flokkast undir atvinnuþátttöku fólks með skerta starfsgetu," segir Heiður.

„Meginmarkmið Samkaupa er að vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem lögð er áhersla á jákvæða og heilbrigða menningu, jafnrétti og opin samskipti, sterka liðsheild þvert á vörumerki félagsins, tækifæri starfsfólks til aukinnar menntunar, fræðslu og starfsþróunar og góða upplýsingamiðlun. Fyrirtækjamenning Samkaupa stuðlar að því að allir starfsmenn fái tækifæri til að þroskast, bæði persónulega og í starfi."

Nýjar hugmyndir fæðast

Aðalmarkmið Samkaupa með nýrri og útvíkkaðri jafnréttisáætlun er að opna umræðu og fræða starfsfólk sitt til þess að lágmarka hættu á fordómum, með það að markmiði að menning Samkaupa endurspegli fordómaleysi og frelsi allra einstaklinga til að vera þeir sjálfir á vinnustaðnum.

„Samkaup senda út mannauðsmælingar annan hvern mánuð til alls starfsfólks. Í mælingu sem fór fram í september 2021 var starfsfólk beðið um að taka afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: „Hjá Samkaupum eru allir starfsmenn jafnir án tillits til stéttar, trúar, kynferðis, kynhneigðar, þjóðernis, fötlunar eða aldurs."

Niðurstöður sýndu að 48 prósent þeirra sem svöruðu voru mjög sammála, 38 prósent sammála en 10 prósent svarenda voru hlutlaus, 3 prósent ósammála og eitt prósent mjög ósammála. Þá mælir Samkaup jafnrétti með mismunandi spurningum þrisvar til fjórum sinnum á ári," upplýsir Gunnur Líf.

Fyrir utan ávinning sem fæst af fjölmenningu fyrir starfsfólkið og samfélagið í heild, sé stefnan mikilvæg þegar litið er til rekstrarlegs ávinnings Samkaupa.

„Það að vera með hóp af fólki með ólíkan bakgrunn og af ólíkum uppruna ýtir undir nýsköpun og þegar raddir ólíkra aðila fá að heyrast innan fyrirtækisins koma fram fjölbreyttari sjónarmið. Þegar fjölbreytni í starfsmannahópi er markmið, eru Samkaup þess fullviss að ávinningurinn er langtímaárangur þar sem ólíkt starfsfólk kemur með nýjar hugmyndir, ferla og stefnur. Með þessu eykst skilvirkni innan starfa fyrirtækisins, sem skilar sér í auknum hagnaði til lengri tíma litið, og ánægja starfsfólks eykst, sem skilar sér í betri upplifun viðskiptavina af þjónustu, sem aftur skilar aukinni sölu," segir Gunnur Líf.

Hamingjan í fyrirrúmi

Gunnur Líf er spurð hvort hamingjan búi í Samkaupum og svarar:

„Hamingja, gleði og vináttu eiga heima á öllum vígstöðvum samfélagsins og ég tel það vera forsendu þess að fólki líði vel. Ef við hjá Samkaupum sköpum menningu þar sem ríkir jafnrétti og fordómaleysi, þá stígum við skref í rétta átt að því að skapa gott samfélag þar sem hamingja fólks er í fyrirrúmi."

Hún segir margt áhugavert hafa komið fram í vegferð Samkaupa.

„Við erum alltaf að læra, hvernig við getum bætt okkur á öllum sviðum og það að setja athyglina á jafnréttismálin aðstoðar okkur í að gera betur. Ég get með sanni sagt að liðsheild, orka og þrautseigja einkenni starfsfólk Samkaupa. Fólkið í Samkaupaliðinu stendur saman og er ávallt tilbúið að leggja sitt af mörkum til að mæta viðskiptavinum á sem bestan máta. Samkaup eru eitt öflugasta fyrirtækið á Íslandi, með einstakan hóp starfsmanna sem í sameiningu getur allt. Þetta er einstakt fyrirtæki sem býr yfir fjölbreyttum hópi af framúrskarandi fólki. Mannauðurinn er svo sannarlega stærsta auðlind fyrirtækisins." ■

Leyfi fólki að vaxa til framtíðar

Gunnur Líf Gunnarsdóttir er 34 ára Garðbæingur, eiginkona og móðir tveggja barna, en bráðum þriggja. Hún er menntaður kennari, hefur einnig lokið MBA-gráðu og er með óbilandi metnað fyrir vexti fólks og fyrirtækja. Gunnur Líf hefur gaman af hvers kyns breytingum og fær um 1.000 frábærar hugmyndir á dag. Hún er framkvæmdastjóri mannauðssviðs Samkaupa.

Hverjir voru æskudraumarnir, Gunnur Líf? Sástu fyrir þér að þú ynnir við mannauð stórfyrirtækis?

„Já og nei. Æskudraumurinn var að verða bankastjóri, bæjarstjóri eða bara forseti – í raun að stjórna einhverju, svo ætli það sé ekki aðeins tengt. Ég hef frá upphafi tekið að mér leiðtogahlutverkið, hvort sem það var í skátunum hér áður fyrr eða í vinahópnum. Ég hef alltaf haft gaman af samskiptum við fólk, svo það að vinna við mannauð í stórfyrirtæki sameinar þetta tvennt sem ég brenn fyrir.“

Hvenær hófstu störf hjá Samkaupum? Er starfið þitt skemmtilegt? Krefjandi? Gefandi?

„Ég hef starfað hjá Samkaupum síðan 2018. Starfið er að mínu mati eitt það skemmtilegasta og hefur stundum verið gert grín að því í mínum innsta hring að starfið sé svo miklu meira en bara starf, heldur mitt helsta áhugamál. Það sem gerir vinnuna svo skemmtilega er að starfið er krefjandi en um leið gefandi. Ég er í samskiptum við fjölbreyttan hóp fólks allan daginn, fæ tækifæri til að þróa hugmyndir áfram og leiða verkefni sem ég veit að hafa áhrif; ekki bara á mitt fyrirtæki, heldur samfélagið allt.“

> **Mín framtíðarsýn er að geta haldið áfram að hafa áhrif. Ég hef metnað til að leiða áfram öflug teymi fólks, því ég tel það vera það mikilvægasta sem við getum gert – að leiða saman fjölbreytt teymi því þannig náum við að hámarka árangur.**
>
> Gunnur Líf Gunnarsdóttir

Í hverju felast þín daglegu störf hjá Samkaupum?

„Dagarnir eru eins misjafnir og þeir eru margir. Það eru ávallt spennandi verkefni sem þarf að vinna að, hvort sem það eru umbótaverkefni eða þróunarverkefni. Ég er mikið á ferðinni að hitta fólkið okkar, heyra hvað það hefur að segja, setjast niður með því og vinna með því í áskorunum sem það fæst við alla daga. Ég tel mig vera stuðning við aðra stjórnendur og því fer mikið af tíma mínum í að hvetja og styðja við hin ýmsu verkefni. Þessa dagana er ég að undirbúa vinnustofur með verslunum, þar sem farið er og sest niður með starfsfólki, rætt við það um tækifærin fram undan, hvað sé vel gert og hvað það vill sjá verða betra. Þetta er frábær vettvangur til að hlusta á starfsmenn og mörg verkefni sem koma út úr þessum samtölum sem við stjórnendur setjum svo í farveg.“

Ertu meðvituð um að vera góð fyrirmynd fyrir aðrar konur í atvinnurekstri?

> **Ég á þá ósk að konur láti ekkert stoppa sig og haldi ótrauðar áfram; að þær nái að framfylgja öllum sínum draumum.**
>
> Gunnur Líf

„Já, það skiptir mig máli að geta verið góð fyrirmynd fyrir aðrar konur.“

Hvernig stjórnandi ertu?

„Ég tel mig vera sanngjarnan stjórnanda sem er virkilega annt um fólkið sitt. Ég treysti fólki vel fyrir verkefnum og leyfi því að leiða þau áfram. Ég er jákvæð og bjartsýn að eðlisfari, sem ég vona að smitist áfram. Ég reyni að styðja vel við fólk og leyfa því að vaxa til framtíðar.“

Hver er þín framtíðarsýn í starfi og hvaða ósk áttu konum til handa?

„Mín framtíðarsýn er að geta haldið áfram að hafa áhrif, hvort sem það er innan Samkaupa eða annars staðar. Ég hef metnað til að leiða áfram öflug teymi fólks, því ég tel það vera það mikilvægasta sem við getum gert – að leiða saman fjölbreytt teymi því þannig náum við að hámarka árangur. Minn metnaður liggur í að vera í efstu stöðu innan fyrirtækis – þegar sá tími kemur í framtíðinni. Ég á þá ósk að konur láti ekkert stoppa sig og haldi ótrauðar áfram; að þær nái að framfylgja öllum sínum draumum.“ ■

Dreymdi um að verða bankastjóri

Heiður Björk Friðbjörnsdóttir er framkvæmdastjóri fjármálasviðs Samkaupa. Hún ólst upp suður í Garði en hefur síðastliðin níu ár búið í Hafnarfirði. Hún er viðskiptafræðingur að mennt, með próf í verðbréfaviðskiptum og með MBA-gráðu. Heiður hefur gaman af því að læra og á örugglega eftir að bæta við sig einni háskólagráðu enn, þegar börnin verða orðin eldri. Hún hefur ástríðu fyrir því að gera góða hluti betri, búa til góð teymi úr hópi fólks og er óhrædd við að fara eigin leiðir.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór, Heiður Björk?

„Áhugi minn á stjórnun kviknaði snemma í barnæsku. Þá vann amma mín í banka og mér þótti fátt skemmtilegra en að kíkja í heimsókn til hennar í vinnuna og fylgjast með starfseminni. Þar vaknaði draumur um að verða bankastjóri þegar ég yrði stór, sem síðar varð drifkraftur í öllu námi og störfum sem ég hef sótt í, alveg síðan ég hóf nám í Verzló og ferðaðist daglega með rútu á milli Garðs og Reykjavíkur. Því þarf ekki

> **Töfrarnir við starfið eru tvímælalaust fólkið. Það er ekkert meira gefandi en að hafa áhrif á fólk og sjá það blómstra í starfi.**
>
> Heiður Björk

að koma neinum á óvart að fyrsta alvöru starfið mitt var í banka og vann ég um áratug í Arion banka. Það eru því engar tilviljanir, þegar ég hugsa til baka. Ég var alltaf á þessari leið.“

Hvenær hófstu störf hjá Samkaupum og uppfyllir starfið vonir þínar og þrár?

„Ég hóf störf hjá Samkaupum snemma árs 2020. Ég er í draumastarfinu sem er í senn mjög krefjandi og fjölbreytt. Við skilgreinum fjármálasviðið sem stoðþjónustu fyrir önnur svið félagsins og því er ég í miklum samskiptum og verkefnum með fjölbreyttum hópi starfsfólks, sem er alltaf mjög skemmtilegt.“

Í hverju felast þín daglegu störf og hverjir eru töfrarnir við starfið?

„Ég ber ábyrgð á fjármálum og upplýsingatækni félagsins, sem er viðamikið verkefni. Við rekum 65 verslanir og veltan er um 40 milljarðar á ári, svo það er í mörg horn að líta. Síðan ég hóf störf hefur fjármálasviðið verið á mikilli vegferð nútímavæðingar og við höfum byggt hægt og rólega ofan á þann góða grunn sem var til staðar.

Að mínu mati ber fjármálasvið framtíðarinnar ekki eingöngu ábyrgð á bókhaldi, gagnavörslu og fjárreiðum, heldur er hlutverk þess líka stefnumiðaður stuðningur við aðra stjórnendur og því náum við til dæmis með því að vera með gott innsæi í reksturinn ásamt kvikri áætlanagerð og eftirliti. Þannig höfum við einmitt verið að innleiða gagnadrifinn rekstur til að tryggja öllu starfsfólki aðgengi að upplýsingum sem styðja við daglegar ákvarðanir. Alla daga er því líf og fjör, en töfrarnir við starfið eru tvímælalaust fólkið. Það er ekkert meira gefandi en að hafa áhrif á fólk og sjá það blómstra í starfi.“

Ertu meðvituð um að vera góð fyrirmynd fyrir aðrar konur í atvinnurekstri?

„Já, reyni mitt besta í þeim efnum. Ég vonast til að mín vegferð sé öðrum konum hvatning og er alltaf tilbúin að miðla minni reynslu. Á sama hátt er ég dugleg að sækja í reynslubanka annarra kvenna og þar kemur tengslanet FKA sterkt inn.

Að mínu mati eru ekki nógu margar konur í forsvari fyrir fyrirtækin sem þjónusta fjármálasvið Samkaupa, enda eru bæði fjármála- og tæknigeirarnir oft frekar karllægir. Ég átta mig á að ég hef ákveðna ábyrgð hér og er farin að spyrja meira út í samsetningu teyma þegar við kaupum þjónustu af nýjum aðilum. Ég hef jafnvel lagt fram kröfu um að fá konur inn í teymi og það hefur virkað. Ég geri því allt sem ég get gert til að aðrar konur fái framgang, en auðvitað ætti ekki að þurfa að fara þessa leið.“

Hvernig stjórnandi ertu?

„Styrkleikar mínir sem stjórnanda liggja meðal annars í því að ég hef góða yfirsýn og er lausnamiðuð. Ég veiti starfsfólki umboð til athafna og stuðning til að ná árangri í starfi. Ég hvet til umbótahugsunar og því eru oft margar hugmyndir og verkefni í gangi í kringum mig. Ég reyni að laða að mér fólk sem deilir minni framtíðarsýn fyrir fjármálasviðið og tengi hana við dagleg verkefni þannig að allir séu þátttakendur í vegferðinni.“

Hver er þín framtíðarsýn og hvaða ósk áttu konum til handa?

„Framtíðin er óráðin en auðvitað er stefnan tekin áfram og upp á við. Mín persónulega vegferð er vonandi rétt að byrja og ég hef metnað til að ná enn lengra. Ósk mín konum til handa er að við séum óhræddar við að nýta rödd okkar og höfum trú á krafti okkar og getu til að hafa áhrif.“ ■

Á uppvaxtarárunum áttu Gunnur Líf og Heiður Björk sér báðar háleita stjórnunardrauma. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hrafnhildur telur það vera nauðsynlegt að hugsa um hvernig við getum aukið hlut kvenna í áhrifamiklum stöðum í atvinnulífinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Jafnrétti í víðara samhengi hjá KPMG

KPMG er þekkingarmiðað þjónustufyrirtæki sem vinnur með viðskiptavinum á öllum sviðum atvinnulífsins. KPMG leggur metnað í að vera fremst í flokki fyrirtækja sem veita sérfræðiþjónustu, hvað varðar traust og áreiðanleika.

Hrafnhildur Helgadóttir er nýkjörinn stjórnarformaður þekkingarfyrirtækisins KPMG. Hún ólst upp á Suðurlandi, rétt fyrir utan Hvolsvöll. „Ég kem úr stórum systkinahópi, þannig að það var oft fjörugt á heimilinu. Eftir grunnskóla fór ég í Versló, þaðan í FSu og kláraði síðan viðskiptafræðina úr HÍ. Árið 2002 varð ég löggiltur endurskoðandi. Ég hef starfað hjá KPMG síðan 1996 við endurskoðun og tengd verkefni," segir Hrafnhildur.

„KPMG er þekkingarfyrirtæki þar sem meginþjónusta okkar gegnir lykilhlutverki í að skapa traust á fjármálamörkuðum og í samfélaginu öllu. Rekstri félagsins er skipt í fimm svið, endurskoðun, skatta- og lögfræðisvið, ráðgjafar-, bókhalds- og stoðsvið. Á síðasta ári fjárfestum við í félaginu Circular Solutions ehf. og með þeirri fjárfestingu styrktum við þjónustuframboð okkar í þjónustu tengdri upplýsingagjöf um sjálfbærni félaga, uppsetningu mælikvarða og staðfestingarvinnu í sjálfbærnimálum. Ég myndi segja að sérsvið okkar væri hvað við getum veitt viðskiptavinum okkar fjölbreytta þjónustu, við erum með marga sérfræðinga sem geta stutt viðskiptavini í ólíkum viðfangsefnum."

Þú ert nýkjörinn stjórnarformaður KPMG. Hvert var þitt fyrsta verkefni?

„Ég hef verið í stjórn félagsins síðastliðin fimm ár, þannig að ég hef fengið að taka þátt í stefnumótun og öðrum verkefnum stjórnar. Fyrstu verkefnin sem formaður tengdust skipulagi rekstrarársins og frágangi á sjálfbærniskýrslu félagsins, sem var gefin út í fyrsta skipti í desember síðastliðnum. Við erum ákaflega stolt af útgáfu skýrslunnar, en þar setjum við meðal annars fram markmið sem KPMG hefur sett sér í sjálfbærni og mælikvarða. Okkur finnst mikilvægt að viðskiptavinir okkar og aðrir hagaðilar fái upplýsingar um KPMG og hvað við stöndum fyrir."

Hvaða verkefni eru fram undan hjá KPMG?

„KPMG hefur eins og önnur félög unnið að stafrænni þróun. Við höfum verið að innleiða ný kerfi og breytt vinnulagi, þannig að þjónusta okkar sé ávallt lausnamiðuð og skilvirk. Þjónustuframboð í ráðgjöf, hvort sem er í fjármálum, skattamálum, upplýsingatækni eða aðstoð við sjálfbærnimál, þarf sífellt að vera í endurskoðun og fylgjumst við mjög vel með breytingum á markaðnum, þannig að við getum brugðist hratt og vel við þörfum viðskiptavina okkar."

Meiri samvinna með KPMG á Norðurlöndunum

„Á undanförnum árum hefur samvinna KPMG á Norðurlöndunum verið að aukast. Við sjáum mikið hagræði og gæði í slíku samstarfi. Þá eru mannauðsmálin ávallt í fókus hjá okkur og verða áfram, en heilsa, ánægja og starfsþróun starfsfólks skiptir okkur miklu máli og er í raun lykilatriði til að ná árangri í starfsemi félagsins. Við bjóðum upp á sveigjanleika í starfi og leggjum áherslu á heilbrigt, öruggt og fjölskylduvænt starfsumhverfi. Mikill metnaður er í símenntun og fræðslumálum, en á árinu 2019 stofnuðu KPMG á Norðurlöndunum sameiginlegt félag, Nordic Learning and Development, sem sér um fræðslumál. Í gegnum það félag tökum við þátt í námskeiðum, bæði sem nemendur og leiðbeinendur.

Síðan eru á dagskrá rekstrarársins fundir og viðburðir þar sem farið er yfir fjölbreytt viðfangsefni, en við lítum á það sem okkar samfélagslega verkefni að miðla okkar sérþekkingu til viðskiptavina, núverandi og tilvonandi, og út í atvinnulífið í heild. Á þessum tæpu tveimur árum sem heimsfaraldurinn hefur geisað höfum við haldið fjöldann allan af fundum um Covid-úrræði stjórnvalda og hafa þessir fundir verið allt frá því að vera almennir í það að vera sérsniðnir fyrir minni hópa. Fram undan er svo Skattafróðleikur KPMG þar sem við förum yfir skattalagabreytingar og ýmis önnur skattatengd málefni, sem við teljum að muni nýtast atvinnurekendum, fjármálastjórum og öðrum þeim sem sinna fjármálum fyrirtækja á komandi rekstrarári."

Hvernig er KPMG að standa sig í hlutfalli kynjanna á vinnustað?

„Það hefur margt breyst á þeim tíma sem ég hef starfað í greininni. Konum er alltaf að fjölga, og í dag er hlutfallið þannig að konur eru 54% af starfsfólki félagsins. Í framkvæmdastjórn félagsins sitja átta manns, þar af eru fjórar konur og fjórir karlar, þannig að jafnara verður það ekki. Hins vegar þurfum við að jafna hlutfallið í hópi hluthafa. Þar eru konur 29% af 35 hluthöfum. Það er einmitt eitt af verkefnum stjórnar að setja markmið, framfylgja jafnréttisáætlun og -stefnu um hvernig við vinnum að því að jafna hlutfallið á næstu árum."

> **Í framkvæmdastjórn félagsins sitja sjö manns, þar af eru þrjár konur, þannig að hlutfallið er í raun eins jafnt og það getur verið. Hins vegar þurfum við að jafna hlutfallið í hópi hluthafa.**

Viltu leggja orð í belg hvað varðar konur í stjórnunarstöðum?

Hvað er til dæmis hægt að gera til að auka hlut kvenna í áberandi eða áhrifaríkum stöðum?

„Ég er sammála, það er nauðsynlegt að hugsa um hvernig við getum aukið hlut kvenna í áhrifaríkum stöðum í atvinnulífinu. Ég tel að áframhaldandi hvatning til stjórnenda og stjórnarmanna í fyrirtækjum landsins, bæði karla og kvenna, um mikilvægi þess að jafna stöðu kynja í ábyrgðarstöðum og stjórnun fyrirtækja, sé mjög mikilvæg. Ég held einnig að við þurfum að fara að horfa á jafnrétti í víðara samhengi og horfa þannig til fjölbreytileikans sem er í samfélaginu. Hjá okkur starfa einstaklingar af sex mismunandi þjóðernum. Með jafnara kynjahlutfalli í lykilstöðum næst fram ólík sýn, betri fyrirtækjamenning og verðmætasköpun verður meiri."

Hvað hefur verið gert á síðustu árum og hvað hefur virkað að þínu mati við að auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum?

„Lagasetningin 2010 um hlutföll kynja í stjórnum félaga breytti miklu. Þó að kynjakvótar geti verið umdeildir voru þeir nauðsynlegir til að jafna stöðu kynjanna. Það eru hins vegar ákveðin vonbrigði að breytingin sem varð með kynjakvóta stjórnarmanna hafi ekki skilað fleiri konum í framkvæmdaeða forstjórastöður. Ég held að öflug umræða um jafnlaunavottun og starfsemi samtaka eins og FKA hafi haft mikil áhrif. Þá hafa aðgerðir stjórnvalda í fæðingarorlofsmálum, leikskóla- og skólamálum gert mikið. Ég er jafnan spurð að því af kollegum mínum erlendis, með öfundartóni, hvað fæðingarorlofið sé langt á Íslandi og hver réttur feðra sé, en jöfnun þess á milli foreldra hefur haft og mun hafa mikil áhrif á jafnrétti kynja á vinnumarkaði. Síðan eru það allar þessar frábæru konur í öllum geirum samfélagsins sem eru fyrirmyndir og hvatning til kvenna um að taka þátt í stjórnun félaga og stofnana í samfélaginu." ■

Á endanum snýst þetta allt um fólk

GG verk verður 16 ára á árinu og hefur fest sig í sessi í hópi stærstu byggingarverktaka á landinu. Konur eru í meirihluta eigendahóps og stjórnar félagsins.

Brynhildur S. Björnsdóttir er stjórnarformaður GG verks. MYND/AÐSEND

Brynja Blanda Brynleifsdóttir er fjármálastjóri hjá GG verki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Brynhildur S. Björnsdóttir er stjórnarformaður GG verks, en ásamt henni skipa stjórnina Brynja Blanda Brynleifsdóttir, fjármálastjóri fyrirtækisins, og Helgi Gunnarsson, núverandi framkvæmdastjóri og stofnandi.

Brynhildur starfaði sem framkvæmdastjóri GG verks á árunum 2014-2019. „Á þeim árum öðlaðist félagið alþjóðlega ISO9001-gæðavottun með tilheyrandi innleiðingu ferla, samþættingu og virku eftirliti. Um leið óx félagið hratt úr grasi. Fór úr 20 starfsmönnum í 90 og samstæðan margfaldaðist í veltu. Mikið líf og fjör," segir hún.

„Þá hafði ég hafið framhaldsnám í Harvard Business School og lét af störfum í lok ársins 2019 á meðan Helgi tók aftur við keflinu en hann hafði verið framkvæmdastjóri frá stofnun þess árið 2006." Þess má geta að Helgi og Brynhildur eru hjón en þó með ólíkan bakgrunn og áhugasvið. Helgi starfaði við hlið föður síns í uppslætti húsa frá blautu barnsbeini. „Ég hafði meiri áhuga á bóklegu námi og litakóðuðum excel-skjölum," segir Brynhildur og hlær. „Ég hef aldrei kunnað neitt fyrir mér í að byggja hús."

Byggingariðnaðurinn heillandi vettvangur

Brynja kom inn í félagið í upphafi árs 2020, sem fjármálastjóri og aðstoðarframkvæmdastjóri. Hún var hokin af reynslu þegar kemur að fjármálum og stjórnun og hafði meðal annars starfað við stjórnunarstörf hjá A4/Egilsson, Sjöstjörnunni/Subway, Uniconta Ísland og Latabæ, en aldrei hjá byggingarfyrirtæki. „Mig langaði að reyna fyrir mér á nýjum vettvangi og læra eitthvað nýtt. Ég hafði áður öðlast reynslu af nytjaleyfissamningum (e. licensing), smásölu og upplýsingatækni og hafði áhuga á að læra inn á fleiri viðskiptageira. Svo hef ég alltaf haft mikinn áhuga á arkitektúr og byggingum og fannst því byggingariðnaðurinn heillandi vettvangur."

Ári síðar, í febrúar 2021, var Brynja orðin hluthafi og um leið tók hún sæti í stjórn. Á sama tíma steig Brynhildur aftur inn í rekstur GG sem starfandi stjórnarformaður. Þar með skipuðu konur 2/3 af stjórn félagsins.

Hefur þessi óvenjulega kynjaskipting einhver áhrif á reksturinn sem slíkan?

„Já, ég held að við getum öll verið sammála um það," segir Brynja og Brynhildur bætir við: „Allar rannsóknir sýna að fjölbreytileiki í stjórnun fyrirtækja er ákjósanlegur. Ekki bara út frá jafnréttissjónarmiðum, eins og gjarnan er einblínt á, heldur einfaldlega út frá árangri fyrirtækja og stofnana. Við höfum öll ólíka styrkleika og veikleika."

Brynja tekur fram að það sé þó varasamt að alhæfa um eða staðla styrkleika og veikleika stjórnenda út frá kyni. „Fyrir utan að kynin eru auðvitað fleiri en þessi tvö," bætir Brynhildur við og heldur áfram: „En við Brynja njótum þess allavega mjög vel að vera í þessu karllæga umhverfi og fá að „mýkja" það aðeins, en um leið vera grjótharðar. Við leggjum okkur fram við að setja fólk í fyrsta sæti alla daga, af því að á endanum snýst þetta allt um fólkið sem vinnur við framkvæmdirnar og fólkið sem vill búa í húsunum sem við byggjum, iðka íþróttir eða vinna í. Allt eftir því hvernig mannvirki við erum að byggja hverju sinni."

Gagnkvæm virðing á vinnustaðnum

Hvernig er svo að vinna í svona karllægu umhverfi sem stjórnendur?

„Við höfum ekki fundið fyrir neinu öðru en gagnkvæmri virðingu," segir Brynhildur. „Við Brynja kunnum auðvitað akkúrat ekkert að byggja hús. En við teljum okkur kunna að reka fyrirtæki, aðgreina það á markaði, setja okkur metnaðarfull en raunhæf markmið, mæla árangur reglulega og fá alla í lið með okkur í sömu átt. Og það kunna allir að meta. Það er auðvitað svolítið gert grín að okkur innanhúss, en bara í góðu. Og kannski gerum við það mest sjálfar. Erum svolitlar „Gyður sólir". Enda báðar dálítið ákveðnar og vitum alveg hvert við erum að fara. En þó með eindæmum mjúkar líka en með fókusinn á fólkinu um leið og markinu."

Byggingarbransinn á mikið inni

Brynja segist telja að byggingarbransinn eigi mikið inni. „Og ég held að konur geti bætt heilmiklu við þar. Af því að saman erum við einfaldlega best. Við skulum líka ekki gleyma því að konur hafa heilmikið um það að segja hvar fjölskyldur ákveða að skjóta niður rótum og hvaða kostum heimilin þurfa að búa yfir. Af hverju ættu þá karlar einir og sér að vera best til þess fallnir að skipuleggja og stýra öllu er viðkemur framkvæmdum á heimilum og öðrum mannvirkjum? Það sjá það held ég allir sem pæla í því."

En hvað er fram undan hjá GG verki?

„Ja. Hvað er ekki fram undan?" segia þær stöllur brosandi. „Við erum til að mynda á síðasta fasa í framkvæmdum á nokkurra ára verkefni fyrir Reykjavíkurborg, sem er okkur afar dýrmætt, og mun vonandi efla gleði og lýðheilsu Reykvíkinga til framtíðar. Það er glæsileg Íþróttamiðstöð Fram í Úlfarsárdal, en það er ein stærsta byggingarframkvæmd sem borgin hefur farið í undanfarin ár. Hjarta okkar slær líka sérstaklega mikið með Fram, en Helgi spilaði sjálfur með þeim fótbolta á sínum sokkabandsárum," segir Brynhildur.

Mikill uppgangur er hjá GG verki, bæði er verið að byggja upp alls kyns mannvirki sem og íbúðir. MYNDIR/AÐSENDAR

Glæsileg Íþróttamiðstöð Fram í Úlfarsárdal, eins og hún mun líta út.

Íþróttamiðstöðin séð frá öðru sjónarhorni.

> **Allar rannsóknir sýna að fjölbreytileiki í stjórnun fyrirtækja er ákjósanlegur.**
>
> Brynja Blanda Brynleifsdóttir

Brynja heldur áfram: „Við erum líka að bygga um 130 íbúðir í Gufunesi fyrir frumkvöðlana í Spildu Fasteignaþróun, nokkra reiti í Hafnarfirði, Kópavogi, Garðabæ og þar fram eftir götunum. Þá erum við að fara af stað með þrjú ný verkefni í þessum töluðu orðum og sjáum fram á 50% stækkun á árinu. Svo að við erum bara á fullu í áætlanagerð, hönnunarrýni, skipulagi, ráðningum, markmiðasetningu og fleiru til að tryggja að fólk sé ávallt í fyrsta sæti hjá okkur." Brynhildur samsinnir því. „Hvort sem það varðar öryggi starfsfólks, þroska og þróun í starfi eða ánægju viðskiptavina. Af því að á endanum snýst þetta allt um fólk. Og það er akkúrat það sem við brennum fyrir. Fólk." ■

ELKO stuðlar að jafnrétti og jöfnum tækifærum

Rík áhersla er lögð á að tryggja að starfsfólki sé ekki mismunað vegna kyns, aldurs, uppruna, trúar eða annarra þátta hjá ELKO, stærstu raftækjaverslun landsins.

ELKO, sem er stærsta raftækjaverslun landsins, hefur verið leiðandi fyrirtæki á sínu sviði hér á landi um langan tíma, að sögn Berglindar R. Guðmundsdóttur innkaupastjóra. „Við bjóðum upp á landsins mesta úrval af raftækjum í öllum vöruflokkum, hvort sem það eru stærri eða minni heimilistæki eða önnur raftæki líkt og símar, snjallúr, heyrnartól, tölvur og skjáir, plötuspilarar, nuddtæki eða leikir og leikjatölvur. Við erum einnig með stóra deild sem tengist snjallheimilinu sem er alltaf að stækka.“

Berglind R. Guðmundsdóttir er innkaupastjóri ELKO. MYNDIR/ELKO

Jöfn tækifæri

Hún segir ELKO leggja ríka áherslu á að jafnræðis sé gætt og tryggt sé að starfsfólki sé ekki mismunað vegna kyns, aldurs, uppruna, trúar eða annarra þátta. Það eigi einnig við í nýráðningum. „Við hvetjum ávallt öll kyn til þess að sækja um auglýst störf hjá okkur og reynum að hanna atvinnuauglýsingarnar þannig að þær höfði til allra. Við höfum einnig breytt vaktafyrirkomulagi í verslunum til þess að reyna að ná til fleiri og bjóðum þar með upp á sveigjanlegri vinnutíma.“

Um leið stuðlar jafnréttisstefna ELKO að jafnrétti og jöfnum tækifærum fyrir einstaklinga óháð kyni, að hennar sögn. „Við stuðlum einnig að eflingu menntunar og starfsþróunar innan fyrirtækisins og styrkjum þar með stöðu einstaklingsins sem gerir honum kleift að nýta hæfileika sína í starfi og bæta vellíðan og starfsanda.“

Öflug þjónusta

Berglind segir ELKO leggja mikið upp úr þjónustu við viðskiptavini sína og hafa aðlagað þjónustustefnu því markmiði að eiga ánægðustu viðskiptavinina á raftækjamarkaðnum. „Loforð ELKO til viðskiptavina er að það sem skiptir þig máli, skiptir okkur máli og höfum við þetta loforð að leiðarljósi í öllu sem við gerum. Við bjóðum upp á uppsetningu á sjónvörpum, símum og tölvum til að auðvelda viðskiptavinum sem eru minna tæknivæddir að njóta allrar þeirrar ótrúlegu tækni sem er í boði. Við bjóðum upp á 30 daga skilarétt á vöru, sem virkar þannig að þú mátt opna og skoða vöruna og prófa hana í allt að 30 daga.“

Sérstakir endurvinnsluskápar eru í verslunum ELKO í Lindum, Granda og á Akureyri.

Í þjónustuverinu eru einnig öflugir þjónusturáðgjafar, ásamt því að boðið er upp á netspjall á vefsíðu ELKO sem er opið til 21, alla daga vikunnar. „Við höfum betrumbætt vefverslunina okkar til muna með nýrri vefsíðu sem fór í loftið fyrir stuttu og þar er mjög öflug leitarvél sem aðstoðar viðskiptavini við að finna það sem þeir leita að. Á vefsíðunni okkar má einnig finna verðsögu allra vara á vöruspjaldi sem er nýjung á Íslandi.“

Aukin áhersla á umhverfismál

ELKO hefur lagt aukna áherslu á umhverfismál undanfarin ár, að hennar sögn. „ELKO hefur verið að taka skref til þess að minnka kolefnisspor okkar og við erum ávallt að leita leiða til þess að gera enn betur. Við bjóðum viðskiptavinum að sækja allar kaupnótur sínar rafrænt á vefsíðunni okkar og innanhúss höfum við dregið úr pappírsnotkun til muna. Undir lok síðasta árs tókum við stórt skref þegar við hættum að prenta út allar pantanir og reikninga í vöruhúsi okkar. Við settum upp endurvinnsluskápa í verslunum okkar í Lindum, Granda og á Akureyri þar sem hægt er að koma með rafhlöður, perur, síma, lyklaborð og öll minni raftæki sem við skilum áfram til endurvinnslu ásamt því að taka á móti símum og tölvum sem við kaupum af viðskiptavinum og komum áfram í ábyrgt endurvinnsluferli. ELKO stefnir á að verða betri í endurnýtingu og endurvinnslu til þess að lengja líftíma á vörum.“ ■

> Við stuðlum einnig að eflingu menntunar og starfsþróunar innan fyrirtækisins og styrkjum þar með stöðu einstaklingsins.

Nánari upplýsingar á elko.is.

Ráðningar, fræðsla, ráðgjöf og markþjálfun

Mögnum á Akureyri er þekkingar- og ráðgjafarfyrirtæki með það að leiðarljósi að magna það sem í fólki býr svo það eflist sem það sjálft. Þannig eflast og styrkjast einnig vinnustaðir og samfélagið allt sem jú er ekkert annað en við fólkið.

Sigríði Ólafsdóttur, eiganda fyrirtækisins Mögnum, þykir mikilvægt að fólk og vinnustaðir á Norðurlandi eigi kost á slíkri þjónustu og efli þannig þekkingarsamfélagið og auki atvinnumöguleika á þessu svæði. Mögnum á Akureyri er eina fyrirtækið sinnar tegundar utan höfuðborgarsvæðisins.

Hún segist vera eini starfsmaður fyrirtækisins en hafa til liðs við sig öfluga samstarfsaðila – sem komi inn í verkefni þegar þess er þörf.

„Þjónustan spannar fjögur svið; ráðningar, fræðslu, ráðgjöf og markþjálfun. Að baki hverju þeirra eru fjölbreyttir möguleikar og sérsniðnar lausnir.

Árið 2017, eftir um 18 ára starf hjá Capacent/Gallup, ákvað ég að kanna hvort ég gæti skapað mitt eigið starf hér á Akureyri og nýtt þekkingu mína og reynslu. Í byrjun var megináherslan á markþjálfun, sem svo þróaðist einnig út í námskeiðahald, stefnumótun, ráðgjöf og vinnustofur.

Árið 2020 bætti ég við ráðningarþjónustunni og var það kjörið tækifæri til að nýta áralanga reynslu mína á því sviði.

Mögnum er fjölbreyttur hópur fyrirtækja og stofnana á Norðurlandi. Einnig er sívaxandi hópur einstaklinga sem kemur til mín í markþjálfun.“

> Þjónustan spannar fjögur svið: ráðningar, fræðslu, ráðgjöf og markþjálfun. Að baki hverju þeirra eru fjölbreyttir möguleikar og sérsniðnar lausnir.
>
> Sigríður Ólafsdóttir

Sífelld vöruþróun

„Í rauninni er sífelld vöruþróun í gangi og „Sigga í vöruþróunardeildinni“ er alltaf á tánum. Það hefur verið mikil aukning í mannauðsráðgjöf, mörg fyrirtæki hér eru lítil og kalla eftir þessari þekkingu. Ég hef verið að koma inn á vinnustaði til að sinna sértækum og afmörkuðum verkefnum. Einnig er fjölgun í úttektum á vinnustöðum í kjölfar áskorana eða viðvarandi, hamlandi vinnustaðamenningar, en þá er dýrmætt að fá utanaðkomandi aðila, eins og mig, til að meta og greina stöðuna, og vinna svo að aðgerðum.“

Merking þess að vera með PCC-vottun

„Ég markþjálfa mest stjórnendur og starfsfólk, en hugmyndafræðina nota ég mikið þegar ég stýri vinnustofum, stefnumótun eða hanna fræðslu. Ég fékk PCC-vottun sem markþjálfi 2019 og hef um 1.700 klukkustunda reynslu. Vottun endurspeglar að mínu mati faglegan metnað, þar er krafa um endurmenntun og aðhald, sem vonandi skilar virði til viðskiptavina. Vottunarstig markþjálfunar eru ACC, PCC og MCC. Hvert stig endurspeglar stighækkandi reynslu og í vottunarferlinu þarf að skila inn upptökum af samtölum þar sem hæfni markþjálfans er metin. Ég hef einnig lokið sértæku námi sem mentor-markþjálfi og er í námi fyrir matsaðila í vottunarferlinu hjá ICF. Þannig hef ég faglegan bakgrunn og get boðið handleiðslu og stuðning þegar sótt er um vottun.

Sigríður Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Mögnum, segir síðasta ár hafa verið magnað og hún er sannarlega stolt af uppskeru byrjunaráranna. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Sumir segja mig hafa „þekkingarþráhyggju“ í faginu – sem er sennilega satt.“

Reynsla og lærdómur er árangur

Að sögn Sigríðar er sjálfstæður rekstur og markaðssetning á svæðinu skemmtilega krefjandi. „Ég vil vera trú markþjálfa-hugarfarinu og meðtaka reynslu sem lærdóm og árangur, jafnvel þótt sá árangur sjáist ekki alltaf í rekstrartölunum. Síðasta ár var magnað og ég er sannarlega stolt af því að uppskera loks eftir allan lærdóm byrjunaráranna. Ég er stolt af hugrekkinu, frumkvæðinu og sambandinu við mína frábæru viðskiptavini, sem kunna að meta að hafa þjónustu sem þessa á svæðinu, “ segir Sigríður hress að lokum. ■

Hildur Karen Haraldsdóttir til vinstri og Birna Margrét Olgeirsdóttir til hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Íslandsbanki í fararbroddi í kynjahlutföllum

Hildur Karen Haraldsdóttir og Birna Margrét Olgeirsdóttir starfa báðar í fjárfestingarbanka Íslandsbanka. Hildur er í fyrirtækjaráðgjöf á meðan Birna starfar við verðbréfamiðlun. Þær eru sammála um að spennandi tækifæri leynist í því að jafna hlut kynjanna í stjórnunarstöðum.

Hildur útskrifaðist úr HR með meistaragráðu í lögfræði og er með próf í verðbréfaréttindum. Reynsla Birnu spannar yfir 20 ár á fjármálamarkaði og tæp 15 ár hjá Íslandsbanka. „Ég er hagfræðingur að mennt frá HÍ og með próf í verðbréfaviðskiptum frá HR. Að loknu námi starfaði ég hjá Kauphöll Íslands í sjö ár. Þaðan lá leið mín í Íslandsbanka þar sem hef ég starfað síðan.“

Þrífst á nýjum áskorunum

Hildur og Birna hafa báðar öðlast dýrmæta reynslu við fjölbreytt störf innan bankans síðastliðin ár. Að sögn Birnu er kostur að starfa hjá stóru fyrirtæki eins og Íslandsbanka. Þar gefst kostur á að þróast innan bankans og breyta til. „Ég byrjaði á fjárfestingarbankasviði en hef einnig starfað bæði í fjárstýringu og eignastýringu. Nú síðast starfaði ég á fyrirtækjasviði áður en ég tók við nýju starfi innan bankans í desember síðastliðnum í verðbréfamiðlun, sem er mín fimmta staða innan bankans. Áhersla mín er á erlenda fjárfesta og stærri einkafjárfesta. Markaðir hafa verið líflegir og ég sé líka mikil tækifæri í að styrkja viðskiptatengsl bankans erlendis.“

Hildur hefur starfað við ýmis störf hjá Íslandsbanka síðan 2010. „Ég byrjaði sem ráðgjafi í útibúi Íslandsbanka eftir menntaskóla og hef fengið tækifæri til að ferðast innan fyrirtækisins. Eftir laganám hóf ég störf sem lögfræðingur í lögfræðideildinni. Fyrir rúmlega þremur árum byrjaði ég svo í fyrirtækjaráðgjöfinni. Í dag starfa ég sem lögfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf bankans,“ segir Hildur.

Krefjandi verkefni og góð heilaleikfimi á hverjum degi

Að sögn Hildar er fyrirtækjaráðgjöf í eðli sínu fátt annað en þjónusta og ráðgjöf til fyrirtækja um mál félagsins. „Helstu verkefni okkar eru kaup og sala fyrirtækja, yfirtökur, samrunar og aðrar eignarhaldstengdar breytingar fyrirtækja, fjármögnun fyrirtækja með hlutabréfa- eða skuldabréfaútboðum og nýskráningar og sala á hluta- og skuldabréfum. Fyrirtækjaráðgjöf er að mínu mati ein skemmtilegasta deildin í bankanum. Hvert verkefni er ólíkt öðrum og enginn dagur er eins.“

Hildur er eini lögfræðimenntaði starfsmaðurinn í sinni deild. „Ég sinni því aðeins öðruvísi hlutverki en kollegar mínir. Í öllum okkar verkefnum kemur reynsla mín og menntun í lögfræði til góða enda trúi ég því að fjölbreytileiki í teymum skili bestum árangri. Þungt regluverk er í kringum starfsemina og verðbréfaviðskiptin, sem þarf að fylgjast náið með. Að auki fylgir mikil skjalagerð hverju verkefni, sem lendir oftar en ekki á mínu borði. Einnig hef ég umsjón með skrifum og verkefnastýringu þegar við útbúum lýsingar verðbréfa fyrir viðskiptavini okkar.“

Í verðbréfadeildinni segist Birna fyrst og fremst vera að byggja upp viðskiptatengsl. „Í því felst að kortleggja mögulega fjárfesta, hafa samband við þá og kynna fyrir þeim íslenskan verðbréfamarkað og efnahagsumhverfið hér. Mikilvægt er að hafa góða þekkingu á fjármálamarkaði hér heima og erlendis og því fylgist ég vel með mörkuðum og efnahagsmálum innan lands sem utan. Í störfum mínum hjá Íslandsbanka hef ég náð mér í víðtæka reynslu og þekkingu frá mörgum ólíkum hliðum í bankastarfsemi sem nýtist mér í núverandi starfi. Reynslan frá Kauphallarárunum kemur sér einnig vel en þar kynntist ég þankaganginum á bak við verðbréfaviðskipti. Hagfræðinámið hefur einnig verið góð undirstaða. Þó að ég hafi aldrei diffrað eða

> Fyrirtækjaráðgjöf er að mínu mati ein skemmtilegasta deildin í bankanum. Hvert verkefni er ólíkt öðrum og enginn dagur er eins.
>
> Hildur Karen

tegrað í vinnunni var sá skóli engu að síður góð heilaleikfimi.“

Góður vinnustaður

Hildur og Birna eru báðar afar ánægðar í sínu starfi og sammála um að vinnufélagarnir spili þar stórt hlutverk. „Ég hefði aldrei verið svona lengi hjá bankanum ef þetta væri ekki frábær vinnustaður,“ segir Hildur. „Það sem gerir Íslandsbanka svona skemmtilegan eru samstarfsfélagarnir og fjölbreytnin. Þetta er eins og mörg lítil fyrirtæki í einu fyrirtæki. Allir að sinna sínu og ótal sérfræðingar í öllu mögulegu. Hér er hægt að vaxa í starfi og margt hægt að læra með öllu þessu góða fólki. Vinnudagarnir eru þó oft krefjandi og langir. Það einkennir fyrirtækjaráðgjöf almennt að fólkið er metnaðarfullt, þyrstir í að læra og er tilbúið að hlaupa hratt. Ráðgjöfin er frábær vettvangur til að kynnast markaðnum á handahlaupum. Þú færð tækifæri til að vinna fyrir stór og flott félög og kosturinn er að þú kynnist lykilstjórnendum í þessum félögum og færð að læra af þeim líka.“

„Ég hef oft sagt að það séu forréttindi að vinna í Íslandsbanka,“ bætir Birna við. „Það er einstaklega vel hugsað um okkur starfsfólkið. Hjá okkur er til dæmis lögð áhersla á jafnvægi milli einkalífs og vinnu og fólk er eindregið hvatt til að afla sér fræðslu og þekkingar. Þá er mikið lagt upp úr vellíðan á vinnustað og góðri liðsheild.“

Mætti bæta kynjahlutföllin

„Kynjahlutföllin mættu vera betri á okkar sviði og í okkar deild,“

> Ég hef oft sagt að það séu forréttindi að vinna í Íslandsbanka.
>
> Birna Margrét

segir Hildur. „Eftir að tvær konur létu nýlega af störfum erum við í dag tvær konur í ráðgjöfinni og tíu karlar. Það er frábært að vinna með öllum í deildinni en stefna bankans og okkar er að fjölga konum.“

Birna bætir við að í gegnum tíðina hafi einnig hallað á konur í fjárfestingarbankastarfseminni heima og erlendis. „Hópurinn sem ég vinn með samanstendur af fólki með fjölbreytta reynslu og menntun, sem er nauðsynlegt. Þannig komast mismunandi sjónarmið og hugmyndir á yfirborðið. Konur og karlmenn hafa oft ólíka sýn og nálgun á viðfangsefni. Því tel ég nauðsynlegt að hlutföllin verði jafnari í fjárfestingarbankastarfseminni til þess að ná fram meiri fjölbreytileika í hópnum,“ segir hún. „Það er augljóst að fjölbreytt teymi með fólki af ólíkum aldri, kyni, bakgrunni og fleira skara fram úr,“ bætir Hildur við.

Jafnréttismál Íslandsbanka

Íslandsbanki er leiðandi fyrirtæki í sjálfbærnimálum en jafnréttismál eru hluti af sjálfbærnivegferð bankans. Eitt af sjálfbærnimarkmiðum fyrir árið 2025 er að jafna betur út kynjahlutföll innan bankans. „Hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn bankans er um 40%,“ segir Birna og bætir Hildur við að bankinn vilji tryggja að hlutfall karla og kvenna í stjórnendateymi bankans fari ekki undir það. „Á síðustu árum hefur bankinn lagt áherslu á að jafna hlutföll kynjanna og gripið til aðgerða. Þá er bankinn með jafnlaunavottun og tekur þátt í ýmsum verkefnum tengdum jafnrétti,“ segir Birna.

„Það er ekkert launungarmál að það vantar fleiri konur í fjárfestingarbankann almennt og skýrt markmið bankans er að fjölga þeim. Stereótýpan af fjárfestingarbankastarfsmanni er karlmaður í augum margra, og var það hjá mér þegar ég byrjaði. Þessi bransi er enn í dag mjög karllægur og stjórnendur í fjárfestingarbanka eru oftar en ekki karlmenn. Ég held það sé ekki vilji hjá neinum til að hindra konur eða útiloka frá þessum markaði, heldur hefur þetta verið þróunin um árabil og við virðumst aðeins hafa sofnað á verðinum. Mikil tækifæri felast í því að kynna starfsemina betur fyrir konum, breyta kúltúr í takt við nýjar áherslur og fjölga konum í þessum störfum. Það er mín einlæga trú að kynjahlutföllin muni breytast hratt á næstu árum. Hjá bankanum er verið að setja af stað aðgerðaáætlun um mælanleg markmið um fjölgun kvenna í fjárfestingarbankanum og í upplýsingatækniþjónustu,“ segir Hildur. „Það eru því spennandi tækifæri til staðar því slíkar umbætur styrkja þjónustuframboð bankans til viðskiptavina enn betur,“ bætir Birna við.

Hæfir einstaklingar finnast af öllum kynjum og gerðum

„Eitt stóru málanna í dag er að jafna hlut kynjanna í stjórnunarstöðum. Fyrir ungar konur sem vilja ná langt eru góðar fyrirmyndir ómissandi. Því miður virðist enn halla á konur í stjórnendahlutverkum. Bankastjóri Íslandsbanka er til dæmis eina konan sem er forstjóri í félagi sem er skráð í Kauphöll. Það hljóta allir að sjá að það er skakkt og gengur ekki upp til lengdar,“ segir Hildur. „Ég tel að alltaf ætti að leitast við að hafa fjölbreytileika í hópi stjórnenda, hvort sem við horfum á kyn, aldur, reynslu og fleira. Með því fáum við mismunandi sjónarmið og hugmyndir fram, sem á endanum stuðlar að betri ákvörðunum. Að sjálfsögðu er mikilvægt að velja hæfustu einstaklingana í stjórnunarstöður, en hæfir einstaklingar, sem eiga mikið erindi í áhrifastöður, finnast af öllum kynjum,“ bætir Birna við. ■

Héldu flugi í heimsfaraldri

Sýndarferðalag með FlyOver Iceland er einstök og heillandi afþreying sem hentar jafnt ferðagörpum og þeim sem lítið geta ferðast. Sýningunni hefur verið tekið mjög vel af Íslendingum og í vetur er börnum boðið að fljúga frítt.

„FlyOver Iceland er sýndarflug á heimsmælikvarða sem hentar öllum aldurshópum," segir Helga María Albertsdóttir, framkvæmdastjóri FlyOver Iceland. „Með hjálp nýjustu tækni getum við boðið gestum okkar upp á æsispennandi sýndarferðalag um náttúru Íslands og aðra spennandi staði sem við erum með í sýningu hverju sinni. Vindur, þoka og lykt, ásamt hreyfingum tækisins, gera upplifunina virkilega raunverulega og eftirminnilega. Sýningin er ótrúlega skemmtileg og það er alltaf jafn gaman að sjá umsagnir sem gestir okkar hafa skilið eftir á vefnum, en þær útskýra mun betur en ég hversu frábær heimsóknin til FlyOver er í raun."

Frítt fyrir börn í allan vetur

„FlyOver Iceland hóf starfsemi haustið 2019 og svo skall Covid á okkur aðeins hálfu ári síðar. Við erum fyrirtæki í ferðaþjónustu og Íslandssýningin er hönnuð með ferðamanninn í huga, þannig að okkur óraði ekki fyrir því hversu vel Íslendingar myndu taka okkur," segir Helga María. „Hjartað stækkar alveg um nokkur númer þegar ég hugsa um það og það varð til þess að við bættum fljótlega við sýndarflugi yfir Kanada og nú höfum við líka hafið sýningu á villta vestrinu, með sínu stórbrotna landslagi. Þar koma fyrir alvöru kúrekar og frumbyggjar, sem krökkunum finnst mjög spennandi.

Nú í vetur bjóðum við krökkum að fljúga frítt, þannig að með hverjum fullorðinsmiða fylgir einn barnamiði sem hægt er að nota á sömu sýningu," segir Helga María. „Hér er vel gætt að öllum sóttvörnum, snertifletir eru sótthreinsaðir eftir hverja ferð, það er engin þörf á hraðprófi og fjöldi gesta á hverja sýningu er takmarkaður í takt við reglur hverju sinni. Með þessu viljum við hvetja barnafjölskyldur til þess að heimsækja okkur í vetur og lyfta sér upp í skammdeginu."

Stórbrotið ferðalag á allra færi

„Það er engin sýning þessu lík á Íslandi. FlyOver Iceland er á lista yfir bestu sýndarflugsýningar í öllum heiminum og við erum stolt af því að eiga þátt í að geta boðið bæði gestum og heimamönnum að upplifa fallega landið okkar á þennan einstakan hátt," segir Helga María. „Það koma bæði til okkar vanar fjallageitur og flugfólk sem verða orðlaus yfir stöðunum sem flogið er yfir, enda þyrftir þú að ganga á fjöll vikum saman eða leigja þyrlu í marga daga til að sjá staðina sem flogið er yfir hjá okkur.

Helga María segir að fyrirtækið hafi verið opnað aðeins hálfu ári fyrir faraldurinn og sýndarflugið verið hannað með ferðamenn í huga. Hjartað óx því um nokkur númer við að sjá hve vel Íslendingar tóku því. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Við leggjum líka mikið upp úr góðu aðgengi að sýningunni fyrir alla, óháð því hversu fótaliprir þeir eru, og því geta allir fengið að upplifa þá tilfinningu að svífa frjáls um loftin blá," útskýrir Helga María.

„Hjá FlyOver Iceland leggjum við einnig mikinn metnað í að vera fyrirtæki þar sem bæði gestum og starfsmönnum líður vel og að allir skynji að fyrir þeim sé borin virðing," segir Helga María. „Við erum rík af hæfileikaríku fólki og okkur hefur tekist að halda FlyOver Iceland sýningunni opinni á nánast hverjum degi frá því að við opnuðum, þrátt fyrir heimsfaraldur og það sem honum fylgir. Mikið af okkar fólki er líka búið að vera í teyminu alveg frá því að við opnuðum og það hefur staðið sig eins og hetjur."

Leggja mesta áherslu á jöfnuð, skapandi lausnir og traust

„Það er gaman að segja frá því að kynjahlutföll stjórnenda FlyOver Iceland eru nokkuð jöfn, en reyndar eru aðeins fleiri konur en karlar í stjórnunarstöðum. Þannig er þessu einnig háttað hjá móðurfyrirtæki FlyOver Iceland, sem er alþjóðlegt fyrirtæki," útskýrir Helga María. „Í stjórn FlyOver Iceland sitja tvær konur og önnur þeirra er stjórnarformaður félagsins. Heilt yfir eru hlutföllin nokkuð jöfn hjá okkur, en það kemur kannski ekki á óvart að tæknideildin er undantekningin frá reglunni og það væri gaman að sjá fleiri konur í þeirri deild.

Það hefur verið sýnt fram á að aukinn fjölbreytileiki í stjórnunarstöðum hafi jákvæð áhrif á rekstrarafkomu fyrirtækja. Það gefur því augaleið að aukin þátttaka kvenna í rekstri fyrirtækja er öllum til heilla," segir Helga María. „Án þess að það sé hægt að alhæfa þá hefur stjórnunarstíll kvenna líka oft verið kenndur við umbreytingaforystu og þjónandi forystu. Þar er áherslan lögð á skapandi lausnir og að stuðla að fyrirtækjamenningu sem byggð er á gagnkvæmu trausti stjórnenda og starfsmanna." ■

FASTEIGNASALAN TORG

Við erum konurnar á TORGI

Við veitum topp þjónustu

Kraftur – Traust – Árangur



Hafdís Rafnsdóttir
Sölustjóri, löggiltur fasteigna- og skipasali og eigandi
Sími 820 2222

Dórothea E. Jóhannsd.
Löggiltur fasteigna-fyrirtækja og skipasali
Sími 898 3326

Jóhanna Kristín
Löggiltur fasteigna-fyrirtækja og skipasali
Sími 837 8889

Elka Guðmundsdóttir
Löggiltur fasteigna- og skipasali
Sími 863 8813

Sigríður Rut
Löggiltur fasteigna-fyrirtækja og skipasali
Sími 699 4610

Hrönn Ingólfsdóttir
Löggiltur fasteigna- og skipasali
Sími 692 3344

Selma Vigfúsdóttir
Skrifstofustjóri
Sími 520 9595

Þóra Þrastardóttir
Löggiltur fasteigna-fyrirtækja og skipasali
Sími 822 2225

HRINGDU NÚNA!

Fasteignasalan TORG

FASTEIGNASALAN TORG / **GARÐATORGI 5** / 210 GARÐABÆR / **520 9595** / TORG@FSTORG.IS

Við viljum vera afl sem breytir þessum iðnaði

Rafal er rótgróið rafmagnsverktakafyrirtæki sem starfar á breiðu sviði rafiðnaðarins og fjarskipta, allt frá virkjun, flutningi og dreifiveitum til notenda.

Rafal er með öfluga framleiðsludeild og deild rannsókna og þróunar sem sérhæfir sig í tæknilega flóknum verkefnum í raforkugeiranum.

„Vegferðin okkar hjá Rafal er skýr en með leiftrandi áhuga, framúrskarandi hæfni og ríkulegum auðlindum ætlum við að verða leiðandi þekkingar- og þjónustumiðstöð rafmagns og fjarskipta á heimsvísu," segir Ingibjörg Lilja Þórmundsdóttir, mannauðsstjóri Rafals. „Í dag starfa hjá okkur um 120 manns í þremur fyrirtækjum, en dótturfyrirtæki Rafal eru Verkfræðistofan Afl og orka sem sérhæfir sig í rafmagnsverkfræði og Lýsir sem vinnur að lorawan- og IoT-lausnum og sölu og sérfræðiþekkingu á ljósleiðarastrengjum og allri þjónustu í kringum það.

Við erum gríðarlega stolt yfir þessum ótrúlega hæfa hópi sem hjá okkur starfar, en margt af okkar starfsfólki hefur fylgt okkur um árabil. Fólkið okkar er klárlega hjartað í starfsemi okkar."

Frá vinstri eru Sigrún Hrafnsdóttir, Ingibjörg Lilja Þórmundsdóttir, Hafdís María Kristinsdóttir og Fanney Pálsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tækniheimurinn fyrirmynd

Ingibjörg, sem áður starfaði í tæknigeiranum, meðal annars hjá Spotify, segist telja að tæknigeirinn hafi vaknað af værum blundi fyrir 8-10 árum þegar stjórnendur áttuðu sig á því að heilu tæknifyrirtækin sem voru nánast eingöngu skipuð karlmönnum. „Það var gríðarleg skemmtilegt að fá að taka þátt í því verkefni að breyta þessu hjá Spotify, þar sem bæði stjórnendur og starfsmenn tæknideildar voru nánast eingöngu karlmenn. Í dag er staðan hins vegar gjörbreytt enda fyrirtækið löngu búið að átta sig á mikilvægi þess að vera með fjölbreyttan vinnustað. Ég held það skapi fyrirtækjum gríðarlegt samkeppnisforskot og bæti vinnustaðamenninguna í fyrirtækinu að hafa vinnustaðinn sem fjölbreyttastan."

Ingibjörg Lilja Þórmundsdóttir er mannauðsstjóri hjá Rafal.

Eftir farsæl ár í tæknigeiranum gekk Ingibjörg til liðs við Rafal um um mitt ár 2020 og það sló hana strax hve fáar konur störfuðu hjá fyrirtækinu. „Þetta voru svo sannarlega öflugar konur þar en þær voru fáar og nánast engin þeirra í stjórnunarstöðu. Mér leið stundum eins og ég væri að eiga sömu samtölin um mikilvægi fjölbreytileikans og ég átti fyrir um átta árum í tæknigeiranum."

Ingibjörg segir tæknigeirann hafa tekið stór skref í átt að jafnrétti á undanförnum áratug og telur iðnaðinn mikið geta lært af þeirri vegferð.

„Mig langaði strax að kanna hvort það væri ekki áhugi hjá stjórnendum á að breyta þessu og búa til vinnustað sem væri líka eftirsóknarverður og aðlaðandi fyrir konur. Þeir voru heldur betur til í það svo undanfarin ár höfum við markvisst unnið að því að breyta þessu með gríðarlega góðum árangri," segir Ingibjörg. „Í dag starfa hjá okkur 17 ótrúlega flottar konur, þar af níu sem eru rafmagnsmenntaðar. Hlutföllin eru líka að verða jafnari í stjórnendahópnum, en í framkvæmdastjórn Rafal sitja í dag þrjár konur og tveir karlar. Erla Björk Þorgeirsdóttir leiðir svo Verkfræðistofuna Afl og orku, en ég held að það séu afar fáar framkvæmdastýrur á verkfræðistofum á Íslandi."

Konur sækja ekki um

Ingibjörg segir hluta vandans fólginn í því að rafiðnaðurinn hafi ekki verið kynntur almennilega fyrir konum.

„Ég væri ansi rík ef ég hefði fengið krónu í hvert sinn sem einhver sagði við mig „það sækja ekki neinar konur um..." Þetta er náttúrulega engin afsökun fyrir því að gera ekki neitt. Við þurfum að kynna þennan iðnað fyrir ungum konum, hvetja þær til að sækja sér menntun í faginu og bjóða þeim svo upp á vinnustað þar sem þær fá að njóta sín. Við verðum að galopna þennan heim fyrir þeim. Rafvirkjun er til dæmis starf sem hentar konum ansi vel, þar sem mikil áhersla er lögð á nákvæmnisvinnu og öryggi."

> Við þurfum að kynna þennan iðnað fyrir ungum konum, hvetja þær til að sækja sér menntun í faginu og bjóða þeim svo upp á vinnustað þar sem þær fá að njóta sín.
>
> Ingibjörg Lilja

Frábærar fyrirmyndir

Þróun síðastliðinna ára hefur verið mjög góð í orkugeiranum. „Í dag erum við með gríðarlega flottar konur eins og Höllu Hrund orkumálastjóra og Margréti Halldóru sem er formaður félags íslenskra rafvirkja og eru þær mikilvægar fyrirmyndir fyrir konur í þessum iðnaði. Eins hafa nokkur orkufyrirtæki náð mjög góðum árangri en þar langar mig sérstaklega að hrósa fyrirtækjum Orkuveitu Reykjavíkur fyrir allt það sem þau hafa lagt á vogarskálina í þessum málaflokki.

En til þess að við getum raunverulega farið að hreyfa nálina verðum við öll að standa saman. Við þurfum öll að taka þátt í þessari byltingu. Ég vil því hvetja alla okkar samstarfsaðila og samkeppnisaðila til að taka höndum saman og taka þátt í þessu samfélagslega mikilvæga verkefni," segir Ingibjörg Lilja Þórmundsdóttir að lokum. ■

Náttúrubarn sem þekkir ekki vont veður

Allir hafa tækifæri til að hasla sér völl sem rafvirkjar ef áhuginn er fyrir hendi. Á þetta jafnt við um konur og karla.

Fanney Pálsdóttir er útskrifuð úr rafvirkjanámi og tekur sveinspróf í byrjun næsta mánaðar. Hún var búin að taka vélstjórann og tók rafvirkjann sem viðbót. „Ég er með sveinspróf í vélfræði og er því vélfræðingur en hef aldrei verið til sjós og þess vegna er ég ekki vélstjóri."

Áður en Fanney fór í rafvirkjanám vann í hún í virkjunum á Suðurlandi. „Það byrjaði strax eftir stúdentspróf og vakti áhuga minn á vélstjóranáminu. Ég fór í það og ákvað svo að bæta við mig rafvirkjun. Með tvö sveinspróf hefur maður möguleika á iðnfræði í HR, leiti hugur manns í þá átt, og þar af leiðandi meiri starfsmöguleika. Svo er menntun máttur og ég tel að maður sé eftirsóknarverðari starfskraftur eftir því sem maður hefur meiri menntun á sviðum sem tengjast saman.

Þetta var hvort tveggja inni á mínu áhugasviði og passaði fullkomlega saman. Ég hef alltaf haft gaman af öllu sem tengist einhvers konar vélbúnaði. Verkfæri og allt vélknúið hefur alla tíð vakið mikinn áhuga hjá mér."

Sumarið 2013 fór Fanney að vinna í virkjun, í landgræðslu, en allt í sambandi við virkjunina sjálfa vakti áhuga hennar og hún spurði starfsfólkið í þaula um það hvað hlutirnir gerðu og virkni túrbínunnar og þess háttar. „Einn sem þarna vann benti mér á að sækja um í Iðnskólanum. Þá var ég hálfnuð með menntaskólann. Ég ákvað að klára menntaskólann og varð stúdent 2016 frá MR og fór svo í Vélskóla Íslands."

Tamningamanneskja

Fanney segist hafa skemmt sér svo vel í menntaskóla að hún hafi ákveðið að fara aftur í menntaskóla. „Ég hef þann heiður að vera tvöfaldur stúdent í nokkrum fögum sem er nokkuð sem ekki margir geta státað sig af. Ég uppgötvaði að ég hafði engan áhuga á náminu í MR svo ég mætti en sinnti náminu ekki af mikilli elju en stundaði þess í stað þjálfun og tamningu hrossa. Svo fattaði ég mánuð í stúdentspróf að líklega hafði ég ekkert gert í náminu í þrjú ár og þyrfti eitthvað aðeins að endurskoða hlutina. Ég hafði þetta bara þægilegt í MR og var á málabraut."

Í desember 2019 lauk Fanney námi í Vélskólanum 2019 og kláraði rafvirkjun 2020. Þá stóð hún á krossgötum og var ekki viss um hvort hún ætti að klára sveinsprófið eða ekki. „Samstarfsfélagi minn benti mér þá á að sækja um hjá Rafal og hvatti mig til að láta slag standa og klára þetta. Það er auðveldara að gera þetta strax en að bíða í einhver ár. Ég sé ekki eftir því í dag.

Hjá Rafal vinn ég mikið úti á mörkinni, eins og sagt er, aðallega í verkefnum tengdum Veitum. Vinn talsvert í dælustöðvum og borholum núna víðs vegar á suðvesturhorninu. Við erum að skipta út hraðastýringum og endurnýja og uppfæra rafkerfi. Í samstarfi við Veitur erum við að uppfæra þetta til nútímans."

Fanney Pálsdóttir fór í vélfræði beint eftir stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík. Eftir vélfræðina bætti hún rafvirkjun við og tekur sveinsprófið í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fanney hefur starfað hjá Rafal í tæpt ár. „Þetta voru skrítnir tímar. Covid var á fullu og alls kyns takmarkanir í gildi og það er erfitt að kynnast fólki þegar maður má ekki hitta það. En auðvitað var þetta bara verkefni eins og hvert annað."

Fanney telur áhuga kvenna á iðnnámi vera að aukast, ekki síst rafvirkjun, konur séu að átta sig á að það sé ekki óyfirstíganlegt vandamál að koma inn í umhverfi þar sem karlar séu í yfirgnæfandi meirihluta.

Sjálf vinnur hún í fjögurra manna teymi þar sem hún er eina konan. Hún ber sig vel og segist ekki hafa undan neinu að kvarta í samstarfi við sitt samstarfsfólk.

Rafal er að sögn Fanneyjar það fyrirtæki sem er með hæsta hlutfall kvenna sem undirgengst sveinspróf í næsta mánuði.

Ekki kraftafag

Hún segir rafvirkjun vera sérstaklega hentugt fag fyrir konur. Ekki kalli öll verkefni í iðninni á sérstaka líkamsburði og því séu konur engir eftirbátar karla.

Þá bjóði rafvirkjun upp á fjölbreytni sem fá störf geta boðið. Rafvirkjar geti valið hvort þeir vinni úti eða inni eða þá sitt lítið af hverju. „Mér finnst til dæmis sjálfri best að vinna úti þó að ég geti auðvitað ekki alveg ráðið því."

Fanney segir útivinnu vera betri hvort heldur sem vetur sé eða sumar. Aðspurð um það hvort ekki geti orðið erið kalt að vetrarlagi vitnar í hún í föður sinn og segir að aldrei sé vont veður á Íslandi. Aðeins þurfi að klæða af sér kuldann. Sama gildi um hitann.

Það góða við vinnustaðinn Rafal er, að sögn Fanneyjar, hve sveigjanlegur hann er. Ekki sé vandamál fyrir fólk að ná í börn á leikskóla og þess háttar. Þá geti fólk nokkuð ráðið tíma sínum.

Á tímum Covid notfæra margir sér tækifærið til að sitja heima og hitta engan. Því er ekki svo farið hjá Rafal. Rafvirkjun fer fram á staðnum. Það hentar Fanneyju mjög vel því að hún segist enga eirð hafa í sér til að vera bundin í sóttkví. Hún lítur hins vegar björtum augum fram á veginn og segist vona að Covid fari að renna sitt skeið á enda. ■

Rafvirkjun er ekki bara fyrir karlmenn

Rafvirkjar koma úr ýmsum áttum og sumir koma úr óvæntum áttum. Sigrún Hrafnsdóttir fór mjög óhefðbundna leið að rafvirkjun en er alsæl með sitt val.

Sigrún Hrafnsdóttir er deildarstjóri framleiðsludeildar hjá Rafal. Hún menntaði sig í heilbrigðisverkfræði áður en hún söðlaði um og fór í rafvirkjun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég fór í heilbrigðisverkfræði í HR þegar ég kláraði menntaskóla og byrjaði að vinna í sumarstörfum hjá Rafal samhliða námi. Síðan fór ég út til Svíþjóðar til að taka meistaragráðu en kom svo aftur heim og fór að vinna hjá Rafal.

Rafal opnaði augu mín fyrir rafvirkjun. Ég fór í kvöldskólann og kláraði rafvirkjunina og sveinsprófið í kjölfarið, 2019. Þegar ég byrjaði hjá Rafal leist mér svo vel á fyrirtækið að það varð ekki aftur snúið."

Eftir að Sigrún kom til starfa hjá Rafal hef hún lengst af starfað við framleiðslu og viðgerð spenna á verkstæðinu og varð verkstjóri. „Ég var í miðju fæðingarorlofi þegar mér var boðin staða deildarstjóra í framleiðsludeildinni. Það var frábært tækifæri og ég er mjög þakklát fyrir það. Það var virkilega gaman að koma aftur til starfa úr fæðingarorlofinu nokkrum mánuðum seinna til að sinna þessu verkefni."

En hvað var það sem heillaði við rafvirkjun?

„Það var verklegi þátturinn og að leysa úr verkefnum. Þetta var virkilega skemmtilegt nám að fara í. Verkfræðin nýttist mér alveg í náminu og maður nær kannski meiri tengingu á milli, frá því að leysa verkefnin í bókum og yfir í að leysa þau verklega. Mér fannst gott að fá þessa tengingu. Ég hef mjög gaman af bæði fræðilegri og verklegri vinnu. Starfið sem ég sinni núna reynir einmitt á hvort tveggja og ég nýt þess vel.

Við erum ekki margar konur í faginu þótt vissulega hafi orðið breyting til hins betra. Enn er samt langt í land í þeim efnum.

Þegar ég var í kvöldskólanum að læra rafvirkjun má segja að karlarnir hafi verið í tugum og konurnar teljandi á fingrum annarrar handar. Það er ekki mjög langt síðan og þótt staðan batni ár frá ári má enn gera betur."

Kvenfyrirmyndir mikilvægar

Sigrún segist ekki hafa upplifað að erfitt sé að vera kona í þessu fagi en segir að nú þegar kynjahlutföllin séu byrjuð að jafnast sé sú breyting til góðs." Ég verð vör við það að konum í greininni fjölgar ár frá ári og ég held að það sé mikilvægt að hafa góðar kvenfyrirmyndir í störfum sem hafa talist vera karllæg."

Rafvirkjun hentar mjög vel fyrir konur, segir Sigrún. Í rafvirkjun sé það nákvæmni og þekking sem gildir. „Það eru alltaf að bætast í hópinn hjá okkur hér í Rafal öflugar konur sem sýna og sanna að geta í rafvirkjun er alls ekki bara fyrir stráka.

Rafal hefur gert mikið til að fjölga konum í fyrirtækinu og í minni deild hefur konum fjölgað talsvert. Nú eru hlutföllin þannig að fimm af þrettán eru konur. Þetta er mikil breyting frá því sem áður var.

Í framleiðsludeild framleiðum við meðal annars jarðspennistöðvar og dreifistöðvar. Við smíðum ýmsar gerðir skápa, afldreifiskápa og stýriskápa sem dæmi. Í deildinni önnumst við einnig viðhald og viðgerðir á spennum.

Eftir að ég tók við sem deildarstjóri á síðasta ári hafa fjórar konur verið ráðnar inn í mína deild. Það er gaman að segja frá því að vöxturinn hjá Rafal hefur verið slíkur að við höfum þurft að bæta við okkur töluvert af fólki. Þá er ánægjulegt að völ sé á hæfum konum. Þær eru frábær viðbót í okkar flotta hóp."

Iðnnám kostur fyrir konur

Ákveðið vandamál er að ekki er nóg af konum með rafvirkjamenntun en þeim fer fjölgandi. Konum fjölgar í skólanum en langt er í að kynjahlutföll í greininni verði jöfn.

„Ég man eftir því að þegar ég var að klára grunnskóla fannst mér rafvirkjun, eða raunar hvaða iðnnám sem er, ekki vera valkostur fyrir mig. Iðnnám og þeir möguleikar sem það býður upp á var ekkert kynnt fyrir okkur stelpunum. Ég hefði viljað skoða þá leið betur. Ég hvet stúlkur og konur til að skoða vel þann möguleika að fara í iðnnám sem hingað til hefur verið álitið karllægt.

Ég held að þetta sé að breytast, í dag eru stelpur betur upplýstar um þennan valkost, alla vega að einhverju marki. En það er enn langt í að við náum fullkomnu jafnvægi."

Sigrún segir það krefjandi að koma inn í stóran hóp karla og hvað þá sem stjórnandi. Vaninn sé að karlar stjórni og hefðin sé þá sú að talað sé um allt í karlkyni. „Ég stend mig meira að segja sjálf að því að gleyma mér í því. En ég get alveg sagt að það er einstakt andrúmsloft innan Rafal. Þar starfar stór og góður hópur fólks með mikla þekkingu á sínu sviði að sinna fjölbreyttum verkefnum. Mér finnst óskaplega gaman að fá að vinna með þessu hæfileikaríka fólki á hverjum degi.

Innan Rafal finnur maður vel fyrir því að það er markvisst unnið að jafnrétti á vinnustaðnum og að styrkja stöðu kvenna," segir Sigrún.

En eru karlarnir ekkert fúlir út af þessu?

„Nei, ég held að þeir séu algerlega fylgjandi jafnrétti á vinnustaðnum. Þeir vita alveg eins vel og við konurnar að fjölbreytileiki og jafnrétti skiptir miklu máli. Þegar við vinnum saman erum við sterkari heild," segir Sigrún Hrafnsdóttir. ■

Skyndiákvörðun breytti öllu

Aldrei er of seint að söðla um og skipta um starfsvettvang, jafnvel þó að það þýði að fólk verði að sækja sér menntun eftir að hafa menntað sig á öðru sviði.

Hafdís María Kristinsdóttir lauk sjúkraliðanámi og starfaði á hjúkrunarheimili þegar hún ákvað að far í rafvirkjun. Hún sér ekki eftir því. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hafdís María Kristinsdóttir var í hefðbundnu kvennastarfi í rúman áratug áður en hún varð rafvirki. Hún er lærður sjúkraliði og vann á hjúkrunarheimili við umönnun frá árinu 2000 þar til hún lauk prófi í rafvirkjun 2014.

„Þetta var skyndiákvörðun hjá mér að fara í skóla. Ég var bara búin að gefast upp á niðurskurði í heilbrigðiskerfinu þar sem krafan var alltaf að maður þyrfti bara að hlaupa hraðar. Ég mætti bara upp í Tækniskóla og talaði við skólastjórann," segir Hafdís.

„Ég fékk að fara í hraðferð vegna þess að grunnurinn í rafvirkja- og sjúkraliðanámi er sá sami. Ég þurfti því bara að taka sérfögin. Námið er jafn langt í báðum tilvikum, sjö annir, í skóla, en hægt að taka á sex ef maður tekur lengra starfsnám á vinnustað.

Ég fór hins vegar í sjö annir vegna þess að ég hafði ekki hugmynd um rafmagn og hafði ekki einu sinni hugsað út í það áður en ég skráði mig í skólann."

Þetta var eftir hrun og farið var að skera niður í heilbrigðiskerfinu. Alltaf var verið að fækka starfsfólki á deildunum, ekki síst sjúkraliðum. „Allir áttu bara að hlaupa hraðar og ég lenti í því á einni vaktinni að ég fékk blóðsykursfall. Ég var búin að vera í sex tíma á fullu og hafði ekki stoppað til að fá mér að borða eða drekka. Ég bara komst ekki frá. Ég er ekki með sykursýki, álagið var bara svona mikið. Ég hafði aldrei upplifað svona áður, fór bara að skjálfa og gat ekki hugsað rétt. Svona gerist bara af of langvinnu miklu álagi. Þar sem ég var á heilbrigðisstofnun var mér bara bent á að setjast niður og fá mér kók. Ég fékk tíu mínútna hlé og fór svo að vinna aftur."

Á þessum tíma var mikill niðurskurður í heilbrigðiskerfinu sem hafði áhrif á öll umönnunarstörf að auki. Starfsfólki var fækkað og þeir sem eftir voru þurftu að gera meira og brunnu út á endanum.

Fór og sagði upp

„Á þessum tíma reykti ég og í einni reykingapásunni ákvað ég einfaldlega að fara að vinna við eitthvað allt annað en umönnun um fólk, fara bara í eitthvað sem hefði ekkert með fólk að gera. Á hjúkrunarheimilinu voru tveir rafvirkjar í fullu starfi. Á þessum hjúkrunarheimilum er fullt af kerfum sem þarf að setja upp og halda við. Ég var ekkert að hugsa um að fara frá hjúkrunarheimilinu, en ég hugsaði með mér að gott væri að skipta um starf þannig að ég gæti komist í mat eða á klósett þegar ég þyrfti þess. Ég sá að rafvirkjarnir höfðu miklu rýmri tíma en við og á einu andartaki ákvað ég að verða rafvirki."

Hafdís fór út á skrifstofu og sagði upp áður en hún fór aftur upp á deild. Þetta var skyndiákvörðun. „Ég hafði hins vegar aldrei áður hugleitt iðnaðarstörf. Það hvarflaði einhvern veginn aldrei að manni. Þannig bara var það. En alla vega, ég bara hætti. Svo var ég reyndar fengin til að halda áfram og það var bara fínt með skólanum. Ég bara minnkaði við mig vinnu."

Hafdís fór í hraðferð vegna þess að hún hafði grunninn úr sjúkraliðanáminu. Hún var eina konan í tíu manna hópi. Ekki var heldur mikið um konur í hefðbundna rafvirkjanáminu. Á þessum tíma fjölgaði samt umsóknum frá konum, hægt og rólega.

„Ég, sem hafði alltaf haldið að ég gæti ekki lært stærðfræði, komst að því eftir að skólinn byrjaði að námið snerist að miklu leyti um stærðfræði," segir Hafdís. „Svo var það bara ekkert mál. Kennararnir eru góðir og þegar stærðfræðin snerist um eitthvað raunverulegt var hún skiljanleg. Ég endaði með að dúxa. Og svo dúxaði ég meira að segja í básnum á sveinsprófinu.

Ég vissi náttúrlega ekkert um rafmagn eða rafmagnsfyrirtæki eða neitt svoleiðis og ég spurði kennarana hvar ég gæti sótt um samning til að komast eitthvað áfram. Einn kennarinn benti á Rafal vegna þess að það væri eitthvað öðruvísi en húsarafmagn, en ég hafði engan áhuga á því að vera bara á byggingarsvæðum að draga í. Ég vildi fá eitthvað fjölbreyttara. Háspenna hefur heillað mig dálítið líka. Ég er orðin rafveituvirki líka. Einn daginn fór ég bara og spurði hvort ég mætti ekki komast á samning og það var þvílíkt tekið vel á móti mér. Mér var sagt að mæta bara þegar skólinn væri búinn og hér hef ég verið síðan."

Í byrjun var Hafdís á verkstæðinu að framleiða dreifispenna og gera við. Þetta er fyrir rafveitukerfin. Þar var hún í einhverja mánuði, en síðan þegar verið var að breyta Apótekinu við Austurvöll í hótel var hún í því teymi. Þegar það var búið og sveinsprófið var hún send í út selda vinnu. Hún var hjá Marel í rúm tvö ár þar sem verktaki frá Rafal í framleiðslu á flokkurum. Frá Marel fór hún yfir í ljósleiðarann hjá Orkuveitunni og er búin að vera þar í fjögur ár.

„Þegar ég byrjaði hjá Rafal var ég líklega þriðja konan inn í fyrirtækið. Okkur hefur fjölgað síðan. Rafal er góður staður að vera á. Þó að oft sé mikil pressa þá er aldrei neitt stress. Rafal hefur alltaf verið góður staður en mér finnst honum alltaf vera að fara fram. Þegar ég kom inn í fyrirtækið þótti það viðburður að fá konu en núna finnst mér eins og svo sé ekki.

Ekki kraftar heldur nákvæmni

Ég hef ekki fundið fyrir fordómum af hálfu karla. Ég vinn í teymi með eintómum karlmönnum og við komum fram við hvert annað af virðingu. Mér er heldur ekkert hlíft vegna þess að ég sé kona. Hér gengur bara hver maður í sitt starf og gerir það af heilindum.

Strákarnir sem ég vinn með eru frábærir. Vinnustaðir eru fólkið sem vinnur þar og ég gæti ekki beðið um betra fólk en þennan hóp sem ég er í."

Rafvirkjun kallar ekki á krafta. Hún kallar á reglu og nákvæmni. Það þarf að vita hvað á að gera og gera það vel. Þar er Hafdís enginn eftirbátur annarra.

„Ef ég ber saman sjúkraliðann og rafvirkjann þá eru bæði störfin slítandi en ég held að það halli nú frekar á sjúkraliðann. Í stað þess að lyfta verkfærum þarf sjúkraliðinn að lyfta heilli manneskju. Sjúkraliði og rafvirki eru báðir í sama áhættuflokki hjá tryggingafélögum þannig að rafvirki eða sjúkraliði – þetta er það sama."

Hafdís segir rafvirkjastarfið vera skemmtilegra en sjúkraliðastarfið, auk þess sem það borgi mun betur. „Svo er rafvirkjastarfið svo fjölbreytt, rafvirki er ekki bara í því að setja upp ljós. Verkefnin eru fjölbreytt. Eitt af því góða við að vinna hjá Rafal er að verkefnin spanna mjög vítt svið. Ef ég yrði leið á ljósleiðaranum á morgun gæti ég einfaldlega beðið um að vera færð í annað.

Ljósleiðaravinnan er hins vegar mjög fjölbreytt. Þetta er vinna á nýjum stað í hvert skipti, Við förum inn á heimili fólks til að tengja ljósleiðara. Vandamálin eru ólík eftir húsum og íbúðum og maður hittir mikið af fólki."

Hafdís María telur það vera kost að vera kona í rafvirkjun. Rannsóknir gefi til kynna að konur séu varkárari, kynni sér frekar reglur og fylgi þeim en karlar. Þess vegna séu þær öruggari rafvirkjar en karlar. Hún telur að aldrei sé of seint að söðla um og elta drauma sína. ■

Jafnréttislundur FKA er staður sem fer jafnréttinu vel

Tugir trjáa voru gróðursettir í Jafnréttislund FKA, eitt fyrir hvern viðurkenningarhafa Jafnvægisvogar FKA. „Ráðstefna Jafnvægisvogarinnar „Jafnrétti er ákvörðun“ var haldin við hátíðlega athöfn í beinni útsendingu á RÚV þann 14. október síðastliðinn, en þar voru veittar viðurkenningar til 53 fyrirtækja, sveitarfélaga og opinberra aðila, sem hafa náð að jafna hlutfall kynja í efsta lagi stjórnunar. „Jafnvægisvogin er hreyfiaflsverkefni Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA), en á ráðstefnunni var fjölbreytt og fræðandi dagskrá, viðurkenningarhafar Jafnvægisvogarinnar voru kynntir og tilkynnt um nýja þátttakendur í Jafnvægisvoginni,“ segir Thelma Kristín Kvaran, verkefnastjóri Jafnvægisvogarinnar.

> Stundum er gott að hugsa aðeins út fyrir boxið, láta gott af sér leiða, fyrir samfélagið og umhverfið.

„Á fyrstu ráðstefnu Jafnvægisvogar á tímum Covid kom þessi hugmynd upp, þar sem við gátum ekki hitt þátttakendur og afhent viðurkenningar né blóm. Við ákváðum þá að hafa samband við Skógræktarfélag Reykjavíkur í þeirri von að áhugi væri fyrir samstarfi. Það var tekið gríðarlega vel í það og félaginu úthlutað þessum fallega stað á besta stað í Heiðmörk,“ segir Thelma og bætir við að þetta sé staður sem fari jafnréttinu vel.

„Stundum er gott að hugsa aðeins út fyrir boxið, láta gott af sér leiða, fyrir samfélagið og umhverfið,“ bætir Thelma Kristín við, sem er þakklát góðu fólki og samstarfsaðilum sem koma að hreyfiaflsverkefninu, en auk FKA standa forsætisráðuneytið, Sjóvá, Deloitte, Pipar\TBWA og RÚV að verkefninu. ■

Fallegu skilti var komið upp nýverið í Jafnréttislundi FKA sem gaman er að heimsækja.
MYND/KATRÍN KRISTJANA HJARTARDÓTTIR

Gróðursetning í Jafnréttislundi FKA. Frá vinstri: Thelma Kvaran, Eydís Rós Eyglóardóttir, stjórnarkona FKA, og Auður Daníelsdóttir, Sjóvá.
MYND/KATRÍN KRISTJANA HJARTARDÓTTIR

Dómnefnd FKA

Formaður dómnefndar 2022 er Hulda Ragnheiður Árnadóttir, forstjóri Náttúruhamfaratryggingar Íslands, og fyrrverandi formaður FKA. Í dómnefnd með Huldu Ragnheiði eru, í stafrófsröð:

- Gunnlaugur Bragi Björnsson, samskiptastjóri Viðskiptaráðs.
- Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvár.
- Jón Þorgrímur Stefánsson, forstjóri NetApp á Íslandi SVP & Global CTO.
- Tanya Zharov, aðstoðarforstjóri Alvotech.
- Unnur Elva Arnardóttir, forstöðumaður hjá Skeljungi, varaformaður FKA og fulltrúi stjórnar FKA vegna Viðurkenningarhátíðarinnar 2022.
- Veiga Grétarsdóttir, kajakræðari, fyrirlesari, leiðsögukona og umhverfissinni. ■

Fimm efstu í flokki FKA Hvatningarviðurkenningar 2022

Hvatningarviðurkenning FKA er veitt konu í atvinnulífinu fyrir athyglisvert frumkvæði eða nýjungar. Nýsköpun er sérstaklega mikilvæg og öll þekkjum við þörfina á nýjum nálgunum í sátt við náttúru og menn. Þess vegna birtum við lista yfir yfir fimm efstu, að mati dómnefndar, í flokki Hvatningarviðurkenningar FKA.

Í ár er einlægur vilji til að beina kastaranum að örlítið fleiri konum, í von um að þær fái verðskuldaða athygli á tímum heimsfaraldurs. Konur sem hafa verið heiðraðar í gegnum árin hafa fundið á eigin skinni hvernig Viðurkenning FKA er hreyfiafl, hefur liðkað til í leit að fjármagni og aukið sýnileika kvenna sem eru að taka flugið. Félagið óskaði eftir tilnefningum af landinu öllu, þar sem mikilvægt er að fá fjölbreyttan hóp kvenna á blað. Dómnefnd skipuð sjö aðilum fór yfir allar tilnefningar sem bárust FKA vegna Viðurkenningarhátíðar 2022 og funduðu. Hér vindum við okkur í tilraun „út úr kófinu“ en um eitt hundrað og fimmtíu tilnefningar bárust – Það sagði enginn að þetta ætti að vera auðvelt. ■

Inga Tinna Sigurðardóttir
Dineout

„Inga Tinna byrjaði með autt blað, stofnaði fyrirtækið, þróaði hugbúnað, kom á koppinn markaðstorgi sem tengir alla veitingastaði við almenning, hótelstarfsfólk og fleira.“

„Mikill frumkvöðull sem hefur skapað störf og stuðlar að nýsköpun. Síðast þegar ég vissi voru tæplega 200 veitingastaðir að nota hugbúnaðarlausnir frá Dineout og margar milljónir bókana hafa farið í gegnum kerfið.“

„Hugbúnaðarfyrirtæki sem stækkar svo ört. Ef þið hafið ekki horft til hennar, mæli ég með því! Þvílíkur kraftur og þvílík kvenfyrirmynd.“

Gerður Huld Arinbjarnardóttir
Eigandi og framkvæmdastjóri Blush

„Gerður er búin að reka Blush í áratug og hefur á þeim tíma breytt ímynd kynlífstækja og stjórnenda. Það er kjarkur og þor sem einkennir hana og óhætt að segja að hún hafi breytt viðhorfi.“

„Karakterinn og einlægnin hefur skapað Gerði sérstöðu og skapað Blush samkeppnisforskot.“

„Einbeitt í því sem hún gerir og það vantar ekki kraftinn í þessa konu. Fyrirmynd sem hefur opnað samtalið og breytt ásýnd kynlífstækja og unaðsvara.“

Edda Sif Pind Aradóttir
Framkvæmdastýra Carbfix

„Edda er vísindakona á heimsmælikvarða og Carbfix stórmerkileg tækni sem nýtist í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.“

„Áberandi talskona jafnréttis, öðrum konum og einstaklingum í orkugeiranum fyrirmynd og fyrirmynd þvert á allt, enda að leiða eitt framsæknasta fyrirtæki heims á sviði loftslagsmála.“

„Edda hefur verið lykilkona í Carbfix-hópnum frá upphafi, hefur þróað aðferðina og fylgt henni gegnum rannsókna- og tilraunafasa auk innleiðingar hennar á Íslandi. Ísland er í þeirri stöðu að hafa þróað verðmæta tæknilausn í loftslagsmálum. Edda er fyrirmynd jafnt í vísindum sem í atvinnulífinu. Tæknilausn sem er að virka gegn loftslagsvánni, það er erfitt að toppa!“

Fortuna Invest
Samstarfsverkefni Anítu Rutar Hilmarsdóttur, Kristínar Hildar Ragnarsdóttur og Rósu Kristinsdóttur

„Fortuna Invest hefur sprungið út og það hefur verið frábært að fylgjast með þeim vaxa og þróast. Rakel Eva Sævarsdóttir er ekki lengur með, en er sannarlega einn af stofnendum og er líka flott fyrirmynd, vaxandi leiðtogi.“

„Hér hefur tekist að fá aðeins meiri fjölbreytileika á fjármálamarkaði og koma af stað umræðu og vitundarvakningu meðal kvenna sem var nauðsynleg.“

„Fræðsla um fjárfestingar hefur fengið andlitslyftingu og það verður spennandi að fylgjast með þróun mála. Instagram er frábær fræðsluvettvangur og ánægjulegt að sjá þær taka sér þar pláss.“

María Guðmundsdóttir
Stofnandi og framkvæmdastjóri Parity

„Fjölbreytileikinn í tölvuleikjagerð er mikilvægur og hér hefur María náð þvílíku flugi og fengið verðskuldaða athygli með íslenska tölvuleikjafyrirtækið Parity, sem var stofnað fyrir um tveimur árum.“

„María Guðmundsdóttir starfaði hjá CCP í yfir áratug, sem er mikill áhrifavaldur í leikjaiðnaðinum. Þetta er afar karllægur heimur, en María hefur sýnt að hann þarf ekki að vera það.“

„Íslenska tölvuleikjafyrirtækið Parity sem stofnað er af Maríu hefur náð þvílíku flugi í bransa sem er annars að kafna í karlamenningu. Á sama tíma er fullt af fólki, annað en karlar, sem eru, eða hefðu gaman af því, að vera „gamers“.

Landsbyggðarráðstefna FKA 23. apríl 2022

Ríkidæmi landsbyggðarinnar og tækifærin, verða rædd áfram á Landsbyggðarráðstefnu FKA sem verður í apríl.

Tæknin hefur fært okkur upp um nokkur borð á tímum Covid, samtalið við konur um land allt hefur aukist, jafnræðið er meira og landsbyggðardeildir springa út hjá FKA. Félagsstörf án staðsetninga hafa fært félaginu mörg tækifæri og þau nýtum við með því að endurtaka leikinn frá því í fyrra og vera með Landsbyggðarráðstefnuna okkar sem verður auglýst með hækkandi sól. Sýnileiki og þétt tengslanet FKA um landið allt í landsbyggðardeildunum fjórum, FKA Norðurlandi, FKA Suðurlandi, FKA Vesturlandi og nýjustu landsbyggðardeild FKA á Suðurnesjum. ■

Jóhanna og Ásthildur.

Ósk Heiða Sveinsdóttir, forstöðumaður þjónustu- og markaða hjá Póstinum, segir að það séu mikil tækifæri fólgin í þeim hröðu umbreytingum sem hafa fylgt aukinni stafrænni verslun.

MYND/LJÓSMYNDIR RUTAR OG SILJU

Fjölmörg tækifæri í breyttum heimi

Póstþjónusta hefur breyst mikið undanfarin ár, ekki síst frá því að faraldurinn hófst og hefur Pósturinn aðlagast miklum breytingum hratt. Netverslun hefur sem dæmi aukist mikið með þróun í stafrænum lausnum, þar sem verslun fer að enn stærri hluta en áður fram á netinu.

„Pósturinn hefur gengið í gegnum miklar breytingar á stuttum tíma, enda hefur heimsfaraldurinn undanfarin tvö ár haft mikil áhrif á dreifingu og flutninga í heiminum," segir Ósk Heiða Sveinsdóttir, forstöðumaður þjónustu- og markaða hjá Póstinum. „Við höfum séð mikinn vöxt í netverslun og íslensk fyrirtæki hafa gefið hratt í þegar kemur að stafrænni þróun til að mæta breyttum raunveruleika.

Við þekkjum það sjálf sem viðskiptavinir, þægindin við að versla heiman frá sér og velja svo hvar og hvernig þú færð vöruna afhenta. Það er mikil aukning í notkun á sjálfvirkum lausnum hvers konar og þar hefur Póst-appið og möguleikinn á að sækja og senda sendingar beint í Póstbox um allt land komið sterkt inn. Krafa neytenda er að hafa val um hvar og hvernig þeir fá pakkana sína til sín," segir Ósk.

Þörf á að horfa til framtíðar

„Þegar horft er til íslenskrar netverslunar áttum við mikið inni þegar faraldurinn skall á. Stóra málið er að við sem neytendur viljum stýra tímanum okkar sjálf. Til dæmis með því að nýta netverslun og heimsendingar í stað þess að nota tímann í akstur og heimsóknir í verslanir sem eru staðsettar víða. Við bara pöntum í netverslun og kíkjum svo á eina ráðstefnu á netinu, förum út í göngutúr og verjum tíma með fjölskyldunni á meðan pakkinn fer sína leið," segir Ósk.

„Þessi vegferð er rétt að byrja og við sjáum fram á áframhaldandi vöxt og framþróun stafrænna og snertilausra leiða. Þetta fór allt á flug með fyrstu takmörkununum og við fundum fyrir því að kröfurnar breyttust hratt. En þannig á það líka að vera. Framþróun tækni- og þjónustuleiða á að vera hröð og spennandi, umbreytingin er mjög jákvæð. Innlend netverslun er komin til að vera og mun enn aukast.

Þessi hraði stafrænnar umbreytingar og færin í snjallþroska fyrirtækja gerir það líka að verkum að það er mjög brýnt fyrir öll fyrirtæki að horfa gagnrýnum augum á rekstur, tilgang og sókn til framtíðar," segir Ósk. „Við þekkjum það vel og þess vegna er mikilvægt að hafa að leiðarljósi áherslu á að eiga samtal við markaðinn, að hlusta og bregðast við hugmyndum og rýni."

> Þessi vegferð er rétt að byrja og við sjáum fram á áframhaldandi vöxt og framþróun stafrænna og snertilausra leiða.

> Það skiptir mjög miklu máli að ólíkar og fjölbreyttar raddir komi að rekstri svona stórs fyrirtækis svo við getum tekið betri ákvarðanir.

Kraftur í þríhyrningi þjónustu, sölu og markaðsmála

„Ég leiði svið þjónustu og markaða en það eru sölu-, þjónustu- og markaðsdeildin, sem er ótrúlegur kraftur í," segir Ósk. „Við vinnum mjög náið saman þvert á deildir og fyrirtækið allt, en með miklu og virku samtali verður framþróun miklu hraðari. Ég hef talað um þetta sem hinn heilaga þríhyrning og það er magnað að sjá þjónustu, sölu- og markaðsdeild vinna þétt saman, en það er undir þeim komið að rödd viðskiptavinarins heyrist við ákvarðanatöku.

Við höfum til dæmis séð ábendingu frá viðskiptavinum á samfélagsmiðlum sem mögulegt er að grípa og af því að boðleiðirnar eru stuttar er ábendingunni komið beint áfram inn í rýni, þróun og framkvæmd. Nýjar vörur og þjónustuleiðir hafa orðið til eftir ábendingar á til dæmis Facebook," segir Ósk.

Umbreyting með mjög metnaðarfullu teymi

„Ég tók við þessu starfi í mars í fyrra og hef verið á þeirri vegferð að umbreyta áherslum sviðsins með mjög hugmyndaríku og metnaðarfullu teymi sem ætlar sér að hafa áhrif," segir Ósk. „Ég legg mikla áherslu á að það sé gaman í vinnunni, því oft reynir á þegar tekist er á við stór og flókin verkefni. Þá þarf að vanda til verka og nýta hugvitið, ástríðuna og þekkinguna sem er til staðar.

Það hefur verið magnað að sjá nýtt, ástríðufullt fólk blandast við mikla og verðmæta reynslu sem var þegar til staðar í teyminu. Þar gerast töfrarnir, þegar við dönsum á jaðrinum á þægindahringnum okkar," segir Ósk. „Við eigum alltaf að vera að prófa eitthvað nýtt, ögra sjálfum okkur og fagna framþróun og tilraunum, bæði sem einstaklingar, fagmenn og ekki síst leiðtogar.

Það er kraftmikið að standa í hringiðu þess að stilla upp liði og sjá fólk þroskast í starfi og koma með ólíkar skoðanir að borðinu svo við getum öll vaxið, bæði sem einstaklingar og fagfólk," útskýrir Ósk. „Það skiptir mjög miklu máli að ólíkar og fjölbreyttar raddir komi að rekstri svona stórs fyrirtækis svo við getum tekið betri ákvarðanir með því að taka tillit til ólíkra sjónarmiða."

Viðskiptavinurinn alveg við stjórnvölinn

„Við ætlum að halda áfram á þessari vegferð og halda áfram að byggja upp þétt Póstboxanet um allt land svo að fólk geti sent og sótt pakka hvar og hvenær sem það kýs," segir Ósk. „Viðskiptavinurinn á að hafa val um hvernig hann á viðskipti og samskipti við okkur og velja hvort hann kýs að koma á pósthús, hringja í þjónustuverið og fá ráðgjöf hjá starfsmanni, tala við spjallmennið Njál eða gera þetta allt í gegnum appið. Það fer bara eftir því hvað hentar hverjum og einum og þetta er orðið sjálfsögð krafa í dag, að stýra því hvernig við nýtum þjónustu fyrirtækja sem við skiptum við.

Mörgum verkefnum er lokið en það eru líka ný að hefjast og önnur halda áfram. Með gögnum og rannsóknum sjáum við svo hvernig fólk nýtir þjónustuna okkar og getum þá haldið áfram að þróast og bregðast við í þessu síbreytilega umhverfi, þetta eru spennandi verkefni," segir Ósk að lokum. ■

Aðalþing hlaut Íslensku menntaverðlaunin 2021

Leikskólinn Aðalþing, sem Sigalda ehf. rekur, hlaut Íslensku menntaverðlaunin 2021. Þar er rekið framsækið skólastarf þar sem frumkvöðlaandi ríkir.

Guðrún Alda Harðardóttir stýrir Sigöldu ehf. sem rekur leikskólann Aðalþing í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Segðu mér, Guðrún Alda, hver er meginmunurinn á Aðalþingi og öðrum leikskólum í landinu?

„Í fyrsta lagi að leikskólinn er bæði rekinn og honum stjórnað af leikskólakennurum. Eitt meginmarkmið skólastarfsins öll þrettán árin hefur verið að hvert barn fái bestu umönnun og kennslu sem völ er á. Og til að ná því markmiði þarf skólinn að hafa kærleiksríkt og metnaðarfullt fagfólk en hlutfall kennara er hátt í Aðalþingi og hefur verið frá því skólinn tók til starfa.

Í upphafi skólagöngu hvers barns eru foreldrum kynnt þessi markmið og þeir hvattir til að gera athugasemdir ef þeir telja skólastarfið ekki standa undir þeim, nokkurs konar innbyggt símat foreldra. Þátttaka barnanna í Aðalþingi í mati á skólastarfinu er meiri en gengur og gerist í öðrum skólum. Frá upphafi skólagöngu læra þau að vega og meta, velja og hafna svo og að átta sig á því að hugmyndir þeirra hafa gildi í leikskólasamfélaginu.

Við styðjumst líka við innbyggt símat í daglegu starfi skólans, þar sem starfsfólk skiptist á að funda og ígrunda skólastarfið saman. Aðalþing hefur enn fremur búið að því að erlent og innlent fræðafólk hefur verið nokkurs konar „gagnrýnir vinir“ skólans og hefur rýnt í skólastarfið með starfsfólkinu, skólastarfinu til gagns.

Samræða gegnir stóru hlutverki í Aðalþingi sem er jú einn mikilvægasti þáttur lýðræðis. Í skólanum hefur þróast mjög lýðræðislegt skólastarf, lærdómssamfélag þar sem fólk er óhrætt við að leggja fram og ræða nýjar hugmyndir og vinnubrögð. Í skólanum hefur skapast frumkvöðlaandrúmsloft sem byggist á trausti og velvild. Skólastarfið á að stuðla að því að börnin séu glöð, hamingjusöm og séu frjálsir einstaklingar, þá eru þau í stakk búin til að læra.“

Frumkvöðlaandrúmsloft segirðu, hvaða nýbreytni er helst við lýði hjá skólanum?

„Strax í upphafi reksturs leikskólans árið 2009 voru tekin upp ný vinnubrögð við upphaf skólagöngu barna, önnur en tíðkuðust almennt í leikskólum á þeim tíma. Þátttaka og hlutverk foreldra fékk meira vægi en aðferðin er nefnd þátttökuaðlögun. Í dag nota fjölmargir leikskólar landsins þessa aðferð. Aðalþing var brautryðjandi í notkun á spjaldtölvutækni í leikskólum frá árinu 2011. Í Aðalþingi hafa verið þróaðar nýjar aðferðir við samþættingu leiks og námsþátta. Árið 2011 var mótuð nýstárleg og lýðræðisleg nálgun á matmálstíma barnanna og í framhaldinu opnuð Matstofa, sem er jafn mikilvæg og önnur námssvæði skólans. Ákveðin kennslufræði fer fram í Matstofunni og henni er ætlað að stuðla að vellíðan í fallegu og notalegu umhverfi. Í dag hafa margir leikskólar tekið upp sams konar Matstofu í einhverri mynd.“

Hvaða þýðingu hefur það fyrir Sigöldu og Aðalþing að hljóta Íslensku menntaverðlaunin 2021?

„Það er mikill heiður að fá þessi verðlaun og þau eru viðurkenning fyrir mikilvægi leikskólastarfs í landinu. Það felast verðmæti í að samfélagið kunni að meta gott skólastarf. Samfélag sem elur börnin sín upp sem glaða og frjálsa einstaklinga þarf kannski ekki að takast á við eins marga brotna fullorðna einstaklinga þegar fram líða stundir.“

> Í Aðalþingi er alltaf verið að betrumbæta það gamla og þróa eitthvað nýtt, það er í raun innbyggt í skólastarfið.

Eru einhverjar nýjungar í vændum á árinu sem gaman væri að segja frá?

„Ójá, í Aðalþingi er alltaf verið að betrumbæta það gamla og þróa eitthvað nýtt, það er í raun innbyggt í skólastarfið. Frá 2015 hefur leikskólinn unnið að þróunarverkefninu Eiturefnalaus leikskóli. Efnainnihald hefur verið skimað og námsgögn sem ekki standast kröfurnar fjarlægð. Nú erum við komin á þann stað að við teljum tímabært að fá Svansvottun á eldhúsið en ekkert skólaeldhús á Íslandi hefur fengið slíka vottun.“

Sigalda er rekin af Guðrúnu Öldu Harðardóttur og Sigurði Þór Salvarssyni. Guðrún Alda er með doktorsgráðu í leikskólafræðum og Sigurður Þór er blaðamaður og þýðandi. Leikskólastjóri Aðalþings er Hörður Svavarsson og aðstoðarleikskólastjóri er Agnes Gústafsdóttir. ■

Langtímaverkefni sem kallar á langtímahugsun

Tal um að fjölga konum í tækni er ekki nýtt af nálinni. Að mati Sigrúnar Óskar Jakobsdóttur hjá Advania, er óskiljanlegt að þetta skuli vera vandamál þar sem ekkert í þessum geira sé þess eðlis að það ætti frekar að höfða til karla en kvenna.

Sigrún Ósk Jakobsdóttir, mannauðsstjóri Advania. MYND/AÐSEND

„Þetta byggist bara á einhverri gamalli staðalímynd um þessi störf. Þegar talað er um tækni sjá margir fyrir sér forritara með heyrnartól og tveggja lítra kókflösku á borðinu. Þessi staðalímynd er fjarri raunveruleikanum.“

Sigrún segir að á sama tíma megi velta því upp að það hafi lengi loðað við stelpur að þær séu frá unga aldri alltaf að púsla einhverju saman og skapa eitthvað. „Ef við horfum til forritunar, sem auðvitað er bara eitt starf innan tæknigeirans, þá snýst hún mikið um að púsla saman og skapa. Forritarar búa til hluti með kóða. Þannig mætti alveg snúa þessu við og spyrja hvers vegna forritun höfðar ekki sérstaklega til kvenna?“

Átak eflir konur

Í kerfisstjórnun, hinu stóra faginu í tæknigeiranum, hafa útskrifaðar konur verið á bilinu 0-3 á hverju ári. Á hverju ári útskrifast um 100 manns úr skólunum sem bjóða upp á nám í kerfisstjórnun. „Fyrir ári gengum við til liðs við Íslandsbanka og fórum í átak í þessum málum með skólunum, Promennt og NTV. Átakið skilaði þeim árangri að konur voru 40 prósent nemenda á næstu önn,“ segir Sigrún Ósk.

„Útgangspunktur átaksins var að veita einni konu styrk til náms. Megináherslan var lögð á að vekja athygli kvenna á greininni. Við tefldum fram flottum fyrirmyndum sem starfa við kerfisstjórnun og skólarnir fengu að kynna námið. Við sýndum hvað felst í starfinu og náðum að einhverju marki að brjóta þá úreltu staðalímynd sem fylgt hefur starfinu.

Ég held að nálgunin, að sýna hvað raunverulega felst í starfinu og tefla fram þessum fyrirmyndum, hafi verið það sem gerði gæfumuninn. Ávinningur af því að stunda þetta nám er margþættur og hentar fjölbreyttum hópi fólks.“

Þetta átak gafst svo vel að Advania ætlar að halda því áfram og stækka það. Fjórar konur, tvær í hvorum skóla, verða styrktar til náms í kerfisstjórnun og fá hálf námsgjöld í styrk. Ætlunin er að þetta átak verði til lengri tíma og stuðli að raunverulegri fjölbreytni í þessari starfsgrein.

„Við ætlum að beita þessari nálgun í víðara samhengi, því við viljum auka hlut kvenna. Samkeppni um hæft fólk hefur aldrei verið harðari og það er mikilvægt að fá fólk af öllum kynjum í fagið.

Tvær meginástæður eru fyrir því að jafna hlut kynjanna í tæknigeiranum. Annars vegar er það sanngirnismál að konur hafi sömu möguleika og karlar. Hins vegar hafa rannsóknir sýnt að besta framleiðslan, mesta nýsköpunin og mestu framfarirnar verða þar sem fjölbreytnin er. Við erum ekki bara að horfa til þess að jafna mun kynjanna, heldur sækjumst við eftir fjölbreytni í víðum skilningi.“

Að sögn Sigrúnar Óskar nálgast sum fyrirtæki þennan kynjahalla með því að setja kvóta og ráða konur og karla til jafns. „Við teljum þessa nálgun ekki ganga upp, vegna þess að í þeim hópi sem við erum að ráða tæknifólk úr eru ekki nema 25-30 prósent konur.

Við verðum fyrst að breyta hlutföllunum í tjörninni og það er einmitt það sem við erum að gera meðal annars, með átakinu námsstyrkjum til kvenna í kerfisstjórnun. Þetta er langtímaverkefni sem kallar á langtímahugsun.“

Fyrirmyndir mikilvægar

Advania vandar mjög til þess hvernig fyrirtækið birtist út á við. Í fjölmiðlum birtast almennt sex karlar á móti hverjum fjórum konum. Í tæknigeiranum er hlutfallið níu á móti einni, en hjá Advania var kynjaskiptingin í fjölmiðlaframkomu jöfn í nýlegri könnun.

„Eitt af því sem höfum gert er að setja af stað „kven-mentorship“ verkefni sem felst í því að reynslumeiri konur í fyrirtækinu taka að sér að leiðbeina óreyndari konum. Þar er hugmyndafræðin hin sama – að fjölga fyrirmyndum og efla þær ungu konur sem hjá okkur eru. Þetta snýst ekki um að vilja verða stjórnandi heldur að verða leiðtogi og fyrirmynd.“

Í stað þess að búa til kvóta sem getur bitnað á körlum, segir Sigrún Ósk Advania vera að búa til fyrirmyndir sem geti laðað konur inn í greinina og inn í fyrirtækið. „Mentorship“ verkefnið sé svo hannað til að vera skalanlegt upp á við fyrir karla líka og fyrirtækið í heild. „Alveg eins og með kerfisstjórnunarátakið byrjum við með minni hóp til að láta reyna á hugmyndafræðina, með það fyrir augum að geta stækkað verkefnið.

Við viljum bæta ímyndina fyrir tækni og gera hana fyrir alla. Annar angi af þessu er að bæta vinnuumhverfið og gera það eftirsóknarvert. Við reynum að auka sveigjanleikann og fólk getur meira ráðið sínum vinnutíma og hvort það vinnur heima hjá sér í fjarvinnu eða á vinnustað. Við tölum um tvinnustað með vísun í enska hugtakið „hybrid-workplace“, alveg eins og talað er um tvinnbíla. Advania er orðið tvinnustaður til frambúðar. Það er hluti af þessu, að vera aðgengilegt fyrir alla óháð aðstæðum eða kyni eða áhugamálum.“

Sigrún Ósk segir málið ekki eingöngu snúast um að konur sem vilja geti verið meira heima við og geti unnið heima. Þetta geti líka snúist um áhugamál. „Einhverjir vilja geta farið í ræktina eða í búð um miðjan daginn og klárað svo vinnudaginn þegar heim er komið. Við viljum hafa þetta sveigjanlegt í tíma og rúmi.“

Oft gleymist að ekki eru það bara forritarar og kerfisstjórar sem vinna í tækni. Fólk kemur úr öllum áttum. „Við erum með vörustjóra og verkefnisstjóra og fólk í þjónustu- og ráðgjafahlutverki. Í raun má segja að hver sem er, hvaða kona sem er, ætti að geta fundið sig í tæknigeiranum, sama hver menntunin er eða bakgrunnur.“

Samkeppnin um gott fólk í þessum geira hefur að sögn Sigrúnar Óskar þá skemmtilegu afleiðingu að skapa frábæran vinnustað. Ekki sé tilviljun að í öllum rannsóknum um bestu vinnustaðina hér og úti í heimi, raði tæknifyrirtækin sér í efstu sæti. Í þessari miklu samkeppni keppist öll fyrirtæki í greininni við að búa til frábæran vinnustað til að laða fólk til sín. ■

Salóme Þorkelsdóttir hefur starfað hjá RÚV frá tvítugu og finnst starfið bæði spennandi og skemmtilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Forréttindi að vera í draumastarfinu

> Það eru ekki einungis fjölbreytt viðfangsefni heldur er ég stöðugt í sambandi við nýtt fólk. Maður þarf því að vera góður í mannlegum samskiptum.

Salóme Þorkelsdóttir, upptöku- og útsendingastjóri hjá RÚV, hefur starfað hjá stofnuninni frá því hún var tvítug, með einu hléi þegar hún fluttist til London í tvö ár. Hún segist ekki geta hugsað sér skemmtilegri vinnu.

„Það er kannski mýta að segja að hjarta RÚV slái fast, en starfsfólkið er bara eins og ein stór fjölskylda," segir Salóme. „Flestir starfsmanna verða góðir vinir til frambúðar enda vinnum við náið saman. Það getur auðvitað ýmislegt komið upp á eins og hjá mörgum fjölskyldum, en í langflestum tilvikum er þetta mjög farsælt og gott samstarf. Mitt starf felst í vinnu við dagskrárgerð og er mjög fjölbreytt. Enginn dagur eins, kannski er ég að vinna við tónlist í dag og spurningaþátt á morgun, jafnvel taka upp kosningasjónvarp eða viðtalsþátt. Þetta er ótrúlega skapandi vinna og forréttindi að vera í þessu starfi," segir hún. „Það eru ekki einungis fjölbreytt viðfangsefni heldur er ég stöðugt í sambandi við nýtt fólk. Maður þarf því að vera góður í mannlegum samskiptum."

Salóme segir að oft komi hún inn í þær aðstæður að þurfa að hugsa hratt, taka ákvarðanir og meta aðstæður. „Við erum tvær sem erum fastráðnar í þessu starfi hjá dagskrárdeild, ég og Ragnheiður Thorsteinsson sem er mikill kvenskörungur. Síðan eru nokkrar konur aðstoðarpródúsentar en þær eru ómissandi partur af keðjunni. Ég myndi alveg vilja sjá fleiri konur í þessum geira. Þetta er karllægt starf og stundum er ég eina konan á staðnum," segir Salóme. „Það er samt yndislegt að vinna með þessum dúllurössum," bætir hún við og hlær. „Margir þeirra eru mjög góðir vinir mínir. Meistari minn og mentor er Egill Eðvarðsson sem er algjör RÚV-kempa og reynslubolti. Það er frábært að vinna með honum og öðrum körlum, þótt maður sakni þess stundum að sjá ekki fleiri konur."

Situr í jafnréttisnefnd

Þegar Salóme er spurð hvort RÚV sé aðlaðandi vinnustaður fyrir konur, svarar hún því játandi. „Konur eru upp til hópa mjög samviskusamar þótt við flækjum stundum hlutina aðeins of mikið fyrir okkur. Það dettur alveg í mig einstaka sinnum við erfiðar aðstæður, til dæmis á fundi, að hugsa hvernig karl myndi tækla þetta. Þeir eru oft djarfari í ákvarðanatöku. Við konurnar erum samt algjörir töffarar inn við beinið og getum allt. Þurfum bara stundum að hafa meiri trú á okkur. Það er jafnréttis- og jafnlaunastefna á RÚV. Við þurfum auðvitað alltaf að vera vakandi og nýlega var stofnuð jafnréttisnefnd sem ég á sæti í. Við þurfum að vera sýnileg á öllum sviðum stofnunarinnar. Þar sem RÚV er opinbert fyrirtæki þurfum við líka að vera fyrirmyndir fyrir aðra. Nefndin tekur sig alvarlega, heldur reglulega fundi um jafnrétti inn á við í fyrirtækinu og út á við."

Tíðarandinn hefur breyst mikið á undanförnum árum. Eitt sinn var talað um að vinna væri dyggð, núna kemur fjölskyldan fyrst og miklu meiri sveigjanleiki og umburðarlyndi gagnvart því. Hér áður fyrr spurði fólk á förnum vegi hvort það væri ekki brjálað að gera í vinnunni? Nú spyr fólk hvernig manni líður. Hér hefur orðið viðhorfsbreyting.

Henti sér í djúpu laugina

Til að starfa sem pródúsent á sjónvarpsstöð er ekki endilega krafist sérstakrar menntunar, enda segir Salóme að fólk læri mest á því að starfa við fagið. „Það er hægt að taka kúrsa hjá Kvikmyndaskóla Íslands eða í erlendum kvikmyndaskólum. Hins vegar er bara ágætt að henda sér í djúpu laugina og láta vaða. Þannig lærir maður mest. Í starfinu tekst maður á við alls kyns vandamál sem ekki eru kennd í skóla. Vinnan skapar meistarann. Tæknin breytist hratt, sem einnig er áskorun fyrir okkur. Ég kem að allri framleiðslu á sjónvarpsþætti og vinn náið með umsjónarmanni hans og dagskrárstjóra auk tæknifólks. Mitt hlutverk er að stýra allri framleiðslunni til enda. Ég er eins og vélstjóri sem þarf að hafa vel smurða vél svo hún gangi sem best. Maður er mjög mikið að skipuleggja og sem betur fer elska ég excel-skjöl þannig að þetta á mjög vel við mig. Ég er í eðli mínu bæði skipulögð og stundvís," segir hún.

Ólst upp í tónleikahúsum

Salóme á þekkta foreldra, móðir hennar er söngkonan Diddú og faðirinn, Þorkell Jóelsson, var hornleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands í áraraðir. Amma hennar og nafna er Salóme Þorkelsdóttir fyrrverandi alþingismaður. Salóme á tvíburasystur, Valdísi, sem starfar sem viðburða- og skipulagsstjóri hjá Sinfó, og yngri systur, Melkorku, sem er að klára hljóðblöndunar- og upptökustjóranám, auk þess að vera myndlistarmaður. Unnusti Salóme er Smári Hallmar Ragnarsson tæknifræðingur. Þau keyptu hús í Mosó og eru að gera það upp áður en brúðkaup verður haldið sumarið 2023. „Það var yndislegt að alast upp í Mosfellsdal enda er ég algjör sveitatútta. Smári kemur úr Skagafirðinum og á þetta sameiginlegt með mér."

Salóme segist hafa alist upp við mikla tónlistarupplifun. „Ég er alin upp á mjög menningarlegu heimili og það hefur nýst mér vel í vinnunni. Ég ólst upp í Háskólabíói, Íslensku óperunni, kirkjum og tónleikasölum víðs vegar um landið. Foreldrar mínir vildu að við yrðum hluti af þeirra lífi en ekki öfugt. Við vorum því mikið með þeim í vinnunni og sem betur fer voru þau í skemmtilegum störfum. Heimilið var opið öllum og alltaf matarboð, þannig að þetta var allt mjög lifandi í Mosfellsdalnum. Foreldrar mínir stunduðu nám á Ítalíu og við systurnar fórum alltaf með á sumrin þegar þau fóru í endurmenntun."

Söngvakeppnin næsta verkefni

Salóme segist vera spennt fyrir komandi verkefnum sem eru meðal annars Söngvakeppni Sjónvarpsins. Salóme fór með til Rotterdam á síðasta ári þegar Eurovision fór fram þar og var svo óheppin að smitast af Covid í ferðinni. „Við skiljum ekki hvernig veiran komst í hópinn því við vorum mjög út af fyrir okkur," segir hún.

„Ég hef farið með í Eurovision til að fylgja atriðinu eftir. Núna er einmitt allt að fara í gang með Söngvakeppnina þegar sóttvarnir leyfa. Hún stækkar ár frá ári og verður afar glæsileg í ár. Reiknað er með að úrslitakeppnin fari fram 12. mars en tíu lög munu keppa til úrslita." ■

> Ég er alin upp á mjög menningarlegu heimili og það hefur nýst mér vel í vinnunni.

Inga Fríða Tryggvadóttir, leikskólastjóri hjá Hafnarfjarðarbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ásdís Auðunsdóttir, forstöðumaður á heimili fyrir fatlað fólk. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Unnur Elfa Guðmundsdóttir, skólastjóri Áslandsskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fræðandi, hvetjandi og styðjandi samfélag

Ásdís Auðunsdóttir, Inga Fríða Tryggvadóttir og Unnur Elfa Guðmundsdóttir eiga það sameiginlegt að vera allar metnaðarfullir stjórnendur og faglegir leiðtogar hjá Hafnarfjarðarbæ. Áhugi, reynsla, sýn og persónuleiki marka stjórnunarstíl þeirra og áherslur, í starfi þar sem mannauðurinn er mikilvægasta auðlindin.

„Til að hér takist sem best til verður að vera til staðar gagnkvæmt traust og þá þarf stjórnandinn að vera sú fyrirmynd sem starfsfólk getur litið til," segir Ásdís Auðunsdóttir, forstöðumaður á heimili fyrir fatlað fólk. „Fjársjóðurinn er fólginn í því að virkja það afl sem býr í starfsmannahópnum. Í hverjum og einum starfsmanni býr metnaður og það er mikilvægt að hlusta á ólíkar skoðanir, að starfsfólk finni að það sé tekið mark á því, og að hugmyndir þess og tillögur fái að heyrast þannig að það fái notið sín í starfi. Stjórnandi þarf einnig að standa með sínu fólki og styðja og hvetja til frumkvæðis. Það kemur öllum til góða að stjórnandi leggi sig fram um að hlúa að starfsmannahópnum. Í okkar starfi er ákveðin festa mikilvæg; mikil starfsmannavelta er ekki góð fyrir þjónustunotendur."

Ásdís segir að starfsmannahópurinn á heimilinu þar sem hún vinnur sé fjölbreyttur en þar vinnur bæði fagfólk með mikla reynslu og svo ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref. Segir hún að þá skipti góð aðlögun miklu máli um framhaldið. „Hafnarfjarðarbær hefur boðið upp á nýliðafræðslu þar sem farið er yfir hugmyndafræði, réttindi og skyldur í starfi. Það er gefandi að sjá ungt fólk koma til starfa og þroskast í starfi sínu og jafnvel mennta sig til starfsins. Starfsfólk þarf að fá tækifæri til starfsþróunar og hefur Hafnarfjarðarbær verið með metnaðarfulla starfsþróun í þessum geira. Ég hef hvatt mitt fólk til að fara á námskeið, tileinka sér nýja þekkingu svo allir þekki og raungeri hugmyndafræðina sem unnið er eftir. Markmiðið er velferð íbúanna."

Ásdís segir að það áhugaverða við forstöðumannastarfið sé hvað verkefnin eru fjölbreytt, þarfir íbúa ólíkar og verkefnin margs konar. „Forgangsverkefni er að sjálfsögðu þjónustan við íbúa sem þarf sífellt að vera í endurskoðun og margir þræðir þurfa að sameinast svo vel takist til. Góður starfsmannahópur með sameiginlega sýn og sem vinnur sem ein heild er lykillinn að árangursríku starfi.

Hluti af hópnum

„Ég var ekki með stjórnunarreynslu en var búin að vera handboltaþjálfari í nokkur ár og ákvað að taka svolítið þjálfarann á þetta," segir Inga Fríða Tryggvadóttir, leikskólastjóri Smáralundar í Hafnarfirði, um það þegar hún hóf störf á sínum tíma. „Ég var landsliðskona í handbolta og spilaði bæði með Stjörnunni og Haukum og var heppin að spila í góðum liðum með góðri liðsheild og mikilli hópstemningu. Þegar ég tók við starfinu fannst mér tilvalið og mikilvægt að endurspegla og búa til þessa liðsstemningu og keppnisanda. Ég lít á mig sem þjálfarann í hópnum, reyni að leiðbeina vel og vera fyrirmynd. Maður horfir í og reynir að ýta undir styrkleika hvers og eins því rétt eins og á vellinum þá kallar leikskólastarfið á fjölbreytni í fólki, sveigjanleika og skarpa og skapandi hugsun. Ég vil að mitt fólk blómstri í sínu starfi og legg því upp með að lesa svolítið starfsfólkið, eða leikmennina, í leikskólanum."

Inga Fríða segir það einkennandi að starfsfólk leikskóla hugsi í lausnum. „Leikskólastarfið er án vafa eitt skemmtilegasta og mest gefandi starf í heimi. Því fylgir mikil gleði en líka mikið álag. Börn á hverri deild eru mörg, þarfirnar ólíkar, rými oft á tíðum lítið og hávaðinn mikill. Við þekkjum þetta vel og látum verkin tala. Það að breyta aðstöðu og umhverfi er svolítið undir okkur komið; alveg eins og í íþróttum þar sem leikmenn þurfa að velta því fyrir sér hvort og þá hvernig þeir ætla að leggja sig fram í leikjum til að vinna. Sigurinn er svo miklu sætari. Við nennum ekki að staldra lengi við einhver vandamál eða krefjandi verkefni. Við reynum að passa vel upp á okkar andlegu líðan; notum núvitund í starfi bæði fyrir okkur sjálf og nemendur til að hlúa að okkur og sjálfi okkar. Ég vil að öllum líði vel og velti fyrir mér hvað ég get gert til að ýta undir vellíðan í starfi, til að minnka álagið og auðvitað vera með framúrskarandi skólastarf. Hópurinn minn er frábær og starfsmannaveltan hefur verið lítil þannig að eitthvað erum við að gera rétt."

Inga Fríða segist almennt leggja áherslu á að vera hluti af hópnum þó það sé svo hún sem taki lokaákvarðanirnar og þurfi að taka á erfiðum málum. „Ég geng í öll störf þannig að ég veit hvað ég er að tala um. Ég er sýnilegur stjórnandi og reyni að vera leiðtogi bæði í orði og á borði; að vera jákvæð og lausnamiðuð þannig að það smitist út í starfið og til félaga minna. Ég legg þannig frekar áherslu á það sem við getum gert í hinum ótrúlegustu aðstæðum en ekki hversu stórt verkefnið er. Ég reyni að enda alltaf daginn inni á deild þannig að ég sé í samskiptum við bæði starfsfólk og foreldra. Þetta fyrirkomulag gefur mér mikið, styrkir tengslin, fyllir mig gleði og léttir lundina eftir langan dag á skrifstofunni."

Árangur kemur með vellíðan og öryggi

„Það er skemmtilegt og gefandi starf að vera stjórnandi í skóla. Verkefnin eru mörg og mismunandi og enginn dagur eins. Að bregðast við óvæntum aðstæðum er daglegt brauð og það þakklæti og sú hlýja sem maður fær frá nemendum sínum gefur starfinu þýðingarmikinn blæ. Það er okkar starf að virkja og styrkja einstaklingana til árangurs, hvern á sínu sviði, og gefa þeim tækifæri til að skapa sér bjarta framtíð," segir Unnur Elfa Guðmundsdóttir, skólastjóri Áslandsskóla.

„Með góðri samvinnu og samskiptum sem einkennast af virðingu við nemendur, foreldra og samstarfsfólk byggir maður upp gott skólasamfélag sem er fræðandi, hvetjandi og styðjandi. Samvinna og samtal eru þættir sem skila miklu til okkar ásamt því að skapa traust og samstöðu. Öflugt skólasamfélag er lykilþáttur í lífi okkar allra og vellíðan nemenda getur skipt sköpum í þáttum eins og námsárangri. Það þarf að hlusta og sýna áhuga, fá foreldra til þátttöku í mjög svo fjölbreyttum aðstæðum og búa þannig um að allir séu hluti af sameiginlegri heild, heild sem hefur það markmið að ala upp börn og ungmenni í heilbrigðu samfélagi."

Unnur Elfa segir að það hafi margoft sýnt sig að starfsfólk, sem líður vel, skilar árangri og metnaðarfullu starfi og það eigi svo sannarlega við í Áslandsskóla. „Starfsfólk sem nýtur stuðnings og upplifir traust og skilning á sín störf nær aukum árangri. Með ákveðinni festu en jafnframt sveigjanleika skapast besta starfsumhverfið."

Unnur Elfa bendir á að mikilvægt sé að velvild sé til staðar á vinnustaðnum, framtíðarsýn sé skýr og að allir viti til hvers sé ætlast af þeim sem og að einstaklingurinn upplifi öryggi.

„Við þurfum að vera óhrædd við að gera breytingar sem teknar eru með upplýstum ákvörðunum og tryggja að mismunandi raddir heyrist, vera fyrirmynd og sýna sanngirni og heiðarleika með því að láta í ljós skoðanir sínar þó svo að þær séu ekki alltaf líklegar til vinsælda. Stjórnandinn þarf í senn að vera bæði stjórnandi og leiðtogi, vera hvetjandi, óhræddur við að deila verkefnum til annarra, fanga og ýta undir sérstöðu og nýta hæfileika hvers og eins til sterkari framtíðar. Það er mikill mannauður í skólasamfélaginu sem mikilvægt að virða og meta." ■

Framkvæmdastjóri í olíugeiranum aðeins 31 árs

Guðrún Ragna Garðarsdóttir var aðeins 31 árs þegar hún tók við starfi framkvæmdastjóra Atlantsolíu og hefur blómstrað í starfi. Guðrún ætlaði sér ekkert endilega að ílengjast í olíubransanum en hlutirnir æxluðust þannig og hún sér ekki eftir því að hafa haldið áfram.

Guðrún er stúdent frá MR, fór í viðskiptafræði í HÍ og lauk þar Cand.oecon-gráðu af endurskoðunarsviði. Árið 2005 flutti hún til Barcelona og fór í nám í EADA þaðan sem hún lauk master í fjármálum. Hún kláraði svo MBA við HÍ 2016. Þegar Guðrún koma heim frá Barcelona hóf hún störf hjá Atlantsolíu.

„Starfið er mjög fjölbreytt og ávallt nýjar áskoranir á borðinu. Það hefur mikið breyst frá því að ég tók við sem framkvæmdastjóri fyrir þrettán árum síðan. Fyrstu árin í mínu starfi var ákveðinn uppbyggingarfasi í gangi, þar sem aðaláherslan lá í að bæta við stöðvum og stækka dreifinetið okkar. Svo tók við fasi þar sem við fórum í að bæta ferla og ná fram hagræðingu, sem er svo „ongoing" verkefni í gegnum allt sem við gerum. Umhverfismálin og auknar kröfur um blöndun lífeldsneytis er annað stórt verkefni sem fylgt hafa miklar áskoranir og munu gera áfram. Miklar sviptingar á markaðnum síðustu ár, með innkomu nýrra aðila og stórra samruna stærstu aðila á markaði, hafa líka fært með sér áskoranir. Þannig að það er alltaf nóg af áskorunum og á meðan það er, er starfið skemmtilegt og maður er sífellt að bæta við sig þekkingu og reynslu," segir Guðrún.

Guðrún Ragna Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Atlantsolíu, segir olíugeirann vera lifandi bransa en líka mjög harðan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Harður en lifandi bransi

Guðrún er spurð hvort olíugeirinn hafi alltaf heillað hana.

„Olíugeirinn heillaði ekkert sérstaklega, þannig séð. Ég var ráðin til Atlantsolíu sem ég þekkti lítið sem ekkert þegar ég kom úr námi frá Barcelona árið 2006. Þá byrjaði ég sem aðstoðarfjármálastjóri en var boðið að taka við sem framkvæmdastjóri tæpum tveimur árum seinna. Ég var þá 31 árs gömul og hafði ekkert endilega hugsað mér að ílengjast í olíubransanum, eða yfirleitt að ég væri eitthvað sérstaklega að stefna að því að verða framkvæmdastjóri þar né annars staðar. En ég ákvað að stökkva á tækifærið og sé ekki eftir því. Starfsumhverfið hjá Atlantsolíu er mjög gott og ávallt nóg af áskorunum, sem er líklega ástæða þess að ég hef ílengst hér. Þetta er mjög lifandi bransi og mjög harður líka. Ég hef verið heppin að vinna með frábæru fólki í gegnum tíðina og okkur hefur tekist saman að gera Atlantsolíu að góðum vinnustað."

Guðrún segist ekki alltaf hafa haft brennandi áhuga á því að vera í stjórnunnarstöðu.

„Ég get ekki sagt að það hafi endilega verið það sem ég stefndi að, eða að áhugasvið mitt hafi legið sérstaklega þar. Ég stefndi alltaf að því að vinna meira tengt endurskoðun og fjármálum, kannski meira sem sérfræðingur en stjórnandi. En svo fer lífið ekkert endilega með mann þangað sem maður stefndi, önnur tækifæri koma upp og maður bara tekur slaginn."

Hvetur fólk til að stefna hærra

Atlantsolía er lítið félag með einungis tíu starfsmenn.

„Mest höfum við verið 24 talsins. Við höfum ekki sérstaklega horft til kyns fólks þegar við ráðum inn nýtt starfsfólk; fremur hvernig persónan passar inn í okkar kúltúr. Við höfum þó reynt að hafa ákveðið jafnvægi í kynjahlutföllum sem ég tel nauðsynlegt innan allra fyrirtækja. Ég hef ætíð hvatt mitt starfsfólk, sama hvort um er að ræða konur eða karla, til að bæta við sig þekkingu og ábyrgð eins og hægt er í þeim störfum sem þau eru í hjá okkur. Tækifæri til framþróunar í starfi innan félagsins eru eðli málsins takmörkuð, þar sem um fá stöðugildi er að ræða, en þó alltaf einhver. Ég hef því alltaf hvatt mitt fólk til að halda áfram og stefna hærra hjá okkur sem annars staðar," segir Guðrún.

> Það er alltaf nóg af áskorunum og á meðan það er, er starfið skemmtilegt og maður er sífellt að bæta við sig þekkingu og reynslu.

Mikil gerjun í bransanum

Guðrún hlakkar til næstu áskoranana og horfir björtum augum til framtíðar.

„Við teljum framtíðina bara nokkuð bjarta. Við erum auðvitað í geira þar sem er mikil gerjun og breytingar fyrirsjáanlegar á næstu árum og áratugum. Fyrirtækið mun þróast í samræmi við áskoranirnar sem fram undan eru. Við erum spennt fyrir þeim áskorunum enda fylgja þeim alltaf tækifæri." ■

Fær hvatningu til að vaxa í starfi

Rakel Björg Guðmundsdóttir, markaðsstjóri Atlantsolíu, er stúdent frá Kvennaskólanum, fór í stjórnmálafræði í HÍ og Kennaraháskólann en fann sig ekki á þeim slóðum og fór á vinnumarkaðinn í kjölfarið.

„Ég tók við starfi þjónustustjóra hjá Atlantsolíu árið 2008 og var það þá ný staða innan fyrirtækisins. Fyrsta stöð félagsins var opnuð við Kópavogsbraut í ársbyrjun 2004 og hafði tilkoma Atlantsolíu á olíumarkaðinn hleypt miklu lífi í samkeppnina enda kynnti félagið til sögunnar ýmsar nýjungar neytendum til hagsbóta og þæginda, til dæmis dælulykilinn auk þess að bjóða lægra verð en áður hafði sést og viðtökurnar eftir því, mjög góðar. Bensínstöðvunum fjölgaði á stuttum tíma og því voru verkefnin mörg og af ýmsum toga enda áskorun að vera nýtt merki á afar hörðum og lifandi markaði," segir Rakel.

Aðeins tíu starfsmenn og þar af meirihlutinn konur

Rakel þótti mjög spennandi á sínum tíma að hefja störf hjá fyrirtæki sem státaði af ungri konu í brúnni en þá hafði Guðrún Ragna gegnt stöðu framkvæmdastjóra í tæp tvö ár og þá aðeins 32 ára gömul.

„Í Guðrúnu Rögnu hef ég fundið mikla fyrirmynd. Hún hefur stutt mjög vel við bakið á mér á mínum ferli innan fyrirtækisins og veitt mér ótal tækifæri og hvatningu til að vaxa í starfi. Hjá Atlantsolíu starfa í dag aðeins tíu manns og kemur fólki það alltaf jafn mikið á óvart. Meirihluti þessa tíu manna hóps er einmitt kvenkyns en hér starfa sex konur og fjórir karlar. Það er óvenjulegt í þeim geira sem við störfum í, en eldsneytisbransinn hefur í gegnum tíðina þótt mjög karlægur. Það má þó alveg halda því til haga að karlmennirnir í fyrirtækinu eru til fyrirmyndar og frábærir samstarfsmenn," segir Rakel.

Rakel Björg Guðmundsdóttir er markaðsstjóri hjá Atlantsolíu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Oft er einmitt bara best að henda sér út í djúpu laugina.

Fékk tækifæri til vinna við það sem henni fannst áhugavert

Sem þjónustustjóri fékk Rakel tækifæri til að vinna við það sem henni hafði alltaf fundist áhugavert að pæla í og skoða, en það er einmitt þjónusta.

„Mér hefur stundum fundist við hér á Íslandi stutt á veg komin í að veita úrvalsþjónustu í öllum geirum. Allt er nefnilega þjónusta í ákveðnum skilningi, ekki bara á sjálfsafgreiðslustöð Atlantsolíu eða í verslun í Kringlunni," segir hún.

Rakel fékk svo aukinn áhuga á markaðsmálum innan fyrirtækisins.

„Mikilvægast er að keðjan á milli sölu, þjónustu og markaðsmála sé sterk. Ég fékk brautargengi innan fyrirtækisins til að vaxa enn frekar í starfi; ég fann að ég hafði rödd og það gaf mér aukið sjálfstraust."

Best að henda sér í djúpu laugina

Það var svo árið 2017 sem Rakel bauðst að taka við markaðsstjóri félagsins.

„Það var stórt stökk fyrir mig en oft er einmitt bara best að henda sér út í djúpu laugina. Ég hef lært mest á því að henda mér í verkefnin og vil helst hafa marga bolta á lofti í einu. Ég er óhrædd við að afla mér upplýsinga og spyrja um það sem ég veit ekki og fá lánaða dómgreind samstarfsfólks, enda getur kona bara ekki vitað allt. Ég hef líka átt í afar góðu og skapandi samstarfi við auglýsingastofuna okkar, HN markaðssamskipti, sem segja má að sé minn nánasti samstarfsaðili enda er markaðsdeild AO bara ein kona," segir Rakel og brosir.

„Tíminn hefur þotið áfram enda mjög margar krefjandi áskoranir orðið á vegi félagsins á tímanum frá því ég hóf störf hér. Eldsneytisbransinn hefur breyst hratt síðustu ár og fyrirséð að sala jarðefnaeldsneytis er á undanhaldi. Það gerist samt ekki á einni nóttu og því er mikilvægt að vera á tánum og vakandi yfir samkeppni, spila stundum djarft og gera skemmtilega hluti sem vekja eftirtekt. Það hefur verið ótrúlega skemmtilegt og mjög þroskandi að taka þátt í þeirri vegferð sem Atlantsolía hefur verið á síðastliðin ár." ■

Konur í framkvæmdastjórn Bláa Lónsins ásamt stórum hluta forstöðukvenna.

MYNDIR/AÐSENDAR

Fjölbreytileikinn skilar sér í fagmennsku

Hjá Bláa Lóninu starfa í dag um 550 manns, þar af 58 prósent konur í fjölbreyttum störfum. Konur hafa lengi verið í meirihluta en hlutfall kvenstjórnenda hjá félaginu er um 67 prósent.

Sigrún Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Bláa Lónsins, segir ávinninginn af fjölbreytileika á vinnustað mikinn hvort sem litið er til starfsanda, reksturs eða afkomu. „Bláa Lónið leggur mikið upp úr því að tryggja að hver og einn starfsmaður sé metinn á eigin forsendum, óháð kyni, kynþætti eða öðrum viðmiðum.“

Hún nefnir í því samhengi að félagið starfi eftir metnaðarfullri jafnréttisáætlun en Bláa Lónið hlaut lögbundna jafnlaunavottun Jafnréttisstofu, fyrst árið 2018, og hefur síðan þá unnið samkvæmt vottuðu jafnlaunakerfi.

Hjá Bláa Lóninu er starfsfólk af 28 þjóðernum sem eykur enn á fjölbreytileikann. „Við erum afar stolt af því og teljum það mikinn styrk fyrir okkur sem þjónustufyrirtæki, en ekki síður sem vinnustað, að búa við slíkan fjölbreytileika en mismunandi menntun, reynsla og bakgrunnur skilar sér ekki síst í aukinni fagmennsku og gæðum gagnvart gestum okkar,“ segir Sigrún.

Mannauðsmál hafa jafnan verið talin til mjúku málanna í rekstri fyrirtækja. Sigrún er ósammála þeirri skoðun. „Mannauðsmál eru í grunninn rekstrarlegs eðlis – öflug liðsheild, fagleg fræðsla og árangursdrifin menning skilar sér ekki bara í aukinni starfsánægju starfsfólks heldur endurspeglast einnig í beinum fjárhagslegum ávinningi fyrirtækja. Ég er með gráðu í rekstrarverkfræði og meistaragráðu í mannauðsstjórnun en sú námsblanda hefur reynst mér afar dýrmæt í starfi mínu hjá Bláa Lóninu því þar spilar saman þekking á mannlegri hæfni og hæfni til þess að greina og meta verkefni og ákvarðanir út frá rekstrarlegum ávinningi. Við í framkvæmdastjórn horfum til að mynda til mælikvarða mannauðs til jafns við fjárhagslega mælikvarða og nýtum mælingar og niðurstöður sem leiðarljós í ákvörðunartökum.“

Sigrún Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Bláa Lónsins.

Gera má ráð fyrir að síðustu mánuðir og misseri hafi verið krefjandi á mannauðssviði félagsins. Um 95 prósent gesta eru alla jafna erlendir ferðamenn og þegar landinu er „lokað“ eða flugtíðni til landsins minnkar eins og raun ber vitni hefur eflaust þurft að bregðast hratt við.

Elísabet Lovísa Björnsdóttir og Lóa Ingvarsdóttir, á mannauðssviði Bláa Lónsins, taka undir það og nefna meðal annars að Covid hafi haft mikil áhrif á vinnustaðinn. „Við þurftum að bregðast skjótt við og styðja stjórnendur þegar til stóð að fara í ýmsar sársaukafullar aðgerðir í byrjun faraldursins og aðlaga fyrirtækið hratt og örugglega nýjum aðstæðum,“ segir Elísabet. Lóa samsinnir því. „Mannauður fyrirtækisins er mikill og það tók gríðarlega á að þurfa að segja upp 85 prósentum af starfsmannafjölda félagsins. Við erum þó svo lánsöm að stór hluti starfsmanna kaus að snúa aftur um leið og aðstæður leyfðu en félagið réð 450 starfsmenn til sín á síðasta ári – þar af voru 65 prósent endurráðningar sem okkur þykir mjög vænt um.“

Elísabet Lovísa Björnsdóttir, forstöðumaður á mannauðssviði.

Stöðugar breytingar á regluverki og aðstæðum hljóta að hafa kallað á mikla aðlögunarhæfni starfsfólks?

Sigrún jánkar því. Hún segir að verkefni flestra hafi breyst mikið, sér í lagi þegar starfsmönnum hafði fækkað sem mest en þá lögðust allir á eitt til að láta hlutina ganga upp sem hafi verið magnað að upplifa.

En það hlýtur að vera krefjandi verkefni að þurfa að segja upp hundruðum og síðan ráða aftur 450 manns ekki svo löngu síðar?

„Já, það hefur reynt á þrautseigju, skipulag og fagmennsku allra stjórnenda og starfsmanna,“ segir Sigrún. „Á sama tíma og við höfum ráðið 450 starfsmenn til starfa, boðið upp á nýliðaþjálfun og aðra viðeigandi þjálfun og fræðslu þá höfum við lagt okkur mikið fram við að hlúa vel að þeim mannauði sem hefur verið með okkur í gegnum allan þennan óvissutíma og lagt okkur sérstaklega fram við að huga vel að vinnustaðamenningunni. Samstarfsfólk mitt á mannauðssviði hefur staðið sig frábærlega, aðlagað sig fljótt nýjum aðstæðum hverju sinni, sýnt ómetanlega fagmennsku og jákvæðni í gegnum allt þetta lærdómsríka ferli.“

> **Mannauðsmál eru í grunninn rekstrarlegs eðlis – öflug liðsheild, fagleg fræðsla og árangursdrifin menning skilar sér ekki bara í aukinni starfsánægju starfsfólks heldur endurspeglast einnig í beinum fjárhagslegum ávinningi fyrirtækja.**
>
> Sigrún Halldórsdóttir

Sigrún bendir á að tíminn sem fyrirtækið var lokað vegna Covid hafi verið vel nýttur til að bæta ýmsa ferla, upplifunarsvæði og innviði á öllum sviðum félagsins. „Eins erum við til dæmis á fleygiferð í stafrænni vegferð en erum á sama tíma meðvituð um hvar mannlegi þátturinn er ómissandi. Í því samhengi er gaman að nefna að í deildinni okkar, Stafræn, þróun, eru 60 prósent starfsmanna konur,“ bendir hún á og bætir við að þessar fjárfestingar hafi meðal annars gert fyrirtækinu kleift að halda í þá 150 starfsmenn sem héldu störfum sínum meðan á lokunum stóð.

„Ég hef mikla trú á að við komum enn sterkari út úr þessu tímabili en áður,“ segir Sigrún. „Það er einstakur baráttuandi sem býr í starfsmannateymi Bláa Lónsins.“ ■

Einstakur mannauður

Eyrún Sif Eggertsdóttir

Það hefur sömuleiðis mætt mikið á Eyrúnu Sif Eggertsdóttur, forstöðumanni baðstaða og verslana Bláa Lónsins, og hennar fólki síðustu misseri.

Hver er mesti lærdómurinn eftir þessi tvö Covid ár?

„Mig langar fyrst að nefna þrautseigju og þolinmæði en fyrir utan það stendur upp úr hvað við eigum ótrúlega flottan mannauð sem hefur staðið þétt við fyrirtækið í gegnum þennan öldugang – allir sem einn tilbúnir að leggja sitt af mörkum með það að markmiði að hámarka upplifun og ánægju gestanna okkar með gleðina að vopni," segir Eyrún.

Löng reynsla Eyrúnar í smásölu hefur reynst henni vel hvort sem er við rekstur á verslunum Bláa Lónsins eða á baðstöðunum. „Þetta snýst jú allt um að koma til móts við mismunandi þarfir, lesa í óskir hvers og eins, standast væntingar og tryggja að gesturinn eða viðskiptavinurinn fari ánægður frá okkur og komi sem oftast aftur," bendir hún á.

Hverjar eru ástæður þess að Bláa Lónið hefur skilað jafn góðum árangri í þjónustu og raun ber vitni?

„Fyrsta sem kemur upp í hugann eru þau sterku gildi sem fyrirtækið byggir á," segir Eyrún. „Allir starfsmenn þekkja gildin, sem í grunninn snúast öll um að skapa einstakar minningar og ganga alltaf skrefinu lengra þegar kemur að þjónustu við gesti og viðskiptavini okkar. Hjarta Bláa Lónsins er sterkt eins og sést bara af einstakri samheldni starfsfólksins og því trausti og þeirri virðingu sem það ber hvert fyrir öðru, viðskiptavinum okkar, umhverfinu og fyrirtækinu."



Bláa Lónið er eitt af 25 undrum veraldar.

Markaðssókn aldrei mikilvægari

Arndís Huld Hákonardóttir

Arndís Huld Hákonardóttir er forstöðumaður markaðsmála hjá Bláa Lóninu. Hún hefur leitt markaðsmál fyrirtækisins í gegnum bæði breyttan veruleika og ferðahegðun ferðamanna um allan heim síðustu misseri.

„Síðustu misseri höfum við þurft að vera stöðugt vakandi fyrir breytingum á erlendum mörkuðum og ferðamynstri," segir Arndís. „Í minni deild starfar öflugt teymi sem hefur sýnt af sér mikinn þrótt og þrautseigju í gegnum krefjandi tíma. Við höfum þurft að breyta hratt og örugglega þeim skilaboðum sem við viljum koma á framfæri til gesta og viðskiptavina og laga þau að þróun á markaði. Á óvissutímum er mikilvægt að vita hvaða birtingarform eru mikilvægust, miða á rétta hópa, með réttum skilaboðunum og á réttum tímum. Á óvissutímum eins og þeim sem við höfum verið að upplifa hefur aldrei verið jafn mikilvægt að gefa í hvað varðar markaðsmál, enda mikilvægt að halda athygli til að tryggja viðspyrnuna þegar að henni kemur, þrátt fyrir tímabundnar lokanir og mikla óvissu."

Arndís bendir á að á sama tíma hafi Bláa Lónið lagt sitt af mörkum til að ná betur til innlenda markaðarins, styrkja samband sitt við heimamenn og efla enn frekar og styðja við nærsamfélagið. „Innlendi markaðurinn er okkur einnig gríðarlega mikilvægur og okkur þykir vænt um að finna fyrir aukinni aðsókn Íslendinga og auknum áhuga þeirra á húðvörum Bláa Lónsins. Ljósmyndir og myndbönd á samfélagsmiðlum frá gestum hafa veitt okkur mikla gleði og verið eins og vítamínsprauta fyrir okkur starfsfólkið. Í ár horfum við svo fram á mjög spennandi tíma, bæði hér heima og erlendis og hlökkum til að hrinda öllum þeim spennandi verkefnum sem við erum með á teikniborðinu í framkvæmd á næstu mánuðum," segir hún og brosir.

The Retreat, annað af tveimur hótelum Bláa Lónsins, hefur vakið verðskuldaða athygli á heimsvísu.

Breytt ferðahegðun eftir faraldurinn

Fanney Ösp Finnsdóttir

Fanney Ösp Finnsdóttir tók nýlega við sem hótelstjóri á Silica hóteli Bláa Lónsins eftir að hafa starfað í móttöku, sem móttökustjóri og sérfræðingur á viðskipta- og rekstrarsviði. Fanney þekkir fyrirtækið því vel.

„Með því að fá að þróast og þroskast í starfi innan Bláa Lónsins hef ég öðlast mikla þekkingu á mörgum og mismunandi sviðum fyrirtækisins," segir hún. „Það hefur hjálpað mér mikið eftir að ég tók við starfi hótelstjóra í vetur."

En skyldi hótelstjórinn greina mikinn mun á ferðamynstri gesta eftir að heimsfaraldurinn skall á?

„Já, það er að breytast. Maður finnur fyrir því að gestir koma spenntari til okkar núna. Þeir hafa haft meiri tíma til að undirbúa dvölina. Ég vil meina að gestir komi afslappaðri, dvelji jafnvel lengur og geri betur við sig nú en áður," svarar Fanney og heldur áfram: „Til að geta aðlagað þjónustuna breyttum þörfum hefur reynt á sveigjanleika, þrautseigju og samstarfsvilja starfsfólks, bæði innan og milli deilda. Ég hef verið svo lánsöm að í mínu teymi eru gríðarlega öflugir einstaklingar, víðs vegar að úr heiminum, sem allir eru af vilja gerðir til að sinna starfi sínu af fagmennsku og gestrisni, þrátt fyrir óvenjulega tíma frá því að Covid hófst. Þá skemmir auðvitað ekki fyrir að vera umkringd stórkostlegri náttúru sem veitir okkur svo sannarlega innblástur í daglegu amstri."

Umhverfisfyrirtæki ársins

Hulda Saga Sigurðardóttir

Hulda Saga Sigurðardóttir er forstöðumaður reikningshalds hjá Bláa Lóninu. Hulda Saga hefur yfir tuttugu og fimm ára reynslu í uppgjörsvinnu og reikningshaldi og vann í fjármálageiranum áður en hún kom til starfa í Bláa Lóninu.

„Ég held að þessi reynsla frá bankaárunum hafi kennt manni ýmislegt, að vinna undir álagi og tímapressu og þurfa að takast á við alls konar áskoranir með jafnaðargeði. Hún kemur sér vel núna," svarar Hulda Saga, þegar hún er spurð út í þær áskoranir sem fyrirtæki í ferðaþjónustu standa nú frammi fyrir á Covid-tímum.

Þess má geta að fyrir utan lónið sjálft rekur Bláa Lónið tvö glæsileg hótel, heilsulind og nokkra veitingastaði. Rannsóknar- og þróunarstarf fer einnig fram í Bláa Lóninu þar sem hinn einstaki jarðsjór er notaður sem lykilhráefni í húðvörur Bláa Lónsins, en að auki rekur Bláa Lónið fjórar verslanir og heldur úti vefverslun. Þá eru innan Bláa Lóns-samstæðunnar fjölmörg dótturfélög. „Það sem kom mér fyrst í opna skjöldu er hvernig allur rekstur Bláa Lónsins er samofinn hugmyndafræði um sjálfbærni, sem kemur fram í framleiðslu á húðvörunum, hönnun á byggingum og nýtingunni á jarðsjónum. Með hliðsjón af því kom hins vegar ekki óvart að Bláa Lónið skyldi vera valið Umhverfisfyrirtæki atvinnulífsins 2021. Ég held að þessi nálgun fyrirtækisins og virðing fyrir umhverfinu setji einfaldlega sérstakan tón inn í vinnustaðamenninguna. Það greinir Bláa Lónið frá öðrum vinnustöðum. Allir gera sér grein fyrir hversu einstaka upplifun, þjónustu og vörur Bláa Lónið hefur fram að færa."

Töfrandi samspil hönnunar, náttúru og vísinda

Bryndís Björnsdóttir

Bryndís Björnsdóttir þekkir sölu- og markaðsmál félagsins vel en hún starfaði í markaðsdeild Bláa Lónsins áður en hún tók við sem forstöðumaður sölu- og vöruþróunar.

Fyrri reynsla Bryndísar og menntun hafa nýst vel við þróun vöruframboðs og sölu á óvissutímum síðustu mánaða. „Eitt er reynsla en annað er öflugt teymi. Með mér í liði eru einstakir fagmenn og reynsluboltar. Saman höfum við stigið ölduna þar sem ytri aðstæður hafa breytt öllu; meðal annars kaup- og neysluhegðun viðskiptavina okkar. Sú reynsla að geta til-tölulega auðveldlega sett sig í spor mismunandi markhópa og mótað vöruframboðið í takt við nýjar þarfir viðskiptavina með skömmum fyrirfara hefur reynst okkur dýrmæt. Þá er virkt samtal og samstarf við þá sem starfa í framlínunni afar mikilvægt. Í því samhengi má ekki gleyma að við rekum meðal annars tvö hótel, Silica og Retreat, og tvo baðstaði, Retreat spa og Bláa Lónið sjálft, sem höfða til mismunandi markhópa. Þessi vegferð síðustu mánaða hefur verið krefjandi en líka skemmtileg og lærdómsrík fyrir okkur öll."

Aðspurð hvað hafi komið Bryndísi skemmtilega á óvart varðandi Bláa Lónið sem vinnustað nefnir hún hversu mikil áhersla lögð er á hönnun og arkitektúr innan fyrirtækisins. „Það er mjög eftirtektarvert að sjá hversu mikið vægi hönnun, arkitektúr og ekki síst upplifunarhönnun fær í tengslum við allar ákvarðanir sem eru teknar innan fyrirtækisins," nefnir Bryndís og segir að þessar áherslur skili sér vel til gestanna. „Upplifunin sem við erum að bjóða upp á er heillandi og það er gefandi að sjá viðskiptavini eignast ógleymanlegar minningar."

Metnaður í jafnréttismálum hjá Arion banka

Helga Sigurrós Valgeirsdóttir og Silja Valdemarsdóttir vinna hjá Arion banka. Þær tala meðal annars um áherslu bankans á að jafna hlut kynjanna eins og hægt er og að með skilvirkara verklagi og sterkum áherslum almennt sé hægt að gera ótrúlegustu hluti.

Silja Valdemarsdóttir, forstöðumaður sölu og þróunar á fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviði Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Helga Sigurrós, forstöðumaður fyrirtækjatrygginga á fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviði Arion banka. MYND/AÐSEND

„Arion banki leggur áherslu á að jafna hlut kynja og mun gera það sem þarf til að ná árangri," segir Helga Sigurrós Valgeirsdóttir, forstöðumaður fyrirtækjatrygginga á fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviði. „Bankinn er með jafnlaunastefnu og borgar nánast raunlaun í fæðingarorlofi sem er geggjað jafnréttismál svo lengi sem strákarnir taki orlofið. En það sem ég held að skipti mestu máli er að ólíkir aðilar af ólíkum kynjum komi að ákvörðunum. Ef ég tala út frá konum þá er það eitt að vera með jafnt kynjahlutfall á vinnustað og annað að konur séu þar sem ákvarðanir eru teknar og fjármagni stýrt. Hér getum við sem samfélag gert betur."

Helga Sigurrós segir að þeir sem eru á eldra starfsaldursbili bankans séu karlar og eigi það sér skýringar í því hvernig atvinnulífið er almennt. „Það hefur mikið að segja að margir af þessum mönnum vilja jafna hlut kynja og hafa stutt markvisst við konur. Það að fjármálakerfið sé karllægt birtist í dag einna helst þar sem ákvarðanir eru teknar eins og í lánanefndum, vátrygginganefndum eða hvar sem fjármagni er stýrt. Þar eru oftar en ekki karlar í meirihluta. En einmitt á þessum stöðum skiptir miklu máli að ólík sjónarmið komist að. Ég finn að ég get beitt áhrifum mínum í að efla konur sem ég er í samskiptum við þegar ég fæ tækifæri til þess. En til þess að konur geti eflt veg annarra kvenna á þann hátt sem ég tel mikilvægt að við gerum skiptir öllu að við séu þar sem ákvarðanir eru teknar."

Helga Sigurrós segir að sér finnist Arion banki hafa mikinn metnað og vilji að fjölbreytileiki einkenni þann hóp sem er í forystu bankans. „En auðvitað er bæði fjármálageirinn og atvinnulífið enn sem komið er karllægt og allt byggir þetta á tengslum. Það er því mikilvægt að konum sé teflt fram í ríkari mæli og þær komist í áhrifastöður því þannig geta þær best stutt hver við aðra og stuðlað markvisst að auknu jafnrétti."

Mikilvægi skipulagningar

Silja hóf störf hjá Arion banka vorið 2018. Hún segist vinna stöðugt að því að skipuleggja það sem mætti betur fara samhliða því að halda utan um teymið sitt.

„Hlutverk teymisins er að þjónusta öll fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem eru í viðskiptum við Arion banka," segir Silja Valdemarsdóttir, forstöðumaður sölu og þróunar á fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviði Arion banka. Teymið sinnir stoðþjónustu við önnur teymi sem sinna fyrirtækjum innan bankans, stuðlar að þróun stafrænna lausna og eykur skilvirkni þjónustu við fyrirtækin og innan bankans.

„Ég hef alltaf verið mjög skipulögð og þetta starf krefst mikillar skipulagningar sem og að koma auga á verkefni innan bankans sem væri hægt að vinna með auðveldari og hraðari hætti."

Silja segir að með árunum hafi áhugi sinn á skipulagi aukist. „Ég var farin að skrifa upp verklag þegar ég var 15 ára vinnandi á kaffihúsi þannig að það kom fljótt fram hversu mikið ég hugsaði í ferlum.

„Miklar breytingar hafa verið innan bankans síðan ég hóf þar störf og með skilvirkara verklagi og sterkum áherslum er hægt að gera ótrúlegustu hluti. Mikilvægt er að velja rétta fólkið og sjá hvar styrkleikar hvers og eins liggja og hvetja fólk til að þróast í starfi. Við leggjum mikla áherslu á að jafna kynjahlutföll innan sviðsins. Sögulega hafa fleiri strákar sótt í þau störf sem eru á fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviði. Það er því mikilvægt að ráða inn fleiri konur til að jafna kynjahlutafallið enn frekar, bæði í störf stjórnenda en ekki síður í störf sérfræðinga sem svo geta vaxið í starfi og orðið stjórnendur síðar meir. Það er þekkt að konur, að mér meðtalinni, gera oft þær kröfur til sín að þurfa að uppfylla öll atriðin á hæfnislistum atvinnuauglýsinga og sleppa því að sækja um, sem er eitthvað sem við konur verðum að læra að hætta að gera." ■



Sif Björk Birgisdóttir, eigandi ***Aðalkaupa ehf.***, er með yfir 20 ára reynslu úr bílageiranum. Sif er löggiltur bifreiðasali með meistaragráðu í alþjóðaviðskiptum.

„Markmið mitt er að bjóða nýja bíla á ótrúlegum verðum til ánægðra viðskiptavina. Bílarnir eru í ábyrgð, sérlega vel útbúnir og tilbúnir til afhendingar strax. Ég hlakka til að taka á móti fleiri ánægðum viðskiptavinum og hjálpa þeim að eignast draumabílinn á miklu, miklu lægra verði. Endilega sláið á þráðinn og spjöllum saman, því það er svo gaman!"

NISSAN LEAF
TEKNA
· GLÆNÝR BÍLL *
· ÓTRÚLEGT VERÐ
· Í ÁBYRGÐ
· TIL AFHENDINGAR STRAX
★ ALLT AÐ 90% LÁN Í BOÐI ★
VERÐ AÐEINS
4.177
ÞÚSUND
*Fyrsta skráning nóv-des 2021
FLEIRI LITIR Í BOÐI

AÐALKAUP
BÍLASALA
AÐALKAUP - BÍLASALA
SKEIFUNNI 3c
SÍMI 888-3715
adalkaup@adalkaup.is

SUZUKI
ACROSS
PLUG IN HYBRID
4X4
· GLÆNÝR BÍLL *
· ÓTRÚLEGT VERÐ
· Í ÁBYRGÐ
· TIL AFHENDINGAR STRAX
★ ALLT AÐ 90% LÁN Í BOÐI ★
VERÐ AÐEINS
7.977
ÞÚSUND
*Fyrsta skráning nóv-des 2021
FLEIRI LITIR Í BOÐI

AÐALKAUP
BÍLASALA
AÐALKAUP - BÍLASALA
SKEIFUNNI 3c
SÍMI 888-3715
adalkaup@adalkaup.is

Mathilda

Mathilda verslun í Kringlunni býður upp á hágæða lúxus fatnað og fylgihluti fyrir konur á öllum aldri. Stelpurnar í Mathilda bjóða upp á persónulega þjónustu og framúrskarandi úrval af vörum frá heimsþekktum hönnuðum og vörumerkjum sem fullkomna klæðaskáp allra kvenna.

RALPH LAUREN

Þú finnur eitt þekktasta tískuvörumerki heims hjá Mathilda. Vörulínur Ralph Lauren bjóða upp á samblöndu af fallegum litum og klassískum sniðum sem virka vel við hvert tækifæri.



Kringlan 4-12 | 103 Reykjavík | Sími: 552 8600 | /mathildakringlan /mathildakringlan

Sigríður framleiðir meðal annars myndbönd og segir sögur skipta miklu máli í innihaldi þeirra. Auk þess sér fyrirtækið um almannatengsl, greina- og fréttaskrif, setur upp ýmis konar viðburði og herferðir og framleiðir hlaðvörp.
MYNDIR/ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR

Skiptir máli að einfalda hluti og gera þá skemmtilega

Sigríður Sólan Guðlaugsdóttir kom víða við í fjölmiðlabransanum áður en hún færði sig yfir í kynningarmál og almannatengsl. Í dag rekur hún framleiðslu- og almannatengslafyrirtækið Sólan slf. sem framleiðir fjölbreytt efni og veitir ýmiss konar fjölmiðlaráðgjöf.

Í rúman áratug vann Sigríður við dagskrárgerð hjá RÚV og tók að sér verkefni hjá Sagafilm en söðlaði svo um og fór í meistaranám í margmiðlunarfréttamennsku í Bretlandi. Þegar heim var komið vann hún sem fréttamaður á Stöð 2 og Bylgjunni.

„Fjölmiðlatímabilið var ótrúlega gefandi og lærdómsríkt en síðan hef ég verið svo lánsöm að fá að takast á við spennandi verkefni sem ég hef bæði unnið að sjálfstætt og sem kynningarstjóri góðgerðarsamtaka. Síðustu mánuði hef ég sem dæmi verið í samstarfi við írskan leikstjóra við þróun heimildarmyndar sem verður tekin hér á landi síðar á árinu. Ég er samframleiðandi á Íslandi ásamt True North auk þess að vera annar handritshöfunda.“

Allir hafa sögu að segja

„Sjónvarps- og kvikmyndagerðin hefur reynst afar góður grunnur með fréttamennskunni í því sem ég er að fást við í dag. Það efni sem ég framleiði krefst yfirleitt frásagna og það er eitthvað töfrandi við það að skapa afurð sem bæði segir sögu og vekur hughrif. Sögur eru svo mikilvægar, hvort sem er í persónulegu lífi okkar eða starfi. Við tengjum þegar við heyrum sögur og tengsl eru okkur lífsnauðsynleg. Þess vegna hentar margmiðlunin mér einkar vel því hún snýst svo mikið um að segja sögur.“

Aukin eftirspurn er eftir stuttum kynningarmyndböndum fyrir einstaklinga og fyrirtæki til að kynna þjónustu sína. Spurð hvað kosti að gera slík myndbönd segir Sigríður það afar mismunandi.

„Kostnaðurinn fer eftir umfangi og er allt frá 200 þúsund krónum. Skilaboðin þurfa að vera skýr en þetta eru áhrifaríkar leiðir til að ná til fólks því næstum allir eru á samfélagsmiðlum.“

Þakklát fyrir traustið

„Það er sagt í fréttamennskunni að fimm ára börn þurfi að geta skilið það sem kemur frá manni. Og það er nokkuð til í því. En það skiptir ekki bara máli að gera efnið auðskilið, heldur er líka mikilvægt að gera það skemmtilegt sé það viðeigandi.

Mér er minnisstæð stutt heimildarmynd sem ég gerði fyrir Krabbameinsfélagið um Davíð Ólafsson, óperusöngvara og fasteignasala. Hann stóð á þeim tímamótum í lífinu að fagna fimmtugsafmæli sínu örfáum dögum áður en hann lagðist undir hnífinn þar sem stór hluti ristilsins var fjarlægður. Þarna mættust gleði og sorg á sama tíma og hann tókst á við lífshættulegan sjúkdóm með ótrúlegu æðruleysi. Ég fylgdi honum þessa síðustu metra að aðgerðinni, alla leið á skurðstofuna, og tókst að fanga húmorinn hans alveg að aðgerð. Mér þykir svo óskaplega vænt um það traust sem hann sýndi mér í þessu ferli öllu og það sama á við um marga aðra viðmælendur mína.“

Við borðum ekki í bílnum

Á síðasta ári vann Sigríður með tveimur erlendum sjónvarpsstöðvum að gerð sjónvarpsþátta á Íslandi. Franska sjónvarpsstöðin M6 gerði þátt um jafnrétti á Norðurlöndunum og var við tökur hér á landi í tíu daga og frönsk sjónvarpsstöð í Brussel gerði þátt í aðdraganda loftslagsráðstefnunnar COP26 í Glasgow og fjallaði um CarbFix-verkefnið sem snýst um að farga koldíoxíði sem komið er í andrúmsloftið.

„Það er alltaf gaman að sjá land og þjóð í gegnum augu útlendinga. Frakkarnir voru sem dæmi alveg heillaðir af því að í Hjallastefnunni leyfðist drengjum að vera með sítt hár og naglalakk og að þeir væru hvattir til að knúsast. Í Frakklandi myndu sumir foreldrar ekki senda syni sína í slíka skóla. Og þeim fannst alveg síðasta sort þegar ég lagði til að vegna tímaskorts skyldum við grípa eitthvað og borða í bílnum á leið til Nesjavalla og sögðu hneykslaðir: „We are French. We do not eat in the car!“



Viðtal við frú Vigdísi Finnbogadóttur á heimili hennar fyrir blað Krabbameinsfélagsins.

Sigríður vann við dagskrárgerð hjá RUV í áratug. Hér er hún með Guðmundi Pálssyni, fyrrverandi samstarfsfélaga hjá Krabbameinsfélaginu.

> **Það er sagt í fréttamennskunni að fimm ára börn þurfi að geta skilið það sem kemur frá manni, og það er nokkuð til í því.**

Óhefðbundnar markaðsleiðir

Kynningarefni fyrirtækja er æ oftar sniðið að snjalltækjum og samfélagsmiðlum en Sigríður telur tímarit í hefðbundnu formi oft gleymast sem mikilvægt markaðsefni.

„Tímarit geta gefið góða mynd af starfsemi fyrirtækja og félaga. Þau eru eins og bækur. Fólki finnst oft notalegt að koma við og fletta blöðum upp á gamla mátann. Það er líka auðvelt að grípa til tímarita og afhenda á fundum, því við erum ekki alltaf á netinu.“

Um þessar mundir vinnur Sigríður að vitundarvakningu um mikilvægi skimunar fyrir krabbameinum en hún vann um tíma við auglýsingaherferðir á borð við Bleiku slaufuna og Mottumars.

„Það skiptir máli að fara ótroðnar slóðir þegar kemur að því að fanga athygli fólks. Í stað þess að fara hefðbundna leið í þessu verkefni varð lendingin sú að vinna ljósmyndasýningu með Ástu Kristjánsdóttur ljósmyndara og fleiri góðum konum. Þetta er fjórða ljósmyndasýningin okkar Ástu og við höfum fengið 12 ótrúlega flottar konur í samfélaginu til að leggja átakinu lið með persónulegri nálgun. Ég hvet alla til að sjá sýninguna sem verður uppi á næstunni í Kringlunni.“ ■

> **Þess vegna hentar margmiðlunin mér einkar vel því hún snýst svo mikið um að segja sögur.**

Frekari upplýsingar um þjónustuna má finna á ssolan.is.



Margrét Arnardóttir, framkvæmdastjóri framleiðslu- og tæknisviðs Ölgerðarinnar, í nýrri verksmiðju fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Milljarðaverksmiðja frá grunni á tíu mánuðum

Undanfarin ár hefur Ölgerð Egils Skallagrímssonar notið mikillar velgengni og hefur vart annað eftirspurn eftir vinsælustu vörum fyrirtækisins.

„Við erum að gangsetja glænýja verksmiðju, sem hefur risið frá grunni á einungis tíu mánuðum. Þetta er hátæknihús, sem mun koma okkur inn í framtíðina. Á sama tíma höfum við slegið öll fyrri framleiðslumet í eldri framleiðslusölunum, þrátt fyrir allt raskið sem fylgir nýframkvæmdunum. Ég er mjög stolt af mínu fólki," segir Margrét Arnardóttir, framkvæmdastjóri framleiðslu- og tæknisviðs Ölgerðarinnar. Hún talar nánast á hlaupum, enda starfa um hundrað manns á sviðinu og í mörg horn að líta.

„Við erum ótrúlega heppin með fólk, sem hefur svo sannarlega lagst á árarnar til að mæta gríðarlegri eftirspurn eftir okkar vörum. Það þarf mikla færni til að keyra eldri framleiðslulínurnar eins og þau hafa gert, og afköstin eru langt umfram uppgefna getu tækjanna. Lengra verður þó ekki komist og við hlökkum mikið til að setja nýju verksmiðjuna á fulla ferð," segir Margrét. Nýja framleiðslulínan hefur fengið nafnið Brák, eftir ambáttinni Þorgerði Brák sem bjó að Borg á Mýrum og var fóstra Egils Skallagrímssonar – þeim sem Ölgerðin er nefnd eftir.

Lifir fyrir starfið

Margrét er með meistaragráðu í vélaverkfræði, MBA og býr að fjölbreyttri reynslu. Hún kenndi við Háskólann í Álaborg áður en hún flutti heim til Íslands. Hún stýrði rekstri kersmiðju álversins í Straumsvík um árabil og vindorkumálum Landsvirkjunar áður en hún tók við núverandi starfi sínu árið 2016.

„Ég hef ávallt tekið starf mitt mjög alvarlega og nánast lifað fyrir það. Ég hef fengið tækifæri til að breyta miklu og hef mætt áskorunum með mikilli ástríðu – hvort sem ég gerði tæknilegar breytingar í kersmiðju álversins, málaði veggina bleika og setti upp kvennaklósett, eða reisti vindmyllur Landsvirkjunar í 15 stiga frosti á hálendinu með öflugum flokki uppsetningarmanna. Ég var hálfgerður vindorku-trúboði á þeim tíma, barðist mjög fyrir málaflokknum og hélt hundruð fyrirlestra um allt land um vindorkumál.

Hjá Ölgerðinni hefur teymið mitt innleitt miklar breytingar í framleiðslunni, þar sem ferlar og gæðamál hafa verið endurbætt og nýjar vörur settar í framleiðslu. Við höfum ráðist í miklar endurbætur á húsakosti, bætt eldra húsnæði og byggt nýtt. Þá höfum við þurft að mæta eftirspurnarsprengingu í öllum vöruflokkum; gosdrykkjum, bjór og vatni sem við seljum í skipsförmum til Bandaríkjanna. Við höfum því haft í nógu að snúast," segir Margrét.

Kröfuhörð en vinaleg

Aðspurð um sinn stjórnunarstíl segist Margrét leggja ríka áherslu á að þekkja samstarfsfólkið, skilja þarfir þess, verklag og eðli starfanna. Slíkt sé nauðsynlegt, bæði til að tryggja góðan rekstur og koma auga á tækifærin. „Ég er kröfuharður en vinalegur framkvæmdastjóri með einlægan áhuga á fólkinu mínu, líðan þess og

> **Sjálfri finnst mér hálf ótrúlegt að við skulum hafa byggt nýtt hús frá grunni og sett upp tæknilegustu framleiðslulínu landsins á aðeins tíu mánuðum**

starfsþróun. Mér er umhugað um að búa til sterka liðsheild, hvort sem fólk starfar beint í framleiðsludeildunum, í viðhaldsmálum, við áætlanagerð, vöruþróun eða í stoðdeildum.

Við erum fjölbreyttur hópur, með ólíkan bakgrunn og vinnutilhögun og því er stundum erfitt að stilla saman strengina. Frábær árangur Ölgerðarinnar á hörðum samkeppnismarkaði er samt vísbending um að okkur hafi tekist það. Ölgerðin hefur náð afgerandi forskoti á keppinauta sína, bæði með rótgrónar vörur og nýjar á borð við Collab sem er rifið úr hillum verslana," segir Margrét. Hún hlakkar mikið til þess að koma nýju verksmiðjunni í fullan rekstur, enda muni afkastagetan aukast til muna og álag á starfsfólkið minnka. Spennandi sé að taka í notkun glænýja og tæknilega fullkomna verksmiðju, sem reis á ógnarhraða á lóð sunnan við eldra framleiðsluhús Ölgerðarinnar.

„Þetta er ríflega fjögurra milljarða króna fjárfestingarverkefni, sem hefur staðið yfir í nokkur ár. Undirbúningur var mjög ítarlegur, en með góðu skipulagi og samstarfi við birgja og verktaka hefur sjálf framkvæmdin gengið vel. Sjálfri finnst mér hálf ótrúlegt að við skulum hafa byggt nýtt hús frá grunni og sett upp tæknilegustu framleiðslulínu landsins á aðeins 10 mánuðum, við krefjandi aðstæður á tiltölulega þröngu svæði. Nýja verksmiðjan tekur mið af þeirri gömlu, sem er eitt af elstu húsunum á svæðinu og með einkennandi útlit, bogadregnar línur og flöskur í yfirstærð. Við höldum tryggð við söguna, um leið og við vörðum leiðina til næstu áratuga," segir Margrét.

Ekki sérstök karlanámskeið

Á starfsferlinum hefur Margrét oftar en ekki starfað í karlægu umhverfi, þar sem hlutfall kvenna hefur verið lágt. Raunar á það sama við um námsárin því hún sótti sér menntun á öðrum sviðum en flestar konur gerðu þá. „Á þeim tíma var ég oft eina stelpan í hópnum. Ég fann mig ekki í hefðbundnum menntaskóla og eftir stutta viðveru í einum slíkum færði ég mig í Iðnskólann og lærði bifvélavirkjun. Hafði ómældan áhuga á vélum og tækjum, sem þótti stórskrítið í þá daga. Ég gat hins vegar ekki klárað, því ekkert verkstæði fékkst til að taka mig á samning og fyrir vikið endaði ég í vélaverkfræði – fyrst hér heima og síðar í háskólanum í Álaborg. Í báðum tilvikum var ég eina konan í bekknum, rétt eins og í bifvélavirkjuninni," segir hún.

„Þegar ég flutti heim tók ég boði um starf í álverinu í Straumsvík þar sem ég stýrði og vann nær eingöngu með körlum, rétt eins og hjá Landsvirkjun síðar og Ölgerðinni nú. Mér gengur vel að vinna með körlum, en líka þeim konum sem ég hef starfað með. Almennt þurfa fyrirtæki að standa sig betur og jafna kynjahlutfallið í ábyrgðarstöðum. Ég fagna því að konur skuli sækjast eftir frama til jafns við karla og því miður hef ég oft séð karlmenn tekna fram yfir hæfar konur, þrátt fyrir fögur fyrirheit, jafnréttisstefnur og -áætlanir.

Það var t.d. raunin hjá Landsvirkjun á sínum tíma, þar sem hæfileikakonur í röðum fengu ekki framgang en voru í staðinn settar á sérstakt námskeið til að læra stjórnenda- og leiðtogafærni. Ég veit ekki til þess að nokkur hafi farið á sérstakt karlanámskeið af svipuðum toga, enda hættum við flestar og réðumst í stjórnunarstörf annars staðar," segir Margrét. „Sem betur fer hefur Landsvirkjun tekið sig á, en missti af mörgum kjarnakonum sem önnur fyrirtæki og stofnanir njóta nú góðs af."

Hún leggur ríka áherslu á að hver og einn einstaklingur sé metinn að verðleikum, frekar en kynferði ráði för við mannaráðningar og framgang í starfi. „Konur eru misjafnir stjórnendur, rétt eins og karlar. Þær eiga ekki að njóta góðs af kynferði sínu, en þær eiga heldur ekki að líða fyrir það. Margt hefur breyst til hins betra, en fullu jafnrétti er ekki náð enn þá. Ég er sannfærð um að það mun takast og ég dáist að ungum konum í dag, sem sækja sér menntun og störf þvert á gamlar venjur og nú eru konur ekki einar í fögum á borð við verkfræði eða iðnnámi af ýmsu tagi, heldur fjölmargar. Ég held að næsta kynslóð kvenna muni brjóta niður þá múra sem við hinar náðum að höggva í, eða klöngrast yfir. Það mun nýtast öllum," segir Margrét Arnardóttir að lokum. ■

Konurnar hjá Direktu. Frá vinstri: Sunneva Reynisdóttir, á skrifstofunni, Sigríður Anna Ellerup, Ásta Sólveig Andrésdóttir og Bryndís Bachmann, lögfræðingar og eigendur lögfræðiþjónustunnar Direkta. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

Létu slag standa og drauma sína rætast

Þrjár konur eiga og stýra lögfræðiþjónustunni Direkta. Leiðarljós þeirra er að liðsinna fólki í oft flóknum frumskógi eigna- og stjórnsýsluréttar.

„Lögfræði snýst kannski fyrst og fremst um náungakærleika og hjálpsemi. Í hugum margra er ímynd lögfræðinga harkan sex, og allt komið í voll þegar málin eru komin í lögfræðing, en í raun vilja lögfræðingar almennt koma góðu til leiðar og hjálpa náunganum. Við hjá Direkta erum til dæmis alls engin hörkutól og viljum vinna málin af mýkt og koma þeim í örugga höfn."

Þetta segir Ásta Sólveig Andrésdóttir, lögfræðingur og einn eigenda Direkta lögfræðiþjónustu.

Ásta stofnaði Direktu í janúar 2016 ásamt Ástu Guðrúnu Beck og Sigríði Önnu Ellerup (Önnu Siggu) en meðeigendur hennar í dag eru lögfræðingarnir Bryndís Bachmann og Anna Sigga Ellerup.

„Direkta leggur áherslu á heiðarleika, traust og þekkingu í störfum sínum. Við höfum víðtæka reynslu af ýmsum sviðum lögfræðinnar, með þó sérstaka áherslu á eigna- og stjórnsýslurétt, en samanlögð starfsreynsla okkar á sviði þinglýsinga og fasteignaskráningar spannar áratugi."

Frábærar viðtökur

Ásta Sólveig segir lögfræðina vera fjölskyldusjúkdóm í sínu tilviki og að henni hafi alltaf þótt lögfræði spennandi fag.

„Þegar ég var í lögfræðináminu ætlaði ég að sérhæfa mig á sviði mannréttindamála og umhverfismála og skrifaði lokaritgerð um mannréttindi. Síðan fór ég að vinna hjá hinu opinbera sem leiddi mig yfir í sérhæfingu á sviði fasteignaskráningar og eignaréttar, sem mér líkar einmitt svo vel að vinna við í dag," greinir Ásta frá.

Þær Bryndís og Anna Sigga hjá Direktu hafa eins og Ásta langa reynslu af lögfræðistörfum hjá hinu opinbera; hjá Þjóðskrá Íslands, Fasteignamati ríkisins og hinum ýmsu sýslumannsembættum.

„Við sem stofnuðum Direktu höfðum allar unnið saman áður og var orðið vel til vina, en vorum komnar á þann stað að langa til að breyta um starf. Við sáum þörf á markaðnum fyrir sérfræðinga sem sérhæfa sig í fasteignamálum og þótti verulega spennandi að stofna okkar eigið fyrirtæki. Við fórum því eina helgina saman í sumarbústað þar sem við lögðum drög að stofnun Direktu og létum slag standa við að skipta um starfsvettvang og stofna nýja lögfræðiþjónustu. Auðvitað blöstu við alls konar áskoranir sem við gerðum okkur enga grein fyrir í tengslum við stofnun fyrirtækis, en þetta hefur verið skemmtilegur og þroskandi tími og stofan okkar dafnað vel," segir Ásta um tilurð Direktu, en stofan á einmitt sex ára afmæli nú í janúar.

„Fram að þessu hafði engri okkar dottið í hug að stofna lögfræðiþjónustu á svo afmörkuðu sviði nema einmitt af því að við höfðum unnið lengi við þetta. Við erum í dag þakklátar fyrir að hafa tekið þessa ákvörðun. Við vissum af þörfinni og viðtökurnar voru í samræmi við það. Frá upphafi hefur verið mjög mikið að gera og nýlega réðum við til okkar unga konu, Sunnevu Reynisdóttur, til að létta á okkur við skrifstofustörfin."

Persónuleg tilfinningamál

Direkta sinnir ekki hefðbundnum málflutningi heldur ráðgjöf og verkefnum fyrir ríki og sveitarfélög en líka fyrir einstaklinga og fyrirtæki, svo sem fasteignasölur og lögmannsstofur.

„Við þekkjum ferlana vel og oft eru þetta mjög flókin mál sem fólk gefst upp á. Þá er gott að geta sótt í reynslubanka Direktu þar sem við höfum allar sérþekkingu á þessu sviði. Verkefnin eru fjölbreytt og við vinnum talsvert mikið fyrir hið opinbera, ríki og sveitarfélög við ýmsa ráðgjöf tengda fasteignaskráningu í víðu samhengi. Þá sjáum við líka um einstök mál fyrir fólk varðandi skráningu fasteigna og landamerki, auk þess sem við gerum eignaskiptayfirlýsingar," upplýsir Ásta.

Eitt af skemmtilegri verkefnum Direktu er að ferðast um sveitir landsins til að hitta viðskiptavini og samstarfsaðila.

„Við erum í miklu sambandi við fólk á landsbyggðinni og erum í viðskiptum um land allt, enda eru landamerki og skráning fasteigna síður en svo bundin við höfuðborgarsvæðið. Við veitum ráðgjöf vegna útskiptinga lóða úr jörðum auk aðstoðar við ýmsa skjalagerð sem því tengist. Oft er fólk komið á þann stað með mál sín að við blasa dómsmál, sem geta verið góð og þörf út af fyrir sig, en stundum er mögulegt að komast hjá þeim. Því erum við líka oft í sáttamiðlun, því þetta eru persónuleg tilfinningamál sem snúast ekki eingöngu um steinsteypu og peninga, heldur það sem fólki er kært og hjartans mál, eins og húsið sem það ólst upp í eða jörðina sem það á. Einnig geta komið upp mál sem varða heiti jarða, húsa og fasteigna, og eru sömuleiðis gríðarleg tilfinningamál. Því er fagið hvorki þurrt né kuldalegt, heldur mannlegt og tilfinningaþrungið, og okkur er sannarlega annt um að hjálpa fólki," segir Ásta.

Markmið að liðsinna fólki

Starfsstöðvar Direktu eru í Hafnarfirði. Viðskiptavinahópurinn er traustur og hefur vaxið og dafnað síðan fyrirtækið var stofnað.

„Okkar leiðarljós er að geta liðsinnt fólki. Við höfum svo oft séð að margir rekast á vegg og klára ekki málin því formkröfur eru flóknar og stjórnsýslan þung. Því höfum við frá upphafi lagt upp með að gera gagn og hjálpa þeim sem til okkar leita að ljúka málum sínum og mér finnst okkur hafa tekist það vel," segir Ásta.

> **Við erum líka oft í sáttamiðlun því fasteignamál geta verið persónuleg tilfinningamál sem snúast ekki eingöngu um steinsteypu og peninga, heldur það sem fólki er kært.**
>
> Ásta Sólveig Andrésdóttir

Hún bendir á að ráðgjöf á sviði fasteigna- og eignaréttar geti skipt sköpum fyrir fólk.

„Það geta verið ýmsar hindranir í veginum þegar fólk reynir að þoka áfram málum sem tengjast fasteignum og þá er gott að fá liðsinni þeirra sem þekkja þann vettvang út og inn. Það skiptir líka máli að hlutirnir séu gerðir í réttri röð því oft er byrjað á kolröngum stað. Þá komum við inn og reynum að greiða úr flækjunum og stundum byrjum við upp á nýtt eða beinum inn á réttar brautir svo mál nái mikilvægum endapunkti en séu ekki skilin eftir með lausa enda."

Direkta hefur líka sérþekkingu í þinglýsingum og veitir nú ráðgjöf við nýtt verkefni ríkisins um rafrænar þinglýsingar.

„Margir þurfa aðstoð við að útbúa skjöl til þinglýsingar, svo allt fari í réttan farveg, því margs konar formskilyrði þarf að uppfylla sem ekki allir kunna skil á. Við vinnum því vítt og breitt innan þessa sviðs, auk þess að sinna ráðgjöf vegna erfðamála, svo sem við gerð erfðaskráa og uppgjör á dánarbúum."

Hlakka til framtíðarinnar

Hjá Direkta ráða konur ríkjum og una hag sínum vel.

„Það var hvorki stefna né fyrirfram ákveðið að Direkta yrði kvennavinnustaður en það æxlaðist þannig í byrjun og gæti allt eins breyst í framtíðinni. Það er voðalega notalegt hjá okkur á stofunni og alltaf góð og sérstök stemning þar sem konur eru saman. Við leggjum mikið upp úr persónulegum samskiptum, förum mjúkum höndum um skjólstæðinga okkar og tökum hlýlega á móti fólki," segir Ásta, á gefandi og skemmtilegum vinnustað.

„Þetta er annasamt starf og þegar við opnuðum stofuna stefndum við að því að vinna aðeins minna, en það hefur ekki alveg tekist. Við erum þó mjög meðvitaðar um að vinna ekki um helgar og reynum að halda því. Á hverju ári gerum við eitthvað skemmtilegt saman með mökum og fjölskyldum okkar, því það eflir vinnuandann og gerir góðan vinnustað enn betri."

Ásta hvetur konur til að fylgja draumum sínum úr hlaði.

„Já, og að láta reyna á góðar hugmyndir. Við vissum ekkert um fyrirtækjarekstur til að byrja með en höfum lært þetta á leiðinni og ef maður fær gott fólk með sér er þetta rosalega spennandi og skemmtilegt. Það er um að gera að prófa eitthvað nýtt, ekki síst ef mann er farið að langa að breyta til í vinnunni."

Sjálf sér hún ótal áskoranir og tækifæri til framtíðar.

„Núna erum að taka þátt í nýsköpunarverkefninu Eignamörk þar sem fólk getur fært inn eignamörk sjálft með þægilegum hætti. Við komum þar inn sem eigendur og ráðgjafar. Það er gaman að færa út kvíarnar og spennandi að taka þátt í samstarfi með sérfræðingum og skapandi fólki. Við sjáum því leiðina beint upp á við, hlökkum til framtíðarinnar og erum sannarlega ánægðar með að hafa tekið skrefið og stofnað Direktu." ■

Direkta er í Bæjarhrauni 22 í Hafnarfirði. Sími 571 8600. Sjá nánari upplýsingar á direkta.is

Umhugað um sveigjanleika og traust í starfi

Elín Greta mannauðsstjóri hjá Verkís segir fyrirtækið fjölskylduvænan vinnustað með frábæru starfsfólki sem ber virðingu og umhyggju hvert fyrir öðru. Það hafi komið vel í ljós á Covid tímum.

Verkís er 330 manna verkfræðistofa með höfuðstöðvar í Ofanleiti í Reykjavík. Fyrirtækið er einnig með 12 starfsstöðvar víðs vegar um landið.

Elín Greta hefur unnið hjá Verkís eða forverum þess í 20 ár og þar af 17 ár sem mannauðsstjóri.

„Ég er enn í námi þegar ég fæ tækifærið til að taka þetta starf að mér en ég var fyrst til að gegna starfi mannauðsstjóra hjá fyrirtækinu. Ég fékk frábæran stuðning og umboð til athafna hjá stjórnendum til að móta stefnu fyrirtækisins í mannauðsmálum og slíkt er er ómetanlegt þegar maður er að feta sín fyrstu skref í starfi," segir Elín Greta.

„Verkís hefur alla tíð verið umhugað um að starfsfólk hafi góðan sveigjanleika í sinni vinnu og að það ríki gott traust á milli aðila, það er ávinningur bæði fyrir fyrirtækið og starfsfólkið að fólk geti stýrt sinni vinnu og náð góðri samræmingu við fjölskyldu- og einkalíf.

Elín Greta Stefánsdóttir segir staðsetningu fyrirtækisins í Ofanleiti frábæra og að hún ýti undir vistvænan samgöngumáta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Við erum með sveigjanlegan vinnutíma og bjóðum upp á fjarvinnusamninga fyrir þau störf sem það geta. Fjarvinnan á Covid-tímum hefur sýnt okkur enn betur að við getum stækkað okkar markað til muna við að ná í sérhæft starfsfólk víðs vegar – tækifærin eru ekki bara til staðar ef þú býrð á höfuðborgarsvæðinu."

Elín Greta segir Verkís leggja mikla áherslu á umhverfi og sjálfbærni í öllu sínu starfi og er starfsfólk hvatt til að gera slíkt hið sama.

„Við bjóðum upp á samgöngustyrk fyrir þá sem vilja nýta sér vistvæna samgöngumáta og erum

> **Verkís leggur mikla áherslu á umhverfi og sjálfbærni í sínu starfi og hvetur fólk til að gera slíkt hið sama .**

með góða búninga- og sturtuaðstöðu fyrir þá sem koma hjólandi eða gangandi - og að sjálfsögðu byggðum við glæsilegt rými úti á lóð sem við köllum því lítilláta nafni „hjólahöllin" þar sem starfsfólk getur geymt hjólin sín," segir Elín Greta og hlær.

Elín Greta segir að starfsfólk geti einnig fengið lánað bæði rafmagnshjól til að prófa heima fyrir og að rafmagnsbílar séu til taks fyrir þá sem þurfa að fara á milli staða á vinnutíma.

„Staðsetningin okkar er alveg frábær í Ofanleitinu en það er mjög miðsvæðis og ýtir undir að fólk komi með vistvænum hætti til vinnu." ■

Mengunarrannsóknir þurfa að vera snemma í ferlinu

Erla Guðrún Hafsteinsdóttir er mengunarsérfræðingur hjá Verkís. Hennar helstu verkefni eru rannsóknir á jarðvegi til dæmis þar sem breyta á iðnaðarsvæðum í íbúðasvæði.

Erla er doktor í umhverfis- og jarðefnafræði frá Macquarie-háskóla í Sydney, Ástralíu. Í náminu skoðaði hún mengun á Suðurskautinu og vann í framhaldi af því sem ráðgjafi í Ástralíu. Hún flutti svo til Íslands árið 2019 og hóf störf hjá Verkís.

„Verkís er góður staður til að vinna á og mikill stuðningur við starfsfólkið. Það er hlustað á starfsfólkið þegar það kemur með nýjar hugmyndir og leggur til nýjar aðferðir. Eins leggur fyrirtækið áherslu á að við finnum jafnvægi á milli vinnu og heimilis," segir hún

„Helstu verkefnin mín hjá Verkís eru rannsóknir á jarðvegi. Við höfum meðal annars verið gera mengunarrannsóknir á iðnaðarsvæðum sem á að breyta í íbúðasvæði," segir Erla.

„Núna erum við að vinna í úrbótaframkvæmdum á Hofsósi en þar varð olíuleki. Þar er enn mengun til staðar sem við erum að hreinsa," útskýrir hún.

Auk jarðvegsrannsókna sinnir Erla meðal annars grunnvatnsvöktunum fyrir Isavia í Keflavík og kemur inn í verkefni sem tilheyra BREEAM vottun.

„BREEAM er bresk vottun sem snýr að sjálfbærni og umhverfisvottun fyrir hverfi. Ég kem inn í verkefnið að því leyti að það er skyldukrafa að meta mengunarstöðu landsvæðis, og eiga niðurstöður matsins að hafa áhrif á hvernig skipulagi svæðisins er háttað. Vottunin hvetur til uppbyggingar á röskuðum landsvæðum en ekki að byggt sé á óröskuðum svæðum," upplýsir hún.

Starf Erlu er fjölbreytt og mikið um ferðalög á milli landshluta.

„Það eru mörg verkefni sem snúa að svæðum þar sem bandaríski herinn hefur verið og skilið eftir sig umhverfisspor. Við tökum jarðvegs- og vatnssýni til að átta okkur á magni og útbreiðslu mengunarinnar," segir hún.

Erla Guðrún Hafsteinsdóttir mengunarsérfræðingur leggur mikið upp úr því að hreinsunarverkefni séu unnin á sjálfbæran hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Erla telur það vera mjög mikilvægt að mengunarrannsóknir og öll mengunarvinna sé unnin á sem sjálfbærastan hátt, „því við viljum ekki auka mengun með okkar aðferðum."

„Ég legg mikið upp úr því, þegar við erum að finna leiðir í hreinsunarverkefnum, að hægt sé að gera það á staðnum á sem sjálfbærastan hátt. Þegar mengun finnst er ekki endilega fýsilegast að hún sé bara mokuð upp og send í urðun. Þá fer mengunin ekki neitt heldur er hún flutt á annan stað í vörubílum með mikið kolefnisspor og mögulegri hættu á að hún dreifist á leiðinni. "

Á Íslandi er ekki mikið af mengunarsérfræðingum miðað við það sem Erla þekkir frá öðrum löndum.

„Ég hef tekið eftir því að íslenskar reglugerðir og leiðbeiningar um aðferðafræði mengunarrannsókna er ábótavant. En ég bind vonir við að þetta fari í betri farveg á næstunni og að mengunarrannsóknir verði framkvæmdar fyrr í ferlinu í skipulagsmálunum. Ég hef mikinn áhuga á að taka þátt í þessum breytingum." ■

Með sjálfbærni að leiðarljósi

Verkfræðistofan Verkís fagnar 90 ára afmæli sínu í ár. Þrátt fyrir langa hefð eru það aðkallandi verkefni nútímans sem halda fólki uppteknu.

„Allt frá upphafi hefur Verkís tekið virkan þátt í uppbyggingu samfélagsins og í dag gerum við það með sjálfbærni að leiðarljósi," segir Guðrún Dröfn Gunnarsdóttir byggingarverkfræðingur, nýr sviðsstjóri Samgöngu- og umhverfissviðs Verkís.

Á sviðinu starfa yfir 80 manns með margvíslegan bakgrunn og reynslu svo sem verk- og tæknifræðingar, náttúrufræðingar, landslagsarkitektar, skipulagsfræðingar og tækniteiknarar. Viðfangsefni sviðsins eru gríðarlega fjölbreytt og hafa áhrif á allt samfélagið. „Ráðgjafar okkar starfa að ótal spennandi verkefnum" segir Guðrún og nefnir sem dæmi stórar samgönguframkvæmdir sem til stendur að fara í á næstu árum á höfuðborgarsvæðinu þar sem lögð er áhersla á fjölbreyttan ferðamáta. Hún nefnir einnig ýmis önnur stór verkefni svo sem endurnýjun veitukerfa, framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli vegna fjölgunar ferðamanna, orkuskipti framtíðarinnar, blágrænar ofanvatnslausnir, vistvottanir framkvæmda og lífsferilsgreiningar fyrir ýmiss konar starfsemi.

Guðrún Dröfn Gunnarsdóttir segir mikilvægt að stjórnendur skapi umhverfi sem hvetur starfsfólk til að koma með nýjar hugmyndir. FRÉTTABLADID/VALLI

Guðrún hóf störf hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, forvera Verkís, í ársbyrjun 2000 og hafa verkefni hennar alltaf verið mjög fjölbreytt þó að í byrjun hafi þau að mestu tengst samgöngumálum.

„Verkís er verkefnadrifið fyrirtæki sem veitir ráðgjöf sem spannar allar þarfir framkvæmdaaðila frá fyrstu hugmynd til loka fjárfestingarverkefna. Fjölbreyttir möguleikar eru á að þróast í starfi eftir áhuga hvers og eins. Til að byrja með sérhæfði ég mig sem ráðgjafi í samgönguverkefnum en smátt og smátt varð stjórnun verkefna stærri hluti af starfinu. Árið 2013 fór ég í starf rekstrarstjóra á Byggingasviði og í sumar tók ég við sem sviðsstjóri á Samgöngu- og umhverfissviði."

Guðrún segir loftslagsvandann vera stærstu áskorun samtímans og að stjórnendum fyrirtækja beri skylda til að leggja áherslu á sjálfbærni í allri sinni starfsemi. Mikilvægt sé að stjórnendur skapi umhverfi og frjóan jarðveg þar sem fólk er hvatt til að koma með hugmyndir og ögra viðteknum aðferðum „því einungis þannig getum við vænst þess að þróa þær lausnir sem við þörfnumst til að leysa vandamálin sem við stöndum frammi fyrir." ■

VIÐ ERUM KONURNAR Á REMAX

Aníta Malín Valsdóttir
Skrifstofa / móttaka
malin@remax.is
s. 477-7777

Berglind Hólm Birgisdóttir
Löggiltur fasteignasali
berglind@remax.is
s. 694-4000

Birna Rós Gísladóttir
Skrifstofa / skjalavinnsla
birna@remax.is
s. 477-7777

Bjarný Björg Arnórsdóttir
Aðstoðarm. fast.sala /
í löggildingarnámi
bjarny@remax.is
s. 694-2526

Dilyara Nasyrova
Löggiltur fasteignasali
dilja@remax.is
s. 864-1881

Guðbjörg Guðmundsdóttir
Löggiltur fasteignasali
gg@remax.is
s. 899-5533

Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir
Löggiltur fasteignasali
gudbjorg@remax.is
s. 897 7712

Guðlaug Jóna Matthíasdóttir
Löggiltur fasteignasali
gulla@remax.is
s. 661-2363

Guðný Þorsteinsdóttir
Aðstoðarm. fast.sala /
í löggildingarnámi
gudnyth@remax.is
s. 771-5211

Guðrún Elín Gísladóttir
Skrifstofa / skjalavinnsla
gudrunelin@remax.is
s. 477-7777

Guðrún Lilja Tryggvadóttir
Löggiltur fasteignasali
gudrunlilja@remax.is
s. 867-1231

Guðrún Þórhalla Helgadóttir
Löggiltur fasteignasali
gudrun@remax.is
s. 820-0490

Heiðrún Guðný Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
heidrun@remax.is
s. 693-5131

Hera Björk Þórhallsdóttir
Löggiltur fasteignasali
herabjork@remax.is
s. 774 1477

Jóna Guttormsdóttir
Skrifstofa / bókhald
jona@remax.is
s. 414 4700

RE/MAX®

VIÐ VINNUM
FYRIR ÞIG

VIÐ VINNUM FYRIR ÞIG

Katrín Eliza Bernhöft
Aðstoðarm. fast.sala / í löggildingarnámi
katrineliza@remax.is
s. 699-6617

Kristbjörg Inga Valsdóttir
Aðstoðarmaður fasteignasala
ingavalsdottir@remax.is
s. 776-2924

Kristín Halldórsdóttir
Skrifstofa / skjalavinnsla
kristin@remax.is
s. 477-7777

Kristín Ósk Reynisdóttir
Löggiltur fasteignasali
kor@remax.is
s. 822-6800

Salvör Þóra Davíðsdóttir
Löggiltur fasteignasali
salvor@remax.is
s. 844 1421

Sigríður Guðnadóttir
Löggiltur fasteignasali
sigga@remax.is
s. 663 3219

Sigrún Einarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
sein@remax.is
s. 894 2353

Sigrún Gréta Helgadóttir
Löggiltur fasteignasali
sigrun@remax.is
s. 864 0061

Sigrún M. Sigvaldadóttir
Löggiltur fasteignasali
sms@remax.is
s. 695 3502

Sylvía Guðrún Walthersdóttir
Aðstoðarmaður fasteignasala
sylvia@remax.is
s. 477 7777

Vigdís R. S. Helgadóttir
Löggiltur fasteignasali
vigdis@remax.is
s. 477 7777

Þórdís Davíðsdóttir
Löggiltur fasteignasali
thordis@remax.is
s. 862 1914

/ remax.is

REMAX Skeifunni 17 / 108 Reykjavík / S: 477-7777

Fann hratt mikinn mun með OsteoStrong

OsteoStrong fagnar þriggja ára starfsafmæli um þessar mundir. Um 500 manns stunda æfingar vikulega hjá OsteoStrong. Heimsóknin tekur aðeins 20 mínútur í heildina, einu sinni í viku, og þannig bæta meðlimir sjálfa sig, styrk vöðva, auka jafnvægi, lækka blóðsykur og minnka verki í liðum og baki.

Helgi Már Þórðarson, íþróttafræðingur, einkaþjálfari og annar eiganda Aha.is, fór að stunda OsteoStrong eftir að hann fór að finna fyrir verkjum í líkamanum.

„Mér finnst óeðlilegt að vera með verki. Mér finnst eðlilegt að vera verkjalaus og mér finnst að allir ættu að stefna að því. Ég spilaði fótbolta í Bandaríkjunum og lærði íþróttafræði í Saint Augustin í Flórída fyrir hartnær 30 árum. Ég var líka á íþróttabraut í menntaskóla og ætlaði alltaf að verða íþróttakennari, sem ég svo gerði. Ég var þjálfari barna og unglinga, síðar einkaþjálfari og hafði alla mína ævi þjálfað fólk í íþróttum. Það er þess vegna mjög auðvelt að tala við mig um heilsu, andlega heilsu og heilbrigt líferni. Þegar OsteoStrong var opnað þá var ég eins og margir: „Nei, það getur ekki verið, fjögur tæki, einu sinni í viku?“ Mér fannst þetta náttúrulega mjög skrítið.

Tilbúinn að breyta til

En ég var á þeim stað að mig langaði að breyta til. Ég var búinn að telja mánuðina og dagana þar til ég yrði fimmtugur og vildi fara ferskur inn í nýjan áratug. Ég var eins og margir, hafði aðeins fækkað ferðum í ræktina á meðan ég var með lítil börn og var að stofna fyrirtæki. Það koma alltaf smá svona tímabil þar sem maður dettur út í smá tíma.

Fljótlega verkjalaus í baki

Þegar ég byrjaði í ástundun hjá OsteoStrong var ég slæmur í baki, öxl og hálsi. Ég var rosalega duglegur í OsteoStrong í hálft ár. Lagði mig fram um að missa aldrei úr tíma af því að ég fann mun á mér eftir bara nokkrar vikur. Verkirnir hurfu alveg. Bara OsteoStrong einu sinni í viku, ekki neitt annað með.

Aukin löngun í hreyfingu

Svo smám saman gerðist svo margt ánægjulegt. Með auknum styrk, minni verkjum og aukinni orku þá fór ég að leita í fleiri leiðir til þess að bæta heilsuna, fann löngun til að mæta í ræktina og mætti þar þrisvar sinnum í viku ásamt því að stunda OsteoStrong einu sinni í viku. Það er svo skemmtilegt að hreyfa sig þegar manni líður vel.

Pabbi minn er 73 ára. Hann hefur sömu sögu að segja en hann fann reyndar mun á sér strax eftir fyrsta tíma. Ég held að það sé eðlilegt að það taki mann aðeins lengri tíma að finna fyrir breytingum þegar maður er yngri og í betra formi.

Gleðin í skammdeginu

Hreyfing er svo verðmæt fyrir andann og það skiptir svo miklu máli að vera ekki verkjaður. Það er grunnatriði. Til þess að lyfta andanum tók ég upp á því í jólafríinu að fara í tvo stutta göngutúra á dag í náttúrunni og mér finnst það mjög verðmætt. Í nokkur ár hef ég vandað mig við að dvelja í þakklæti. Ég keypti mér 5-mínútna-þakklætis-bækur um árið og núna er það orðið sjálfkrafa hjá mér að finna fyrir þakklæti óháð aðstæðum hverju sinni.

Ég las líka „Af hverju sofum við?“ og hætti að mæta í sund á morgnana eins og ég hafði gert í 15 ár. Nú sef ég bara þessa tvo auka klukkutíma og ég greinilega þurfti á því að halda því að ég er allur miklu kátari.



Helgi Már Þórðarson, íþróttafræðingur og einkaþjálfari, varð hissa þegar hann fann hversu OsteoStrong breytti líðan hans til betri vegar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Æfingarnar taka stuttan tíma, aðeins 20 mínútur, en eru afar áhrifaríkar.

Æfingarnar eru ekki erfiðar og henta öllum, jafnt þeim sem eru í íþróttum og hinum sem hafa lítið hreyft sig.

Tími fyrir heilsu

Það er svo gott að byrja hjá OsteoStrong. Maður finnur svo hratt fyrir breytingum og byrjar þá smám saman að skoða í kringum sig eftir fleiri leiðum til að bæta heilsuna og gleðina. Þegar ég lít núna tvö ár aftur í tímann þá má segja að OsteoStrong hafi ýtt við mér að ná markmiði mínu, sem er að vera í toppformi þegar að ég verð fimmtugur. Borða betur, sofa betur, æfa betur. Ég hef enn nokkra mánuði til stefnu og hlakka til,“ segir Helgi, sem er annar eigandi Aha.is.

Helgi segir að eftir æfingarnar hjá OsteoStrong finni hann fyrir miklum liðleika og orkan hefur aukist.

Örn og Svana reka OsteoStrong og eru sífellt að stækka við sig. Ný stöð verður opnuð í Ögurhvarfi í febrúar.

Meðlimir geta átt von á að:

- Auka styrk
- Minnka verki í baki og liðamótum
- Lækka langtíma blóðsykur
- Auka beinþéttni
- Bæta líkamsstöðu
- Auka jafnvægi
- Minnka líkur á álagsmeiðslum

Ný stöð í Ögurhvarfi

OsteoStrong á Íslandi á þriggja ára starfsafmæli um áramótin. Vikulega mæta um 500 meðlimir til þess að styrkja sig og auka orku. „Til viðbótar við stöðina í Hátúni 12 opnum við nýja stöð í byrjun febrúar í Ögurhvarfi. Þannig geta enn fleiri nýtt sér þjónustu OsteoStrong og leiðin er styttri fyrir þá sem koma til dæmis frá Selfossi og Borgarnesi. Við erum mjög spennt yfir möguleikanum á því að fá að þjóna fleiri svæðum á Íslandi og erum alltaf spennt yfir að tala við mögulega samstarfsaðila,“ segir Svanlaug Jóhannsdóttir, annar eigandi OsteoStrong.

Tíminn er núna

OsteoStrong hentar næstum öllum sem geta staðið upp. „Hjá okkur eru til dæmis einstaklingar sem eru að undirbúa sig fyrir Landvættina og á sama tíma einstaklingar sem eru farnir að þurfa að styðjast við göngugrind og allt þar á milli. Það eru svo margir sem að hafa dottið út úr rútínu með sína hreyfingu tengt Covid og þrá að komast aftur af stað. Það er góð hugmynd prófa OsteoStrong núna í skammdeginu og byrja strax að safna styrk fyrir vorið og útiveruna,“ segir Örn Helgason, hinn eigandi OsteoStrong.

73% styrking á ári

„Notendur gera æfingar undir handleiðslu þjálfara í fjórum tækjum sem reyna á allan líkamann,“ segir Svanlaug. „Hreyfingin er lítil en átakið er hins vegar meira en fólk er vant án þess að verða manni nokkurn tíma ofviða. Með nýju áreiti fær líkaminn skýr skilaboð um að byggja sig upp og hefst handa við að þétta bein og styrkja vöðva, liðbönd og sinar. Á einu ári er fólk að meðaltali að styrkja sig um 73%.

Góðar sóttvarnir

Við hugum mjög vel að sóttvörnum og enn sem komið er hefur enginn náð að smitast hjá okkur. Með allt þetta fólk og á öllum þessum tíma hefur það aðeins í tvígang komið fyrir að einstaklingur kom og gerði æfingarnar sínar, en komst að því eftir á að hann var með Covid. Okkur þótti vænt um það þegar annar þeirra sagði við smitrakningarteymið: „Jú, ég fór þangað en það er ekki séns að nokkur smitist þar, OsteoStrong er örugglega mest sótthreinsaði staður á Íslandi,“ segir Örn.

Frír prufutími

„Við bjóðum upp á fría prufutíma á fimmtudögum. Það er gaman að geta sýnt fólki hvað við gerum. Flestir koma til okkar með margar spurningar, en fara frá okkur spenntir, glaðir og með skýra sýn á það hvernig OsteoStrong getur hjálpað þeim,“ segir Örn. ■

OsteoStrong er í Hátúni 12, sunnan megin. Prufutíma má bóka á osteostrong.is og í síma 419 9200.

Fagnar opnun nýrrar stöðvar OsteoStrong í Ögurhvarfi

OsteoStrong fagnar þriggja ára starfsafmæli sínu um þessar mundir. Um 500 manns stunda æfingar vikulega hjá OsteoStrong. Heimsóknin tekur aðeins 20 mínútur í heildina, einu sinni í viku, og þannig bæta meðlimir styrk vöðva, auka jafnvægi, lækka blóðsykur og minnka verki í liðum og baki.

„Við vorum fimmta landið í heiminum til þess að bjóða upp á þessa þjónustu en nú er OsteoStrong komið alls staðar í Skandinavíu og búið að staðfesta samninga í þrettán löndum. Það er verið að gera mjög ýtarlega rannsókn á Karolinska Institutet í Svíþjóð á virkni þessarar leiðar til þess að virkja líkamann og sjálf höfum við á þessum þremur árum fengið svo ofboðslega góða innsýn inn í það hvernig þetta æfingakerfi getur bætt lífsgæði hjá fólki á öllum aldri. Þá er maður heldur betur kominn með góða ástæðu til að vakna á morgnana," segir Svanlaug Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri OsteoStrong.

Svanlaug Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri OsteoStrong, er þakklát fyrir allar árangurssögur meðlima sinna.

MYNDIR/ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR

Stress á Íslandi

„Við kynntumst OsteoStrong á námskeiði í Bretlandi þegar við vorum nýflutt heim til Íslands frá Spáni. Þá fannst okkur svo mikið stress hérna heima og álagið á heimilum mikið. Okkur fannst að með því að bjóða upp á þjónustu OsteoStrong sem tæki stuttan tíma en byði upp á góðan árangur værum við að gera þjóðþrifaverk sem allir gætu grætt á," bætir hún við.

Styður til vaxtar

„Það eru margir sem hafa valið að gera OsteoStrong hluta af sínum lífsstíl en sumir koma reglulega í nokkra mánuði. Mér finnst bara skipta mestu máli að fólki geri þetta nákvæmlega eins og styður það sjálft best. Sumir eru að undirbúa sig fyrir einhver afrek og þá getur OsteoStrong stutt við þá á leiðinni og minnkað líkur á meiðslum, sumir blanda saman OsteoStrong og annarri hreyfingu og svo er annar hópur sem getur ekki stundað aðra hreyfingu en þessa en nær samt að vaxa og styrkja sig. Það gleður mig að sjá alla þessa hópa hlið við hlið," upplýsir Svanlaug.

Munur á milli landa

„OsteoStrong er franchise frá Bandaríkjunum en á sama tíma grasrótarfyrirtæki í vexti og í raun fjölskyldufyrirtæki á Íslandi. Við erum með einkaleyfi fyrir rekstrinum á Íslandi og fengum því frá fyrirtækinu þennan virðulega titil „Masters of Iceland". Það er mikill munur á því hvað hentar á milli landa og munur á því hvað má segja í markaðsefni. Þess vegna höfum unnið okkar efni að mestu leyti frá grunni með aðstoð David Young hönnuði. Það er bæði skemmtileg pælingavinna og gaman að fá að deila alvöru sögum frá alvöru fólki."

Græn þjónusta

„Rekstur OsteoStrong hefur þann frábæra kost að hann er næstum því rusl-frír. Við fáum stóru tækin send við opnun hverrar stöðvar frá Bandaríkjunum en eftir það er næstum eina ruslið sem til fellur við starfsemina bara kaffikorgur frá kaffistofu starfsmanna. Við leitum leiða og þvoum til dæmis klúta í staðinn fyrir að nota bréfþurrkur til þess að sótthreinsa. Mér þykir verðmætt að fá að vera í þannig rekstri. Vita það að við seljum uppbyggingu og lífsgæði og pökkum því inn í góða þjónustu með hlýju og nærgætni," segir Svanlaug.

„Maður getur verið með svo mikið af góðum hugmyndum um það hvernig maður vill hafa fyrirtækið sitt en það er til lítils ef maður fær ekki gott starfsfólk til þess að starfa með sér. Við erum alveg ótrúlega heppin með okkar starfsfólk. Það hefur staðið eins og klettur við bakið á okkur í gegnum þessa ótrúlega skrýtnu tíma og enn hefur enginn smitast í OsteoStrong. Ég hvet þá sem telja að þeim geti liðið vel í starfi hjá okkur að hafa samband sem fyrst - því við erum tilbúin."

Nýja stöðin í Ögurhvarfi verður í glæsilegu húsnæði.

MYND/AÐSEND

OsteoStrong er að bæta við sig stöðvum til að geta þjónað fleirum. Þau eru í Hátúni 12 og opna brátt í Ögurhvarfi.

Hugrakkir meðlimir

„Ég hugsa svo oft hlýlega til fólksins sem var mætt á húninn hjá okkur sama dag og við opnuðum og velti því fyrir mér hvað þau voru rosalega hugrökk. Þá hafði bara einn Íslendingur fyrir utan okkur heyrt um OsteoStrong en í dag mæta flestir af því að vinir þeirra eða ættingjar hafa fengið góðan árangur af því að stunda OsteoStrong. Til að byrja með getur verið erfitt að trúa því að það sé hægt að fá árangur af því að gera eitthvað sem tekur ekki meiri tíma og þá getur hausinn aðeins farið að flækjast fyrir manni. En við fáum árangurs- og gleðisögur á hverjum degi: „Veistu hvað mér tókst á gera?" Þessar sögur geta gert gæfumuninn þegar að maður er þreyttur eftir daginn því þá á maður alltaf óvænt smá auka orku til.

Ný stöð í Ögurhvarfi

Núna í janúar eru þrjú ár síðan að við hófum rekstur. Vikulega mæta um 500 meðlimir til þess að styrkja sig og auka orku og við erum alltaf að bæta við. Til viðbótar við stöðina í Hátúni 12 opnum við nýja stöð í byrjun febrúar í Ögurhvarfi 2. Þannig geta enn fleiri nýtt sér þjónustu OsteoStrong og leiðin er styttri fyrir þá sem koma til dæmis frá Selfossi og Borgarnesi. Við erum mjög spennt yfir möguleikanum á því að fá að þjóna fleiri svæðum á Íslandi og erum alltaf spennt yfir að tala við mögulega samstarfsaðila," segir Svanlaug og bætir við: „Við stefnum á að opna eina stöð á ári í 10 ár þannig að það er eins og gott að halda sér við efnið." ■

Vegna samkomutakmarkana náðist einungis brot af þeim fjölbreytta hóp kvenna sem starfa hjá dk þegar ljósmyndari mætti í höfuðstöðvarnar, en dk er einnig með skrifstofu á Akureyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Við stefnum hátt, því að jafnrétti skiptir máli

Hjá dk hugbúnaði starfar öflugur hópur sérfræðinga, en í hópnum er hlutfall kvenna um 40% og fer ört vaxandi. Þar er lögð mikil áhersla á að jafna kynjahlutföllin og hugbúnaður fyrirtækisins er kominn með kerfi sem aðstoðar fyrirtæki við framkvæmd á jafnlaunavottun.

„Við höfum um langt árabil leitast við að ráða konur til starfa, þar sem við lítum svo á að fjölbreytileiki sé einn af lykilþáttum þess að ná árangri. Við erum líka ákaflega stolt af því að segja frá því að í stjórnendahópi okkar eru kynjahlutföll nú jöfn," segir Hulda Guðmundsdóttir sviðsstjóri sölu- og markaðssviðs.

Jafnt kynjahlutfall sem markmið

„Við hjá dk hugbúnaði leitumst eftir að bæta okkur á hverju ári. Eitt af þeim verkefnum er jafnrétti innan fyrirtækisins og dk hugbúnaður hefur haldið áfram á þeirri vegferð sem hófst fyrir um tveim árum, að auka hlut kvenna innan fyrirtækisins," útskýrir Hulda. „Með markvissum hætti vinnum við þannig að metnaðarfullu markmiði okkar, sem er að ná jöfnu kynjahlutfalli innan fyrirtækisins."

Konum fjölgar í hópi stjórnenda

Konum í hópi stjórnenda fyrirtækisins hefur fjölgað töluvert síðasta árið. Fjölgunin hefur orðið bæði hjá stjórnendum og millistjórnendum. Má þar nefna að Hulda Guðmundsdóttir hefur verið ráðin í stöðu sviðsstjóra sölu- og markaðssviðs og að Kristín Ágústa Kjartansdóttir hefur verið ráðin sem Business Controller í fjármáladeild dk.

Útbreiddasta viðskiptakerfið

„dk hugbúnaður er leiðandi í viðskiptahugbúnaði hér á landi fyrir allar stærðir og gerðir fyrirtækja, þróaður á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður," segir Dagbjartur Pálsson, en hann er framkvæmdastjóri hjá fyrirtækinu.

Dagbjartur Pálsson, framkvæmdastjóri dk hugbúnaðar, og Hulda Guðmundsdóttir, sviðsstjóri sölu- og markaðssviðs, eru stolt af þeim árangri sem hefur náðst við að stuðla að jafnrétti kynjanna hjá fyrirtækinu.

„dk er er alíslenskur hugbúnaður sem var þróaður og smíðaður frá grunni af okkur," segir Dagbjartur. „Það hefur verið reglulegur og góður vöxtur í allri starfseminni okkar nánast frá fyrsta degi og í dag eru yfir 7.000 fyrirtæki með kerfi frá okkur. Bæði mörg af stærri fyrirtækjum landsins og líka meðalstór og lítil fyrirtæki.

dk viðskiptahugbúnaðurinn er langútbreiddasta viðskiptakerfið á íslenskum markaði, með um 45% markaðshlutdeild, en í dag vinna 63 starfsmenn hjá fyrirtækinu," segir Dagbjartur. „Hýsingarþjónusta dk er líka leiðandi á sviði skýjaþjónustu hér á landi. Ekkert fyrirtæki sinnir hýsingarþjónustu fyrir annan eins fjölda fyrirtækja hérlendis og við, en það eru yfir 5.000 fyrirtæki."

Jafnlaunavottun hjá dk

dk hugbúnaður vinnur nú að jafnlaunavottun samkvæmt lögum nr. 150 frá 2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og mun ljúka þeirri vinnu fyrir árslok 2022. Í tengslum við þá vinnu ákvað fyrirtækið að þróa kerfi sem aðstoðar fyrirtæki við framkvæmd á jafnlaunavottun.

Jafnlaunagreining í dk

dk hugbúnaður hefur að undanförnu þróað kerfi til að gera fyrirtækjum sem nota dk launakerfi kleift að greina launamun í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögunum um jafnlaunavottun. Kerfið byggir á opinberum leiðbeiningum um hvernig best sé að framkvæma launagreiningu í samræmi við staðalinn. Stefnt er að því að þessi viðbót við launa- og starfsmannakerfið verði í næstu útgáfu, sem fer í dreifingu í febrúar. Kerfið býður upp á eftirfarandi aðgerðir:

- Setja viðmið fyrir launagreiningu, bæði varðandi starfaflokkun og persónulega þætti.
- Stilla vægi hvers þáttar og ákveða hversu mörg þrep á að nota í hverjum þætti.
- Skrá inn gögn fyrir hvern starfsþátt og persónuþátt fyrir hvern og einn starfsmann.
- Skoða niðurstöður á útreikningi stiga sem reiknuð eru út frá hverjum þætti og þrepum, í formi töflu sem hægt er að senda til vottunaraðila og í formi línurita og greiningar á launamun eftir hverjum þætti og spönn þeirra stiga sem reiknuð hafa verið.

> **„Við hjá dk hugbúnaði leitumst eftir að bæta okkur á hverju ári. Eitt af þeim verkefnum er jafnrétti innan fyrirtækisins og dk hugbúnaður hefur haldið áfram á þeirri vegferð sem hófst fyrir um tveim árum, að auka hlut kvenna innan fyrirtækisins.**
>
> Hulda Guðmundsdóttir

Í töflum sem birta niðurstöður eru sótt gögn úr launakerfinu, bæði um grunnlaun, hlunnindi, viðbótarlaun og heildarlaun, sem og um aðra liði, til dæmis starfshlutfall, starfsaldur, lífaldur, stöðu, kyn og fleiri atriði sem vottunaraðilar og mögulega Jafnréttisstofa nota til að gefa formlega út jafnlaunavottun eða jafnlaunastaðfestingu. ■

dk hugbúnaður

Stjórn Almannaróms. MYND/GOLLI

Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Almannaróms. MYND/SAGA SIG

Máltækni og gervigreind forsenda samkeppnishæfni

Máltækniáætlun stjórnvalda 2018-2022 hefur það markmið að tryggja að íslenska verði nothæf og notuð í stafrænum heimi. Til að svo megi verða hefur Almannarómur byggt upp þá innviði máltækni sem eru nauðsynlegur grunnur allrar nýsköpunar á sviðinu.

Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir stýrir Almannarómi, sem er miðstöð máltækni á Íslandi, óháðri sjálfseignarstofnun sem ber ábyrgð á að framkvæma máltækniáætlun og hefur í því skyni fjárfest 1,4 milljarða króna í uppbyggingu máltækniinnviða. „Markmið okkar er að tryggja framtíð íslenskunnar í stafrænum heimi. Enska er ráðandi í afþreyingarefni, á samskiptamiðlum og ekki síst í samskiptum sem eru við og í gegnum stafræn tæki. Ef ekkert er að gert getum við auðveldlega verið komin í þá stöðu að annað tungumál en okkar eigið verði notað á sífellt stærri sviðum daglegs lífs. Ef tungumál er notað á fáum sviðum þá deyr það að endingu. Þess vegna þurfum við að tryggja að við höfum máltæknilausnir á íslensku, sem gera okkur kleift að tala íslensku við og í gegnum stafræn tæki."

Að sögn Jóhönnu skiptir mestu að við, notendurnir, höfum lausnir í því viðmóti sem við notum dags daglega, hvort sem það er síminn, raddstýrð tæki, samskipti við þjónustuver, raddstýrðar aðgerðir í heimabanka eða önnur þjónusta fyrirtækja og stofnana. „Nú ríður á að við færum þessa grunninnviði út í samfélagið, með því tryggjum við ekki eingöngu framtíð tungumálsins heldur bætum lífsgæði okkar allra. Það eru fyrirtæki og stofnanir samfélagsins sem eru best til þess fallin að greina þarfir neytenda og þess vegna er mikilvægt að fá þau til samstarfs á þessu stigi." Þá sé brýnt að tryggja markvissa aðkomu atvinnulífsins að næstu máltækniáætlun stjórnvalda, með hvatakerfi og virku samstarfi við fræðasamfélagið.

Samsetning stjórnar Almannaróms endurspeglar þessa áherslu. Stefanía G. Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Eyris Vaxtar, er formaður stjórnar en auk hennar er þar að finna Björgvin Inga Ólafsson, ráðgjafa hjá Deloitte og fyrrum framkvæmdastjóra hjá Íslandsbanka, Birnu Ósk Einarsdóttur, framkvæmdastjóra hjá APMT sem var áður framkvæmdastjóri hjá Icelandair. Þá er jafnframt að finna í stjórn Ragnheiði H. Magnúsdóttur, ráðgjafa á sviði upplýsingatækni og stafrænnar innleiðingar, Möggu Dóru Ragnarsdóttur, stafrænan leiðtoga, Snævarr Ívarsson, framkvæmdastjóra Félags lesblindra, Sigurð Nordal, sviðsstjóra stjórnsýslusviðs Hafnarfjarðarbæjar, Pétur Þ. Óskarsson, framkvæmdastjóra Íslandsstofu og rithöfundinn, þýðandann og bókaútgefandann Sverri Norland.

Máltækni og gervigreind

Máltækni fyrir íslensku er ein af forsendum aðlögunar gervigreindartækni í íslensku atvinnulífi og samfélagi. „Gervigreind mun umbylta störfum enn frekar á næstu árum og því er ljóst að máltækni fyrir íslensku verður ein af stoðum samkeppnishæfni fyrirtækja, stofnana og íslensks atvinnulífs á komandi árum," segir Jóhanna Vigdís.

Jóhanna Vigdís segir nokkurn fjölda fyrirtækja hafa þegar hafið þróun máltæknilausna fyrir sína viðskiptavini. Meðal þeirra sé Síminn, sem vinni að því að gera notendum kleift að stjórna afruglara Sjónvarps Símans með raddstýringu í gegnum app Símans. Þróun Símans byggir á innviðaverkefnum í talgreiningu, talgervingu og málföngum. Þá hefur Almannarómur haft frumkvæði að fyrirhuguðu samstarfi íslenskra fjölmiðla um sjálfvirka skjátextun sjónvarpsefnis á ensku. Vonir eru bundnar við að tauganet sem verða notuð við vélþýðingar geti lært að þýða sjónvarpsefni með fullnægjandi hætti. Sjálfvirk skjátextun byggir á innviðaverkefnum í vélþýðingu, talgreiningu mállíkönum og málföngum.

„Síðan eru viðræður í gangi við ýmis fyrirtæki um fjölda verkefna. Má þar meðal annarra nefna vegvísun á íslensku, betri vöruleit á vefnum, rauntímaþýðingar á tölvuleik yfir á íslensku, málrýni og leiðréttingar texta fyrir fréttavefi og fréttastofur, raddstýringar í smáforriti banka, og þýðingar opinberra stofnana á ensku og pólsku," segir Jóhanna Vigdís.

Innviðirnir fyrst

Annað hlutverk Almannaróms er að sjá til þess að máltæknilausnir fari út í samfélagið. Jóhanna Vigdís segir að til þess að svo verði þurfi öflugt samspil fræðasamfélagsins og atvinnulífsins. Þetta sé einmitt það sem eigi sér stað í Almannarómi. Þar komi saman háskólar og öflug fyrirtæki.

Árið 2019 samdi Almannarómur við rannsóknar- og þróunarhópinn SÍM, sem stendur fyrir Samstarf um íslenska máltækni, um að framkvæma fyrsta stig uppbyggingar máltækniinnviða. „Samstarfið við SÍM hefur gengið afar vel, enda er þar að finna öfluga einstaklinga," en að sögn Jóhönnu starfa í dag um sextíu manns að rannsóknum og þróun í samstarfi við Almannaróm. SÍM er samsett af háskólum og sprotafyrirtækjum en þar eru Háskóli Íslands, Árnastofnun, Háskólinn í Reykjavík, Miðeind, Grammatek, Tíró, Hljóðbókasafnið, Creditinfo, RÚV og Blindrafélagið.

> **Gervigreind mun umbylta störfum enn frekar á næstu árum og því er ljóst að máltækni fyrir íslensku verður ein af stoðum samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs á komandi árum.**
>
> Jóhanna Vigdís

Allir innviðir máltækniáætlunar, sem smíðaðir eru af rannsóknar- og þróunarhópnum SÍM, eru gefnir út undir opnum leyfum með leyfi til hagnýtingar. Talsverður fjöldi innviða máltækni er nú kominn á þann stað að fyrirtæki og samfélagið allt geti nýtt þá til nýsköpunar í þágu almennings og verðmætasköpunar. Að sögn Jóhönnu eru íslensk fyrirtæki því í góðri stöðu nú til að efla þjónustu við neytendur og byggja á þeim máltækniinnviðum sem hafa verið smíðaðir.

Almannarómur var stofnaður 2014 og 26 fyrirtæki, háskólar og stofnanir komu að því. Tilgangurinn er sem fyrr segir að vernda íslenskuna í stafrænum heimi. Meðal stofnenda eru mörg stærstu fyrirtæki landsins. Þar á meðal eru bankar og símafyrirtæki og fleiri fyrirtæki.

Jóhanna Vigdís segir Eirík Rögnvaldsson, prófessor emeritus við Háskóla Íslands, hafa verið mikinn drifkraft og hvatamann á bak við uppbyggingu máltækni á Íslandi. Sama megi segja um Guðrúnu Nordal, forstöðumann Árnastofnunar. „Að öðrum ólöstuðum held ég að megi fullyrða að þau eigi heiðurinn af því að máltækni komst upphaflega á dagskrá og hlaut fjármögnun í sáttmála ríkisstjórnarinnar. Íslenskan og máltækni eru svo aftur sett í forgang í nýjum stjórnarsáttmála."

Góð tengsl við þá stóru

Almannarómur hefur lagt áherslu á að byggja upp tengsl við stærstu tæknifyrirtæki heims í því skyni að koma íslensku inn í viðmót þeirra tækja og hugbúnaðar sem landsmenn nota. Markmiðið er að á næstu tveimur árum muni takast að koma íslensku inn í tækin sem við notum mest í daglegu lífi og störfum.

Nú, þegar innviðir íslenskrar máltækni eru komnir á þann stað að Siri, Alexa og aðrar lausnir erlendra tæknirisa geta nýtt íslenska innviði til að reiða fram íslensku í sínum lausnum, er spurningin meira um vilja en möguleika fyrirtækja, að sögn Jóhönnu Vigdísar. Mikilvægt sé að íslensk stjórnvöld og hagsmuna- og samstarfsaðilar leggi hart að sér til að tryggja að fyrirtækin kjósi að íslenska verði í boði, nú þegar það er hægt. Spurningin hvort tækin tali íslensku sé því hætt að vera spurning um tæknilegan möguleika, heldur snúist málið einfaldlega um það hvort þessi fyrirtæki kjósi að gera það mögulegt.

En hafa þessi risafyrirtæki áhuga á að setja fjármuni og tíma í að sinna litlu tungumáli eins og íslensku?

Að sögn Jóhönnu Vigdísar hafa þessi stóru fyrirtæki verið afar meðvituð um mikilvægi fjölbreytileika. Einnig beri þau ábyrgð. „Ef tungumál deyja út vegna þess að stærri málsvæði taka yfir, þá glatast mikil menningarverðmæti. Tungumál eru menningarverðmæti í sjálfu sér, auk þess sem þau geyma og miðla öðrum menningarverðmætum þjóða heimsins. Það eru svo sannarlega rök fyrir því að þessi stórfyrirtæki, sem setja fjölbreytileika í forgang sinnar stefnu, hafi hag af því að vernda menningarverðmæti ólíkra þjóða og málsvæða. En auðvitað snýst þetta um að sýna fram á að íslenskan eigi að hafa sinn stað í þeirra lausnum."

„Við erum að byggja upp tengsl og samstarf við alþjóðlegu tæknirisana og eigum þegar í áhugaverðum samtölum við þau sem leiða þróun gervigreindar og máltækni hjá Microsoft. Þá eigum við í samtali við Apple, erum að taka fyrstu skrefin með þeim. Fyrrum menntamálaráðherra átti frumkvæði að þeim samskiptum sem við erum að fylgja eftir. Svo erum við með Google og Amazon á sjóndeildarhringnum og þau færast nær," segir Jóhanna Vigdís.

Tækifæri fyrir fatlaða

Máltækni þjónar mismunandi þörfum ólíkra hópa. Hún er gríðarlega mikilvæg fólki með fötlun sem þarf að nýta máltækni bara til að eiga samskipti sem okkur finnast sjálfsögð. „Í gegnum máltækni getur fólk með fötlun leitað sér upplýsinga. Það getur beitt henni til að stýra daglegum athöfnum með því að nýta röddina. Sama gildir um blinda og sjónskerta. Í röðum þeirra er stór hópur sem reiðir sig á máltækni," segir Jóhanna Vigdís.

Þó að áframhaldandi uppbygging og viðhald innviða sé nauðsyn, verði meginþungi næstu máltækniáætlunar að vera á færslu þekkingar og tækni úr háskólasamfélaginu yfir í lausnir á neytendamarkaði, til hagsbóta fyrir samfélagið. Það starf er þegar hafið, á yfirstandandi þriðja verkefnisári.

Eins og sprotafyrirtæki

Um verkefnin frá degi til dags segir Jóhanna Vigdís að mikið sé um þróunarvinnu. „Ég er eins konar brúarsmiður sem vinnur að því að hægt sé að nýta hlutina á hagnýtan hátt. Stór hluti er upplýsingagjöf til að samfélagið sé meðvitað um hvað verið sé að gera og hvers vegna."

Í þessari viku fer lestrarkeppni grunnskólanna aftur af stað. Almannarómur og HR hafa safnað saman röddum í gagnagrunn sem heitir Samrómur. „Þetta er í þriðja sinn sem lestrarkeppnin fer fram og við erum að fá börn og unglinga í grunnskólum til að lesa inn sín raddsýni í gegnum samromur.is.

Forsetahjónin hafa sérstaklega lagt þessu lið og munu opna lestrarkeppnina einmitt í dag. Markmiðið með því að safna þessum röddum er að til verði opið stórt gagnasafn sem allir geti notað til að þróa máltæknilausnir."

Jóhanna Vigdís lauk MBA prófi frá Háskólanum í Reykjavík 2005. Hún er með meistaragráðu frá Edinborgarháskóla í menningarfræði, en allan sinn starfsferil hefur hún verið í störfum sem að mestu byggja á MBA gráðunni. Hún var stýrði fjárfestatengslum og markaðsmálum hjá Straumi fjárfestingarbanka en hætti þar vorið 2008 til að gerast framkvæmdastjóri Listahátíðar í Reykjavík. Frá Listahátíð lá leiðin í Háskólann í Reykjavík þar sem hún var framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar, sí- og endurmenntun og markaðs- og alþjóðastarfs, þar til hún fór í máltæknina í árslok 2018. ■

Reykjavíkur Apótek – apótekið á horninu

Reykjavíkur Apótek er eitt þekktasta vörumerki landsins. Lengi var starfrækt apótek undir því nafni á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis. Það var lagt niður eftir nær 240 ára starfsemi. Árið 2009 var Reykjavíkur Apótek stofnað í Héðinshúsinu að Seljavegi.

Ingibjörg Sigríður Árnadóttir og Margrét Birgisdóttir eigendur Reykjavíkur Apóteks. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

Eigendur Reykjavíkur Apóteks eru lyfjafræðingarnir Margrét Birgisdóttir og Ingibjörg Sigríður Árnadóttir ásamt mönnum sínum Ólafi Adolfssyni, lyfsala á Akranesi og Pétri Þorgrímssyni. Þær standa vaktina sex daga vikunnar og gæta þess að jafnan er hið minnsta önnur þeirra á staðnum. Þær leggja mikla áherslu á að þjónustan sé góð og persónuleg. Reykjavíkur Apótek er hverfisapótek vestast í gamla vesturbænum. Viðskiptavinirnir eru margir hverjir fastakúnnar sem heilsað er með nafni þegar þeir mæta.

„Við leggjum mikið upp úr því að veita góða þjónustu. Margrét hefur staðið vaktina frá 2009 og flestir viðskiptavinir apóteksins þekkja hana," segir Ingibjörg sem kom inn í fyrirtækið fyrir ári en þær eiga Reykjavíkur Apótek saman til helminga.

Þær Margrét og Ingibjörg segja kosti fylgja því fyrir viðskiptavini að versla við sjálfstætt apótek í einkaeigu fremur en starfsstöð stórrar keðju lyfjaverslana. Hér fær fólk þjónustu frá starfsfólki sem það þekkir. „Eins og er vinna hér einungis konur," segir Margrét. „Það er nú ekkert með ráðum gert og við höfum haft karla í vinnu, en svona hittist á núna."

Apótekið á horninu

Segja má að Reykjavíkur Apótek sé eins konar „kaupmaðurinn á horninu" apótek sem þjónar íbúum í gamla vesturbænum og þeim sem starfa þar í nágrenninu. Auk þess býður Reykjavíkur Apótek upp á heimsendingarþjónustu á lyfjum um allt höfuðborgarsvæðið.

„Við sendum heim alla virka daga og eigum marga fasta viðskiptavini í okkar nærumhverfi en einnig á Völlunum í Hafnarfirði, í Mosfellsbæ og allt þar á milli," segir Margrét. „Það er keyrt út á hverjum degi frá klukkan 15 en þá leggur sendillinn af stað og tekur stóran hring" bætir Ingibjörg við.

Í tengslum við heimsendingarnar er talsverð umsýsla, pantanir teknar í gegnum síma eða tölvupóst og lyfin gerð klár til sendingar.

Umsýsla í kringum lyfseðla hefur breyst mikið á síðustu árum. Í raun er gamli lyfseðillinn nær algjörlega horfinn og hefur vikið fyrir rafrænum lyfjaávísunum. Þegar þær Margrét og Ingibjörg voru að stíga sín fyrstu skref í faginu fór mestur tími lyfjafræðinga í að lesa úr mislæsilegum handskrifuðum lyfseðlum auk þess að taka við lyfseðlum í gegnum síma. Þá ritaði lyfjafræðingurinn upp lyfseðla samkvæmt fyrirmælum læknis og gat það tekið drjúga stund, jafnvel 1-2 klukkustundir á dag.

Miklu minni tími fer í símann í dag en áður fyrr. „Fólk hringir stundum til að spyrja hvort það eigi lyf í lyfjagáttinni og biður okkur síðan um að hafa þau tilbúin svo það geti bara lagt fyrir utan, skotist inn til að sækja lyfin og síðan skotist aftur út í bíl. Þetta eru mikið fastakúnnarnir okkar sem eru farnir að þekkja okkur.

Margrét og Ingibjörg námu báðar lyfjafræði við Háskóla Íslands. Að námi loknu hóf Margrét störf í gamla Vesturbæjarapóteki á Melhaga og var þar í þrjú ár áður en hún flutti sig yfir til alþjóðlega lyfjafyrirtækisins Eli Lilly sem var með stóra markaðsskrifstofu á Íslandi. Þar starfaði hún í sjö ár en síðustu árin var apóteksstarfið aftur farið að toga í hana. Margrét er einn af stofnaðilum Reykjavíkur Apóteks á Seljavegi og hefur hún verið lyfsali allt frá opnun í mars 2009.

> **Fólk hringir stundum til að spyrja hvort það eigi lyf í lyfjagáttinni og biður okkur síðan um að hafa þau tilbúin svo það geti bara lagt fyrir utan, skotist inn til að sækja lyfin og síðan skotist aftur út í bíl.**
>
> Margrét Birgisdóttir

Ingibjörg útskrifaðist líka úr lyfjafræði við HÍ, aðeins á eftir Margréti. Eftir nám fór hún til starfa hjá Lyfju. Þar vann hún á nokkrum starfsstöðvum. Að því kom að leiðir hennar lágu til Eli Lilly þar sem þær Margrét urðu samstarfskonur 2004. Úr varð að þær hættu störfum hjá Eli Lilly um svipað leyti. Ingibjörg fór aftur yfir í Lyfju og var þar í tvö ár. Þá eignaðist hún sitt þriðja barn og fór út úr lyfjageiranum í meira en áratug í kjölfarið.

Þegar börnin fóru að stálpast leitaði hugur Ingibjargar aftur út á vinnumarkaðinn og hún réð sig til Reykjavíkur Apóteks sem þá var komið í meirihlutaeigu Haga. Það varð úr að Ingibjörg var ráðin í nýja lyfjabúð í Skeifunni sem starfaði undir merkjum Reykjavíkur Apóteks.

Margrét segir frá því að Hagar hafi svo ákveðið eftir einungis eitt ár að selja frá sér lyfjabúðir sínar og úr hafi orðið að Lyfja keypti útibúið í Skeifunni en þær Ingibjörg keyptu Reykjavíkur Apótek í Héðinshúsinu ásamt félaginu. Þær hafa nú átt fyrirtækið og starfað saman í tæpt ár og eru alsælar með samstarfið.

Persónuleg þjónusta

Þær Margrét og Ingibjörg segja mikinn mun vera milli sjálfstæðra apóteka á borð við Reykjavíkur Apótek annars vegar og stóru lyfsölukeðjanna hins vegar. „Ég held að hvort tveggja hafi bæði kosti og galla," segir Ingibjörg. „Eitt sem vinnur með keðjunum er að þar getur fólk séð birgðastöðu milli verslana og vísað viðskiptavinum á aðra verslun ef einhver vara er ekki til. Við erum bara eitt apótek og við erum hér. Ef eitthvað vantar, sem kemur fyrir en sem betur fer ekki oft, þá bara pöntum við vöruna og hún er yfirleitt komin daginn eftir eða innan örfárra daga. Þetta eru kannski helst þessi dýru líftæknilyf sem við liggjum ekki með." Margrét tekur undir þetta og segir mögulega einhverja hagkvæmni fylgja stærðinni, auk þess sem hægt sé að dreifa kostnaði eins og til dæmis auglýsingakostnaði á fleiri einingar.

Á móti kemur að Reykjavíkur Apótek er lítið einkarekið fyrirtæki í eigu tveggja kvenna, sem sjálfar standa vaktina. Viðskiptavinurinn getur treyst því að eigandinn er á staðnum og stendur og fellur með þjónustunni, alveg eins og hjá kaupmanninum á horninu. „Önnur okkar er alltaf hérna og við erum oft báðar. Við förum aldrei í frí á sama tíma vegna þess að við viljum tryggja að þjónustan sé alltaf sama góða og persónulega þjónustan sem viðskiptavinir okkar búast við og eiga rétt á," segir Ingibjörg og Margrét kinkar kolli til samþykkis og brosir í kampinn.

Þegar viðskiptavinir hringja í Reykjavíkur Apótek svarar alltaf manneskja en ekki símsvari. Engin tölvurödd segir manni að maður sé númer sex í röðinni og símtölum verði svarað í réttri röð. Það er regla fremur en undantekning að það sé eigandinn sem svarar í símann. „Við erum til staðar og svörum í símann. Ef einhver hringir og þarf að tala við lyfjafræðing er biðin sjaldan löng, ef það er þá ekki bara lyfjafræðingur sem svaraði símanum," segir Margrét.

Í stærri apótekum er lyfjafræðingurinn gjarnan á bak við að taka saman lyf sem fara síðan fram í afgreiðslu og viðskiptavinurinn hittir aldrei lyfjafræðinginn. Í Reykjavíkur Apóteki koma lyfjafræðingarnir jöfnum höndum fram og afgreiða lyfin í hendur viðskiptavina þannig að þjónustan er persónulegri og sambandið við viðskiptavini beinna.

Lyfjafræðingar í Reykjavíkur Apóteki eru sérfræðingar um lyf og lyfjanotkun en ekki bara það þeir eru einnig sérfræðingar um allt er snýr að niðurgreiðslu lyfja viðskiptavina sinna. „Það getur sparað viðskiptavinum okkar tugi þúsunda á ári að þekkja rétt sinn í greiðsluþátttökukerfi lyfja og við leggjum okkur fram um að leiðbeina viðskiptavinum okkar um val á lyfjum og að sækja rétt sinn til greiðsluþátttöku hins opinbera í lyfjum, þar erum við sérfræðingar" segir Margrét. Í Reykjavíkur Apóteki er einnig mikil þekking á sykursýkilyfjum, en Margrét er greind með sykursýki 1. „Þetta þýðir að ég þarf að sprauta mig með insúlíni og fylgjast mjög vel með sykurgildum mínum. Fyrir vikið þekki ég mjög vel til á þessu sviði og get deilt reynslu minni með öðrum sykursjúkum. Það skiptir máli að sá sem afgreiðir einstakling með sykursýki sé vel að sér meðal annars vegna þess að tæki og áhöld sem nota þarf geta verið mjög mismunandi og erfitt fyrir þá sem ekki þekkja vel til að rata í þessum frumskógi, sérstaklega þá sem nýlega hafa verið greindir með sykursýki."

Leiðbeina viðskiptavinum

Covid hefur haft áhrif á lyfsölugeirann eins og alla aðra geira samfélagsins. Apótek gegna ekki hlutverki varðandi dreifingu bóluefna en frá því að faraldurinn skall á hefur sala aukist á handspritti, hönskum, grímum og nú síðast heimaprófum. Þá hafa heimsendingar aukist mjög og var það mest í byrjun þegar fólk var hræddara en það er í dag og veigraði sér við að fara út ef það komst hjá því. Þetta hefur aftur aukist upp á síðkastið þegar svo margir eru í einangrun og sóttkví sem raun ber vitni.

„Okkur þykir vænt um viðskiptavinina okkar og viljum þjóna þeim vel," segir Margrét og Ingibjörg grípur boltann á lofti og bætir við: „Við reynum að brosa á bak við grímuna og finnst gaman að við þekkjum marga af okkar viðskiptavinum svo vel að við heilsum þeim með nafni." Þær segja að meðal þess sem felst í þjónustu þeirra við viðskiptavini sé að leiðbeina þeim eftir kostum „Allir sem nota lyf eiga að velja sér eitt apótek til að skipta við, jafnvel að eiga sinn lyfjafræðing sem þekkir til þín og lyfjasögu þína, það tryggir ákveðna samfellu og eftirlit með lyfjagjöf og getur komið í veg fyrir mistök í lyfjatöku. Við erum síðasta varnarlínan til að uppgötva mistök áður en viðskiptavinur fær lyf í hendur" segir Ingibjörg.

Nú er búið að opna apótekið, viðskiptavinir farnir að streyma inn og síminn farinn að hringja svo þær Margrét og Ingibjörg verða að snúa sér að því að þjóna þeim. Við þriðju manneskju standa þær og afgreiða viðskiptavini og brosið og starfsgleðin leynir sér ekki bak við grímuna. ■

100% RAFMÖGNUÐ ÍTÖLSK HÖNNUN

FALLEGASTI SNATTARINN FYRIR FYRIRTÆKI
OG EINSTAKLINGA. TIL Í TVEIMUR ÚTFÆRSLUM.

LA PRIMA
Glæsileg útgáfa af tímalausri ítalskri hönnun. Glerþak, aukahurð og leðursæti. Hlaðinn tækninýjungum, og aukabúnaði sem hentar öllum þeim sem kjósa rafmagnaðan lífsstíl.

Drægni allt að 433 km
85 kw hraðhleðsla
3+1 aukahurð
Sjálfskiptur, framdrifinn

Verð 5.199.000 kr

ACTION
Traustur, rafmagnaður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem vilja komast leiðar sinnar á öruggan hátt og leggja sitt af mörkum til umhverfisins.

Drægni allt að 257 km
50 kw hraðhleðsla
3 dyra
Sjálfskiptur, framdrifinn

Verð 3.999.000 kr.

ISBAND

UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • FIAT.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

FIAT

Auður Ýr Sveinsdóttir, Ingibjörg Arnarsdóttir og Þórhildur Rún Guðjónsdóttir starfa allar sem stjórnendur hjá Isavia.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Reiðubúin fyrir eftirspurn framtíðarinnar

Þórhildur Rún Guðjónsdóttir er forstöðumaður viðskipta- og markaðsmála hjá Isavia. Hún telur að helstu áskoranirnar þegar hún tók við starfinu hafi verið að byrja í miðjum heimsfaraldri og vera ábyrg fyrir viðskiptatekjum, þegar engir farþegar voru í húsi og áskorun að halda uppi þjónustustigi þegar erfiður rekstrargrundvöllur er fyrir rekstraraðilana.

„Mínar deildir bera ábyrgð á tekjum Isavia frá öðru en sjálfu fluginu, aðallega frá verslunum, veitingum, samgöngum, bílastæðum og húsaleigu.Við höldum utan um viðskiptaþróun og erum því sífellt að meta þarfir farþega og heppilegt þjónustuframboð til að upplifun farþega sé góð af flugvellinum, “ segir Þórhildur.

„Það hefur komið mér á óvart hvað umhverfið er hvikult og breytist hratt og hvað þeir sem starfa á flugvellinum þurfa að geta brugðist skjótt við þegar t.d. farþegafjöldi breytist eða regluverk. Það er þó þessi lifandi geiri sem gerir það einmitt spennandi að starfa á Keflavíkurflugvelli.

Mikil tækifæri fram undan

„Fram undan eru mikil og spennandi tækifæri í aðstöðu fyrir mögulega viðskiptafélaga. Við erum að stækka flugstöðina og við það skapast fjöldi rýma sem verða boðin út fyrir spennandi rekstur. Á þessu og næsta ári eru jafnframt margir samningar að renna út svo ný útboð á núverandi aðstöðu opnast einnig. Öll ný viðskiptatækifæri fara í gegnum opið og gagnsætt útboðsferli samkvæmt alþjóðlegum reglum um veitingu sérleyfa. Ég vona að fyrirtæki séu að fylgjast með þeim tækifærum sem bjóðast fyrir rekstur á Keflavíkurflugvelli. “

„Við höfum því miklar væntingar um að Ísland verði aftur mjög áhugaverður staður til að heimsækja og fundum það strax sl. sumar að áhugi flugfélaga og ferðamanna er til staðar. Við erum að búa okkur undir að taka á móti þeim og höfum því ráðist í stækkun til að geta annað eftirspurn í framtíðinni. Með því munum við geta tekið á móti fleiri farþegum og ferðamönnum, sem hefur jákvæð áhrif á efnahag Íslendinga,“ segir Þórhildur að lokum.

Mjög fjölbreytt starfsemi

Auður Ýr Sveinsdóttir gegnir stöðu forstöðumanns flugverndar á Keflavíkurflugvelli. Þegar hún tók við starfinu voru helstu áskoranirnar að taka við stórum hópi starfsmanna án þess að fá tækifæri til að hitta þá reglulega vegna Covid-takmarkana sem hafa verið í gildi.

Til að tryggja samfellu í rekstrinum var starfseminni skipt upp í hópa og hefur samgangur milli vaktahópa verið lítill í langan tíma sem hefur vitanlega áhrif á allt starfsfólk.

Aðspurð segir Auður að margt hafi komið henni skemmtilega á óvart:

„Ég þekkti lítið til starfseminnar áður en ég réði mig til starfa og það hefur komið á daginn að hér er einstakt starfsfólk og spennandi verkefni sem þarf að sinna í síbreytilegu flugumhverfi,“ segir Auður. „Starfsemin á Keflavíkurflugvelli er mjög fjölbreytt, áskoranirnar margbreytilegar og því engir tveir dagar eins og það á einstaklega vel við mig. Þá kom það mér skemmtilega á óvart að ég get tengt margt úr mínum fyrri störfum hjá hinu opinbera, í áliðnaði, sjávarútvegi og hátækniiðnaði, við starfsemina hér og er virkilega gaman að sú reynsla komi sér vel í nýja starfinu.“

Erum í skemmtilegum uppbyggingarfasa

„Ég hóf störf hjá Isavia á Keflavíkurflugvelli í byrjun febrúar 2021. Þetta var á þeim tíma sem fréttir voru um að þróun fyrsta bóluefnisins væri loksins lokið og flestir bjartsýnir um að nú færi að rofa til og betri tímar væru fram undan. Starfsmannafjöldi í flugvernd var mjög lítill vegna skertrar flugumferðar og því var farið strax í það skemmtilega verkefni að ráða stóran hóp af fyrrverandi og nýjum starfsmönnum til að geta þjónustað aukinn fjölda ferðamanna og meiri flugumferð. Flugvernd er stærsta deild Isavia með um 300 starfsmenn í dag.

Eins og gefur að skilja þá er mikil áskorun fólgin í því að elta sífelldan breytileika í flugumferð undanfarin 2 ár. Nú erum við í skemmtilegum uppbyggingarfasa, jákvæð og spennt fyrir framtíðinni og með fullt af frábæru starfsfólki. Allt starfsfólk fyrirtækisins er á sameiginlegri vegferð sem snýr að því að koma auga á tækifæri til að bæta samskipti og menningu félagsins. Ég er fullviss um að sú vinna muni skila sér í framúrskarandi vinnustað sem mun bjóða viðskiptavinum og samstarfsfyrirtækjum Isavia upp á spennandi ferðalag.“

Fjölbreytileiki og metnaður

Ingibjörg Arnarsdóttir er framkvæmdastjóri fjármála og mannauðs hjá Isavia og hóf störf hjá fyrirtækinu fyrir rúmu ári síðan, þegar nær allt flug lá meira og minna niðri vegna Covid. Að hennar sögn var það áskorun í sjálfu sér að halda flugvellinum opnum og starfseminni gangandi. Hún valdi þó að horfa fyrst og fremst á þessa stöðu sem tækifæri til að byggja fyrirtækið upp aftur – að hugsa hlutina upp á nýtt.

„Við þurftum því miður að horfa á eftir frábæru samstarfsfólki út af Covid, en höfum hægt en örugglega verið að endurráða í bland við nýráðningar, þar sem við höfum leitast við að laða nýja þekkingu til fyrirtækisins. Covid hefur virkað sem hraðall fyrir mörg umbreytingarverkefni hjá Isavia og svo bætast við framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Hvort tveggja eykur fjölbreytileika og tækifærin sem liggja í þeim störfum sem við bjóðum upp á. Enda finnum við fyrir ásókn í að taka þátt í þeim verkefnunum sem eru fram undan hjá félaginu og þar mun reyna á okkar flotta mannauð, sem stýrir þeirri vinnu af mikilli festu,“ segir Ingibjörg.

> **Með aukinni flugumferð þurfum við líka að fjölga í framlínu okkar og því erum við reglulega að leita að fólki til að taka þátt í að veita samstarfsfólki, farþegum, flugfélögum og viðskiptafélögum okkar góða þjónustu á Keflavíkurflugvelli.**
>
> Ingibjörg Arnarsdóttir

Umfangsmikil starfsemi

„Það er gott að upplifa þann fjölbreytileika og metnað sem einkennir mannauð Isavia. Hjá félaginu starfar fólk með ótrúlega fjölbreytta þekkingu og bakgrunn, sem endurspeglar fjölbreytt hlutverk félagsins – hvort sem það er á sviði daglegs reksturs, hugbúnaðargerðar eða mannvirkjagerðar. Það er skemmtilegt að upplifa hversu mikla ástríðu starfsfólkið hefur fyrir flugrekstri – þótt starfsemin sé umfangsmikil og við komum úr ólíkum áttum þá finnum við öll svo sterkt fyrir sameiginlegu hlutverki, að koma fólki á áfangastað, og það er hreinlega smitandi.

Við höfum eins og önnur fyrirtæki sem starfa við ferðaþjónustu þurft að haga seglum eftir vindi. Engu að síður hefur okkur tekist vel til við að halda rekstrinum gangandi, þrátt fyrir litlar sem engar flugsamgöngur á tímabili og tekist að nota tímann vel til að endurhugsa og endurskipuleggja það sem betur mátti fara.

Við vinnum að umfangsmiklum og mikilvægum framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli, þar sem við erum að stækka bæði flugstöðina og vinna að uppbyggingu á flugvallarsvæðinu. Svona stór framkvæmd kallar á að við þurfum að ráða töluverðan fjölda af háskólamenntuðu fólki, ekki síst einstaklinga með verk- og tæknifræðimenntun. Störf við framkvæmdir af þessari gerð og stærðargráðu eru fátíð á Íslandi og þau eiga án efa eftir að opna mörgum tækifæri inn í framtíðina, bæði hér heima og erlendis.

Með aukinni flugumferð þurfum við líka að fjölga í framlínu okkar og því erum við reglulega að leita að fólki til að taka þátt í að veita samstarfsfólki, farþegum, flugfélögum og viðskiptafélögum okkar góða þjónustu á Keflavíkurflugvelli. Við auglýstum til dæmis nýlega eftir starfsfólki í sumarstörf á flugvellinum sem er frábært tækifæri fyrir ungt fólk að sækja sér reynslu og á sama tíma að vinna á lifandi og skemmtilegum vinnustað.“

Að lokum segir Ingibjörg að þau starfstækifæri sem Isavia býður upp á spanni eins vítt svið og hægt er að ímynda sér. ■

Jafnréttismál komin inn á borð allra stjórnenda

Ráður er ráðgjafarstofa sem veitir sérhæfða þjónustu á sviði jafnréttismála til fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga.

„Ég var að læra rekstrarverkfræði í Háskólanum í Reykjavík árið 2012 þegar Jafnlaunastaðall kemur út. HR leggur mikið upp úr nýsköpun og hvetur sína nemendur til að vinna með eigin hugmyndir og þannig byrjaði okkar vegferð.“ segir Gyða Björg Sigurðardóttir um aðdraganda þess að hún fór að sérhæfa sig í jafnlaunamálum.

„Í gegnum námið tengdist ég fyrirtækjum sem voru að byrja að skoða staðalinn í upphafi árs 2013. Síðan í kjölfarið vann ég fjölda verkefna í samstarfi við nemendur úr öllum deildum skólans. Rannís veitti verkefninu nokkra styrki og í lok 2017 stóð ég á krossgötum þegar Jafnlaunastaðall var festur í lög.“

Ráður var stofnað árið 2018 af Gyðu og Önnu Betu Gísladóttur. Frá stofnun hefur Ráður aðstoðað yfir 50 fyrirtæki við að fara í gegnum jafnlaunavottun. „Fyrst til að byrja með voru allir að reyna að átta sig á því hvernig ætti að útfæra og hanna jafnlaunakerfi. Þá var okkar helsta hlutverk að túlka kröfur staðalsins og reyna að útfæra inn í verklag, hanna greiningar og mælikvarða til að starfrækja kerfin. Við lögðum mikið upp úr því að læra af öðrum og viða að okkur þekkingu fyrstu árin,“ útskýrir Gyða Björg.

„Í dag höfum straumlínulagað innleiðingu á Jafnlaunastaðli svo þau verkefni gengur iðulega smurt fyrir sig. Sú reynsla sem hefur hlotist mun nýtast þeim sem eiga eftir að fara í gengum innleiðingu, sem eru til dæmis öll minni fyrirtækin sem hafa tímafrest til lok árs til að klára vottun eða jafnlaunastaðfestingu.“

Gyða Björg Sigurðardóttir hefur sérfhæft sig í jafnlaunastaðlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ný nálgun á launamyndun og ákvarðanir

Frá því að lög um jafnlaunavottun tóku gildi segir Gyða Björg að miklar breytingar hafi orðið á jafnréttismálum innan fyrirtækja.

„Þetta er komið á dagskrá hjá öllum fyrirtækjum í landinu. Þetta er ekki eitthvað sem þau geta sópað undir teppið og látið fram hjá sér fara. Flestir vilja vanda sig og standa vel að þessum málaflokki og þar liggur okkar metnaður einnig,“ segir hún og bætir við að verkefnunum verði þó ekki lokið þegar öll fyrirtæki verða komin með jafnlaunavottun.

> **Flestir vilja vanda sig og standa vel að þessum málaflokki og þar liggur okkar metnaður einnig.**
>
> Gyða Björg Sigurðardóttir

„Þó svo að flest okkar verkefni hingað til hafi snúist um að innleiða ákveðið verklag þá er að færast í aukana að við sinnum reglubundinni þjónustu. Þetta er vegferð sem er ekki lokið með einum stimpli og við lítum á vinnu við okkar viðskiptavini sem langtímasamstarf. Við styðjum við þau í upphafi og svo veitum þeim aðhald til að halda áfram að þróast og bæta sig.

Við höfum einnig tekið að okkur verkefni sem snúa að því að setja upp skjalastýringu og skipuleggja gögn og kerfi. Að láta kerfi tala saman, straumlínulaga og skilgreina ferla. Stefnumótun í jafnréttismálum talar við heildarstefnu fyrirtækja og það er ekki hægt að fara í þessa vegferð án aðkomu æðstu stjórnenda,“ heldur hún áfram.

Falasteen Abu Libdeh gekk til liðs við fyrirtækið á síðasta ári. Falasteen hefur umfangsmikla þekkingu og reynslu á málefnum vinnumarkaðar og stjórnunar.

„Með því að fá hana til liðs við okkur erum við að auka við okkur þekkingu á mannauðssviði og færa okkur yfir í fjölbreyttari verkefni sem snúa meðal annars að sjálfbærni og fræðslumálum,“ segir Gyða Björg.

„Við erum að bæta við okkur mannskap um þessar mundir og ætlum að vera leiðandi í málefnum jafnréttis og sjálfbærni í fyrirtækjarekstri. Þetta er umfangsmikill málaflokkur og snertir alla fleti í rekstri. Fjárfesting fyrirtækja í jafnrétti og sjálfbærni í dag mun skila þeim margföldum ávinningi þegar fram í sækir.“

Að lokum bætir Gyða við að samtal um jafnrétti sé sífellt að breytast og áherslur taki mið af samfélaginu hverju sinni.

„Nýtt verklag tekur tíma að festa sig í sessi og með Jafnlaunastaðli er verið að leggja áherslu á rökstuðning við launamyndun sem metur verðmæti starfa og vinnur markvisst gegn hvers konar mismunun. Breytingar taka tíma og jafnlaunakerfi eru komin til að vera.“ ■

VINNUPALLAR EHF

- ÖRUGGAR LAUSNIR -



JAFNVÆGISVOG FKA 2020 VIÐURKENNING

Vinnupallar minna á að
öryggi er margfalt meira virði en slys og tjón.
Verum vel búin í krefjandi aðstæðum og komum heil heim.

vpallar@vpallar.is • www.vpallar is

Svanhildur Eva Stefánsdóttir og Linda Rós Ragnarsdóttir spila á kaffihúsinu sem var nýlega opnað í versluninni.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Frá upphafi með það að markmiði að opna heim borðspila fyrir fólki.
>
> Svanhildur Eva Stefánsdóttir

Við erum sterkari saman

Þær Linda Rós Ragnarsdóttir og Svanhildur Eva Stefánsdóttir stofnuðu verslunina Spilavini fyrir 15 árum. Þær eru samstilltar í rekstrinum og hafa markað sér skýra stefnu frá upphafi sem hefur skilað sér í auknum spilaáhuga hjá landanum og sívaxandi hópi viðskiptavina.

Vinkonurnar Linda og Svanhildur hafa lengi haft mikla ástríðu fyrir spilum og sú ástríða ýtti þeim út í að opna saman spilaverslun. Verslunin þeirra Spilavinir hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin fimmtán ár og viðskiptavinum fjölgað. Svanhildur segir að miðað við rannsókn sem þær gerðu áður en þær fóru út í reksturinn hafi markaðurinn fyrir spilabúð á Íslandi ekki verið stór, en þær vinkonur létu það ekki stoppa sig og einsettu sér að búa til markaðinn.

„Verslunin var stofnuð á Langholtsveginum svo það lá fyrir að við værum ekki í alfaraleið. Við vissum að við þyrftum að sækja viðskiptavinina og höfum unnið markvisst að því frá upphafi með mikilli kynningarvinnu og kennslu," segir hún.

„Við fórum af stað með skýra hugmynd um að hverju ætti að stefna og við byggjum enn á sömu hugmynd. Strax árið 2007 opnuðum við vefsíðu til að auka aðgengi að versluninni og gefa viðskiptavinum færi á að kynna sér spilin og kaupa að heiman. Svo hafa borðspilakvöld og kennslukvöld verið haldin reglulega frá upphafi með það að markmiði að opna heim borðspila fyrir fólki."

Gjörbreyttur markaður

Svanhildur segir að á þessum fimmtán árum hafi markaðurinn fyrir spil gjörbreyst og að fólk kaupi nú spil allt árið.

„Áður keypti fólk spil bara vikurnar fyrir jólin. Það var ekki heldur mikið verið að gefa spil í afmælisgjafir. Það segir sig sjálft að það er mjög erfitt að vera í rekstri ef fólk kaupir bara spil einu sinni á ári," segir hún.

„En þessi mikla áhersla á að kynna spil fyrir fólki og að kynna þessa upplifun sem það er að spila saman, hefur skilað sér í því að fólk er að leita til okkar á öllum árstíðum. Fólk kemur oft til að finna spil fyrir sumarbústaðaferðir svo það er líka mikið að gera á sumrin hjá okkur. Eins hafa fyrirtæki byrjað að gefa spil í gjafir til starfsmanna svo starfsfólk geti átt góðar samverustundir með fjölskyldu og vinum," heldur hún áfram.

Spil í meginstraumi afþreyingar

„Í dag eru borðspil í meginstraumi afþreyingar enda ýta þau undir samveru fólks á öllum aldri. Spil hafa líka mikið breyst frá því sem áður var, þau hafa þróast eins og allt annað, og úrvalið er mjög fjölbreytt. Þú getur fengið spil fyrir einn leikmann og annað þar sem hentar allt að 10, spil sem tekur klukkutíma og annað sem klárast á kortéri. Svo eru samvinnuspil sem eru ný fyrir mörgum en þar vinna leikmenn saman að ákveðnu markmiði og eru ekki að keppa hver á móti öðrum. Það eru til ótal spil í dag þar sem börn og fullorðnir spila saman og allir hafa gaman af," segir Svanhildur.

Spil þjálfa mikilvæga hæfileika

Svanhildur segir að um leið og spil séu skemmtileg afþreying þá er margt sem lærist af þeim.

„Spil þjálfa félagsfærni, rökhugsun, einbeitingu, samvinnu og margt fleira. Við bendum viðskiptavinum, oft kennurum, á ýmis spil sem hægt er að læra af þó spilin séu ekki hugsuð sem kennsluefni."

„Einu sinni vorum við Linda með spilakennslu í kennslustund, og var mikið fjör og gaman. Eftir tímann heyrði ég á tal tveggja stráka þar sem annar sagði: „Vá, hvað var gaman! Við lærðum ekki neitt!", en samt voru þeir búnir að vera að vinna með stærðfræði, samvinnu og heilmargt fleira í meira en klukkutíma."

Traust viðskiptavina dýrmætt

Vegna áherslunnar sem Svanhildur og Linda hafa lagt á að finna spil sem hentar hverjum viðskiptavini er fólk farið að treysta Spilavinum og kemur þangað til að fá ráðleggingar þegar kaupa á nýtt spil, hvort sem það er í eigið safn eða sem gjöf.

„Það er okkur mjög dýrmætt að fólk treysti okkur fyrir sinni samverustund með fjölskyldu og vinum. Við trúum því að allir geti fundið spil við sitt hæfi. Ef spurningar vakna þá er gripið í opið eintak af spilinu og rennt yfir hvernig það virkar. Þetta höfum við alltaf gert," segir Svanhildur.

„Áður vorum við alltaf á ferðinni að kenna spil og með reglulega viðburði tengda spilum og spilamenningu, en höfum ekki gert það síðasta eina og hálfa árið út af faraldrinum. En við erum að prófa okkur áfram með því að búa til myndbönd þar sem við kennum á spil og höfum þá verið að nýta vefsíðuna okkar og bloggið. Eins leggjum við áherslu á að finna myndbönd sem útskýra spilin, svo auðveldara sé að finna spil sem hentar. Þetta er allt að finna á vefnum okkar."

Fyrsta spilakaffihús landsins

Í fyrrasumar opnuðu þær fyrsta borðspilakaffihús Íslands, inni í verslun Spilavina. Það kann að hljóma undarlega að opna kaffihús í miðjum Covid-faraldri, en langur aðdragandi var að verkefninu, hugmyndin hafði verið lengi í undirbúningi og vinnan komin langt á veg þegar samkomutakmarkanir fóru í gang.

„En svo hafa komið tækifæri inn á milli til að opna, og hefur það gengið vel. Á kaffihúsinu getur fólk fengið sér kaffibolla og sest niður og spilað." Hægt er að velja úr miklum fjölda opinna spila í kaffihúsinu en Svanhildur segir eitt stærsta spilasafn landsins vera í versluninni hjá þeim.

„Við höfum frá upphafi verið með skýra langtímahugmynd um fyrirtækið okkar, og byrjuðum strax að safna spilum í spilasafnið fyrir 15 árum síðan. Þetta er því dágott safn af alls kyns spilum og alltaf að bætast ný spil við safnið," segir Svanhildur.

Spilavinafjölskylda

Svanhildur leggur áherslu á að Spilavinir eru fjölskyldufyrirtæki. Fjölskyldumeðlimir þeirra Svanhildar og Lindu hafa verið viðloðandi fyrirtækið frá upphafi í ýmsum störfum, og starfsfólk sem hefur unnið hjá fyrirtækinu verður hluti af Spilavinafjölskyldunni.

Svanhildur segir samvinnu þeirra vinkvenna hafi gengið vel undanfarin fimmtán ár og að þær bæti hvora aðra upp.

„Ástríða okkar er sú sama og okkur finnst gott að vinna saman. Við vitum hvers við ætlumst til af hvor annarri og höfum skipt hlutverkunum á milli okkar. Það ríkir mikill skilningur og umhyggja okkar á milli. Við erum ólíkar en við lítum á það sem styrkleika og pirrum okkur ekki á því. Fyrirtækið hefur vaxið með okkur og við með því. Við erum sterkari saman." ■

Þær Svanhildur og Linda hafa komið upp einu stærsta spilasafni landsin í verslun sinni.

Í kjallara Spilavina er góð aðstaða fyrir börn og fullorðna að eiga notalega samverustund.
MYND/AÐSEND

Jónína Waagfjörð, sviðsstjóri ráðgjafar og atvinnutengingar hjá VIRK segir marga nýta sér starfsendurhæfingu samhliða vinnu.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Starfsendurhæfing samhliða vinnu

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun stofnuð árið 2008 af helstu samtökum stéttarfélaga og atvinnurekenda á vinnumarkaði sem hefur það hlutverk að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

Rétt á þjónustu VIRK eiga þeir einstaklingar sem ekki geta sinnt starfi sínu að hluta eða öllu leyti eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsubrests. Einstaklingar þurfa beiðni eða vottorð frá lækni til að koma í þjónustu og einnig að hafa það að markmiði að vilja verða virkur þátttakandi á vinnumarkaði eða að auka þátttöku sína á vinnumarkaði.

Undanfarin misseri hefur aukin áhersla verið lögð á starfsendurhæfingu samhliða vinnu hjá VIRK. Jónína Waagfjörð, sviðsstjóri ráðgjafar og atvinnutengingar hjá VIRK, segir starfsendurhæfingu samhliða vinnu hafi alltaf staðið til boða hjá VIRK og margir hafi nýtt sér þann möguleika. Vinnan sjálf getur oft verið besta úrræðið í starfsendurhæfingunni en rannsóknir hafa einmitt sýnt að úrræði sem tengjast vinnustaðnum eru oft árangursríkari. „Það að fá tækifæri til að draga úr starfshlutfalli og sækja starfsendurhæfingu samhliða vinnu getur reynst mjög árangursríkt fyrir marga. Þá stígur fólk aldrei alveg frá vinnustaðnum heldur er reynt að aðlaga starfið að getu einstaklingsins, yfir ákveðinn tíma.

Í byrjun starfsendurhæfingar þarf oft að draga enn frekar úr starfshlutfalli en eftir því sem líður á tímann getur starfshlutfallið orðið stærra og þá fækkar oft úrræðum sem einstaklingurinn sækir. Markmiðið er að ná aftur upp í fyrra starfshlutfall.

Þjónustuþegar VIRK sem nýta sér starfsendurhæfingu samhliða vinnu þurfa að hafa tíma til að sækja viðeigandi úrræði auk þess sem mikilvægt er að geta hvílt sig og safnað kröftum. Þess vegna geta þeir ekki verið í fullri vinnu eða námi samhliða starfsendurhæfingunni. Að taka virkan þátt í starfsendurhæfingu þarf sinn tíma og það er erfitt ef viðkomandi er í fullu starfi eða námi," segir Jónína.

Ferlið er sérstaklega sniðið að þörfum einstaklingsins

Jónína segir starfsendurhæfingu samhliða vinnu geti komið til greina fyrir starfsmenn sem eiga erfitt með að skila vinnu sinni á fullnægjandi hátt vegna heilsubrests. „Oft er vinnustaðurinn þegar búinn að koma til móts við starfsmanninn með aðlögunum á vinnustað, vinnutíma og/eða verkefnum sem hefur ekki náð að breyta starfsgetu starfsmannsins. Þá væri kannski gott að skoða starfsendurhæfingu samhliða vinnu.

Mögulega þarf að draga enn frekar úr starfshlutfalli í byrjun en síðan er hægt að auka það á stigvaxandi máta eftir því sem starfsmanninum fer að líða betur. Lengd starfsendurhæfingar er hugsuð að jafnaði í 6–8 mánuði en ferlið er sniðið að þörfum einstaklingsins og því getur það verið styttra eða eitthvað lengra en lagt er upp með í byrjun."

Stefnt sé að sama markmiði hvort sem fólk er að sækja starfsendurhæfingu með vinnu eða hefur farið alveg af vinnumarkaðinum – að ná heilsu aftur til að verða virkur þátttakandi á vinnumarkaði. „Þannig að starfsendurhæfingin og þau úrræði sem standa einstaklingnum til boða eru þau sömu. Það sem er frábrugðið í þeim tilfellum þar sem vinnustaðurinn tekur þátt í ferlinu að möguleiki er á aðlögun á vinnustað, vinnutíma og/eða verkefnum og vinnustaðurinn styður starfsmanninn í gegnum allt ferlið."

Skipulagið þarf að virka fyrir starfsmann og vinnustað

Sérfræðingur frá VIRK, starfsmaðurinn og yfirmaður hans á vinnustaðnum komi að því að skipuleggja ferlið hvað varðar stigvaxandi endurkomu í fyrra starfshlutfall. „Skipulagið þarf að virka fyrir bæði starfsmanninn og vinnustaðinn og saman verður til stigvaxandi virkniáætlun sem allir viðkomandi telja að muni geta gengið upp. Sérfræðingur frá VIRK fylgir síðan þjónustuþeganum eftir á vinnustaðnum.

Endurmat á virkniáætlun á vinnustað á sér stað reglulega í gegnum starfsendurhæfingarferlið. Auðvitað koma stundum upp aðstæður sem kalla á endurmat á áætlun og þá er bókaður tími til að fara yfir hlutina. Niðurstaða þessara funda getur verið að halda áætlun eins og sett var upp í byrjun eða gefa í eða draga úr allt eftir því hvernig gengur hjá starfsmanninum í starfsendurhæfingunni."

Áhugahvöt og virk þátttaka einstaklingsins skiptir miklu máli

Eins og í allri starfsendurhæfingu þá skiptir áhugahvöt einstaklingsins miklu máli og segir oft mest til um hvernig muni ganga þ.e. hvort einstaklingnum takist að snúa aftur í sitt fyrra starfshlutfall. „Rannsóknir sýna að áhugahvöt hefur mikið forspárgildi hvað varðar endurkomu til vinnu eftir starfsendurhæfingu. Því er virk þátttaka þjónustuþega í öllum úrræðum mjög mikilvæg, hvort sem það er hjá hinum ýmsu fagaðilum (t.d. sálfræðingum, sjúkraþjálfurum, hópúrræðum) eða hjá ráðgjafa VIRK.

Þátttaka starfsmanns á vinnustaðnum eftir því sem hann getur er líka mjög mikilvæg til þess að starfsendurhæfingin skili tilhlýðilegum árangri. Þar sem vinnustaðurinn er með í ferlinu, þá skiptir það öllu máli að stjórnendur hafi samþykkt að vera með og séu tilbúnir að koma til móts við starfsmanninn með vinnuaðlögun að getu hans sem stundum þýðir að það þarf að fara tvö skref aftur til þess að taka þrjú skref áfram. Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi þess að gefa kost á vinnuaðlögun til að auðvelda starfsmönnum að snúa aftur til vinnu og skila vinnu sinni á fullnægjandi hátt."

Skilyrði starfsendurhæfingar

Allir sem telja sig þurfa starfsendurhæfingu hjá VIRK þurfa að skila vottorði frá lækni þar sem fram kemur staðfesting á heilsubresti sem hindri fulla þátttöku á vinnumarkaði. „Eins og fyrr segir þá geta þjónustuþegar ekki verið í fullri vinnu eða námi samhliða starfsendurhæfingu og erum við meira að horfa til starfshlutfalls í kringum 60–70%, eða lægra, ef einstaklingar stefna á starfsendurhæfingu samhliða vinnu. Í sumum tilfellum þarf að byrja í enn lægra starfshlutfalli sem síðan er aukið í ferlinu upp í fullt starfshlutfall eða fyrra starfshlutfall ef einstaklingur var í hlutastarfi.

Allar upplýsingar um starfsendurhæfingu hjá VIRK má finna á vefsíðu VIRK (virk.is). Ef einstaklingar vilja og hafa fengið samþykki á sínum vinnustað til að taka þátt í starfsendurhæfingu samhliða vinnu þá er mikilvægt að þeir láti starfsendurhæfingarráðgjafa sinn vita en einnig getur þetta komið fram í beiðninni um starfsendurhæfingu frá lækni viðkomandi.

Þá geta stjórnendur eða einstaklingar sem vilja leita frekari upplýsinga um hvernig koma megi þessu ferli af stað haft samband við sérfræðing í atvinnuteymi VIRK með því að senda tölvupóst á atvinnutenging@virk.is eða hringt í okkur", segir Jónína að lokum. ■

> Rannsóknir sýna að áhugahvöt hefur mikið forspárgildi hvað varðar endurkomu til vinnu eftir starfsendurhæfingu.

> Það að fá tækifæri til að draga úr starfshlutfalli og sækja starfsendurhæfingu samhliða vinnu getur reynst mjög árangursríkt fyrir marga.

LOGOS – Lögmenn eru líka konur

Lögmannsstofan LOGOS rekur sögu sína aftur til ársins 1907, þegar Sveinn Björnsson, fyrsti forseti Íslands, stofnaði ungur lögfræðistofu eftir nám í Kaupmannahöfn. Fréttablaðið ræddi við fjórar konur í hópi eigenda stofunnar.

Árið 2000 sameinaðist stofan annarri stórri lögmannsstofu og fékk LOGOS þá nafn sitt. LOGOS er stærsta lögmannsstofan á Íslandi og í heildina starfa þar um 70 starfsmenn. Af þeim eru um 50 lögmenn starfandi á skrifstofum lögmannsstofunnar í Reykjavík og London.

Viðskiptalífið í forgrunni

Aðalsérstaða LOGOS er þjónustan við viðskiptalífið. LOGOS er ein fárra stofa á Íslandi sem veita lögfræðiþjónustu sem snertir atvinnulífið í heild sinni. Stór hópur lögfræðinga gerir stofunni kleift að takast á við stærstu verkefnin sem tryggir gæði, reynslu og viðbragðsflýti í alls konar málum.

„Við erum einnig meðvituð um mikilvægi þess að fylgjast vel með straumum og stefnum í lögfræði. Því rekum við okkar eigin skóla innan fyrirtækisins þar sem kennsla fer fram reglulega," segir Áslaug.

> Við erum meðlimir í alþjóðlegum samtökum Lex Mundi og með einu símtali getum við náð sambandi og tryggt viðskiptavinum okkar þjónustu öflugra lögmanna víðast hvar í heiminum.
>
> Helga Melkorka

Alþjóðleg starfsemi

LOGOS starfar á Íslandi sem og út fyrir landsteinana. „Við erum meðlimir í stórum alþjóðlegum samtökum sjálfstæðra lögmannsstofa, Lex Mundi, og með einu símtali getum við náð sambandi og tryggt viðskiptavinum okkar þjónustu öflugra lögmanna víðast hvar í heiminum. Að auki höfum við verið efst á gæðastikunni á Íslandi í mörg ár en erlendir matsaðilar, á borð við Chambers, sem taka út lögmannsstofur, hafa veitt lögmönnum LOGOS sína bestu umsögn og valið LOGOS sem leiðandi lögmannsstofu," segir Helga. ■

Lögmannsstarfið umfram allt þjónustustarf

Guðbjörg Helga Hjartardóttir, eigandi hjá LOGOS, hefur starfað hjá stofunni síðan hún útskrifaðist úr lögfræðinámi frá Háskóla Íslands árið 2004.

„Mín helstu sérsvið eru félagaréttur, fjármögnun fyrirtækja, s.s. lánasamningar, veðréttindi, skuldabréfaútgáfur og þess háttar. Einnig kem ég að samrunum og yfirtökum, þar með talið kaupum og sölu fyrirtækja. Þá vinn ég á sviði fjármálaþjónustu og regluverks, ekki síst fyrir erlenda viðskiptavini. Almennt fer stór hluti af mínu starfi í vinnu fyrir erlend fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Þá er um að ræða fjárfesta, en líka erlenda aðila sem hyggjast taka þátt í fjármögnun eða annars konar samningagerð við íslenska aðila," segir Guðbjörg.

Guðbjörg segir starfið geta verið krefjandi, en að það sé líka það sem lögmenn þrífist svolítið á. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hafði hugsað sér að vinna í banka

„Það var ekki endilega planið hjá mér að vinna á lögmannsstofu eftir námið. Í raun sá ég alltaf fyrir mér að fá vinnu í banka þar sem ég fengi að vinna við mitt áhugasvið. En ég var heppin að fá starf hjá LOGOS 2004 því hér hef ég fengið tækifæri til að takast á við fjölbreytt og krefjandi úrlausnarefni, en um leið sérhæfa mig í því sem ég hef mestan áhuga á," segir Guðbjörg. Árið 2006 aflaði hún sér málflutningsréttinda fyrir héraðsdómi og 2011 lauk hún LL.M.-gráðu frá University College London, með áherslu á Company Law eða félagarétt.

„Starfið hefur verið fjölbreytilegt og maður veit aldrei hvað er á dagskrá hvern dag. Þetta getur auðvitað verið krefjandi starf og mikil vinna, en það er líka það sem lögmenn þrífast svolítið á."

Nýjungar í bransanum

„Helstu nýjungar undanfarið á mínu sviði hafa einkum tengst nýlegri innleiðingu á ýmsum reglum Evrópusambandsins, einkum á sviði fjármálaþjónustu og fjármagnsmarkaða. Þessar reglur munu klárlega hafa mikil áhrif hér á landi næstu misseri.

Hér innanhúss höfum við einnig skerpt á ýmsum áherslum hjá okkur og lagt aukið vægi á ákveðna málaflokka þar sem við getum verið okkar viðskiptavinum enn frekar að liði. Þannig höfum við til dæmis sett aukinn kraft í sérstakt banka- og fjármögnunarteymi þar sem áhersla er lögð á ráðgjöf og skjalagerð sem tengist lánamálum og fjármögnun fyrirtækja. Einnig höfum við verið með fókus á orkumál, en þar er fyrirsjáanlegt að áfram verði mikil gerjun á næstu misserum, ekki hvað síst í tengslum við fyrirhuguð orkuskipti. Þarna skarast mörg ólík réttarsvið, meðal annars félagaréttur, skipulag og uppsetning fyrirtækja, en líka leyfismál, skipulagsmál, eignaréttur og fleira. Stærðin gerir okkur betur kleift að leiða saman hóp starfsfólks með sérhæfingu á ólíkum sviðum og takast á við nýjar áskoranir viðskiptavina okkar hratt og örugglega. Við erum því tilbúin þegar kallið kemur."

Sjónarhorn kynjanna

„Það er gott í öllum rekstri að hlutföll kynja séu sem jöfnust því það er mikilvægt að fá mismunandi sjónarhorn í öllum málum. Viðskiptavinir okkar og samfélagið samanstendur af öllum kynjum og það væri skrítið ef við værum á skjön við það. Það býr líka til heilbrigðara starfsumhverfi fyrir allt starfsfólk enda hefur kynjahlutfall bein áhrif á starfsandann." ■

LOGOS leiðandi á sviði persónuverndar

Áslaug Björgvinsdóttir, eigandi hjá LOGOS, hóf upphaflega störf hjá stofunni árið 2006. Hún er meðal fremstu sérfræðinga landsins á sviði upplýsingatækniréttar, þar með talið í persónuverndarmálum, sem og á sviði hugverkaréttar.

Áslaug kynntist LOGOS í vísindaferð með lagadeild Háskólans í Reykjavík og leist í fyrstu alls ekki á stofuna. „Mér fannst þetta allt eitthvað svo formlegt og stíft og gat ekki hugsað mér að vinna þarna. En eitthvað togaði í mig því ég fór þangað í starfsnám í meistaranáminu. Það varð ekki aftur snúið því það kom fljótt í ljós að þetta var síður en svo stífur og leiðinlegur vinnustaður. Þvert á móti var þar öflugt félagslíf, frábært samstarfsfólk og verkefnin spennandi.

Eftir útskrift 2007 fór ég að vinna sem fulltrúi á stofunni, en tók mér ársleyfi 2011 og fór í framhaldsnám til Stokkhólms. Árið sem ég kom heim varð ég verkefnastjóri og kom svo inn í eigendahópinn 2017. Þetta er því sjötta árið mitt í þeirri stöðu og ég sé ekki fram á annað en að vera hér þar til yfir lýkur," segir Áslaug.

Ört stækkandi svið

Persónuverndin er að sögn Áslaugar sístækkandi svið innan lögfræðinnar og hefur verið stór hluti af verkefnum hennar frá 2016. „Ný persónuverndarlög voru innleidd árið 2018 og hefur verið mikil vinna í tengslum við það. Fyrir tíu árum var fjöldi sérfræðinga í persónuvernd á Íslandi teljandi á fingrum annarrar handar en staðan er allt önnur í dag. Nú er til dæmis orðin til ný stétt sérfræðinga sem gegna hlutverki persónuverndarfulltrúa fyrirtækja og stofnana.

Hugverkarétturinn er líka ört stækkandi svið og helst í hendur við þær breytingar sem hafa átt sér stað í atvinnulífinu síðustu ár. Í dag er hugverkatengdur iðnaður stór hluti af útflutningstekjum Íslands og hafa hugverkatengd verkefni af ýmsu tagi því aukist umtalsvert."

Hvernig viðskiptavini ert þú aðallega að þjónusta?

„Allajafna þjónusta ég meðalstór og stór fyrirtæki, á öllum sviðum atvinnulífsins, en einnig stofnanir ríkisins, sveitarfélög og háskóla. Eðli málsins samkvæmt þurfa allir að framfylgja kröfum persónuverndarlaga, hvort sem við erum að tala um einyrkja og lítil félagasamtök eða stór alþjóðleg fyrirtæki, og þessi fjölbreytileiki er stór hluti af því sem gerir þetta svið svona áhugavert.

Áslaug segir að orðin sé til ný stétt sérfræðinga sem gegna hlutverki persónuverndarfulltrúa fyrirtækja og stofnana. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Í hugverkaréttinum eru viðskiptavinir mínir mikið til framleiðendur, hugbúnaðar- og upplýsingatæknifyrirtæki. Þá aðstoða ég við gerð leyfissamninga og skilmála og er í hagsmunagæslu fyrir framleiðendur, höfunda, rétthafasamtök og fleiri."

Sífellt ný álitaefni

Áslaug segir tímabilið 2017 og 18 hafa verið eftirminnilegt, þegar ný persónuverndarlög tóku gildi. „Afar fá fyrirtæki og stofnanir á Íslandi höfðu búið sig undir nýjar skyldur sem lögin höfðu í för með sér. Í kjölfarið var mikið fjallað um nýjar sektarheimildir Persónuverndar, sem fyrirtæki og stofnanir gátu átt yfir höfði sér í tilviki vanefnda. Því varð algjör sprengja í þessum málaflokki. Dagarnir voru vel pakkaðir frá morgni til kvölds við að sinna ráðgjöf til fjölbreytts hóps fyrirtækja og stofnana. Á sama tíma hélt ég fjölda fyrirlestra og fræðslu-erinda og kenndi einnig hjá Lögmannafélaginu og í háskólanum. Dagarnir voru því oft ansi langir hjá mér, en svona tímabil skilja mikið eftir sig. Ég leyfi mér líka að fullyrða að persónuverndarteymið á LOGOS hefur verið leiðandi á þessu sviði, að aðstoða fyrirtæki og stofnanir við innleiðingu á lögunum og tengdri ráðgjöf.

Jafnvel þó flest fyrirtæki og stofnanir séu langt komin í innleiðingarvinnu er ekkert lát á persónuverndartengdum verkefnum, eðli þeirra einfaldlega breytist. Við erum þannig að ráðleggja fyrirtækjum í tengslum við öryggisbresti, sinna fræðslu, ganga frá vinnslusamningum og sinna hagsmunagæslu gagnvart eftirlitsstjórnvaldinu. Það er spennandi að starfa á réttarsviði sem er svona tiltölulega ungt og í mikilli þróun og maður er sífellt að taka á nýjum álitaefnum." ■

Grænni áherslur varða alla, líka fyrirtæki

Helga Melkorka Óttarsdóttir, eigandi og formaður stjórnar hjá LOGOS, segir að verkefni tengd sjálfbærni séu henni hugleikin og að LOGOS leggi mikla áherslu á þann málaflokk.

Helga hefur starfað í rúm 20 ár hjá LOGOS. Áður starfaði hún hjá Eftirlitsstofnun EFTA í Brussel frá útskrift úr framhaldsnámi. „Síðan hefur minn fókus mikið verið á samkeppnisrétt, Evrópurétt og ýmis tengd verkefni okkar viðskiptavina á hverjum tíma á fleiri sviðum. Þetta eru fjölbreytt úrlausnarefni: samningagerð, stjórnsýslumál og dómsmál fyrir héraðsdómi, Landsrétti og Hæstarétti hér á landi. Einnig hef ég flutt mál fyrir EFTA-dómstólnum og rekið mál fyrir Mannréttindadómstól Evrópu," segir Helga.

Mikil og hröð aukning í verkefnum á sviði sjálfbærni

„Umræðan um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð hefur verið áberandi. Innanhúss vinnum við öflugt og fjölbreytt starf með sjálfbærni að leiðarljósi. Við höfum sett okkur sjálfbærnistefnu þar sem við vinnum að markmiðum okkar á því sviði. Lögmenn stofunnar búa yfir sérþekkingu á þessu sviði og höfum við í auknu mæli veitt viðskiptavinum alhliða þjónustu sem samræmist nýjustu viðmiðum um sjálfbærni hverju sinni. Upp á síðkastið höfum við svo verið að útvíkka þetta þjónustusvið hjá okkur í takt við fjölda og fjölbreytni verkefna á sviðinu."

Verkefni á sviði sjálfbærni eru að sögn Helgu enn eitt dæmið um getu stofunnar til að uppfylla framtíðarþarfir viðskiptavina. „Markmið LOGOS er að koma að málum snemma og aðstoða viðskiptavini við fylgni við lög frá upphafi, og reyna þannig að koma í veg fyrir að vandamál komi upp. Það getur verið býsna flókið að þekkja og fylgja öllum lögum og reglum sem eru gildandi á hverjum tíma enda er regluverkið nú mun flóknara en áður var. Við höfum boðið upp á fræðslu á ýmsum réttarsviðum sem mörg fyrirtæki nýta sér."

Helga segist hafa fundið snemma á lögmannsferlinum að hana langaði að koma inn í mál fyrirtækja fyrr, áður en þau urðu að málum til rannsóknar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Nýtt regluverk ESB

„Innan Evrópusambandsins hefur orðið mikil þróun í regluverki á sviði sjálfbærni. Nýlega var samþykkt flokkunarreglugerð sem er upphafið að nýrri sýn í fjárfestingum. Kerfið byggir á samræmdum skilgreiningum um umhverfissjálfbæra atvinnustarfsemi. Þá er lögð skylda á tiltekin fyrirtæki að veita upplýsingar um stöðu sína á því sviði. Ekki er hægt að kalla fjárfestingu eða starfsemi græna nema hún uppfylli tiltekin skilyrði þar að lútandi og stuðli að tilteknum markmiðum í þágu umhverfisins.

Ég fann snemma að mig langaði að koma inn í mál fyrirtækja fyrr, áður en þau urðu að málum til rannsóknar. Maður sér ýmislegt eftir á sem hefði mátt gera öðruvísi þegar maður kemur seint inn í mál. Með fræðslu og lagfæringu ýmissa ferla má stuðla að því að starfsemi fylgi lögum og koma í veg fyrir vanda sem ella hefði geta komið upp. Þegar regluverk ESB fór að þróast í átt að frekari sjálfbærni vaknaði enn meiri áhugi á sjálfbærnimálum fyrirtækja.

Fjárfestar sem vilja láta sig sjálfbærni varða geta nýtt flokkunarkerfið til að skera úr um virði fjárfestinga í fyrirtækjum, þá hvort starfsemi fyrirtækja teljist umhverfissjálfbær. Við höfum unnið verkefni fyrir viðskiptavini sem vilja átta sig á betur á regluverkinu og kynna sér hve mikil losun má vera hjá fyrirtæki svo starfsemi teljist umhverfissjálfbær.

Einnig aðstoðum við fyrirtæki við að setja upp innri stefnur og reglur á sviði sjálfbærni. Þar má nefna verkefni í grænni fjármögnun, úttekt á umhverfisverkefnum og heildræna ráðgjöf. Þarna nýtum við okkar þekkingu og reynslu og heimfærum á nýtt svið.

Það er augljóst að fjárfestar eru áhugasamir um að vita hvort fjárfestingar sem þeir vilja koma að séu raunverulega grænar og sjálfbærar. Nú er verið að búa til sameiginlega skilgreiningu á því hvað telst sjálfbært og grænt. Áður gat ýmislegt fallið undir það án þess að að baki lægi samræmd skilgreining. Þá er áhugavert hvernig sjálfbærnimálefni tengjast fjölmörgum öðrum sviðum, eins og orkumálefnum og fjármögnun, en á þeim sviðum vinnum við fjölmörg verkefni."

Jafnvægi

Kynjahlutföll starfsfólks LOGOS eru nokkuð jöfn að sögn Helgu. „Hér starfa ívið fleiri konur þegar allt er tekið. Við leggjum mikla áherslu á jafnrétti kynjanna í ráðningu starfsfólks, þó jafnvægi hafi ekki enn verið náð á meðal eigenda stofunnar. Af þeim fjórum eigendum sem bættust við nýlega voru tveir karlar og tvær konur. Viðskiptavinir eru farnir að skoða kynjahlutfallið í auknum mæli. Þetta skiptir því máli hvernig fyrirtækið virkar út á við. Uppbyggingin á okkar félagsskap er sú að við erum öll jöfn eigendurnir, sem býr til annan kúltúr og meiri slagkraft í hópnum." ■

Allt sem viðkemur vísindum, tækni og sköpun

Hjördís Halldórsdóttir, eigandi og stjórnarmaður hjá LOGOS, sérhæfir sig meðal annars í verkefnum sem varða tæknimál og þar hafa mál er varða gervigreind verið áberandi. Einnig sinnir hún málum er varða höfundarétt og verktakarétt og er mikið í málflutningi.

„Í laganámi hafði ég alltaf haft mestan áhuga á lögmennsku og málflutningi. Þar er skylda að fara í starfsnám og ég prófaði ýmislegt. Meðal annars í landbúnaðarráðuneytinu. Ég var staðráðin í að dvelja þar í einn mánuð því ég stefndi alltaf á lögmennsku.

Ári eftir útskrift fór ég að vinna hjá AP lögmönnum sem seinna mynduðu hluta af LOGOS, þar sem ég starfa núna. Þrátt fyrir tafir á leið í lögmennsku lærði ég ýmislegt. Í landbúnaðarráðuneytinu fór yfirmaður minn í leyfi eftir að ég hafði verið þar í hálft ár. Í fjarveru hans var ég sett í stjórnendastöðu og var óvænt komin í djúpu laugina. Í dag er ég einn af eigendum LOGOS og bý meðal annars að þessari dýrmætu reynslu frá fyrsta árinu."

Fjölbreytt starf

„Ísland er lítið land og fólk þarf yfirleitt að sérhæfa sig á fleiru en einu ákveðnu sviði. Því fylgir að vera í málflutningi að fást við mjög fjölbreytt mál. Einn daginn get ég verið að flytja ágreiningsmál á sviði verktakaréttar gegn verkkaupum. Næsta dag er ég að flytja mál fyrir fjármálastofnun út af lánasamningi. Þriðja daginn er ég svo á kafi í dómsmáli er varðar hugbúnað eða upplýsingatækni."

Breitt áhugasvið

„Höfundaréttur, tækni, verktakaréttur, málflutningur og kröfuréttur heilla mig hvað mest, sem og allt sem viðkemur gervigreind.

Málflutningurinn finnst mér hvað áhugaverðastur innan lögmennskunnar. Ég er hæstaréttarlögmaður, sem og Helga Melkorka. Allt sem viðkemur tækni á einnig hug minn allan, í víðum skilningi, þar með talin lyfjaþróun. Í raun heillar mig allt sem viðkemur vísindum, tækni og sköpun."

Framhaldspróf í tæknimálum

Hjördís var í framhaldsnámi í lögfræði í Stokkhólmsháskóla þar sem mikil áhersla er lögð á þverfaglega þekkingu í lögum og upplýsingatækni. „Lögfræðingar sem ætluðu að starfa á tæknisviði þurftu að bera skynbragð á tæknilegu hliðina og leysa tæknileg verkefni samhliða lögfræðináminu."

Allan starfsferilinn hefur Hjördís sinnt tæknimálum, sérstaklega í hugbúnaði og upplýsingakerfum. „Það getur verið samningagerð, ráðgjöf og ágreiningsmál og fleira. Síðustu ár hef ég komið inn á ýmislegt sem varðar gervigreind, og veitt til dæmis lagalega ráðgjöf um hvernig megi taka ákvarðanir á grundvelli gervigreindar. Hröð þróun er í regluverki um gervigreind og von er á frekari reglum frá Evrópusambandinu."

Höfundarétturinn

„Í náminu lagði ég áherslu á höfundarétt og fékk því slík verkefni þegar ég fór að vinna í lögmennsku, eins mál sem tengdust hugbúnaðargerð. Ég varði fyrstu tveimur árunum að miklu leyti í stórt upplýsingatækniverkefni sem sneri að hugbúnaðargerð og öðlaðist þekkingu og reynslu á sviðinu. Höfundarétturinn leiddi mig því yfir í tæknina hjá AP lögmönnum og LOGOS hálfu ári síðar. AP lögmenn höfðu einnig sinnt persónuverndarmálum frá því tölvulög gengu í gildi. Frá upphafsdögum lögmennskunnar hef ég því sinnt persónuverndarmálum.

Höfundarétturinn leiddi Hjördísi út á tæknisviðið þar sem hún fæst meðal annars við mál á sviði gervigreindar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Í höfundaréttinum hef ég unnið verkefni sem tengjast tónlist og kvikmyndum, og seinni ár tengdum sjónvarpi. Margt hefur breyst með tilkomu streymisþjónusta og hef ég verið ráðgefandi hvað varðar höfundarétt og fjölmiðlalög í því samhengi. Ég er formaður Höfundaréttarfélags Íslands og sit í höfundaréttarnefnd sem er menntamálaráðherra til ráðgjafar. Núna vinnum við að innleiðingu á DSM-tilskipun sem snýr að tilskipun um höfundarétt á stafrænum innri markaði. Tilskipunin var samþykkt innan Evrópusambandsins 2019 og nú eru öll Evrópuríki að vinna að því að innleiða hana í sinn rétt. Þessi tæknihluti á höfundaréttinum smellpassar inn í mitt áhugasvið."

Starf sem hentar öllum

„Enn eru kvenkyns lögmenn í miklum minnihluta. Það á sérstaklega við um lögmenn á lögmannsstofum. Hlutfallið er betra hjá fyrirtækjum og opinberum aðilum. Í eigendahópi LOGOS erum við fjórar konur eigendur, þótt karlarnir séu fleiri. Þetta endurspeglar skiptinguna í stéttinni eins og hún leggur sig. Þó er fullt af hæfileikaríkum ungum konum á þessu sviði sem eiga framtíðina fyrir sér. Þetta breytist vonandi, en það gerist kannski ekki alveg nógu hratt að okkar mati.

Lögmannsstarfið á að geta hentað öllum, líka fólki sem ber ábyrgð á fjölskyldum. Dómstólar og viðskiptavinir hafa mikið um tíma manns að segja, en þess á milli er vinnutíminn sveigjanlegur sem getur hentað fólki með börn." ■

Vistvera stækkar í Grímsbæ

Vistvera býður upp á umhverfisvænar og umbúðalausar neysluvörur og vörur til heimilisins. Verslunin hefur verið starfrækt í fjögur ár og er áhersla lögð á að bjóða upp á gott úrval vistvænna vara en Vistvera er með verslanir í Grímsbæ og á Selfossi.

Birna Dögg Guðmundsdóttir, rekstrarstjóri Vistveru. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Síðastliðið haust stækkaði Vistvera og opnaði stærri og bjartari verslun í Grímsbæ.

Birna Dögg Guðmundsdóttir, rekstrarstjóri Vistveru, segir: „Okkur hafði lengi langað að stækka. Hér í Grímsbæ hefur okkur liðið vel og höfum eignast marga viðskiptavini í gegnum árin. Þess vegna ákváðum við að halda okkur í Grímsbæ en við trúum því að hverfisverslanir og smærri verslunarkjarnar séu mikilvægir fyrir samfélagið í heild og því mikilvægt að litlar verslanir eins og okkar nái að skjóta rótum."

Birna Dögg segir að með stækkun verslunarinnar sé nú hægt að bjóða upp á breiðara vöruúrval en áður, rauði þráðurinn sé þó ávallt að bjóða upp á umhverfisvænar vörur. „Við leggjum áherslu á gæða vörur á sanngjörnu verði, meðal annars vandaða handgerða bursta frá Svíþjóð, unna af blindum og sjónskertum. Eins erum við með sápur og krem frá franska fjölskyldufyrirtækinu Marius Fabre sem starfrækt hefur verið í yfir 120 ár og unnið vörur sínar eftir sömu fjölskylduppskriftinni allar götur síðan.

Þá hafa WUKA túrnærbuxurnar slegið í gegn, en þær koma alfarið í stað einnota dömubinda og túrtappa. Túrnærbuxurnar eru rakadrægar og henta fyrir blæðingar og áreynsluþvagleka. Þær koma í mörgum stærðum og ólíkum sniðum og henta konum á öllum aldri. Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá hversu vel unglingarnir taka í þær enda frábærar buxur.

Starfsfólk Vistveru leggur áherslu á að bjóða upp á góða þjónustu og býr yfir sérþekkingu á þeim vörum sem verslunin selur. Þarfir fólks eru ólíkar og því leggjum við mikla áherslu á að bjóða upp á persónulega þjónustu og kynna fólk fyrir þeim frábæru lausnum sem í dag bjóðast fyrir þá sem vilja taka skref í átt að grænni framtíð og um leið skilja eftir sig sem minnst vistspor." ■

Allar upplýsingar um Vistveru og vörurnar sem boðið er upp á má finna á vefsíðunni www.vistvera.is og í verslunum í Grímsbæ, Efstalandi 26, Reykjavík, og á Eyravegi 5, Selfossi.

AVIS®
www.avislangtimaleiga.is

Betri upplýsingar tryggja fólki betri þjónustu

Hjá fasteignasölunni Húsaskjól er mikil áhersla lögð á gott upplýsingaflæði og því var sett upp nýtt upplýsingakerfi til að viðskiptavinir geti fylgst með öllu söluferlinu.

Ásdís Ósk Valsdóttir er eigandi fasteignasölunnar Húsaskjól, en það er stærsta fasteignasala á Íslandi sem er í eigu konu. MYND/AÐSEND

Ásdís Ósk Valsdóttir er eigandi fasteignasölunnar Húsaskjól. Hún er einn eigandi og hefur byggt hana upp frá grunni. Húsaskjól er stærsta fasteignasala á Íslandi sem er í eigu konu. Ásdís Ósk hefur gert stórfelldar breytingar á rekstrinum síðan faraldurinn hófst sem hafa bætt þjónustu og stytt vinnutíma starfsmanna.

„Hlutverk okkar er að veita sem bestar upplýsingar og vera eins fagleg og hægt er. Eftir að Covid byrjaði lét ég því hanna fyrir okkur nýtt upplýsingakerfi sem eykur gegnsæi og skilvirkni í fasteignaviðskiptum og gerir fólki kleift að fylgjast með öllu söluferlinu. Það hefur verið rosaleg ánægja með kerfið, bæði hjá starfsmönnum og viðskiptavinum," segir Ásdís.

Úrvals upplýsingagjöf

„Fólk bókar sig nú sjálft í opin hús og sækir upplýsingar um eignir sjálft. Við tókum þennan hátt upp þegar við fórum að þurfa að halda utan um mætingar og fjölda gesta vegna sóttvarna. Þar sem allir eru bókaðir fyrir fram er líka auðvelt að senda tilkynningar á alla eftir þörfum, til dæmis ef opið hús fellur niður vegna sóttkvíar," útskýrir Ásdís.

Húsaskjól rekur öfluga samfélagsmiðladeild og sendir reglulega frá sér vandað upplýsingaefni sem er hægt að nálgast bæði á samfélagsmiðlum Húsaskjóls sem og á heimasíðunni. Húsaskjól er einnig eina fasteignasalan á landinu sem rekur greiningadeild sem sendir frá sér mánaðarlegar skýrslur um markaðinn.

„Við kynntum líka nýverið forritið ReiknaVerð, þar sem allir geta séð verðbreytingar á sinni fasteign á fljótlegan hátt," segir Ásdís.

Aldrei gengið betur

„Ég hef verið starfandi í 19 ár og árið 2021 var stærsta árið okkar frá upphafi," segir Ásdís. „Á sama tíma vinnum við nú 35% minna en áður, því þessi sjálfvirku kerfi spara gríðarlega vinnu.

Við erum spennt fyrir því sem koma skal á þessu ári. Næstu skref eru að setja í loftið Kaupendaþjónustu með nýjungum sem hafa ekki sést hér áður og Viðhaldsbók fyrir okkar viðskiptavini til að skrá inn allar endurbætur sem þeir hafa gert og halda þannig utan um virðisaukandi framkvæmdir hjá þeim," segir Ásdís. ■

Heimasíða Húsaskjóls má finna hér: www.husaskjol.is.

byr fasteignasala
VIÐ SELJUM FASTEIGNIR

Elín Káradóttir
Löggiltur fasteignasali
Austurmörk 4, 810 Hveragerði
s. 483 5800 • byr@byrfasteign.is

Kristín Linda Árnadóttir aðstoðarforstjóri og Jóna Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Samfélags og umhverfis, eru á einu máli um að það sé bæði fróðlegt og hvetjandi að sækja alþjóðlega ráðstefnu á borð við loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Þær eru sammála um að ráðstefnan hafi verið mikilvægur vettvangur fyrir þjóðir heims. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samstaða um að gera heiminn grænan

Það er mikilvægt að horfa á loftslagsmálin með kynjagleraugum. Víðast hvar í heiminum finna konur fyrst fyrir loftslagsbreytingum í sínu nærumhverfi, hvort sem það lýsir sér í erfiðara aðgengi að vatni eða lakara orkuöryggi heimilisins.

Loftslagsmál eru orkumál og orkuskipti úr jarðefnaeldsneyti yfir í endurnýjanlega orkugjafa er lykillinn að sjálfbærum heimi og besta vopnið í baráttunni við loftslagsvána. Með orkuskiptum getum við gert heiminn grænan saman.

Landsvirkjun hefur einmitt haldið því slagorði á lofti: Gerum heiminn grænan saman. Kristín Linda Árnadóttir aðstoðarforstjóri og Jóna Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Samfélags og umhverfis, heyrðu það slagorð enduróma með ýmsum hætti á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Glasgow, COP26. Þær eru sammála um að ráðstefnan hafi verið mikilvægur vettvangur fyrir þjóðir heims. Það sé mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að fylgjast með straumum og stefnum í loftslagsmálum og þá sérstaklega hvað varðar orkuskipti.

„Eitt megin stefið á ráðstefnunni var að allir ætla sér að reyna að skipta sem fyrst yfir í endurnýjanlega orku," segir Kristín Linda. „Þar búum við Íslendingar afskaplega vel, með alla okkar grænu orku. Bæði íslensk stjórnvöld og Landsvirkjun hafa sett sér metnaðarfull markmið um græna framtíð og við getum verið fyrirmynd fyrir aðra."

Jóna bendir á að Íslendingar hafi þegar gengið í gegnum orkuskipti. „Rafmagnið okkar er unnið úr grænum og endurnýjanlegum auðlindum og við nýtum jarðvarma til að hita upp húsin okkar. Ef við einbeitum okkur að orkuskiptum í samgöngum getum við orðið fyrst allra þjóða í heiminum til að verða óháð jarðefnaeldsneyti."

Samvinna, nýsköpun, jöfnuður

Þær Kristín Linda og Jóna eru sammála um að meginskilaboð COP26 hafi verið nauðsyn samvinnu, nýsköpunar og jöfnuðar. Samvinnan verði að ná um allt samfélag, milli almennings, stjórnvalda, hagsmunasamtaka og atvinnulífs. Með nýsköpun þurfi að bæta nýtingu, minnka sóun og finna nýjar leiðir til vinnslu endurnýjanlegrar orku. Þá sé jafnt aðgengi jarðarbúa að grænni, endurnýjanlegri orku grundvöllur þess að þjóðir nái að bregðast sameiginlega við loftslagsmálum. „Það var áberandi í Glasgow að stærstu fyrirtæki heims hafa tekið við sér, sem er auðvitað að kröfu neytenda og almennings," segir Kristín Linda. „Þau leitast nú við að vera loftslagsvænni í starfsemi sinni, í stað þess að flytja t.d. aðföng jafnt sem unna vöru um langan veg. Þau gera sér grein fyrir að ef þau ætla að vera enn starfandi eftir 10 ár þurfa þau að umbylta mörgu hjá sér. Það var góð tilfinning að vera á ráðstefnunni sem fulltrúi Landsvirkjunar, fyrirtækis í eigu almennings sem vinnur 100% endurnýjanlega orku."

> **Rafmagnið okkar er unnið úr grænum og endurnýjanlegum auðlindum og við nýtum jarðvarma til að hita upp húsin okkar. Ef við einbeitum okkur að orkuskiptum í samgöngum getum við orðið fyrst allra þjóða í heiminum til að verða óháð jarðefnaeldsneyti.**
>
> Jóna Bjarnadóttir

Loftslagsmál í allri starfsemi

Hjá Landsvirkjun eru loftslagsmálin tekin mjög alvarlega og eru í raun samþætt allri starfsemi orkufyrirtækis þjóðarinnar. „Við þekkjum til dæmis vel hver okkar losun er og höfum birt upplýsingar um hana um árabil, sem er forsenda þess að geta sett sér markmið og forgangsraðað aðgerðum þannig að sem mestur árangur náist," segir Jóna. „Bókhaldið sýnir að við erum á réttri leið en losun á orkueiningu hefur lækkað um 67% frá 2005 og kolefnissporið okkar minnkað um 65%. En þrátt fyrir góðan árangur til þessa og mjög lágt kolefnisspor erum við hvergi nærri hætt. Við stefnum að því að starfsemin verði kolefnishlutlaus árið 2025. Við höfum sett okkur markmið um samdrátt í losun fyrir mismunandi rekstrarþætti og vinnum áfram að uppgræðslu landsins sem felur í sér aukna bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi."

Jóna segir að forgangsröðun Landsvirkjunar sé skýr og miði að því að draga úr losun áður en gripið sé til mótvægisaðgerða. „Við stefnum að því að hafa minnkað beina losun um 50% árið 2025, miðað við stöðuna 2008. Þar mun vega þyngst 60% samdráttur í losun vegna vinnslu jarðvarma. Þeim samdrætti náum við með því að skila um 90% af koldíoxíði frá Þeistareykjastöð aftur niður í jörðina og draga úr losun koldíoxíðs frá Kröflustöð með stýringu á borholum."

Burt með olíu og bensín

Kristín Linda bætir við að Landsvirkjun hafi einsett sér að hætta að kaupa jarðefnaeldsneyti árið 2030. „Núna notum við olíu og bensín á stærstan hluta fjölbreytts tækja- og bílaflota fyrirtækisins en við fylgjumst grannt með nýjustu tækni og skiptum búnaði út um leið og færi gefst. Frá og með áramótunum gildir sú regla að við kaupum eingöngu notaða fólksbíla, ef ekki er hægt að fá hreinorkubíl til verksins sem gengur fyrir rafmagni, metan eða vetni."

Hægt er að fylgjast með framvindu mála á loftslagsmælaborði í rauntíma á vef Landsvirkjunar. Þá gefur Landsvirkjun árlega út loftslagsbókhald og var fyrst íslenska fyrirtækja til að fara þá leið. Orkufyrirtæki þjóðarinnar var líka fyrst íslenskra fyrirtækja til að fá A(-) í einkunn hjá alþjóðlegum samtökum sem meta frammistöðu og upplýsingagjöf fyrirtækja í loftslagsmálum. Einkunnin þýðir að Landsvirkjun er leiðandi í loftslagsmálum og temur sér bestu starfsvenjur við upplýsingagjöf.

Vilji til að vinna að bættri framtíð

Kristín Linda og Jóna eru á einu máli um að það sé bæði fróðlegt og hvetjandi að sækja alþjóðlega ráðstefnu á borð við loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Vissulega takist þar á margvíslegir hagsmunir en vilji til að vinna að bættri framtíð sé þó hinn sterki grunnur sem ráðstefnan hvíli á. „Það má ekki heldur gleyma kröftugum mótmælunum í Glasgow á meðan á ráðstefnunni stóð, en þau minntu alla fundarmenn á hvað væri í húfi," segir Kristín Linda. „Þetta er stórt og flókið verkefni, en við eigum ekki annarra kosta völ en að leysa það farsællega. Þarna voru til dæmis fulltrúar ríkja og þjóða sem þegar verða fyrir miklum áhrifum af loftslagsbreytingum og eru að þrýsta á betur stæð iðnríki að gera meira og gera það strax. Þessi barátta við loftslagsbreytingar verður mun áþreifanlegri þegar hlustað er á sögur þessa fólks, sem eru margar átakanlegar."

> **Þessi barátta við loftslagsbreytingar verður mun áþreifanlegri þegar hlustað er á sögur þessa fólks, sem eru margar átakanlegar.**
>
> Kristín Linda Árnadóttir

Jóna tekur undir að ráðstefna á borð við COP26 gegni veigamiklu hlutverki við að skapa samkennd, sem sé frumforsenda þess að árangur náist. „Við búum öll á sama hnettinum. Við getum ekki lengur stundað það að færa losun frá einu landi til annars, við getum ekki flutt hættulegan úrgang frá vestrænum ríkjum til þróunarríkja, sem eiga þess ekki kost að ganga tryggilega frá honum. Við þurfum að draga úr neyslu okkar og beita öllum ráðum til að draga úr losun. Í því liggja líka tækifæri til framtíðar." ■

Auðveldum fólki að taka skref í átt að betri heimi

Orka náttúrunnar, sem hefur verið leiðandi í orkuskiptunum í samgöngum á Íslandi, boðar nýjar og byltingarkenndar lausnir. Markaðsstjóri félagsins segir þær þróaðar með hagsmuni og þægindi viðskiptavina að leiðarljósi.

„Við erum auðvitað afar stolt af þessari vegferð okkar í að vera í fararbroddi þegar kemur að orkuskiptunum í samgöngum," segir Silja Mist Sigurkarlsdóttir, markaðsstjóri Orku náttúrunnar. MYND/AÐSEND

„Eitt af markmiðum Orku náttúrunnar er að vera leiðandi í orkuskiptunum í samgöngum sem er eins og við vitum afar stór þáttur í baráttunni fyrir bættum heimi. Við höfum verið að byggja upp og þróa lausnir svo fólk eigi auðveldara með að taka þetta skref," segir Silja Mist Sigurkarlsdóttir markaðsstjóri Orku náttúrunnar.

Þar á Silja við skrefið að skipta úr brunabíl yfir í hreinorkubíl og þá aðallega í rafmagn en langflestir hreinorkubílar hér á landi eru knúnir áfram af rafmagni. Silja nefnir uppbyggingu ON á hleðsluneti fyrirtækisins sem er það stærsta og þéttasta á landinu. „Við hófum þá uppbyggingu árið 2014 þegar það voru færri en 100 rafbílar á landinu. Það hefur farið mikill tími og fjármunir í þessa uppbyggingu en nú er líka hægt að keyra hringinn í kringum landið og njóta þess sem það hefur upp á að bjóða án þess að vera þjakaður af drægnikvíða," segir Silja og brosir.

Silja nefnir einnig uppbyggingu Hverfahleðslna ON í Reykjavík og Garðabæ sem eru lausnir hugsaðar fyrir fólk sem á erfitt með að koma upp hleðslustöð heima hjá sér. Þar er þá hægt að hlaða bílinn yfir lengri tíma í sínu hverfi yfir nótt – eða bara á meðan fólk skellir sér í sund eða fær sér göngutúr.

Þægindin heim með Heimahleðslu ON

„Núna erum við síðan að leggja áherslu á að færa þægindin heim til fólks með því sem við köllum Heimahleðslu ON. Þar erum við að hugsa um hagsmuni og þægindi viðskiptavinarins fyrst og fremst en eins og allir vita sem eiga rafbíl þá er alltaf þægilegast að hlaða heima. Þetta virkar í grófum dráttum þannig að þú greiðir bara fast mánaðargjald og leigir stöðina af okkur. Við setjum stöðina upp og veitum góða þjónustu og eftirfylgni í kjölfarið. Þannig er fólk að sleppa við að fara út í kostnaðarsamar lausnir við að koma sér upp hleðslustöð heima."

Silja nefnir einnig að þetta geti nýst húsfélögum afar vel þar sem fleiri en einn aðili geti nýtt sér hverja stöð.

„Við erum auðvitað afar stolt af þessari vegferð okkar í að vera í fararbroddi þegar kemur að orkuskiptunum í samgöngum. Viðskiptavinir okkar eru það líka enda hafa þeir verið í hópi ánægðustu viðskiptavina raforkusala undanfarin ár. Það er mikil samkeppni á þessum markaði sem er frábært fyrir neytendur og þetta er eitt af því sem keyrir okkur áfram. Í vor munum við síðan kynna fyrir fólki nýjar lausnir þegar við tökum í notkun nýtt ON-app." ■

Einstakt verkefni ON og Carbfix á heimsvísu

Kolbrún Ragna Ragnarsdóttir, nýsköpunarstjóri ON, brennur fyrir nýsköpun og tækni. Hún segir framþróun í grænum orkugjöfum vera lið í því að gera jörðina að betri stað – „fyrir komandi kynslóðir" eins og hún orðar það.

„Með rannsóknum og frekari tækniþróun gerum við það fýsilegra fyrir önnur lönd að njóta sömu gæða og Íslendingar þegar kemur að umhverfisvænni orku, ásamt því að auka virði okkar," segir Kolbrún Ragna Ragnarsdóttir, nýsköpunarstjóri ON, sem brennur fyrir nýsköpun og tækni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Við viljum nýta þekkingu okkar og reynslu til þess að hjálpa öðrum á þessu sviði og ýta undir notkun jarðhita í heiminum á ábyrgan hátt.**

Kolbrún vill að Íslendingar séu í fararbroddi og aðstoði aðrar þjóðir við að „nýta auðlindir sínar betur og draga úr kostnaði við rekstur".

„Orka náttúrunnar er með skýrt markmið þegar kemur að nýsköpun í orkumálum og nýtingu auðlinda. Við ætlum okkur að hámarka nýtingu auðlindar okkar og vera framúrskarandi á heimsvísu, ekki síst þegar horft er til viðskiptaþróunar. Við viljum nýta þekkingu okkar og reynslu til þess að hjálpa öðrum á þessu sviði og ýta undir notkun jarðhita í heiminum á ábyrgan hátt," segir Kolbrún.

Í því samhengi nefnir hún verkefnið Silfurberg sem er samstarfsverkefni ON og Carbfix en það verkefni hlaut 600 milljóna króna styrk úr Nýsköpunarsjóði Evrópusambandsins á síðasta ári. Þar verður byggð ný lofthreinsistöð sem mun fanga allt að 34 þúsund tonnum af CO_2 árlega frá virkjun ON á Hellisheiði sem annars færi út í andrúmsloftið.

„Við erum nú að hanna og þróa en stefnt er á gangsetningu árið 2025. Markmiðið er síðan að árið 2030 muni ON fanga 95% af koldefnisútblæstri Hellisheiðarvirkjunar og dæla niður með Carbfixtækninni. Þetta er auðvitað einstakt á heimsvísu."

Auðlindastraumar fullnýttir í Jarðhitagarðinum

ON rekur einnig Jarðhitagarðinn á Hellisheiði sem er vettvangur fyrir fjölbreytt fyrirtæki til að byggja upp sína starfsemi í nágrenni við virkjunina. „Þannig reynum við að fullnýta alla auðlindastraumana sem renna frá virkjuninni. Nú þegar eru þarna fyrirtæki eins og Vaxa og Climeworks sem eru að nýta sér strauma frá virkjuninni. Eftirspurn eftir að komast þarna að er að aukast töluvert sem mun leiða til þess að Jarðhitagarðurinn mun stækka jafnt og þétt á næstu árum," segir Kolbrún.

ON er ekki bara í verkefnum hér heima heldur er fyrirtækið virkur þátttakandi í ýmsum jarðvarmatengdum rannsóknum á alþjóðavísu.

„Markmiðið með þátttöku í þessum fjölbreyttu verkefnum er að hámarka nýtingu auðlindanna og draga úr kostnaði. Á Íslandi erum við heppin þar sem það er hagstæðara að nálgast jarðvarma hér en á flestum öðrum stöðum í heiminum. Með rannsóknum og frekari tækniþróun gerum við það fýsilegra fyrir önnur lönd að njóta sömu gæða og Íslendingar þegar kemur að umhverfisvænni orku, ásamt því að auka virði okkar."

Í þessu samhengi nefnir Kolbrún H2020 verkefnið GeoSmart sem gengur út á að hanna aðferðir til að auka arðsemi jarðvarmanýtingar og gera hana sveigjanlegri með til dæmis orkugeymslum. ■

HUGVIT HRÁEFNI HREINLEIKI
ÍSLENSKT

ChitoCare
beauty

Natural beauty of ICELAND

„Með virðingu fyrir hafinu við Íslandsstrendur að leiðarljósi og áralangar rannsóknir að baki hefur komið í ljós að ChitoCare beauty hefur einstaka virkni á húðina. Sjálfbærar og lífvirkar kítósantrefjar auka raka og styðja viðgerðarferli húðarinnar sem skilar sér í heilbrigðri og unglegri húð.“

Sigga Vigfúsdóttir
Framkvæmdastjóri og stofnandi
ChitoCare *beauty*

ChitoCare *beauty* Anti-Aging Repair Serum

– Vísindalega sönnuð virkni:

- Aukinn raki húðarinnar
- Meiri þéttleiki og teygjanleiki
- Minni hrukkur

ChitoCare
beauty
www.chitocare.is

/PrimexIceland
@chitocare

blekhonnun.is

Námskeið Stílvopnsins

Björg Árnadóttir, rithöfundur og ritlistarkennari, kennir öll námskeið Stílvopnsins, veitir ráðgjöf við ritun og útgáfu og tekur að sér hvers kyns skrif fyrir fólk og fyrirtæki.

- ✓ **Skapandi skrif**
- ✓ **Endurminningaskrif**
- ✓ **Sköpunarsmiðja**
- ✓ **Félagsörvun**

Í samvinnu við EHÍ:

- ✓ **Hetjuferðin (The Hero's Journey)**
- ✓ **Skapandi þekkingar- og skoðanaskrif**
- ✓ **Kennslufræði ritlistar**

„Björg leyfir okkur að uppgötva sjálf að við getum svo miklu meira en við höldum.”
- Hulda Ragnheiður Árnadóttir.

STÍLVOPNIÐ
VALDEFLING OG SKÖPUN

www.stilvopnid.is | bjorg@stilvopnid.is | s. 899-6917

Íslensk náttúra og auðlind til betri heilsu

Ólöf Rún Tryggvadóttir stofnaði vörulínuna Eylíf og kom fyrstu tveimur vörum sínum á markað árið 2020. Eylíf framleiðir fæðubótarefni úr hágæða íslenskum hráefnum frá sjálfbærum auðlindum. Vörur hennar hafa fengið frábærar viðtökur.

Ólöf Rún Tryggvadóttir er frumkvöðull þegar kemur að framleiðslu á íslenskum fæðubótarefnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ólöf Rún starfar ein hjá Eylíf, sem er staðsett í Sjávarklasanum á Granda. Hún segir frábært að vera staðsett þar vegna þess hversu góð samvinna sé meðal fólksins. „Það er góður andi í húsinu og góðar tengingar. Mörg frábær tækifæri hafa skapast og ég hef tekið þátt í ýmsum verkefnum og kynningum, hér opnast mörg tækifæri. Sömuleiðis er gott tengslanet og ég er sannarlega á réttum stað. Þá segir hún frábært fyrir einyrkja á vinnumarkaðnum að geta keypt alla þjónustu frá sérfræðingum," segir hún.

Áhuginn drífur mann áfram

Upphaflega fór ég út í þessa framleiðslu því ég sá tækifæri á markaði að nýta íslensk hráefni í vörur sem hefur ekki verið gert áður. Það eru til sérstakar vörur úr þessum íslensku hráefnum, en þeim hefur ekki verið blandað saman fyrr," segir Ólöf, sem alltaf hefur haft mikinn áhuga á heilsu og betri líðan. Hún rak lengi fyrirtækið Icecare áður en hún fór að framleiða fæðubótarefni úr íslenskum auðlindum. „Áhuginn er það sem drífur mann áfram," segir hún. „Það hefur gengið vel að fá fyrirtæki til samstarfs. Hráefnisframleiðendur um allt land skaffa hráefnið," bætir hún við. „Vissulega tók ferlið að þróa vörurnar tíma, en þá var mikilvægt að vera í samstarfi með sérfræðingunum hjá Matís. Ég kaupi sérfræðiþjónustu hjá Matís, sem tekur þátt í vöruþróun á heilsuvörunum, vali á hráefnum, stýrir innihaldslýsingum og sér um að stilla upp næringarinnihaldi," segir hún.

Ánægðir viðskiptavinir

Í fyrstu var Ólöf með tvær fæðubótartegundir frá Eylíf. Þeim fjölgaði síðan í fimm og á þessu ári koma tvær til þrjár nýjar. „Vörunum hefur verið sérlega vel tekið og þá sérstaklega Active Joints. Fólk er mjög ánægt með þá vöru og margir hringja í mig og segja mér hversu vel varan virkar. Active Joints er bólguhamlandi, en það eru einmitt bólgur sem hrjá oft fólk. Það er ekki til fæðubótarefni sem byggir upp brjósk, en Active Joints hefur hjálpað fólki varðandi liðavandamál. Það er gaman að segja frá því að viðskiptavinir Eylífar nota margir fleiri en eina vöru. Það eru bæði kynin sem láta vel af Active Joints frá Eylíf," segir hún og bætir við að hún hafi aldrei fengið nokkurn styrk til framleiðslunnar. „Ég hef fjármagnað allt sjálf og spara mikið í yfirbyggingu með því að kaupa sérfræðiþjónustu eftir þörfum, úthýsa verkefnum s.s. dreifingu, en það gerir mér kleift að láta dæmið ganga upp," segir hún.

Frábær íslensk hráefni

„Ég kaupi hráefnin víða að um allt land, en læt síðan framleiða vörurnar og þeim er blandað saman hjá framleiðanda á Grenivík sem er með GMP gæðastaðal, sem mér finnst afar mikilvægt. Ég hef átt einstaklega gott samstarf við þau á Grenivík. Sérfræðingar þar taka líka þátt í vöruþróun, sjá um að gera prufulotur og formúleringar þegar við erum að þróa vöru. Hráefnið kemur jafnt frá sjó og landi. Þangað sæki ég líka nafnið á fyrirtækinu, það táknar lífið á eyjunni til eilífðar. Ég auðvelda almenningi aðgengi að þessum frábæru hráefnum sem til eru hér heima. Ég kem með aðeins aðra nálgun að hráefnunum en margir aðrir. Ég blanda til dæmis saman efnum sem aðrir hafa ekki verið að blanda saman, eins og kalkþörungum, smáþörungum, íslenskum jurtum og kísli sem kemur frá heitavatnsaffallinu á Hellisheiði, og geri með því virkni þeirra jafnvel enn þá öflugri," útskýrir Ólöf. „Auk náttúrulegra hráefna sem vaxa hér á landi styrki ég blönduna með til dæmis C- og D-vítamíni. En hugsunin er að nota þessi hreinu, íslensku, frábæru hráefni frá sjálfbærum auðlindum til að bæta heilsu fólks. Að geta boðið upp á vöru sem fólki líður vel af er mjög gefandi starf. Öll hráefnin hafa staðfesta verkun. Þess vegna vel ég þau."

Bætiefnalína frá Eylíf

Stronger LIVER
Nýjasta varan frá Eylíf. Inniheldur fjögur grunnhráefni frá móður náttúru. Innihaldsefnin eru kítósan sem bindur fituefni í meltingavegi, ætihvönn sem hefur verið notuð frá örófi alda við meltingartrufluunum, kísil og kalkþörunga úr hafinu, sem innihalda 74 stein- og snefilefni frá náttúrunnar hendi og við styrkjum blönduna með C-vítamíni, kólíni og mjólkurþistli, sem eru þekkt fyrir að hafa góð áhrif á meltinguna og starfsemi lifrar. Kólín stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum, sem stuðla að viðhaldi eðlilegrar starfsemi lifrar. Kólín stuðlar að eðlilegum efnaskiptum að því er varðar hómósystem (hómósystem er áhættuþáttur æðasjúkdóma).

Active JOINTS
Inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á jákvæð áhrif þeirra á beinin, liðina, meltingu og húðina. Inniheldur kalkþörunga, smáþörunga (Astaxanthin), GeoSilica kísil, birkilauf, C- og D3-vítamín.

Stronger BONES
Inniheldur tvö íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á jákvæð áhrif þeirra á beinin, meltinguna og liðina. Inniheldur kalkþörunga, GeoSilica kísil, C- og D3-vítamín, sink og mangan.

Smoother SKIN & HAIR
Inniheldur þrjú íslensk næringarefni með margra ára rannsóknir að baki og sýna niðurstöður fram á virkni fyrir húð, neglur og hár. Hefur einnig jákvæð áhrif á meltinguna og liðina. Inniheldur kollagen, smáþörunga (Astaxanthin), GeoSilica kísil, vítamín A-, B2-, B6-, C-, D3-, bíótín, níasín, kopar, sink, joð, selen og magnesíum.

Happier GUTS
Inniheldur fjögur grunnefni frá móður náttúru. Kítósan, (ensím úr rækjuskel) sem binda fitu í meltingarvegi þannig að hún fari ekki út í blóðrásina. Kalkþörunga, hinn náttúrulega kalk- og steinefnagjafa úr hafinu með um 74 stein– og snefilefnum sem vernda beinin og styrkja bandvef og er ætlað öllum sem ekki fá nægilegt kalk og steinefni úr fæðunni. Kísil frá GeoSilica, náttúrulegt steinefni sem gegnir lykilhlutverki í myndun og viðhaldi beina og bandvefs. Íslensk fjallagrös, sem hafa verið í matarmenningu Íslendinga frá örófi alda og er talið hafa góð og styrkjandi áhrif á meltinguna. Við styrkjum blönduna með meltingarensímum, sem stuðla að heilbrigðum meltingarvegi og hjálpa til við upptöku næringarefna úr fæðunni.

> Upphaflega fór ég út í þessa framleiðslu því ég sá tækifæri á markaði að nýta íslensk hráefni í vörur sem hefur ekki verið gert áður.

Gott tengslanet í FKA

Þegar Ólöf er spurð hvort hún sé virk í FKA, svarar hún: „Ég er frekar áhorfandi. Mér finnst gagnlegt að vera í félaginu og ég vil fylgjast með hvað er að gerast. FKA hefur nýst mér sem tengslanet. Það er hægt að setja inn fyrirspurn á síðuna hjá þeim og spyrja til dæmis hvort þær þekki einhverjar sem taka hin og þessi verkefni að sér. Ég hef nýtt mér það svolítið. Tengingar eru öflugt tól hjá þeim," segir hún.

„Ég er búin að skrá vörumerkið í 30 löndum en ég stefni á að fara með vörurnar til annarra landa í framtíðinni. Það verður gert með því að fara á markað úti í gegnum dreifingaraðila. Mig langar að selja hugmyndafræðina um að Ísland sé gott og hreint land og að efnin sem þaðan koma séu góð og kröftug. Jurtirnar hér á landi hafa bara um 3-4 mánuði til að vaxa og blómstra, þær þurfa að lifa af harðan vetur og þegar þær blómstra þá eru þær mjög kröftugar. Það er svolítið sérstakt fyrir Ísland," segir hún.

„Grunnstoðir heilsu; svefn, næring, hreyfing og hugarfar, er eitthvað sem skiptir mig miklu máli. Ég vil leggja áherslu á þetta og hjálpa fólki að hjálpa sér sjálft. Það er frábært að geta hjálpað fólki að finna lausn á sínum málum."

Vörurnar frá Eylíf eru unnar úr hreinum íslenskum hráefnum og er framleiðslan á Íslandi. Margra ára staðfestar rannsóknir eru að baki öllum hráefnunum. „Við hjá Eylíf vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og landi. Við notum hreinar íslenskar náttúruafurðir, náttúruleg og hrein hráefni sem ekki eru erfðabreytt og eru vörurnar án allra aukaefna," segir Ólöf. ■

Eylíf vörurnar fast í öllum apótekum, Fjarðarkaupum, Hagkaup, Heilsuhúsinu, Krónunni, Melabúðinni og Nettó. Ókeypis heimsending af eylif.is.

Frá vinstri eru Halla Marinósdóttir, öryggis-, umhverfis- og gæðastjóri, Elísabet Ýr Sveinsdóttir fjármálastjóri og Heiða Halldórsdóttir, markaðsstjóri Orkusölunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fjölbreytni eykur þekkingu fyrirtækisins

Hlutfall kvenna innan orkugeirans hefur hækkað mikið undanfarin ár. Hjá Orkusölunni er hlutfall kvenna og karla í framkvæmdastjórn fyrirtækisins jafnt auk þess sem hlutfall kvenna hjá Orkusölunni hefur aukist töluvert seinustu ár.

Orkugeirinn hérlendis hefur lengi verið afar karllægur en á undanförnum árum hefur sú breyting orðið að hlutfall kvenna í geiranum hefur hækkað mikið. Um leið hefur hlutur kvenna í stjórnunarstöðum innan fyrirtækja í orkugeiranum aukist mjög og til að mynda er hlutfall kvenna og karla í framkvæmdastjórn Orkusölunnar jafnt um leið og hlutfall kvenkyns starfsmanna hjá Orkusölunni hefur aukist töluvert seinustu ár, að sögn þeirra Heiðu Halldórsdóttur, markaðsstjóra Orkusölunnar, Elísabetar Ýrar Sveinsdóttur, fjármálastjóra Orkusölunnar, og Höllu Marinósdóttur, öryggis-, umhverfis- og gæðastjóra Orkusölunnar.

„Það er mikilvægt að konur séu teknar inn í stjórnunarstöður fyrirtækja almennt þar sem aukin fjölbreytni leiðir til betri stjórnunar og ákvörðunartöku. Einnig er mikilvægt að gefa ungum konum tækifæri á að stíga inn í stjórnunarstöður þar sem hugmyndaauðgi og hæfni þeirra eykur verðmætasköpun innan fyrirtækja," segir Elísabet.

Fjölbreytnin breytir miklu

Þær eru sammála um að mikilvægt sé að starfsemi Orkusölunnar hafi á að skipa fjölbreyttum hópi starfsmanna, þar á meðal þegar kemur að kynjaskiptingu. „Það skiptir okkur miklu máli að hafa fjölbreyttan hóp starfsmanna með ólíkan bakgrunn og reynslu. Fjölbreytni eykur þekkingu fyrirtækisins sem hjálpar okkur að auka samkeppnishæfni og ná markmiðum fyrirtækisins," bætir Heiða við.

Heiða segir að meirihluti starfsfólks í höfuðstöðvum Orkusölunnar séu konur auk þess sem konur séu í auknu mæli að sækja um störf hjá fyrirtækinu. „Með fjölbreytileika eykst víðsýni fyrirtækisins, umræðan verður sterkari og þar sem ólík sjónarmið koma saman náum við betri árangri. Orkusalan er með fjölbreyttan hóp af starfsfólki og fær það, óháð kyni eða stöðu, að hafa áhrif og koma skoðunum sínum á framfæri."

Umhverfið skiptir máli

Hlutverk Orkusölunnar er að framleiða, kaupa og selja rafmagn til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana um land allt. „Orkusalan leggur áherslu á að skapa nýja möguleika í framleiðslu og sölu á endurnýjanlegri orku. Fyrirtækið leggur ríka áherslu á samfélagslega ábyrgð í öllu sínu starfi og vill með því hafa jákvæð áhrif á allt umhverfi sitt og samfélagið í heild. Umhverfið skiptir okkur miklu máli og er Orkusalan fyrsta raforkufyrirtækið hér á landi sem hefur náð kolefnishlutleysi. Losun fyrirtækisins kemur fyrst og fremst frá almennum rekstri en losun sem hlýst af vinnslu raforkunnar er í lágmarki þar sem Orkusalan á og rekur aðeins vatnsaflsvirkjanir, en losun þeirra samanborið við jarðhitann er mun minni," segir Halla.

Kallað eftir grænni vottun

Halla segir einnig að fyrirtæki séu í auknum mæli að kalla eftir vottun á grænu rafmagni þar sem það felur í sér forskot á markaði. „Grænt ljós Orkusölunnar er gripur sem Orkusalan hefur afhent fyrirtækjum í nokkur ár og er staðfesting á uppruna orkunnar sem keypt er af okkur. Þar staðfestum við að öll orkan sem við seljum frá okkur er 100% endurnýjanleg."

Miklar breytingar hafa orðið á orkumarkaði hérlendis undanfarin ár. „Samkeppnin á raforkumarkaði hefur aukist töluvert seinustu ár og þá sérstaklega með tilkomu nýrra raforkusölufyrirtækja. Regluverkið hefur einnig verið að breytast mikið seinustu ár og hefur fyrirtækið þurft að aðlaga sig breyttum aðstæðum," segir Heiða.

Hlutur kvenna í stjórnunarstöðum innan orkugeirans hefur aukist á undanförnum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Það er mikilvægt að konur séu teknar inn í stjórnunarstöður fyrirtækja almennt þar sem aukin fjölbreytni leiðir til betri stjórnunar og ákvörðunartöku.**
>
> Elísabet Ýr Sveinsdóttir

Elísabet segir Orkusöluna hafa brugðist við þessu með því að ráða til sín fólk með ólíka reynslu sem styrki fyrirtækið til að bregðast við þessum breytingum sem hefur átt sér stað. „Orkusalan stefnir hátt á þessu ári og hlakkar til að takast á við þessar stóru breytingar af miklum krafti."

Krefjandi verkefni fram undan

Orkusalan er ört stækkandi fyrirtæki og eru mörg spennandi verkefni fram undan hjá Orkusölunni að þeirra sögn, þá helst þau stóru skref sem taka þarf í átt að orkuskiptum. „Verkefnið næstu ár almennt á markaðnum, og þar af leiðandi hjá Orkusölunni, er snjallmælavæðing hjá dreifiveitum. Það verkefni verður mjög spennandi og mun breyta raforkumarkaðnum að miklu leyti. Markaðurinn er að breytast og það er í höndum okkar í þessum geira að fræða neytandann. Rafmagn er ekki bara rafmagn heldur auðlind sem við þurfum öll að bera ábyrgð á að nýta sem best," segir Elísabet. ■

Nánari upplýsingar á orkusalan.is.

Gera hugmynd að veruleika

Hrönn Óskarsdóttir er framkvæmdastjóri og eigandi auglýsingastofunnar VORAR og Dagný Skarphéðinsdóttir er yfirhönnuður stofunnar. Sérstaða VORAR er meðal annars sú að helmingur starfsfólksins eru konur og þær tvær eru helstu stjórnendurnir. Þær leggja mikla áherslu á persónulega þjónustu.

Hrönn Óskarsdóttir og Dagný Skarphéðinsdóttir eru helstu stjórnendur auglýsingastofunnar VORAR sem veitir persónulega þjónustu, sérsniðna að viðskiptavinum. MYND/AÐSEND

„VORAR er alhliða auglýsingastofa sem býður upp á alla þá þjónustu sem fyrirtæki þurfa til þess að kynna vöruna sína. Við aðstoðum við stefnumótun og þarfagreiningu og fylgjum svo vörunni alla leið, allt frá hugmynd að fullunninni vöru," segir Hrönn.

„Í teyminu okkar er að finna auglýsingaljósmyndara með mikla reynslu og við útvegum fyrsta flokks vörumyndir til notkunar á heimasíðu og í bæklinga og fleira, ásamt fallega uppsettum myndum af vörum í viðeigandi umhverfi. Við erum með framúrskarandi hönnuði og teiknara innanborðs með mikla reynslu í umbúðahönnun, en það má segja að hún sé algjört sérsvið okkar," segir Hrönn og Dagný skýtur inn: „Allar umbúðir Nóa Síríus síðustu árin hafa til dæmis verið hannaðar hjá VORAR, en það er ekkert lítið verk, því að skemmtilegar nýjungar streyma frá fyrirtækinu."

„Við veitum einnig ráðleggingar og höfum umsjón með prenti á umbúðum og bjóðum einnig upp á umsjón með samfélagsmiðlum, birtingum á vef, prenti og umhverfismiðlum. Sérstaða VORAR er meðal annars persónuleg þjónusta og við leggjum mikið upp úr því að kynnast viðskiptavinum okkar og þeirra vörumerkjum vel og veita persónulega þjónustu, sérsniðna að hverjum og einum," heldur Hrönn áfram og bætir við að það sé ekki markmið þeirra að vera stór stofa með marga viðskiptavini, heldur að vera með færri góða viðskiptavini og veita þeim frábæra þjónustu.

Nýtt nafn eftir mikla þróun

„Ef við förum aðeins yfir sögu fyrirtækisins þá var VORAR stofnuð árið 2011 undir nafninu Árnasynir. Stofan hefur þróast mikið í gegnum árin og árið 2019 urðu ákveðin vatnaskil þegar ég tók við rekstri fyrirtækisins," útskýrir Hrönn. „Dagný er yfirhönnuður og við tvær erum helstu stjórnendur fyrirtækisins, ásamt því að helmingur starfsfólksins eru konur. Okkur þótti þess vegna viðeigandi að fara í endurmörkun á stofunni á þessum tímapunkti og láta ásýndina út á við ríma við innri þætti stofunnar.

Úr varð að stofan fékk nafnið VORAR, sem meðal annars vísar í kraftinn sem fylgir vorinu þegar það er loks farið að birta, gróðurinn byrjar að springa út og ákveðinn kraftur er í loftinu," segir Hrönn og Dagný bætir við: „Það er líka önnur skírskotun í nafninu en það getur náttúrulega líka þýtt „okkar" sem mér finnst svolítið fallegt, við erum að gera þetta saman."

Fylgja hugmyndum alla leið

„Stundum gengur fólk um með hugmynd að vöru í maganum en veit svo ekki hvernig það á að koma henni á markað. Við getum stigið þar inn í og boðið upp á heildrænar lausnir. Við getum gefið ráðleggingar varðandi hvernig umbúðir henta vörunni best, hvernig best sé að markaðssetja vöruna og hvar sé best að framleiða hana, ásamt því að hanna vörumerki og útlit vörunnar og framleiða markaðsefni," segir Dagný. „Við aðstoðum þannig fólk við að breyta hugmynd í veruleika og fylgjum henni eftir alla leið."

„Allir sem við getum mögulega aðstoðað eru velkomnir til okkar. Stórir sem smáir," bætir Hrönn við. „Við erum lausnamiðuð, höfum gaman af alls konar verkefnum og tökum öllum áskorunum fegins hendi."

> **Við aðstoðum við stefnumótun og þarfagreiningu og fylgjum svo vörunni alla leið, allt frá hugmynd að fullunninni vöru.**
>
> Hrönn Óskarsdóttir

FKA veitir styrkjandi bakland

Hrönn og Dagný eru sammála um að það sé gríðarlega mikilvægt að til séu samtök eins og FKA, þar sem konur í atvinnurekstri styðja hver aðra og eru alltaf tilbúnar til þess að deila reynslu sinni og veita ráð.

„Við finnum mikinn styrk í því að hafa slíkt bakland að leita í, sérstaklega þegar á móti blæs. Það sem einkennir konur innan FKA er að þær vilja lyfta hver annarri upp og versla við hverja aðra og það er dýrmætt," segir Hrönn og Dagný tekur undir. ■

Öflugur mannauður lykillinn að góðri þjónustu

Í skugga heimsfaraldurs hefur þörf fólks til að hittast í raunheimum leitt af sér vitundarvakningu um mikilvægi heilbrigðs vinnuumhverfis og samkomustaða.

Dagar eru leiðandi fyrirtæki á sviði fasteignaumsjónar og bjóða upp á fjölbreytta þjónustu á því sviði. Hjá Dögum starfa um 750 manns á starfsstöðvum víðs vegar um landið. Sigrún Þormóðsdóttir er sviðsstjóri ræstingasviðs Daga og situr í framkvæmdaráði fyrirtækisins. Hún kom nýverið til starfa hjá fyrirtækinu og ber ábyrgð á stærsta tekjusviði fyrirtækisins og segir heimsfaraldurinn hafa opnað á ýmis tækifæri fyrir framsækin fyrirtæki.

„Heimsfaraldurinn hefur reynst krefjandi fyrir fyrirtæki í landinu og við höfum orðið vör við að þjónustuframboð okkar hefur fengið byr undir báða vængi á því tímabili. Það hefur orðið ákveðin vitundarvakning um mikilvægi þess að skapa og viðhalda heilbrigðu og aðlaðandi vinnuumhverfi," segir Sigrún.

Þarfir fyrirtækja og stofnana hafa tekið miklum breytingum á síðastliðnum árum, meðal annars með aukinni fjarvinnu og netverslun. Samhliða erum við sem starfsfólk og neytendur líka að meta upp á nýtt mikilvægi þess að eiga öruggan og aðlaðandi vettvang til að hitta annað fólk, upplifa og eiga í samskiptum augliti til auglitis. Í framtíðinni skiptir æ meira máli að vinnustaðurinn sé aðlaðandi og gefandi og að öryggi starfsmanna og viðskiptavina sé tryggt. Dagar mæta þessari þróun með því að bjóða upp á hentugar lausnir fyrir fyrirtæki sem hækkar þjónustustig þeirra til starfsfólks og viðskiptavina.

Rétt samsett teymi og fræðslumál lykillinn að árangri

Sigríður Héðinsdóttir, starfsmannastjóri fyrirtækisins, bætir hér við: „Við trúum því að lykillinn að árangri liggi í fjölbreytileika starfsfólks okkar og reynslu í að mæta þörfum viðskiptavina með rétt samsettu teymi. Þar hefur áhersla okkar á fræðslumál spilað stórt hlutverk. Við erum þar að auki meðvituð um mikilvægi þess að ólíkur bakgrunnur, viðhorf og fjölþætt reynsla endurspeglist í stjórnun fyrirtækisins."

Áherslur Daga síðastliðin ár hafa þróast með breyttu starfsumhverfi og endurspeglast þær í samsetningu starfsmannahópsins. Fyrirtækið hefur mótað sér skýra stefnu í fræðslumálum og er á spennandi vegferð í stafrænum fræðslumálum. „Með markvissum skrefum í stafrænum fræðslumálum erum við að byggja ofan á reynslu okkar af staðbundinni þjálfun og sjáum fyrir okkur að gera fræðsluna persónulegri og haga að þörfum starfsmanna í enn frekari mæli," segir Sigríður.

Afstaða með umhverfinu

Agata T. Siek er gæðastjóri Daga og situr í framkvæmdaráði fyrirtækisins. Hún hefur það hlutverk að tryggja að gæðaferlum fyrirtækisins sé fylgt eftir og að starfsmenn fyrirtækisins fái rétta þjálfun frá fyrsta degi. „Við lítum svo á að það sé á ábyrgð fyrirtækja að tryggja viðeigandi fræðslu starfsmanna og þar af leiðandi öryggi þeirra og framþróun.

Nokkrir af lykilstjórnendum Daga. Frá vinstri eru Sigrún Þormóðsdóttir, sviðsstjóri ræstingasviðs Daga, Sigríður Héðinsdóttir, starfsmannastjóri Daga og Agata T. Siek, gæðastjóri Daga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Við trúum því líka að til þess að tryggja árangursríkar aðgerðir þegar kemur að umhverfismálum og samfélagslegri ábyrgð þá sé mikilvægast að vera einlæg og láta verkin tala."

Dagar hafa síðan 2013 verið meðlimir að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni, og hefur ræstingarþjónusta fyrirtækisins verið vottuð með umhverfisvottun Svansins síðan 2009. Síðastliðin ár hefur mikil áhersla verið lögð á umhverfisvæna efnisnotkun og fræðslumál í þessum málaflokki en fyrirtækið hefur sett sér markmið um að ganga enn lengra í umhverfismálum. „Kolefnisspor ökutækja er stórt hlutfall af vistspori okkar þar sem að starfsfólk okkar þarf að komast á milli staða um land allt. Við höfum séð að ef ekkert er að gert þá muni kolefnissporið vaxa umtalsvert á næstu árum og teljum við það ekki ásættanlegan valkost. Þess vegna höfum við sett okkur það markmið að héðan í frá munum við einungis fjárfesta í rafdrifnum bílum þegar endurnýja á ökutæki fyrirtækisins." ■

Einstök náttúrufegurð er á Las Colinas-golfvellinum.

Morning Breeze-villan, hönnuð af Monicu Armani.

Glæsileikinn er allsráðandi hvert sem litið er á Las Colinas-svæðinu.


Golfkennslan á Las Colinas hjálpar til við að bæta skorið.

Glæsilegt klúbbhúsið á Las Colinas-golfvellinum.

Íbúðir með glæsilegu útsýni yfir golfvöllinn.

Spánareignir opna nýjan heim í sólinni

Aðalheiður Karlsdóttir, eigandi Spánareigna, hefur átt sitt annað heimili á Spáni undanfarna tvo áratugi. Hún lýsir hér lífi sínu og fjölmargra Íslendinga í paradís.

„Það er ekkert dásamlegra en að vakna í janúar við birtu og fuglasöng inn um gluggann. Hella upp á góðan kaffibolla, setjast út í morgunsólina og renna yfir fréttirnar á netinu og gera sig kláran fyrir daginn. Vinnuna er í auknum mæli hægt að klára á netinu og svo er hægt að fara níu golfholur í eftirmiðdaginn eftir vinnu, jafnvel 18 holur ef vinnan klárast snemma, og góður göngutúr gerir líka sitt gagn."

Þetta segir Aðalheiður Karlsdóttir, löggiltur fasteignasali og eigandi Spánareigna, um daglegt líf sitt og fleiri Íslendinga á Spáni.

„Matargerðin er einföld og heilsusamleg, gott aðgengi að ódýru, fersku grænmeti, og svo skellir maður stundum góðum fiski eða kjöti á grillið, eða í ofninn, og opnar góða hvítvínsflösku með. José Pariente er í miklu uppáhaldi þessa dagana. Ef maður nennir ekki að elda er hægt að fara út að borða með fjölskyldunni eða vinum. Það kostar ekki nema tíu til fimmtán evrur að fá sér góða þriggja rétta máltíð og vínglas með, þannig að það er vel hægt að leyfa sér það. Heimsendingarþjónustan virkar líka vel, ef maður nennir hvorki að elda né fara út að borða. Og síðan er hægt að horfa á kvöldfréttirnar á Stöð 2, Hringbraut eða RÚV, því afruglarinn að heiman virkar fínt hér á Spáni."

Aðalheiður Karlsdóttir er eigandi Spánareigna. MYNDIR/AÐSENDAR

Aðstoða við allt kaupferlið

Aðalheiður er að lýsa lífsstíl sínum síðastliðna tvo áratugi.

„Beina flugið á milli Alicante og Keflavíkur, allt árið um kring, gerir fólki kleift að fljúga á milli eftir þörfum og þeim Íslendingum fjölgar stöðugt sem uppgötva þessi lífsgæði. Ég veit ekkert skemmtilegra en að aðstoða fólk við að finna réttu eignina og allt kaupferlið, sem er auðveldara en margir halda. Flestir kaupa eignir á Spáni til að dvelja í hluta úr ári, til dæmis yfir svartasta skammdegið, en svo eru alltaf fleiri og fleiri sem flytja alfarið út í sólina," segir Aðalheiður, sem verið hefur FKA-kona til margra ára.

Las Colinas-golfið

Aðalheiður segir golf og fagurt umhverfi, ásamt vönduðum eignum í hæsta gæðaflokki, vera það sem heillar mest þegar keyrt er inn um hliðið á Las Colinas-golfvellinum.

„Við hönnun svæðisins var markmiðið að skapa „un mundo aparte" eða heim út af fyrir sig, og það hefur svo sannarlega tekist vel. Það tekur um 50 mínútur að keyra í suður frá Alicante-flugvellinum að þessari paradís. Klúbbhúsið er glæsilegt, með tveimur góðum veitingastöðum, og þar við hliðina er þriðji veitingastaðurinn, Il Palco, sem talinn er einn besti veitingastaðurinn á Costa Blanca-svæðinu. Einnig hafa íbúar Las Colinas aðgang að nýrri og glæsilegri heilsurækt, tennisvöllum, matvöruverslun, fallegum göngu-leiðum, strandklúbbi og fleiru."

Las Colinas-golfvöllurinn er ekki gamall, hann fagnaði nýlega tíu ára afmælinu.

„Strax þegar hann var opnaður þótti hann með bestu golfvöllum Spánar og hefur Las Colinas-svæðið verið nokkrum sinnum valið það besta á Spáni og völlurinn sá besti í landinu. Það segir mikið um gæði hans," segir Aðalheiður.

Völlurinn sjálfur er ekki auðveldur en gefur samt góð tækifæri, þrátt fyrir að golfarinn sé ekki í meistaraflokki.

„Flestar holurnar eru sanngjarnar og bjóða upp á ýmsa möguleika til að ná góðu skori. Fjölbreytni vallarins er heillandi; tré, vötn og glompur bíða samt eftir því að stríða golfaranum ef hann hittir boltann ekki vel," segir Aðalheiður.

Íslendingar vinsælir

Æfingasvæðið á Las Colinas þykir einnig sérlega glæsilegt og þar er hægt að fá golfkennslu.

„Troon Golf sér um allt viðhald á vellinum og æfingasvæðinu, og fólk tekur eftir því að yfir vellinum er annað yfirbragð en almennt gerist. Hugsað er út í hvert smáatriði og mikil vinna og metnaður lagður í að halda vellinum vel grónum og snyrtilegum," greinir Aðalheiður frá.

Las Colinas-golfsvæðið er stórt, nálægt 200 þúsund ferkílómetrum, og hefur markmiðið frá upphafi verið að hafa byggð ekki of þétta. Áætlað er að byggja um 1.800 íbúðir og hús, og nú er búið að byggja um helminginn.

„Nokkrir Íslendingar hafa nú þegar eignast heimili á Las Colinas og njóta þess að dvelja þar til lengri eða skemmri tíma. Jon Brook, framkvæmdastjóri golfvallarins, segir mikið ánægjuefni að fá Íslendinga á völlinn; þeir séu skemmtileg viðbót í alþjóðlegt samfélag golfara sem tekið hefur ástfóstri við Las Colinas-golfvöllinn og spila hann reglulega," segir Aðalheiður.

Í fyrra skipulögðu Spánareignir þriggja daga boðsmót í golfi í samstarfi við Las Colinas. Það tókst með miklum ágætum og er ráðgert að endurtaka leikinn í haust.

„Það er þó meira en golfið sem heillar. Það er til dæmis örstutt að keyra á ströndina, og nokkura tíma akstur er á falleg skíðasvæði, vínekrur og til spennandi stórborga eins og Madríd, Marbella og Valencia," segir Aðalheiður.

Stílhreinn glæsileiki

Það er athyglisvert við Las Colinas hvað uppbyggingin hefur verið hröð, og eignir seljast vel, þrátt fyrri að vera ekki endilega þær ódýrustu á Costa Blanca-svæðinu.

„Fólk er tilbúið að borga aðeins meira fyrir aukin gæði og þau er svo sannarlega að finna á Las Colinas. Húsin eru öll byggð í sama stíl; hvít, stílhrein og glæsileg, og lóðirnar eru stærri en almennt gerist. Framboð á eignum er og verður takmarkað, og fólk er að tryggja sér eignir núna, áður en þær seljast upp og verðin hækka meira. Hægt er að velja um einbýlishús í ýmsum stærðum og auk þess fallegar íbúðir og penthouse-íbúðir," upplýsir Aðalheiður.

Hún segir einnig gera svæðið skemmtilegt að þar eru að finna nokkrar glæsivillur sem hannaðar hafa verið af þekktum arkitektum og hönnuðum.

„Í því sambandi má nefna Morning Breeze-villuna sem Monica Armani hannaði og hefur vakið mikla athygli. Sumir hafa hins vegar farið þá leið að kaupa lóð og látið hanna og byggja hús drauma sinna," segir Aðalheiður.

Spánareignir hafa frá upphafi verið í góðu samstarfi við alla helstu byggingaraðila á Las Colinas og veita yfirgripsmikla og góða aðstoð við að fara yfir möguleikana og finna réttu eignirnar og allt kaupferlið. Einnig er í boði að skoða eignir í gegnum vídeómyndavél.

„Hægt er að hafa samband við starfsfólk Spánareigna og bóka einkafund til að fara yfir málin áður en haldið er út til Spánar til að skoða eignirnar og prófa golfvöllinn, því hvað er betra en að spila golf í góðu veðri árið um kring á einum besta golfvelli Spánar?" segir Aðalheiður sem nýtur lífsins til hins ítrasta á fagra Spáníá. ■

Allar nánari upplýsingar eru á spanareignir.is.

Fólk tengir Good Good við heilsu og hamingju

Þóra Björg Stefánsdóttir er forstöðumaður aðfangastýringar hjá GOOD GOOD, sem er mikið ábyrgðarstarf. Menntun hennar í rekstrar- og stjórnunarverkfræði kemur sér vel í starfinu, sem og þeirri greiningavinnu sem því fylgir.

„Það sem laðaði mig að GOOD GOOD var tækifærið til að koma inn í fyrirtæki í miklum vexti og hafa möguleika á að taka þátt í því ævintýri og setja mitt mark á það. Ég ber ábyrgð á og sé um öll innkaup fyrir framleiðslu á okkar vörum og er því í miklum samskiptum við birgja okkar um allan heim. Ég vinn einnig náið með flestum deildum fyrirtækisins og kem mikið að fjölbreyttri greiningavinnu,“segir Þóra og er virkilega ánægð í sínu hlutverki sem forstöðumaður.

Gefandi að leita lausna

Hefur þú ávallt haft brennandi áhuga á því að vera í aðfangastýringu?

„Nei, ekki endilega, en frá því ég hóf háskólanám sem kynnti mig fyrir faginu fann ég fljótlega út að þarna væri eitthvað sem mér fannst spennandi. Aðfangakeðjan er flókin og fjölbreytt, og krefst samspils margra þátta og aðila, og það er bæði krefjandi en jafnframt gefandi að leita lausna til þess að stýra henni á sem skilvirkastan hátt.“

Virði og færni hvers og eins metin að verðleikum

Er GOOD GOOD með öfluga mannauðsstefnu sem laðar konur til starfa og hvetur þær áfram á framabrautinni?

„Já, tvímælalaust. GOOD GOOD er vinnustaður þar sem konur eru í meirihluta og virði okkar og færni er virkilega metin að verðleikum af stjórnendum. Við erum í lykilstöðu og höfum mikil áhrif innan fyrirtækisins þar sem treyst er á hæfileika okkar til að drífa árangur fyrirtækisins. Þar sem við erum ört stækkandi fyrirtæki eru fjölmörg tækifæri innan flestra sviða, sem býður upp á mikla möguleika á því að öðlast reynslu og að vaxa í starfi,“ svarar Þóra Björg.

Þóra Björg Stefánsdóttir er forstöðumaður aðfangastýringar hjá GOOD GOOD. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Belinda Navi, markaðsstjóri GOOD GOOD. MYND/AÐSEND

> Markmið okkar er að vera þekkt vörumerki sem fólk tengir við heilsu og hamingju.
>
> Belinda Navi

Sérstaða fyrirtækisins er skýr. „Við erum íslenskt fyrirtæki með mjög fjölbreytt og sterkt alþjóðlegt teymi og vinnum einnig í alþjóðlegu umhverfi með samstarfsaðilum um allan heim. Jafnframt er menning fyrirtækisins sterk og hér ríkir sameiginlegur vilji til að ná árangri, með hreinskilni og opnum umræðum að leiðarljósi og þar sem allir hafa rödd, en það er eitthvað sem ég tel mjög mikilvægt.“

Getur þú gefið konum góð ráð til að ná settum markmiðum og ná langt í atvinnulífinu? „Ég held fyrst og fremst að það sé mikilvægt að vera óhrædd við að setja markið hátt. Það sem hefur einnig reynst mér vel er að leitast eftir því að hafa áhrif – láta í mér heyra og koma mínum skoðunum og hugmyndum á framfæri. Einnig finnst mér mikilvægt að þekkja sitt eigið virði og sætta sig ekki við neitt minna en maður telur sig geta gert og lagt af mörkum.“

Hágæða sjálfbærar vörur

Belinda Navi er markaðsstjóri hjá GOOD GOOD. Hún segir spennandi tíma fram undan hjá fyrirtækinu og að starfsemin vaxi hratt.

„Það eru virkilega spennandi tímar fram undan í markaðsmálum GOOD GOOD. Þar sem starfsemin heldur áfram að vaxa á heimsvísu, þá höfum við öðlast aukin tækifæri til að læra meira inn á og kynnast enn betur þeim fjölbreytta hóp viðskiptavina sem kýs okkar vörumerki af ýmsum ástæðum,“ segir Belinda.

Hún heldur áfram:

„Markaðssetning spilar lykilhlutverk í aðgreina sig gagnvart keppinautum og að ná markaðshlutdeild á öflugum samkeppnismarkaði matar- og drykkjarvöru. Þar af leiðandi einblínum við á fjárfesta í að byggja upp eigin getu sem og að styrkja innviði starfseminnar með skynsamlegum fjárfestingum, til að mynda með stafrænni og staðsetningarmiðaðri markaðssetningu sem mun hjálpa okkur að ná tekjumarkmiðum okkar og auka sýnileika vörumerkisins á viðeigandi mörkuðum. Markmið okkar er að vera þekkt vörumerki sem fólk tengir við heilsu og hamingju. Vörur sem bæði fjölskyldur og einstaklingar geta reitt sig á fyrir að vera ljúffengar, hágæða og sjálfbærar vörur, “ segir Belinda. ■

Hér gefur að líta girnilega, fjölbreytta og sykurlausa vörulínu GOOD GOOD.

Snýst um að hafa trú á sjálfum sér

Eftir langan tíma í fjármálageiranum ákvað Hrönn Eir Grétarsdóttir að snúa algjörlega við blaðinu og prófa eitthvað nýtt. Í dag er hún Operations and Service Manager hjá GOOD GOOD, þar sem starf hennar snýst um samskipti við viðskiptavini og í því hlutverki líður henni best.

Hrönn er með BS-próf í sálfræði og hefur tekið ýmis atvinnutengd námskeið hjá HR ásamt því að hafa lokið námi til viðurkennds bókara.

„Ég hef unnið í bankageiranum frá því að námi lauk og þar til ég byrjaði hjá GOOD GOOD. Ég hef unnið margvísleg störf hjá Arion banka og fyrirrennurum hans,“ upplýsir Hrönn Eir.

Heillandi að vinna hjá litlu fyrirtæki

„Þegar mér bauðst starfið hjá GOOD GOOD var ekki spurning um að þetta var nákvæmlega það sem mig langaði að gera. Það var eitthvað heillandi við að fara að vinna hjá litlu fyrirtæki í matvælaframleiðslu sem hafði miklar áætlanir um að stækka markaðssvæði sín og leyfa fleirum að kynnast þeim frábæru vörum sem við framleiðum og seljum,“ segir Hrönn.

Starf hennar snýst um samskipti við viðskiptavini.

„Ég er í samskiptum við B2B-viðskiptavini okkar í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada. Ég tek við pöntunum og kem þeim áfram á vöruhúsin okkar. Ég er einnig í daglegum samskiptum við vöruhúsin. Ég er í nánu samstarfi við teymið okkar í Bandaríkjunum og Kanada, enda er það stærsta markaðssvæðið okkar. Ég held utan um Amazon-lagerinn í Bretlandi, Bandaríkjunum og Kanada og sé til þess að nóg sé til af vörum á lager. Ég er einnig í samskiptum við B2C-viðskiptavini okkar, þegar þeir hafa samband út af ýmsum ástæðum, hvort sem þeir eru að kaupa beint af vefsíðunni okkar eða út úr búð.“

Yfir helmingur starfsmanna konur

Meira en helmingur starfsmanna GOOD GOOD eru konur.

„Fyrirtækið hvetur alla starfsmenn sína og þar á meðal konur áfram í starfi sínu. Allir hafa sinn ábyrgðarhluta og hvatt er til sjálfstæðis í starfi, ásamt því að vinna vel saman sem teymi. Starfsmenn fá jákvæða og uppbyggilega hvatningu í því sem þeir gera ásamt því að sækja sér þá þekkingu sem þarf til að bæta sig í starfi. Gætt er jafnvægis milli starfs og einkalífs,“ segir Hrönn.

Sérstaða fyrirtækisins felst í mannauðinum og hugvitinu.

„Þetta er lítið en ört stækkandi fyrirtæki og byggist á því að allir starfsmenn nái að vinna vel saman, meðal annars þvert yfir landamæri, þar sem hluti starfsmanna okkar starfar í Bandaríkjunum,“ segir Hrönn.

Hrönn Eir Grétarsdóttir er þjónustustjóri GOOD GOOD sem byggir á íslensku hugviti og býður upp á girnilegar og gómsætar gæðavörur fyrir sykurlausan lífsstíl. MYND/AÐSEND

Stjórnendur treysti starfsfólki sínu fyrir þeirra hlutverki og það smiti út frá sér.

„Einnig fær maður að fylgjast með þegar vara er þróuð og allir taka þátt í þróuninni að einhverju leyti. Það er eitthvað sem myndi ekki gerast í stærri einingu. Mikill metnaður er hjá fyrirtækinu að veita hollustuvöru sem er bragðgóð og er gæðavara.“

Sykurlaus lífsstíll ört vaxandi

Nú nýtur sykurlaus lífsstíll vaxandi vinsælda, finnið þið fyrir því?

„Algjörlega, sífellt fleiri gera sér betur grein fyrir að sykurlaus lífsstíll er eitthvað sem gott er að tileinka sér. Hluti okkar viðskiptavina eru í ketó-lífsstíl, eru með sjúkdóma eins og sykursýki eða vilja einfaldlega tileinka sér heilbrigðan lífsstíl með breytingu á mataræði.“

Hrönn segir eftirspurn eftir vörum GOOD GOOD nú aukast á öllum markaðssvæðum, ásamt því sem fyrirtækið haslar sér nú völl á nýjum mörkuðum, eins og Suður-Kóreu, Kína og Miðausturlöndum.

„Ég vona að íslenskt hugvit haldi áfram að blómstra. Ég er þakklát fyrir að vinna hjá litlu, áhugaverðu og stækkandi fyrirtæki sem vinnur þvert yfir heimsálfur. Ég vona að Íslendingar hafi nú kynnst því betur að GOOD GOOD er íslenskt hugvit og metnaðarfullt fyrirtæki sem býður upp á gæðavörur fyrir sykurlausan lífsstíl.“

Getur þú gefið konum góð ráð til að ná settum markmiðum og ná langt í atvinnulífinu? „Ef ég tala út frá sjálfri mér, eiga konur það til að draga úr því sem þær hafa áorkað í starfi sínu og námi. Þetta snýst um að hafa trú á sjálfum sér; við getum allar áorkað meiru en við höldum.“■

Skoðið // www.hjahrafnhildi.is
Stenströms.
hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Þjóðvegur orkuflutninga í breyttu umhverfi

Svandís Hlín Karlsdóttir er yfir þjónustu við viðskiptavini og viðskiptaþróun hjá Landsneti. Hún hóf störf hjá Landsneti 2015 þegar hún flutti heim eftir fimm ára dvöl í Svíþjóð þar sem hún tók meistaragráðu í iðnaðarverkfræði og náði sér í starfsreynslu.

Fyrir Svíþjóðardvölina starfaði hún hjá Mannvit verkfræðistofu og kynntist orkugeiranum, sem heillaði hana. „Á bak við innstungurnar hjá okkur leynist heil veröld, flókin og heillandi. Í Svíþjóð tók ég stjórnun og orkumál í mínu námi."

Svandís byrjaði í þróun á viðskiptaskilmálum þegar hún hóf störf hjá Landsneti en starfið þróaðist hratt. „Þetta var nýtt og enginn í rauninni að kenna mér. Ég þurfti því sjálf að læra þetta og mótaði eins og ég hafði frelsi til. Ég fékk fljótt aukin verkefni og meiri ábyrgð og fór fljótt í samtalið og samningaviðræður við viðskiptavini."

Svandís segist hafa fundið fyrir því hve hratt hlutirnir eru að breytast. „Þegar ég fór að spyrjast fyrir innan fyrirtækisins um hvernig þetta hefði verið gert komst ég að því að samningaviðræður við viðskiptavini höfðu verið mjög fátíðar. Litlar hreyfingar höfðu orðið í viðskiptavinahópnum í töluvert langan tíma."

Samtal við viðskiptavini

„Um 2016 förum við að finna fyrir miklu meiri hreyfingu og samningaviðræður voru allt í einu orðnar tíðar og almennar. Ég

Svandís Hlín Karlsdóttir er yfir þjónustu við viðskiptavini og viðskiptaþróun hjá Landsneti. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

þurfti í raun að leggja til hliðar allt sem mér hafði verið sagt og stóð frammi fyrir nýjum veruleika fyrir fyrirtækið. Á þessum sex árum sem liðin eru hafa bæst við einn til tveir nýir viðskiptavinir á hverju ári, sem er alveg nýtt. Þeim hefur fjölgað um 45 prósent. Þegar horft er til þess að við tökum eingöngu inn mjög stóra viðskiptavini er þetta mjög mikið," segir Svandís.

Viðskiptavinir Landsnets eru raforkuframleiðendur og þeir sem hafa leyfi til að selja raforku, stórnotendur og dreifiveitur. Landsnet flytur rafmagnið frá raforkuframleiðendum til stórnotenda og dreifiveitna sem dreifa því svo til almennings og minni notenda.

Gagnaverin byrjuðu að koma inn 2016 og um svipað leyti raforkusalar, eða raforkumiðlarar, sem eiga enga orkuframleiðslu heldur kaupa orku og selja á markaði. Þá breytast þarfir og kröfur og Landsnet þurfti að laga sig að því.

Drifkraftarnir eru alþjóðleg áhersla á loftslagsmál og tækniþróun. Núna eru vindmyllurnar að ryðja sér til rúms og vetnisframleiðsla. Matvælaiðnaðurinn er vaxandi notandi. Fiskeldi og þörungaræktun kallar á orku og sum fyrirtæki í þessum greinum eru af þeirri stærð að þau geta tengst beint við flutningsfyrirtækið án millilliða."

Að sögn Svandísar breytist umhverfið hratt og núna er áherslan á það sem kalla mætti einstaklingsmiðaða þjónustu til viðskiptavina því að þarfir þeirra eru mjög mismunandi. „Við leggjum einnig áherslu á upplýsingagjöf og gagnsæi. Miklu máli skiptir að við öðlumst skilning á þörfum okkar viðskiptavina og hagaðila og líka að þeir skilji okkar umhverfi til að við getum náð sífellt betri árangri saman."

Takmörkuð flutningsgeta

„Þrátt fyrir heimsfaraldurinn sjáum við að mikill áhugi og áform eru hjá bæði núverandi viðskiptavinum um að stækka og vaxa og líka hafa nýir viðskiptavinir áhuga á að tengjast okkar kerfi. Þessi áhugi nýrra aðila kemur bæði frá framleiðendum og notendum.

Í þessu gróskuástandi sjáum við líka glötuð tækifæri vegna flutningstakmarkana. Allt að 25 prósent fyrirspurna um tengingar notenda koma frá Reykjanesi og áætlað er að glötuð tækifæri í atvinnusköpun þar nemi fjórum til sex milljörðum á ári. Við erum hins vegar með fullnýtta flutningsgetu út á Reykjanesið og erfitt hefur verið að koma Suðurnesjalínu 2 í framkvæmd. Hún myndi tengja Hafnarfjörð og Reykjanesið til að tryggja aukið afhendingaröryggi og auka getu til að bregðast við nýjum tækifærum.

„Þar sem Landsnet er eina flutningsfyrirtækið með sérleyfi til orkuflutninga á Íslandi er mikilvægt fyrir okkur að vera upplýst og læra og deila með öðrum flutningsfyrirtækjum í Evrópu," segir Svandís. „Ég sit í markaðsráði samtaka evrópskra flutningsfyrirtækja, ENTSOE. Þar fylgist maður með og lærir og deilir reynslu. Á sumum sviðum eru önnur lönd komin lengra en við og þá getum við nýtt okkur þeirra reynslu. Svo erum við brautryðjendur á öðrum sviðum og miðlum þá af okkar reynslu.

Það er gaman að segja frá því að við erum brautryðjendur í snjalltengivirkjum, snjallbúnaði. Hvernig notendur og framleiðendur geta tekið þátt í því að stýra flutningskerfinu þegar eitthvað gerist og hjálpað okkur að tryggja afhendingaröryggi. Í sumum tilfellum erum við að þróa þjónustu með þeim í þróunarverkefnum."

Jafnrétti er mikilvægt

Svandís var kosin formaður jafnréttisnefndar Landsnets þegar hún var stofnuð haustið 2020. Einnig situr hún í stjórn félags sem heitir Konur í orkumálum. Í fyrra kom út á vegum þess félags skýrsla um stöðu kvenna í orkugeiranum. Orkugeirinn er karllægur geiri. Konur eru um 27 prósent starfsfólks. Ákvörðunarvald liggur hjá konum í 36 prósentum tilfella í orkugeiranum. „Hjá Landsneti erum við með 22 prósent starfsfólks konur og hefur það aukist aðeins síðustu ár. Staðan er betri þegar kemur að stjórnarmönnum og millistjórnendum. Konur eru í meirihluta í stjórn Landsnets og stjórnarformaðurinn er kona.

Landsnet er jafnlaunavottað fyrirtæki og hefur sú vottun verið að koma mjög vel út. Jafnrétti er mikilvægur hluti af okkar stefnu og ég tel að kynjajafnrétti og jafnrétti almennt skiptir máli fyrir fyrirtækið á breytingatímum," segir Svandís Hlín Karlsdóttir. ■

Samtal og samráð er leiðin fram á við

Mikið hefur breyst á íslenskum orkumarkaði á undanförnum árum. Aukin orkufrek starfsemi kallar á uppbyggingu hjá Landsneti sem sér um flutning raforku og kerfisstjórnun. Breytt umhverfi kallar á aukið samtal og samráð og opnara ferli en áður.

Elín Sigríður Óladóttir samráðsstjóri Landsnets hóf störf hjá fyrirtækinu árið 2017 í nýju starfi innan fyrirtækisins en tekin hafði verið ákvörðun hjá Landsneti í kjölfar endurskoðunar á stefnu fyrirtækisins að auka samtal og samráð út í samfélagið og leggja áherslu á opið og gagnsætt ferli.

„Það var ekki eins og þessi ákvörðun á að breyta stefnu dytti bara af himnum ofan. Fyrirtækið hafði fengið á sig gagnrýni fyrir skort á upplýsingum og samtali og samráði. Fyrirtækið hafði fengið á sig kærur og framkvæmdir eins og uppbygging nýrrar byggðalínu hafði tafist," segir Elín.

„Aukið samráð og samtal var liður í því að bæta verklag og ná sátt út í samfélagið. Við skoðuðum hvað væri að gerast hjá sambærilegum fyrirtækjum erlendis, hvað hefur gengið vel þar. Einnig skoðuðum við hvað væri að gerast hér á Íslandi á þessum vettvangi, pikkuðum upp alls konar og þróuðum fyrir okkur. Þetta er búið að vera mikið þróunarstarf þessi fimm ár sem liðin eru og ég hef verið svo heppin að fá að leiða þetta starf með frábæru starfsfólki innan Landsnets mér við hlið."

Samráðinu er skipt upp eftir því hvort það er á landsvísu eða svæðisbundið. Á landsvísu starfar hagsmunaráð. Verkefnaráð eru svæðisbundin og svo eru það landeigendur.

Margir koma að borðinu

Hagsmunaráð var sett á stofn að tillögu ráðherra ferðamála, iðnaðar- nýsköpunar sem liður í auknu samráði um uppbyggingu grunninnviða. Landsnet sér um ráðið en formaður er skipaður af ráðherra. Hagsmunaráð fundar reglulega yfir árið og er ráðgefandi varðandi gerð kerfisáætlunar og uppbyggingu meginflutningskerfisins. Í ráðinu sitja meðal annarra fulltrúar orkugeirans, orkunotenda, fræðasamfélagsins og umhverfis og samfélags.

Svæðisbundin verkefnaráð eru mynduð utan um tiltekin verkefni. „Þar erum við fyrst og fremst að horfa til framkvæmda sem eru matsskyldar," segir Elín. „Við erum samt alltaf að víkka út og þróa umfang samráðsins. Þetta er í stöðugri endurskoðun með það að markmiði að gera enn betur."

Í verkefnaráðum situr fólk af svæðinu á borð við fulltrúa sveitarfélaga, umhverfissamtaka og fræðasamfélagsins. „Raunar svipar þessu mjög til samsetningar Hagsmunaráðs nema bara að þetta er svæðis- og verkefnabundið og einungis á meðan viðkomandi verkefni er í gangi.

Lögð er áhersla á jafnvægi við skipan í ráðin og að ná yfir þá þætti sem við vinnum með, öryggi, verðmæti og umhverfi og samfélag. Áhersla er á að hafa sem mesta breidd og að hóparnir verða að vera nægilega stórir til að endurspegla sem flest sjónarmið og er meðal annars horft til þess við skipan fulltrúa í ráðin að kynjahlutfallið sé sem jafnast.

Landeigendur sitja ekki í verkefnaráðum enda sá hópur fjölbreyttur og fjölmennur og því höfum við verið með sérstakan vettvang fyrir þá sem starfar á svipuðum grunni og verkefnaráðin," segir Elín.

Elín Sigríður Óladóttir, samráðsstjóri Landsnets. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Konur í orkumálunum

Elín segir það vera áskorun að vera kona í þessu fagi þar sem karlmenn eru enn í miklum meirihluta. Sem dæmi megi nefna að fyrir stuttu hafi hún verið ásamt tveimur öðrum konum á fundi með hagaðilum og þar hafi verið haft á orði að það væri nú ágætt að enginn jakkafataklæddur kall væri með þeim í för, en ekki væri nú víst að viðhorfið gagnvart einhverjum framkvæmdum breyttist þótt einhverjar nútímakonur væru sendar á svæðið. „Við konur í þessari grein þurfum alveg undir vissum kringumstæðum að gera upp við okkur hvort við viljum halda okkur innan þægindarammans og hafa karlkyns aðila með okkur á svona fundi eða halda ótrauðar áfram í skapa nýja og breytta ímynd á þessu sviði þar sem konur eru að hasla sér völl og taka að sér ólík og fjölbreytt hlutverk.

Þegar fjallað er um efni eins meginflutningskerfið er viðhorfið að einhverju leyti þannig að enn þykir nokkuð nýmæli þegar konur mæta. En svona er þetta bara. Þetta er að breytast en það gerist ekki á einni nóttu. Á vissan hátt er þetta skemmtilegt og allir hafa tekið okkur vel."

Elín segir að áhersla Landsnets með þessu formlega samráði sé að halda ferlinu opnu og gegnsæju. Þau gangi auðmjúk til þessa samstarfs og markmiðið sé að hafa ferlið gagnvirkt. „Við erum með hefðbundna fundi þar sem fram koma hugmyndir og tillögur auk vinnustofa, okkar viðbrögð eru að bregðast við, auka rannsóknir á ýmsum sviðum, meta nýja kosti, ítarleg umfjöllun um ákveðið efni og breytingar á línuleið.

Það hafa bara orðið svo miklar breytingar í þessum málum. Fólk vill fá að taka þátt í ákvarðanatöku. Það vill upplýsingar og gagnsæi. Fyrir 50 árum var bara flaggað og bökuð rjómaterta þegar vinnuflokkar mættu og rafmagn kom á í dalnum. Núna vill fólk samráð, fá að vera með, koma sinni skoðun að og hafa áhrif og það er líka okkar vilji hjá Landsneti að vinna með fólkinu," segir Elín.

Samráð er ekki átak sem er í gangi hjá Landsneti heldur er þetta orðið hluti af ferli framkvæmda og fyrirtækið hefur metnað til að þróa þetta áfram.

„Við höfum fulla trú á því að samráð og samtal sé leiðin fram á við. Samráðið er jafn mikilvægur þáttur og annað í ferlinu. Því fyrr í ferlinu sem við byrjum samráðið því betra. Fólk fær tækifæri til að koma að sínum tillögum og athugasemdum og tími gefst til að bregðast við."

Elín, sem situr í jafnréttisnefnd hjá Landsneti, segist í gegnum tíðina hafa látið sig jafnréttismál miklu skipta og er ánægð með hvernig þau mál eru að þróast hjá fyrirtækinu þó að auðvitað vildi hún að breytingar í átt að jafnara kynjahlutfalli gengju hraðar fyrir sig. „Í gegnum samráð og samtal náum við til mikils fjölda fólks sem gerir okkur kleift að opna gátt inn í orkugeirann og sífellt fleiri sjá að þetta er skemmtilegur og áhugaverður vettvangur sem spannar ólík svið og mörg áhugaverð störf í boði sem henta fólki af öllum kynjum, á ólíkum aldri og með fjölbreyttan bakgrunn," segir Elín Sigríður Óladóttir. ■

Eflum samskipti og líkamlega og andlega heilsu

Viðfangsefni sálfræðiþjónustunnar Sálarró.is eru áfallastreita, sorg, kvíði, þunglyndi, erfið tengsl og samskipti. Í næsta mánuði býður stofan upp á tvö afar áhugaverð tilboð.

Þuríður Ólafía Hjálmtýsdóttir er sérfræðingur í klínískri fjölskyldusálfræði og stofnandi sálfræðiþjónustunnar Sálarró.is. Viðfangsefni Sálarró.is eru áfallastreita, sorg, kvíði, þunglyndi, erfið tengsl og samskipti að sögn Þuríðar Ólafíu. „Fyrirtækið býður upp á námskeið, hópmeðferðir og viðtöl sem veita tækifæri til að efla líkamlega og andlega heilsu og samskipti. Til þess að vinna að ásetningi okkar erum við nú í vor með tvenns konar tilboð sem nefnast Viltu vaxa eftir áföll? og Töframáttur samtalsins.“

Viltu vaxa eftir áföll?

Annars vegar býður Sálarró upp á hagnýta sál-líkamlega meðferð, sem ber heitið Viltu vaxa eftir áföll? í litlum sjálfsþroskahópi til þess að vinna með eigin áfallareynslu. „Í meðferðinni er farið í gegn um ýmiss konar fræðslu, svo sem um hvað gerist í líkama okkar þegar við lendum í áföllum og hvaða aðferðir eru góðar til þess að lækna sjálfan sig. Tilgangurinn er að hjálpa til þannig að þú getir byrjað að blómstra og nýta hæfileika þín til fulls. Við kennum æfingar sem þú getur þjálfað þig með heima. Einnig nýtum við hugleiðslu sem er sérstaklega ætluð til þess að vinna á móti þjáningu áfallareynslunnar í líkama og huga. Tilboðið er þróað út frá nýjustu þekkingu á sviðinu.“ Nánar er hægt að kynna sér meðferðina á slóðinni salarro.is/hopmedferd.

Þuríður Ólafía Hjálmtýsdóttir, sérfræðingur í klínískri fjölskyldusálfræði og stofnandi Sálarró.is.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Fyrirtækið býður upp á námskeið, hópmeðferðir og viðtöl sem veita tækifæri til að efla líkamlega og andlega heilsu og samskipti.

Töframáttur samtalsins

Hins vegar býður Sálarró upp á námskeið sem er kallað Töframáttur samtalsins. „Námskeiðið er ætlað þeim sem bera ábyrgð í samskiptum, svo sem stjórnendum, kennurum eða námsráðgjöfum. Farið verður í gegn um hvernig leiða má krefjandi samtal þannig að það bjóði upp á að auka ábyrgð, samkennd, sjálfstraust og vellíðan einstaklinga eða í hópi. Þannig getur sköpun að nýjum „veruleika“ orðið til. Við uppbyggingu námskeiðsins eru nýttar aðferðir úr sálfræði til vaxtar og þorska. Nánar er hægt að kynna sér námskeiðið á slóðinni salarro.is/namskeid-2.

Sálarró mun halda áfram á þessu ári að þróa tilboð til þess að hjálpa fólki að finna jákvæðar og þroskandi leiðir til þess að lifa sem ríkustu og ánægjulegustu lífi á okkar fögru plánetu. ■

Allar nánari upplýsingar má finna á salarro.is.

Margverðlaunaðar þýskar innréttingar
INNlifun
Suðurlandsbraut 26 Sími 587 2700
Opið 11-18 virka daga, 11-16 laugardaga.
innlifun.is

Sköpunargleðin breytir öllu

Birna Dröfn Birgisdóttir hjá Sköpunargleði.is hefur þjálfað hundruð einstaklinga og fyrirtækja í að virkja sköpunargleðina.

Sköpunargleði skiptir mjög miklu máli í lífi fólks, bæði í vinnu og í einkalífi, segir Birna Dröfn Birgisdóttir, doktorsnemi við Háskólann í Reykjavík, þar sem hún rannsakar sköpunargleði. Hún segir rannsakendur tala um að sköpunargleðin sé forsenda nýsköpunar og sé því mjög mikilvæg fyrir starfsfólk og fyrirtæki. „Þau fyrirtæki sem fjárfesta í sköpunargleðiþjálfun hafa til dæmis séð aukna nýsköpun, framleiðni og meiri ánægju viðskiptavina. Eins eru mörg dæmi um fyrirtæki sem hafa hagnast mikið og sparað háar upphæðir vegna sköpunargleðinnar.“

Birna Dröfn Birgisdóttir, doktorsnemi við í Háskólann í Reykjavík og eigandi sköpunargleði.is, heldur námskeið fyrir fyrirtæki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sköpunargleði að minnka

Rannsóknir sýna að sköpunargleði er að minnka almennt hjá fólki, sem Birna telur slæma þróun. „Rannsakendur telja ástæðuna vera of mikinn hraða og álag. Í nýlegri grein í Harvard Business Review kom fram að fólk sé að upplifa minni tilbreytingu og enn meira álag út af Covid, sem er líklegt til að draga meira úr sköpunargleðinni.“

Sem betur fer benda rannsóknir á að við getum gert eitthvað í þessu og þjálfað sköpunargleðina okkar, segir Birna. „Sköpunargleði er skilgreind sem hugsanamynstur sem leiðir af sér eitthvað nýtt og nytsamlegt. Það er ótal margt sem við getum gert til þess að efla okkur í þessu hugsanamynstri og þar skiptir slökun og æfing miklu máli. Til eru alls konar æfingar sem geta leitt þetta hugsanamynstur á nýjar slóðir og hjálpað okkur að sjá nýjar lausnir.“

Þurfum að æfa okkur

Birna býður upp á námskeið sem fjallar um hvernig sköpunargleðin virkar og hvernig við getum aukið hana. „Til þess að sjá raunverulegar breytingar þurfum við að æfa okkur. Þess vegna býð ég einnig upp á áskrift að vikulegum stuttum myndböndum sem innihalda æfingar og fróðleik um sköpunargleði. Okkar næsti yfirmaður hefur mikil áhrif á sköpunargleði okkar í starfi og því er ég einnig með námskeið fyrir fólk með mannaforráð þar sem farið er yfir hvernig þau geta betur stutt við starfsfólk sitt.“

Á sköpunargleði.is má lesa nánar um þessi námskeið. „Ég vona að enn fleiri teymi, deildir og fyrirtæki velji að leggja áherslu á sköpunargleðiþjálfun fyrir bæði starfsfólk og yfirmenn, til þess að þau geti saman náð meiri árangri og haft jákvæð áhrif með virkri sköpunargleði.“ ■

Sparar nú heila vinnuviku í mánuði

„Ég strengdi áramótaheit í fyrsta sinn á ævinni um áramótin 2021: ég var ákveðin í því að einfalda líf mitt. Ég vissi samt ekki hvernig, en svo kom þetta starf upp í hendurnar á mér og mér tókst virkilega að einfalda tilveruna,“ segir Helga Margrét Friðriksdóttir sem tók við stöðu framkvæmdastjóra Landnámsseturs Íslands í fyrrahaust. Landnámssetrið stendur á fögrum stað undir klettum við ströndina í Borgarnesi.

„Ég flutti í Borgarbyggð þegar ég hóf nám við Háskólann á Bifröst árið 2012, eitt leiddi af öðru og við festum kaup á húsi í Borgarnesi. Að námi loknu vann ég við mannauðsmál hjá Gæðabakstri og Coca Cola á Íslandi, og keyrði daglega á milli. Að vera nú komin með draumastarf í Borgarnesi er ótrúleg einföldun á lífinu, vinnan er fjölbreytt og spennandi, og sannkölluð forréttindi að vera til staðar fyrir börnin og ekki í klukkustundar fjarlægð ef eitthvað kemur upp á,“ segir Helga Margrét sæl. Hún segir stöðu sína á Landnámssetrinu sýna að tækifærin séu líka úti á landi.

„Fyrst eftir útskrift taldi ég fá atvinnutækifæri vera á landsbyggðinni miðað við fjárfestinguna sem ég setti í menntun mína, en komst svo að raun um að það væri ekki rétt. Það er fullt af spennandi atvinnutækifærum víðs vegar um landið og auðvitað yndislegt að búa úti á landi og ala upp börn. Það bætast við fleiri klukkutímar í sólarhringinn og sparar til að mynda heila vinnuviku í mánuði fyrir mig, sem áður fór í akstur á milli Borgarness og Reykjavíkur. Þann tíma nýti ég nú í staðinn með börnunum mínum og finnst ég standa mig betur á öllum vígstöðvum; í vinnunni, á heimilinu og gagnvart sjálfri mér.“

Helga er framkvæmdastjóri Landnámsseturs Íslands. MYND/GUNNHILDUR LIND

Vinnufundir og hópefli

Borgarnes er yndislegur viðkomustaður. Bæjarstæðið er rómað fyrir náttúrufegurð og bæjarlífið hefur á sér heimsborgaralegan blæ þótt þorpið sé rammíslenskt. Þar skipar Landnámssetrið stóran sess.

„Við erum með tvær ómótstæðilegar sögusýningar, Egilssögusýninguna og Landnámssýninguna, sem heilla jafnt fullorðna sem börn, en líka frábæra aðstöðu og þjónustu fyrir vinnudaga, námskeið og vinnufundi,“ segir Helga Margrét, sem nýtur þess að taka á móti gestum.

„Hér er tilvalið að eiga frábæran vinnudag sem endar á ratleik og hópefli og dýrindis málsverði á vinsælum veitingastað hússins, eða sækja tónleika og sagnaskemmtanir. Allt er þetta þjónusta sem Landnámssetrið býður upp á. Borgarnes er undurfagur áfangastaður í klukkustundar akstursfjarlægð frá borginni og bæði endurnærandi og uppörvandi að kúpla sig frá hefðbundnu vinnuumhverfi og sækja fund eða önnur störf í Borgarnesi. Á sama tíma er hægt að læra um söguna, leika sér og hafa það gaman saman, því fólk fær mikið út úr því að skipta um umhverfi og brjóta upp vinnudaginn,“ segir Helga Margrét.

Í tilefni veganúar er boðið upp á vegan matseðil á veitingastað Landnámssetursins þar sem kokkarnir matreiða krásir í tilefni árstíða og alltaf eitthvað nýtt og spennandi í pottunum.

„Hér er notalegt að lifa og starfa. Í Borgarnesi er líka hægt að eiga æðislegan fjölskyldudag með skemmtilegum sveitabíltúr, gera sér glaðan dag í Landnámssetrinu, fara á Bjössaróló og í eina bestu sundlaug landsins.“ ■

Landnámssetur Íslands er á Brákarbraut 13-15 í Borgarnesi. Sími 437 1600. Opið alla daga frá 10 til 21. Hafið samband á landnam@landnam.is. Sjá landnam.is

Kristjana er þakklát fyrir það tækifæri að fá að stýra versluninni á Egilsstöðum. Þar vinnur gott teymi að fjölbreyttum verkefnum. MYND/AÐSEND

Forréttindi að vinna við áhugamálið

Kristjana Jónsdóttir er verslunarstjóri verslunar Landstólpa á Egilsstöðum. Eftir áratug hlakkar hún enn til að mæta í vinnuna á hverjum degi.

Landstólpi var stofnaður árið 2000 en Kristjana segir að himinn og haf séu á milli starfsemi fyrirtækisins þá og nú. Í upphafi var unnið að hönnun og ráðgjöf við breytingar á eldri fjósum í nútíma lausagöngufjós, en í dag er fyrirtækið deildaskipt með fjármálasvið, mannvirkjasvið, þjónustusvið, vélasvið, landbúnaðarsvið, Landstólpa á Egilsstöðum og Joserabúðina.

Árið 2011 hóf Landstólpi innflutning á hágæða gæludýrafóðri frá Josera í Þýskalandi og þá fóru fyrstu vörurnar að koma til Egilsstaða. Í verslun fyrirtækisins á Egilsstöðum stendur Kristjana vaktina alla daga, en hún er einnig sölustjóri fyrir gæludýrasvið fyrirtækisins.

„Landstólpi er innflutningsaðili fyrir Josera-gæludýrafóður og við rekum einnig verslun í Reykjavík sem heitir Joserabúðin. Josera er orðið það þekkt vörumerki hér á landi að okkur fannst tilvalið að opna verslun tileinkaða því. Þar er gæludýraverslun með hundaþvottastöð, auk þess að vera með hestavörur. Ég stýri þeirri verslun mest í fjarvinnu. Hér á Egilsstöðum erum við með öfluga gæludýra- og landbúnaðardeild. Okkar stærsti viðskiptahópur eru bændur og gæludýraeigendur, aukning hefur þó orðið síðustu ár í að þjónusta verktaka, fyrirtæki og stofnanir, “ segir Kristjana.

„Við erum þrjú sem vinnum hér á Egilsstöðum. Dagleg verkefni eru mjög fjölbreytt og enginn dagur er eins. Ég sé um alla stýringu á Egilsstöðum, pantanir, daglegan rekstur og áætlanagerð. Ég geng í öll störf í raun og veru. Við erum mjög gott teymi hér og vinnum þétt saman. Mikil samvinna er einnig á milli allra deilda og er það mikils virði hversu flottur hópur er starfandi hjá Landstólpa í heild sinni. Oft eru verkefnin krefjandi sem við erum að sinna, en þau hafa alltaf verið leyst með góðu skipulagi og jákvæðni og svo er lykilatriði að hafa gaman, sem er svo sannarlega hjá okkur. Það sem stendur upp úr hjá mér er að eftir öll þessi ár vakna ég ennþá á morgnana og er spennt að mæta í vinnuna og takast á við verkefnin.“

Kristjana segir að á litlum stað eins og Egilsstöðum verði sambandið við kúnnana oft persónulegra.

„Maður þekkir orðið flesta þeirra, sérstaklega dýrin, sem er ótrúlega gaman. Við erum með nammibar hér og ég á orðið mikið af vinum sem koma og heilsa upp á mann og fá nammi. Þetta eru hundar sem maður hefur oft fylgt frá því þeir voru hvolpar og fram í ellina,“ segir Kristjana.

„Gæludýraeign hefur aukist svo rosalega og það er eiginlega orðið hluti af fjölskyldumynstrinu að eiga gæludýr. Ég er sjálf að rækta hunda og hef gert síðan 2008. Ég er ótrúlega þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að stýra versluninni hér og fá að vinna við áhugamálið mitt. Það eru forréttindi og alls ekki sjálfgefið.“ ■

Krisjana ásamt hundinum Sófa sem er fastakúnni á nammibarnum í verslun Landstólpa á Egilsstöðum.

Nýjar vörur

Frá Zizzi og KAFFE Curve

Mikið úrval í stærðum frá 42-58

Sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is
Eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg

Afgreiðslutími í verslun

Alla virka daga frá kl. 11-18
Laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT EF PANTAÐ ER FYRIR 5.000 KR EÐA MEIRA

KAFFE CURVE
Létt úlpa
19.990 kr

Zizzi
Peysukjóll
7.990 kr

Kaffe Curve kjóll
14.990 kr

KAFFE CURVE
Túnika
9.990 kr

Zizzi Poncho
Peysa
8.990 kr

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

Sensa fagnar tuttugu ára afmæli

Valgerður Hrund Skúladóttir er stofnandi og framkvæmdastjóri upplýsingatæknifyrirtækisins Sensa. Það má segja að fyrirtækið standi á tímamótum en á síðasta ári varð Crayon Group AS nýr eigandi Sensa. Þá fagnar Sensa einnig 20 ára afmæli sínu 2. febrúar nk. og í sama mánuði flytur fyrirtækið í nýtt húsnæði.

Valgerður segir að í upplýsingatæknigeiranum sé stöðug umbreyting, nýjungar og framfarir miklar sem geri geirann afar spennandi. Valgerður er ein af fáum konum á Íslandi sem hefur verið stjórnandi í upplýsingatæknifyrirtæki í um 25 ár. Að sögn Valgerðar er stöðug þróun í gangi, það finni þau á hverjum degi og hafa fundið greinilega allt frá stofnun Sensa. „Við höfum vaxið þétt og stöðugt samhliða tækninni og ég tel mig afar lánsama að fá að vinna í þessum geira. Á þessum tuttugu árum hefur Sensa eignast ótrúlega góðan viðskiptavinahóp og er lausnaframboðið og þjónustan stöðugt að þróast til að mæta þörfum viðskiptavinarins," segir Valgerður.

Crayon Group, eigandi Sensa, er norskt fyrirtæki með um 3.500 starfsmenn í 37 löndum. Þau eru leiðandi á heimsvísu í upplýsingatækni og stafrænum lausnum og einmitt gaman að geta þess að forstjóri Crayon Group er kona að nafni Melissa Mulholland. Innan Crayon samstæðunnar eru markvissar aðgerðir í gangi til þess að valdefla konur til aukins starfsframa í upplýsingatækni.

Þau tækifæri sem Sensa stendur frammi fyrir við að vera hluti af Crayon, er að koma íslensku hugviti á framfæri á erlendum mörkuðum og að geta gefið starfsmönnum kost á þátttöku í alþjóðlegum verkefnum. Einnig munu viðskiptavinir Sensa hérlendis njóta góðs af aðgengi að sérfræðingum Crayon um allan heim, til að mynda í gervi- og gagnagreind þar sem félagið hefur einstaka sérþekkingu. Því má segja að fyrirtækið sé að breiða út vængi sína til að vaxa enn frekar, hér á landi sem erlendis.

Mannleg samskipti

„Tækninni fleygir hratt fram, enginn dagur er eins og verkefnin því krefjandi og skemmtileg. Upplýsingatæknin er stöðugt að breyta heiminum og þrátt fyrir að sú þróun byggi á tækni er þessi geiri einkar mannlegur og samskiptahæfni starfsmanna er lykilatriði. Við leysum áskoranir viðskiptavina okkar og hjálpum þeim að nýta lausnirnar, sem er mjög mikilvægur þáttur í starfsemi okkar.

Mitt ákall til kvenna í dag er hvatning til þess að koma og vinna í fersku umhverfi þar sem ný tækifæri eru stöðugt að skapast. Sama hvaða bakgrunn þær hafa: opna hugann og taka þátt. Okkur vantar fólk sem er tilbúið til að leggja sig fram, læra og öðlast reynslu. Víðsýnt fólk sem skilur samhengi hlutanna," segir Valgerður að lokum.

Stöðug þróun og nýsköpun

Sigurborg Gunnarsdóttir, Júlía Pálmadóttir Sighvats og Íris Stefánsdóttir hafa allar starfað lengi í upplýsingatækni. Þær eru sammála um að konum hafi fjölgað í geiranum en hafi þó átt von á að þetta væri komið lengra en raunin sé.

„Það hefur í gegnum tíðina þurft ákveðið hugrekki hjá konum til að velja tæknigeirann og sigla þannig á móti straumnum. Þetta hefur

Valgerður Hrund Skúladóttir er stofnandi og framkvæmdastjóri upplýsingatæknifyrirtækisins Sensa. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Frá vinstri: Valgerður Hrund Skúladóttir, framkvæmdastjóri Sensa, Eva Lind Matthíasdóttir, sérfræðingur IP símalausna-samskiptalausna, Sigrún Hilmarsdóttir, tæknimaður í rekstrarþjónustu, sérfræðingur í rekstrarþjónustu og Apple lausnum, Gerður Mekkín Gunnarsdóttir, netsérfræðingur, Sigurborg Gunnarsdóttir, sérfræðingur í viðskiptastýringu og ráðgjöf, Íris Stefánsdóttir, sérfræðingur í skýjalausnum og Júlía Pálmadóttir Sighvats, sérfræðingur í viðskiptastýringu og ráðgjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Við höfum vaxið þétt og stöðugt samhliða tækninni og ég tel mig afar lánsama að fá að vinna í þessum geira.

Valgerður Hrund

breyst og ímynd tæknigeirans er allt önnur en hún var. Fram að þessu hafa líka verið of fáar kvenfyrirmyndir í geiranum en þeim fer fjölgandi," segir Sigurborg.

Innleiðing skýjalausna

Sigurborg hóf störf hjá Sensa fyrir rúmum 5 árum og hefur á þeim tíma unnið í vöruþróun og ráðgjöf tengdri stafrænni vegferð fyrirtækja og nýtingu þeirra á skýjalausnum. „Þróunin sem hefur orðið á skýjalausnum á þessum fáu árum er ótrúleg og það er spennandi að fá að styðja fyrirtæki í þeirra vegferð.

Leiðin í skýið og notkun skýjalausna getur verið flókin. Þótt lausnir verði aðgengilegri er ekki þar með sagt að innleiðing þeirra sé einfaldari. Það eru margir nýir þættir sem þarf að huga að og sumar lausnir krefjast þess að við breytum því hvernig við vinnum. Það getur reynst erfitt meðan á breytingafasanum stendur. Einnig er magn upplýsinga orðið svo mikið að hætta er á að við týnumst í öllu upplýsingaflóðinu. Við í Sensa leitum því sífellt nýrra leiða til að einfalda innleiðingu skýjalausna hjá fyrirtækjum og þróum nýjar lausnir sem styðja við innleiðinguna. Það er virkilega gaman að taka þátt í slíkri nýsköpun. Stærsta breytingin í starfsemi Sensa frá því ég hóf störf varð þegar alþjóðlega tæknifyrirtækið Crayon keypti félagið á síðasta ári. Í gegnum Crayon fáum við m.a. aðgang að sérfræðingum út um allan heim sem geta aðstoðað okkur í verkefnum og vöruþróun. Þannig getum við þjónað betur núverandi viðskiptavinum og í samstarfi við Crayon einnig sótt á ný mið," segir Sigurborg.

Þróa ný tækifæri

Júlía hefur einungis verið hjá Sensa í fimm mánuði. „Sensa er fyrirtæki sem þorir að fara nýjar leiðir. Það leggur áherslu á traust til starfsfólks og starfsfólk hefur mun meira umboð til að gera hluti en ég hef áður kynnst. Þetta var ein af ástæðunum fyrir því að mér fannst eftirsóknarvert að starfa hjá Sensa. Það er samt eitt sem breytist ekki og það er að lausnirnar, ráðgjöfin og þjónustan sem er veitt, byggja á fólki og þétt samvinna með öflugu samstarfsfólki er lykill að framgangi. Þessi tími hefur verið mjög lærdómsríkur og ég hef verið svo heppin að fá að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum innan Sensa, með viðskiptavinum og svo einnig með Crayon Global og systurfyrirtækjum.

Mínar áherslur hafa verið að þróa ný tækifæri bæði með viðskiptavinum og svo einnig í tækifærunum sem felast í að Sensa er orðið hluti af alþjóðlegu fyrirtæki. Einnig hef ég fengið að vinna með teymiseflingu og framkvæmd stefnumótunar ásamt aðkomu að vöruþróun. Starfið er mjög fjölbreytt og fyrirtækið veitir starfsfólki svigrúm til að vinna í því sem starfsfólki finnst áhugavert og þar sem það getur nýtt styrkleika sína sem mest," segir Júlía.

Mikilvægt að fullnýta rekstrar umhverfið

Íris hóf störf hjá Sensa fyrir tveimur árum en hefur verið í geiranum mun lengur.

„Í skýjalausnum starfa ég með breiðum hóp sérfræðinga sem hafa yfirgripsmikla þekkingu á öllum þáttum skýjavistar. Innan hópsins er hver aðili með vissa sérhæfingu og mín snýr að M365 vörunum, Sharepoint sérstaklega.

Starfið er sérlega fjölbreytt, allt frá því að vinna í teymi við að aðstoða viðskiptavini við að færa rekstrarumhverfi sitt af eigin tölvubúnaði í skýið til þess að útfæra sjálfvirka ferla og skipuleggja skjalaumhverfi og innri vefi viðskiptavinarins. Markmiðið er að hjálpa viðskiptavininum að þekkja og fullnýta þau tól sem þeir hafa aðgang að, án þess að þeir þurfi að hafa sína eigin sérfræðinga við störf," segir Íris.

Þær Eva Lind Matthíasdóttir, Sigrún Hilmarsdóttir og Gerður Mekkín Gunnarsdóttir eru sammála um að störf innan upplýsingatækninnar henti konum mjög vel.

Mamma kom mér í upplýsingatæknina

Eva hóf störf hjá Sensa 2013 og var fyrsta tæknikonan sem var ráðin inn. „Ég var einstæð móðir sem starfaði í vaktavinnu hjá Norðurál. Mér fannst ekki mikil framtíð í því svo ég ákvað að skoða með hvaða hætti ég gæti menntað mig. Ég rétt komst inn á Háskólabrú Keilis til þess að klára ígildi stúdentsprófs og þegar náminu var að ljúka benti mamma mér á auglýsingu þar sem auglýst var eftir stelpum í tölvunarfræðideild HR, þannig að ég gæti sagt að mamma hafi komið mér í upplýsingageirann.

Konum í geiranum er að fjölga en það er samt eins og að við stelpurnar séum feimnar við að koma okkur áfram. Þegar störf eru auglýst eru konur í miklum minnihluta þeirra sem sækja um. Ég held að það sé að hluta til vegna þess hve miklar kröfur við setjum á okkur sjálfar. Ég hefði til dæmis ekki sótt um starfið hjá Sensa á sínum tíma, nema af því félagi minn hvatti mig áfram. Ég uppfyllti ekki allar kröfurnar sem voru settar fram í auglýsingunni og var þar af leiðandi ekki viss um að ég væri hæf í starfið. Hér erum við rúmum átta árum síðar.

Starfið mitt felur í sér að greina þarfir viðskiptavina er snúa að samskiptum eins og t.d. í gegnum Microsoft Teams og Webex og aðstoða viðskiptavini sem nota þessa lausnir til að einfalda sína ferla og auka skilvirkni.

Þetta geri ég t.d. með því að þarfagreina þá ferla er snúa að símtalsflæðum mismunandi hópa innan fyrirtækja, hvernig fólk

Konum í geiranum er að fjölga en það er samt eins og að við stelpurnar séum feimnar við að koma okkur áfram.

Eva Lind Matthíasdóttir

vinnur í fjarvinnu, hvernig fundarherbergi eru uppsett til að skila sem bestri upplifun, aðlaganir og breytingar í þjónustuverum og í raun allt þar sem tæknin spilar hlutverk í samskiptum milli fólks.

Hvað starfið varðar er fjölbreytileiki starfsins skemmtilegur, tækifærin sem felast í tækninni eru mörg og þau gera mér kleift að vaxa í starfi. Teymisvinna með samstarfsmönnum er góð í bland við sjálfstæð vinnubrögð.

Innan Sensa er öflugt starfsmannafélag sem hefur þó verið í dvala í þessu Covid ástandi. Við eigum það til að taka gamanið alla leið og hefur það vakið mikla lukku þegar við höldum upp á Halloween, klæðum okkur upp í Star Wars-búninga þegar við förum saman í bíó og eigum skemmtilega daga með mökum í tengslum við árshátíð og jólahlaðborð og leikum okkur með fjölskyldunum á árlegum fjölskyldudegi," segir Eva Lind.

Ákvað að elta langþráðan draum

Sigrún hóf störf hjá Sensa 2016, en hún lauk kerfisstjórnunarnámi á sama tíma.

„Ég fór beint eftir Menntaskóla í lögfræði og var komin langt á leið með hana þegar ég tek óvænta ubeygju og ákvað og elta langþráðan draum hvað varðar tölvur. Bróðir minn hefur unnið í geiranum í mörg ár og síðan ég var lítil hef ég fylgst með því sem hann hefur verið að gera og haft mikinn áhuga því.

Mitt starf felst í því að sjá um rekstur á umhverfi fyrirtækja sem kerfisstjóri. Ég vinn mest með Microsoft skýjaþjónustu og allt þar í kring ásamt því að leggja mikla áherslu á að PC og MacOS útstöðvar geta verið í sama tækniumhverfi.

Það sem mér finnst skemmtilegast að takast á við eru verkefni sem einfalda umhverfi viðskiptavina í samræmi við nýjustu og öruggustu tækninа. Það er svo góð tilfinning að geta fundið lausn þar sem viðskiptavinurinn er ánægður og finnur hvernig tæknin getur einfaldað og haldið vel utan um upplýsingar sem fyrirtækin geyma. Tæknin er alltaf að breytast og fylgir því starfinu einnig að vera tilbúin að læra á nýja hluti, vera skipulögð og bregðast við nýjum áskorunum.

Hjá Sensa er mikill mannauður í starfsfólkinu, þar sem allir eru í raun fagmenn á sínu sviði og allir eru tilbúnir að hjálpast að og leggja sitt af mörkum til að gefa okkar viðskiptavini góða upplifun af Sensa," segir Sigrún.

Tækifæri til að þróast og læra

Gerður hóf störf hjá Sensa 2016 en sama ár útskrifaðist hún úr tölvunarfræðideild HR. Þá hafði hún tekið þriggja vikna námskeið sem hluta af náminu sem Sensa sá um fyrir HR.

„Ég vissi að ég vildi alltaf læra eitthvað tengt stærðfræði en hún liggur vel fyrir mér. HR bauð upp á þverfaglegt nám tengt stærðfræði og tölvunarfræði. Námið og vinnan kveikti áhuga minn á upplýsingatækni og þá sérstaklega öryggis- og netlausnum.

Ég er í hópi net- og öryggislausna. Vinn mikið við rekstur á okkar miðlæga hýsingarumhverfi ásamt því að aðstoða viðskiptavini Sensa með þeirra umhverfi. Það sem er skemmtilegast við starfið eru öll tækifærin sem gefast í formi fjölbreyttra verkefna og sveigjanleika til þess að fá að læra/þróast í þá átt sem ég kýs. Þá er líka nauðsynlegt að minnast á að hjá Sensa starfar mjög skemmtilegt og sérstaklega hjálplegur hópur sérfræðinga," segir Gerður. ■

Loppurnar sem hlaupa í hringrásarhagkerfinu

Barnaloppan og Extraloppan ultu af stað mikilvægri byltingu á íslenskum nytjavörumarkaði. Guðríður Gunnlaugsdóttir og Brynja Dan segjast báðar himinlifandi yfir góðum viðtökum Íslendinga við verslununum.

Guðríður segir góða þjónustu lykilatriði í velgengni fyrirtækja. MYND/AÐSEND

Brynja Dan stendur vaktina í Extraloppunni í Smáralind ásamt frábærum hópi starfsfólks. MYND/AÐSEND

Barnaloppan breytti miklu í kaupheðun Íslendinga þegar verslunin var opnuð 2018 í Skeifunni. Hugmyndin byggir á finnsku fyrirbæri. Ári síðar opnaði Extraloppan í Smáralind. „Hjá okkur leigir þú eigin bás, setur upp vörurnar þínar og svo sjáum við um söluna," segir Guðríður, eigandi og framkvæmdastjóri Barnaloppunnar. Brynja Dan, einn eigandi Extraloppunnar, segir að markmiðið sé að stuðla að hringrásarhagkerfinu.

„Hér er lögð áhersla á breytt neyslumynstur og að gefa hlutunum annað líf, að versla notað og selja það sem maður hefur ekki not fyrir lengur. Þannig skapast hringrás sem er mikilvæg fyrir jörðina okkar. Við erum öll vissulega orðin meðvitaðri um mikilvægi hringrásarhagkerfisins, en betur má ef duga skal og verslanir eins og Barnaloppan og Extraloppan eru stór partur í þeirri vitundarvakningu."

Loppurnar eru mikilvægur liður í hringrásarhagkerfinu

Með tilkomu Barnaloppunnar og Extraloppunnar hefur verið skapaður vettvangur sem auðveldar fólki kaup og sölu á notuðum vörum. „Þetta er frábær leið til þess að endurnýta og taka þátt í hringrásarhagkerfi landsins og græða aðeins á því í leiðinni. Internetið hefur nýst ágætlega við sölu vara, en í tilfelli notaðra vara vill fólk oft fá að þreifa á þeim og jafnvel þefa, áður en þær eru keyptar. Þessi leið verður til þess að mun meira magn af vörum fer í endursölu og þær eru því nýttar aftur," segir Guðríður.

Þjónustan er lykilatriði

Guðríður segist brasa í flestöllu sem tengist rekstrinum á Barnaloppunni. „Ég legg samt megináherslu á markaðsmál, á meðan maðurinn minn sér að mestu um rekstrarhlutann. Við erum þó bæði til staðar nánast alla daga vikunnar, enda er það stór hluti af okkar vörumerki að vera til staðar og veita persónulega þjónustu." Brynja Dan hefur unnið við markaðssetningu í yfir áratug og segist búa vel að þeirri reynslu hjá Extraloppunni. „Einnig er ég með ágætlega stóran hóp á Instagram og mér finnst alltaf gaman að sýna hvað ég er að bralla þar og loppan stór partur af því." Brynja er að eigin sögn loppumamman í Extraloppunni og sér þar um dagleg störf. „Ég stend flesta daga vikunnar vaktina á loppugólfinu og tek á móti básaleigjendum og öðrum viðskiptavinum. Þá held ég utan um starfsmannamálin og markaðssetninguna með starfsfólkinu mínu. Við erum voða þéttur hópur og það er alltaf gaman í vinnunni."

Guðríður er viðskiptafræðingur að mennt og tók meistaragráðu í þjónustustjórnun frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn. „Námið hefur nýst mér vel í mínum rekstri, en ég tel að góð þjónusta sé lykilatriði í velgengni fyrirtækja. Ég segi oft við starfsfólkið mitt að ég vilji bjóða upp á heimsklassaþjónustu í Loppunni og ég er bara alls ekkert að grínast með það."

Framtíðin er björt

„Það er frábært að sjá hvað kaupheðun landsmanna hefur breyst síðustu ár og hvað endurnýting er orðin stór hluti af íslensku samfélagi eftir að við opnuðum Barnaloppuna og Extraloppuna," segir Guðríður. „Okkar markmið er að halda áfram því góða starfi sem við höfum unnið, halda áfram að skapa vitundarvakningu fyrir umhverfismálum og hvetja fólk til að endurnýta, því það er framtíðin." Faraldurinn segir Guðríður að hafi reynt á taugarnar. „Þetta hefur verið áskorun sem hefur kennt manni að hugsa í lausnum og finna leiðir til að láta hlutina ganga upp. Stærsta áskorunin er þó líklega að halda sér alltaf á tánum, ekki staðna í neinum aðgerðum tengdum rekstrinum og markaðssetningunni. Finna leiðir til að bæta sig og hlusta á alla gagnrýni með opnum huga og fá fólk með sér í lið, hvort sem það er starfsfólk eða viðskiptavinir."

Brynja segist spennt yfir framtíð Extraloppunnar. „Ég sé bara fyrir mér að við munum stækka. Að þetta verði normið frekar en hitt. Ég sé fyrir mér að verslunarkjarnar verði blandaðri en þeir eru og fólk geti keypt alls konar notaðan varning: fatnað, húsgögn, tæki og tól. Framtíðin er björt enda er unga fólkið okkar svo meðvitað og flott. Þau hafa áhuga á að varðveita og vernda jörðina okkar og munu gera betur en fyrri kynslóðir." ■



ÍSLANDS HÓTEL



GRAND HÓTEL REYKJAVÍK
FYRSTA FLOKKS RÁÐSTEFNU- OG FUNDARAÐSTAÐA

Okkar markmið er að þinn fundur eða viðburður gangi eins vel fyrir sig og framast er kostur.
Við bjóðum upp á 11 glæsilega sali fyrir ráðstefnur, fundi námskeiðahald, sýningar og margt fleira.

HÁTEIGUR · BJARTUR · GLÆSILEGUR · STÍLHREINN · 27 M² BREIÐTJALD

KYNNIÐ YKKUR MÁLIÐ
islandshotel.is/fundir | fundir@islandshotel.is

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

Sara Sigurðardóttir. MYND/AÐSEND



Guðrún Svava Kristinsdóttir. MYND/AÐSEND

Dröfn Guðmundsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samfélagsleg nálgun í upplýsingatækni

Dröfn Guðmundsdóttir, Guðrún Svava Kristinsdóttir og Sara Sigurðardóttir vinna hjá Origo og tala meðal annars um jafnrétti og aukin tækfæri fyrir konur til að vinna í tæknigeiranum, að tæknin geti haft jákvæð áhrif á samfélagið og að sýnin sé að litið sé á upplýsingatæknifyrirtækið Origo sem þjónustufyrirtæki.

„Jafnrétti er mér mjög hugleikið, ekki bara konur/karlar heldur líka út frá samsetningu svo sem ungt fólk/eldra fólk og sjónarmið frá ólíkum hópum," segir Dröfn Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Mannauðs hjá Origo. „Upplýsingatæknigeirinn hefur verið karllægur í svo langan tíma og við höfum fundið að hlutirnir breytast ekki nema með markvissum aðgerðum."

Dröfn segir að bæði hérlendis og erlendis halli mikið á konur í upplýsingatæknigeiranum. „Við vorum lengi vel með það markmið að fjölga konum og ná ákveðnu kynjahlutfalli og var markmiðið að konur yrðu um 30 prósent en lengi vel komumst við ekki yfir rétt rúm 20 prósent. Við gengum svo aðeins lengra í fyrra og fórum að einblína á ráðningar og aðgerðir til þess að fjölga konum þegar tækifæri gæfist til í ráðningunum. Við töluðum um fjölbreytileika og hversu mikilvægt það væri að hafa ólík sjónarmið í starfsmannahópnum og horfa á fjölbreytileikann í breiðari mynd. Við erum í auknum mæli að ráða yngra fólk og minna að fókusera eingöngu á reynslu sem er svolítið algengt í ráðningum en þá beinast spjótin alltaf að körlunum af því að þeir hafa meiri reynslu í tæknigeiranum. Og við höfum lagt okkur fram við að gefa konum tækifæri þegar kemur að því að ráða yngra fólk."

Í dag eru konur um 30 prósent stjórnenda hjá Origo. „Þegar stjórnunarstöður losna horfum við bæði til kvenna innan fyrirtækisins og kvenna á markaðnum," segir Dröfn og bætir við að fyrir tveimur árum hafi konur verið um 22 prósent stjórnenda hjá fyrirtækinu.

> **Ég brenn fyrir þjónustu og upplifunum og vil leggja mitt af mörkum til að veita viðskiptavinum Origo óaðfinnanlegar þjónustuupplifanir.**
>
> Sara Sigurðardóttir

Æ fleiri konur mennta sig í tæknigeiranum í dag miðað við áður. „Svo má ekki gleyma því að upplýsingatækni er svo þverfagleg grein og hjá okkur er starfsfólk ekki aðeins í forritun heldur líka í ýmsum ráðgjafar-, sölu- og þjónustuhlutverkum. Origo er líka þjónustufyrirtæki þannig að við getum laðað að okkur starfsfólk með fjölbreyttan bakgrunn. Svo er tæknin orðin okkur öllum miklu tamari en áður og margir sem hafa mjög gott tæknilæsi og áhuga á tækni, án þess að hafa tæknimenntun, sem eiga erindi í störf hjá okkur. Þannig að markhópurinn hefur líka stækkað hvað það varðar og við getum ráðið úr öðrum faggreinum eða öðrum reynsluheimi heldur en bara tæknigeiranum. Það er svo mikið af spennandi störfum í tæknigeiranum en þetta er geiri sem er á fleygiferð og í miklum vexti."

Leið Origo að sjálfbærni og umhverfisvernd

„Við erum með sterka sýn á samfélagsleg málefni," segir Guðrún Svava Kristinsdóttir sérfræðingur í markaðsmálum og samfélagslegri ábyrgð hjá Origo. Guðrún er verkfræðingur að mennt og er með tvær meistaragráður í upplýsingatækni og gervigreind frá Cornell háskóla. „Það má kjarna starfsemi okkar með slagorðinu – betra líf með tækninni. Það er æðislegt að fá að koma heim úr námi og byrja að vinna hjá fyrirtæki sem vill hafa raunveruleg áhrif. Ég er með bakgrunn úr listum en er einnig verkfræðingur að mennt og mér finnast markaðsstörfin og samfélagsmálin ríma vel við þann bakgrunn sem ég hef. Við erum að vinna að sjálfbærari viðskiptaháttum og gagnsæi í okkar starfsemi og ég fæ að hafa yfirsýn yfir mörg metnaðarfull og spennandi verkefni er snerta á samfélagslegri ábyrgð. Við viljum til dæmis sýna fólki kolefnisspor á vörum sem það kaupir hjá okkur þannig að það geti tekið upplýstari ákvarðanir í innkaupum, hvort sem það er hugbúnaðarlausn, þjónusta eða tölvubúnaður.

> **Við leggjum mikla áherslu á að vera með endingargóðan búnað en það hefur verið viðloðandi tæknigeirann að vera einnota og þegar það kemur ný uppfærsla þá er því gamla bara hent og nýtt keypt.**
>
> Guðrún Svava Kristinsdóttir

Við leggjum mikla áherslu á að vera með endingargóðan búnað en það hefur verið viðloðandi tæknigeirann að vera einnota og þegar það kemur ný uppfærsla þá er því gamla bara hent og nýtt keypt. Við viljum breyta þessum hugsunarhætti; hjá okkur fæst endingargóður og áreiðanlegur búnaður sem nýtist til framtíðar. Þá gerum við fólki einnig kleift að kaupa notaðan búnað á hagkvæmari kjörum."

> **Við töluðum um fjölbreytileika og hversu mikilvægt það væri að hafa ólík sjónarmið í starfsmannahópnum og horfa á fjölbreytileikann í breiðari mynd.**
>
> Dröfn Guðmundsdóttir.

Guðrún Svava leggur áherslu á að tæknin geti haft jákvæð áhrif á samfélagið. „Það skiptir öllu máli hvernig við hugsum um hlutina og hvernig við hönnum og þróum tæknilausnir – maður þarf alltaf að passa upp á að forsendurnar séu réttar. Það þýðir ekkert að ætla að sigra heiminn með tæknilausn þar sem ekki eru teknar réttar forsendur inn í grunninn; til dæmis eins og fólkið sem mun koma til með að nota hana eða þær aðstæður sem það kemur til með að vera í. Upplýsingatækni mun gegna stóru hlutverki þegar kemur að jafnréttismálum, umhverfismálum og heilsu og vellíðan fólks og nefni ég í því sambandi heilbrigðislausnir Origo sem þróa hugbúnað og lausnir fyrir heilbrigðiskerfið og hafa gegnt veigamiklu hlutverki í því að bólusetningar við Covid hafa gengið eins vel og raun ber vitni en markmiðið var auðvitað að auðvelda fagfólki vinnuna í þágu lýðheilsu og betri smitvarna."

Mikil áhersla lögð á þjónustu

„Ég brenn fyrir þjónustu og upplifunum og vil leggja mitt af mörkum til að veita viðskiptavinum Origo óaðfinnanlegar þjónustuupplifanir," segir Sara Sigurðardóttir, leiðtogi þjónustuupplifunar hjá Origo. Sara er stjórnmálafræðingur að mennt og er auk þess með meistaragráðu í alþjóðasamskiptum. Hún segir að sér finnist gaman að vera ekki tæknimenntuð en lifa samt og hrærast í heimi tækninnar og fá þannig að taka þátt í að vinna að stefnumótun og að umbreyta tækniþjónustu inn í framtíðina.

„Þjónustumiðjan þar sem ég starfa er með alla samningsbundna tæknilega notendaþjónustu Origo. Origo er risafyrirtæki með langa sögu, enda einn af tæknirisunum á Íslandi, og okkar sýn er að umbylta því yfir í að vera fyrst og fremst þjónustufyrirtæki. Þannig erum við að leggja mikla áherslu á þjónustu án þess að gefa neinn afslátt af tækninni. Markmiðið er að setja endanotandann alltaf í fyrsta sæti, eins konar „outside-in" stefna, með því að endurskoða öll samskipti, ferla og upplifanir í gegnum alla snertipunkta viðskiptavina hjá okkur."

Sara segir að sér finnist gaman að sjá hve margar konur eru farnar að vinna hjá Origo. „Það er ótrúlega skemmtilegt að starfa hjá fyrirtæki sem tekur jafnrétti alvarlega, sér í lagi þegar það finnst vel í verki í gegnum ráðningar, áherslur og stefnu Origo. Ég vil almennt hvetja konur til að gefa tæknigeiranum meiri gaum. Það eru fullt af störfum í tækni sem krefjast þess ekki að fólk þurfi endilega að vera tæknimenntað og það er stútfullt af tækifærum í tæknigeiranum. Í raun má segja að flest fyrirtæki í dag séu orðin tæknifyrirtæki. En að sjálfsögðu væri frábært ef fleiri konur menntuðu sig í tækni og hefðu þannig áhrif á framtíðina."

Sara bætir því við að hún trúir því að með meiri fjölbreytileika séu fyrirtæki líklegri til að blómstra. „Betur má ef duga skal í að auka fjölbreytni í efstu lögum fyrirtækja, stjórnum og forstjórastólum og tæknifyrirtækin eru þar engin undantekning. Það þarf að tryggja betri dreifingu aldurs, kyns, ólíkrar menntunar og upprunu til að mæta þörfum framtíðarviðskiptavina með áskoranir sem við vitum ekki í dag hverjar verða." ■

Miðstöð ævintýra og menningar á Suðurlandi

Á Hvolsvelli reka tengdadóttirin Hildur Guðbjörg Kristjánsdóttir og tengdamamman Björg Árnadóttir fyrirtækið Midgard Adventure og Midgard Base Camp, í samstarfi við soninn og eiginmanninn Arnar Gauta Markússon og vininn Stefan Michel.

Midgard var stofnað 2010. Í fyrstu var aðaláherslan á prívat ferðir fyrir útlendinga. „Árið 2015 keyptum við iðnaðarhúsnæði hér á Hvolsvelli sem hafði verið í lítilli notkun í mörg ár, gerðum það upp og opnuðum dyrnar á Midgard Base Camp árið 2017," segja þær stöllur Hildur og Björg.

Gleði, sjálfbærni, fjölskylda, umhyggjusemi og ævintýri

„Midgard Base Camp hýsir í dag alla starfsemi okkar: gistinguna, veitingastaðinn og ferðaþjónustuna. Hönnunin á rýminu er lífleg og á að endurspegla gildin okkar: gleði, sjálfbærni, fjölskyldu, umhyggjusemi og ævintýri. Midgard Base Camp er orðið ein helsta miðstöð ævintýra og menningar á Suðurlandi: Útivistarnámskeið, fyrirlestrar, uppistand og fullt af tónleikum, bæði með listamönnum úr héraði og öðrum, eins og Bríeti, Hjálmum, Moses Hightower, Góssi, Ásgeiri Trausta og mörgum öðrum. Á veitingastaðnum er maturinn unninn frá grunni, við notum hráefni úr nærumhverfinu og tryggjum góðan mat fyrir grænkera. Draumurinn er að það verði sjálfsagður hluti af ferðalagi Íslendinga um Suðurland að koma við í mat á Midgard, fá sér góðan drykk og skemmtilegan og áhugaverðan mat í upplífgandi umhverfi."

Hildur Guðbjörg Kristjánsdóttir og tengdamamman, Björg Árnadóttir, reka saman fyrirtækið Midgard Adventure. MYND/AÐSEND

Kvennaferðir vinsælar

„Síðustu tvö ár hafa reynt á sköpunargleðina til að aðlagast breyttum aðstæðum. Áður voru um 80% okkar gesta frá Bandaríkjunum en í dag er helmingur gesta, bæði í gistingu og ferðum, Íslendingar. Við höfum lagt aukna áherslu á gönguferðir síðustu tvö ár og erum að þróa nýjar og skemmtilegar vörur. Göngurnar okkar á Fimmvörðuháls og Grænahrygg hafa verið feikilega vinsælar. Ferðirnar eru svolítill lúxus, fólk gistir hjá okkur, við flytjum það á staðinn, vísum því veginn og eldum fyrir það í lok ferðar, á meðan fólk slakar á í heitum pottum eða í bjórjóga. Kvennaferðir hafa verið vinsælar hjá okkur síðustu 3 ár og okkur þykir það frábær hópur að ferðast með. Í sumar ætlum við að halda okkur við uppáhaldssvæðið okkar, Fjallabak, og bjóða upp á fleiri göngur þar. Við skelltum nýverið á heimasíðuna tveggja daga lúxus kvennaferð á Laugaveginn með óvæntum uppákomum og gleði, sem við erum mjög spenntar fyrir og erum vissar um að verði algjört æði!"

> **Áður voru um 80% okkar gesta frá Bandaríkjunum en í dag er helmingur gesta, bæði í gistingu og ferðum, Íslendingar.**
>
> Hildur Guðbjörg

Mjög fjölbreyttur gestahópur

Midgard hefur unnið með kvikmyndatökufyrirtækjum og hentar staðurinn vel fyrir slík verkefni. Skólahópar sem eru að læra um endurnýjanlegar orkulindir og sjálfbærni eru einnig stór hluti af gestum þeirra.

„Við teljum Ísland vera eina bestu skólastofuna fyrir sjálfbærnimenntun og viljum gjarnan vinna meira með slíka fræðslu í okkar ferðum. Síðast en ekki síst þá vitum við að það sem við bjóðum upp á hentar vel fyrir vinnufundi, fyrirtækjaferðir, afmæli og brúðkaup. Auðvelt er að leigja allt húsið og fá okkur til að skipuleggja og framkvæma óvæntar uppákomur og ferðir. Kokkunum finnst mjög gaman að vinna með matarhugmyndir fyrir mismunandi hópa og við hreinlega elskum að koma fólki á óvart í upplifun í mat og ferðum," segja þessar hugmyndaríku konur.

Þess má til gamans geta að hin tengdadóttirin, Rannveig Ólafsdóttir, rekur Iceland Bike farm á Kirkjubæjarklaustri, ásamt Guðmundi Fannari Markússyni, sambýlismanni sínum. Tengdamæðgurnar eru því að verða allsráðandi á Suðurlandi! ■

Vörur sem virka gegn þurrki

MEMBRASIN®

Membrasin Woman Vitality

Krem sem virkar gegn þurrki í leggöngum og á ytri kynfærum.

Bætiefni sem nærir og vinnur gegn þurrki í allri slímhúð og húð.

Membrasin Vision Vitality

Augnúði gegn þurrki og þreytu í augum – úðast á augnlok, má nota með farða og augnlinsum.

Bætiefni gegn þurrki í augum og verndar einnig gegn skaðlegum áhrifum skjánotkunar.

Nánar upplýsingar um vörurnar og sölustaði á *www.numereitt.is/membrasin*

Unnur segir að faraldurinn hafi búið til óvæntan stökkpall fyrir verkefnið.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

Ljósið á landsbyggðinni

Unnur María Þorvarðardóttir, 38 ára, er deildarstjóri Landsbyggðardeildar Ljóssins. Hún kynntist starfseminni fyrst í námi árið 2009. Ljósið óx frá því að vera grasrótarhreyfing í endurhæfingarmiðstöð, sem þjónustar 600 manns á mánuði.

Ljósið er gott dæmi um starfsemi sem sprettur út frá litlum neista. Með skýrri framtíðarsýn hefur Ljósið vaxið og þróast í takti við þarfir þeirra sem starfseminni er ætlað að þjóna. Kraftur og seigla Ernu Magnúsdóttur, forstöðukonu Ljóssins, liggur að baki þess að byggja upp eitt af mikilvægustu bjargráðum þeirra sem greinast með krabbamein. „Erna byrjaði með tvær hendur tómar en með þrautseigju og ómetanlegri aðstoð fjölda fólks, starfa í Ljósinu í dag um 34 starfsmenn auk verktaka og sjálfboðaliða," segir Unnur.

Ljósið er stöðugt að leita leiða til að bæta þjónustuna og auka ávinning þeirra sem leita til okkar. Nýleg deild innan Ljóssins, fyrir fólk búsett á landsbyggðinni, er dæmi um mikilvægi þess að nýta hvert tækifæri til framþróunar, jafnvel þó þau spretti óvænt fram vegna heimsfaraldurs.

Ljósið byggir á hugmyndafræði iðjuþjálfunar, sem snýr að mun víðara samhengi en líkamlegri getu. Iðjuþjálfun er heildræn nálgun sem tekur mið af öllu sem getur haft áhrif á einstaklinginn og tækifæri hans til að vera virkur þátttakandi í eigin lífi. Það er svo margt sem getur haft áhrif á bataferli mannsins og mismunandi hvað hentar hverjum og einum, sem gerir starfið einstaklega fjölbreytt og skemmtilegt.

Það hefur sýnt sig að fólk er ánægt með Ljósið, enda er það val hvers og eins að nýta þjónustuna. „Við metum ávallt endurhæfingarþarfir einstaklingsins og með þverfaglegri samvinnu leitum við leiða til að hámarka árangur óháð batahorfum." Ljósið hefur þurft að aðlaga starfsemi sína ítrekað vegna aðstæðna í samfélaginu, en hefur kappkostað að halda uppi hámarks þjónustu fyrir sína skjólstæðinga þrátt fyrir krefjandi aðstæður.

„Erna er alger fyrirmynd í að stýra þessu batterii og hefur einstakt lag á að passa upp á að hver og einn upplifi sig einstakan í þjónustunni. Þrátt fyrir að aðsóknin hafi aukist ár frá ári er ótrúlegt hverju hægt er að áorka með samvinnu, útsjónarsemi og einstökum starfsmannahópi," segir Unnur.

Jákvæð áhrif faraldurs

Unnur útskrifaðist sem iðjuþjálfi úr Háskólanum á Akureyri 2009. „Árið 2012 hóf ég störf hjá Ljósinu og starfaði þar til 2018. Ég er búsett á Akranesi og hafði keyrt suður til Reykjavíkur í nokkur ár til að vinna í Ljósinu, en þegar ég var komin með þrjú ung börn varð eitthvað undan að láta. Ég ákvað að fá mér vinnu í heimabyggð og var svo heppin að starfa í Starfsendurhæfingu Vesturlands í tvö ár, sem var dýrmæt reynsla.

Faraldurinn hefur haft ýmis neikvæð áhrif á samfélagið, en hann skapaði líka óvænt tækifæri. Erna hafði lengi gengið með þá hugmynd að auka aðgengi að þjónustu Ljóssins fyrir fólk búsett á landsbyggðinni. Tæknilausnirnar sem Ljósið nýtti til að viðhalda þjónustu þrátt fyrir samkomutakmarkanir í upphafi faraldursins, sýndu fram á að það dró ekki úr gæðum þjónustunnar að sinna endurhæfingu með þessum nýja hætti, sem varð því óvæntur stökkpallur fyrir landsbyggðardeild í Ljósinu. Í ágúst 2020 gerði Ljósið samning við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið um fjarheilbrigðisþjónustu í endurhæfingu krabbameinsgreindra. „Mér var boðið þetta spennandi tækifæri að stýra verkefninu, og geri það í fjarvinnu að mestu leyti. Svo verkefnið skapaði ekki bara aukið aðgengi fyrir þá sem þurfa á þjónustunni að halda, heldur einnig atvinnutækifæri óháð búsetu."

Ljósið út á land

Þetta er tveggja ára þróunarverkefni þar sem markmiðið er að nýta þá sérþekkingu sem hefur safnast á starfsárum Ljóssins og þróa aðferðir til að miðla þekkingunni og yfirfæra þjónustuna í rafrænt form. „Margir af þeim sem greinast með krabbamein og búa úti á landi, þurfa að dvelja í lengri eða skemmri tíma að heiman til að sækja sérhæfða þjónustu vegna veikindanna, hvort sem það er vegna aðgerða, geislameðferðar, lyfjagjafa eða rannsókna. Þessi ferðalög geta reynt á og mörgum finnst nóg um. Því er dýrmætt að geta fært þessa þjónustu beinustu leið heim í stofu með hjálp tækninnar, hvort sem það eru einstaklingsviðtöl við fagaðila eða námskeið. Síðastliðið vor sendum við út þjónustukönnun til skjólstæðinga okkar sem voru í þjónustu síðastliðin tvö ár, þar mældist áberandi mikil ánægja með allar þær fjarlausnir sem boðið var upp á, og enn meiri ánægja meðal þeirra sem búsettir voru utan höfuðborgarsvæðisins.

Við styðjumst við Kara Connect hugbúnaðinn fyrir einstaklingsviðtöl, en með kerfinu getum við boðið upp á myndsímtal í öruggu umhverfi fyrir trúnaðarsamtöl. Öll viðtöl við fagaðila eru skjólstæðingum okkar að kostnaðarlausu. Einnig notum við ýmiss konar fjarsamskipti til þess að bjóða upp á fjölbreytt endurhæfingarúrræði, auk samfélagsmiðla. Á mánudaginn byrjaði til dæmis námskeið í fjarþjálfun. Yfir 20 manns eru skráðir og munu koma saman tvisvar í viku og gera æfingar undir handleiðslu sjúkraþjálfara. Í lok tímans setjast svo allir niður og spjalla saman.

Einnig erum við með fræðslunámskeið á Zoom með fjölbreyttum hópi fagaðila. Nýtt námskeið hefst 2. febrúar næstkomandi, vikuleg fræðsla um bjargráð og þjónustu, að ógleymdum umræðum sem skapast og eru ekki síður mikilvægur hluti af þjónustunni. Jafningjastuðningurinn er stór hluti af því sem gerir Ljósið einstakt og þess vegna er svo mikilvægt að skapa vettvang fyrir umræður milli jafningja, það að heyra að einhver skilji hvernig þér líður og er að upplifa sambærilega hluti, jafnvel þó fleiri hundruð kílómetrar skilji að, getur skipt sköpum.

Næstu skref

Aðsókn og þátttaka í landsbyggðardeild Ljóssins hefur verið vonum framar. Í dag hafa 136 krabbameinsgreindir sem búa úti á landi og 44 aðstandendur þeirra, nýtt sér þjónustuúrræði frá Ljósinu. Við erum stöðugt að vekja athygli á þjónustunni, svo þeir sem þurfa á aðstoð að halda viti hvert hægt er að leita. Það hefur verið dæmigert fyrir þróun Ljóssins að þeir sem þiggja þjónustu frá okkur hafa auglýst okkur allra best og hvatt aðra til að leita til okkar. Ánægja þeirra sem nota þjónustuna hefur því verið okkar besta markaðssetning. Núna er bara að sannfæra ráðamenn um gagnsemina og vonandi festa þjónustuna enn frekar í sessi. Okkar markmið að lágmarka færniskerðingu og vanlíðan og hámarka árangur og lífsgæði í kjölfar veikinda vegna krabbameins, það hlýtur að vera samfélagslega hagkvæmt." ■

Langholtsvegur 43. ljosid.is.
Sími 561-3770. ljosid@ljosid.is.

> Erna er fyrirmynd í að stýra þessu batterii og hefur einstakt lag á að passa upp á að hver og einn upplifi sig einstakan í þjónustunni.

> Það er dýrmætt að geta fært þessa þjónustu beinustu leið heim í stofu með hjálp tækninnar.

Múlaþing
— Sterkari saman

Stoltir handhafar Jafnvægisvogarinnar

mulathing.is
mulathing@mulathing.is
4700700

Ferskleiki
ER OKKAR
BRAGÐ

SUBWAY

FJALLASKÍÐUN
Fjallaskíðaferðir og námskeið
www.fjallaskidun.is

Eldhúsinnréttingar
2000 — 2020

Tímabundin opnunartími
vegna Covid—19

Mán. — Föst. 10—17
Laugardaga 11—15

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562—1500
Friform.is.

Fríform

Þuríður Tryggvadóttir er forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar og Vörudreifingar Eimskips.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kristín Katrín Guðmundsdóttir forstöðumaður Söludeildar innflutnings hjá Eimskip.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Framúrskarandi þjónusta er okkar hjartans mál

Fjölbreytt starfsemi Eimskips teygir sig um land allt. Þuríður Tryggvadóttir forstöðumaður segir verkefnin fjölmörg en að þjónustan sé alltaf í fyrsta sæti.

Þuríður Tryggvadóttir er forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar og Vörudreifingar Eimskips. Hún hefur starfað í rúm 16 ár hjá fyrirtækinu og er því flestum hnútum kunnug í starfseminni.

„Stór hluti af mínu starfi felst í því að styðja við stjórnendur á innanlandssviði, finna leiðir til umbóta, skoða ferla og koma auga á tækifærin til að gera betur fyrir viðskiptavini okkar," segir Þuríður en hún segist hafa verið heppin í sínum störfum hjá Eimskip. „Ég hef fengið að taka virkan þátt í ýmsum verkefnum, meðal annars innleiðingu þjónustustefnu, kynningum og fræðslu fyrir starfsfólk, samskiptum við viðskiptavini og þróun á stafrænum lausnum, svo fátt eitt sé nefnt. Allt hefur þetta aukið þekkingu mína til muna og gert mig að betri starfsmanni."

Fjölbreytt starfsemi um land allt

Eimskip er með fjölbreytta starfsemi um land allt og segir Þuríður að það sé krefjandi en um leið mjög spennandi vinnuumhverfi að starfa í. „Flutningsnetið okkar telur yfir 80 viðkomustaði um land allt og starfsemi okkar er mjög fjölbreytt. Í grunninn erum við vissulega að flytja vörur frá A til B en á bak við það er gríðarlega öflugt áætlunarkerfi í akstri milli landshluta, vörudreifing um land allt, morgundreifing í verslanir á höfuðborgarsvæðinu, kæli- og frystivöruflutningar, vöruhýsing og svo auðvitað gámaakstur." Þuríður segir aldrei skorta verkefni og alltaf eru tækifæri til að gera betur. „Okkar markmið er að veita alltaf framúrskarandi þjónustu til viðskiptavina okkar. Það er okkar hjartans mál og stór hluti af mínu starfi fellst í að tryggja það," segir Þuríður.

Innanlandsakstur gríðarlega mikilvægur

Þuríður segir viðskiptavini innanlandsþjónustu Eimskips vera fjölbreyttan hóp af frábærum fyrirtækjum og einstaklingum úr ýmsum geirum atvinnulífsins. „Það eru um tvö þúsund virkir viðskiptavinir hjá okkur og koma þeir frá öllum landshlutum. Þetta eru aðilar í matvælaiðnaði, sjávarútvegi, heildsölur, smásölur, framleiðslufyrirtæki og aðilar í byggingariðnaði svo einhverjir séu nefndir. Við gerum okkar allra besta til að halda áætlun okkar gangandi og bílstjórarnir okkar keyra oft við ótrúlega krefjandi aðstæður til að halda vöruflutningakeðjunni gangandi." Morgundreifing Eimskips gerir mörgum fyrirtækjum í matvælaframleiðslu um land allt kleift að koma vörum sínum eins ferskum og kostur er í stærri verslanir á höfuðborgarsvæðinu sem er mjög mikilvægt fyrir aðila í þeirri grein."

Tækifæri í frekari tækni og sjálfvirkni

„Vöxturinn hjá okkur á innanlandssviðinu hefur verið gríðarlegur í smærri sendingum til og frá landsbyggðinni þar sem við erum bæði að veita netverslunum og einstaklingum þjónustu. Öflugt áætlunarkerfi okkar nær til allra landshluta og styður vel við þann vöxt og þau markmið sem við höfum sett okkur varðandi smærri sendingar," segir Þuríður. Hún segir mikil tækifæri felast í tækni og sjálfvirkni, bæði fyrir viðskiptavini og starfsfólk. „Við erum að þróa frekari upplýsingagjöf til viðskiptavina með rafrænum hætti, skoða afhendingar og afhendingarleiðir með stafræna vegferð í huga. Þá erum við einnig að fylgjast náið með þróuninni varðandi orkuskipti í innanlandsflutningum og vörudreifingu. Við erum nú þegar með tvo metanbíla og einn rafmagnsbíl í okkar rekstri og allar okkar fjárfestingar miðast við umhverfisvænni lausnir. Ég er svo heppin að vinna með skemmtilegum og árangursdrifnum hópi fólks þar sem allir stefna í sömu átt og leita leiða til að gera betur. Það eru alltaf einhver spennandi verkefni í gangi sem halda manni á tánum."

> Flutningsnetið okkar telur yfir 80 viðkomustaði um land allt og starfsemi okkar er mjög fjölbreytt.
>
> Þuríður

Mikilvægast að hlusta á þarfir viðskiptavina

Öflugt siglingakerfi Eimskips, framúrskarandi þjónusta og lausnamiðað starfsfólk er lykillinn að góðu sambandi við viðskiptavininn að sögn Kristínar Katrínar Guðmundsdóttur. Hún er forstöðumaður Söludeildar innflutnings hjá Eimskip. Hún tók við starfinu í lok síðasta árs og hefur þurft að koma sér hratt inn í hlutina en segir starfið mjög spennandi og fjölbreytt.

„Ég fer fyrir söludeild innflutnings Eimskips en viðskiptavinir okkar eru mörg af stærstu fyrirtækjum landsins í innflutningi. Okkar hlutverk er fyrst og fremst að veita framúrskarandi þjónustu og lausnir í oft á tíðum mjög krefjandi umhverfi," segir Kristín Katrín. Að hennar sögn hafa undanfarin misseri verið sérstaklega krefjandi í flutningi þar sem ástandið í heiminum hefur meðal annars haft áhrif á gámastöðu og gert forflutning á gámum í skip flóknari en áður hefur verið. „Áskoranir okkar felast því að stórum hluta í að finna bestu lausnirnar fyrir viðskiptavini okkar til að koma vörum til landsins og að tengja inn í okkar öfluga siglingakerfi til og frá Íslandi. Við erum með öflugt skrifstofunet erlendis og eigum í góðu samstarfi við erlend skipafélög og þrátt fyrir miklar áskoranir hefur allt gengið vel."

Allt frá ávöxtum upp í vinnuvélar

Kristín Katrín segir mikinn metnað hjá Eimskip að vera ávallt til staðar fyrir viðskiptavini sína. „Mikilvægast er að hlusta á þarfir þeirra og veita þeim alla þá þjónustu sem hentar þeim. Um er að ræða mörg af stærstu fyrirtækjum landsins í hinum ýmsu geirum, allt frá matvöru og öðrum nauðsynjavörum, upp í bíla og búnað fyrir stærri framkvæmdir. Því leggjum við okkur fram við að setja okkur inn í þá geira sem við sinnum til að skilja viðskiptavininn og vera alltaf klár með þær lausnir sem henta best hverju sinni." Kristín Katrín segir Eimskip einnig vera með sérstaka deild sem sinnir sérstaklega miðlungs og smærri fyrirtækjum í innflutningi og þá sinni útflutningsdeild félagsins öllum þörfum útflytjenda.

Tækifærin liggja alls staðar

„Við viljum alltaf bæta okkur og þess vegna erum við sífellt að skoða hvað við viljum gera betur og hvernig. Við vinnum þétt með viðskiptavinum okkar að framþróun og hvetjum til samtals varðandi nýjar lausnir," segir Kristín Katrín og bætir við að sem dæmi geta viðskiptavinir reiknað út kolefnisfótspor sinna flutninga á vef Eimskips en sá málaflokkur hefur vegið sífellt þyngra í augum viðskiptavina. „Margir viðskiptavinir nýta sér þetta tól enda hafa umhverfismál verið sett á oddinn víða og því er mikilvægt fyrir okkur að geta svarað því kalli með upplýsingagjöf til viðskiptavina. Við getum heldur ekki rætt nægilega mikið um nýjustu skipin okkar sem eru bæði gríðarlega mikill styrkur inni í áreiðanlega siglingakerfið okkar og einnig þau umhverfisvænustu per flutta einingu. Það er eins með umhverfismálin og siglingarnar, maður þarf að vera stanslaust á vaktinni til að tryggja að við getum boðið bestu lausnirnar sem völ er á," segir Kristín Katrín.

Viðskiptavinirnir gera þetta líka skemmtilegt

Eftir aðeins nokkrar vikur í núverandi starfi hlakkar Kristín Katrín til komandi tíma hjá Eimskip. „Það sem er best við þetta starf er það einstaka teymi sem hér vinnur. Hér er mjög reynslumikið starfsfólk sem hefur verið lengi hjá fyrirtækinu og þekkir flutningsbransann inn og út. Mikill áhugi og metnaður er fyrir því að sinna viðskiptavinunum eins vel og kostur er hverju sinni en viðskiptavinir okkar gera starfið líka mjög skemmtilegt, maður fær að kynnast þverskurði atvinnulífsins og mörgum af þeim stóru og áhugaverðu fyrirtækjum sem koma við sögu í okkar daglega lífi." ■

> Það er eins með umhverfismálin og siglingarnar, maður þarf að vera stanslaust á vaktinni til að tryggja að við getum boðið bestu lausnirnar.
>
> Kristín Katrín

GERIÐ GÆÐA OG VERÐ-SAMANBURÐ

Eitt mesta úrval landsins af heilsudýnum

VERÐ SEM KOMA Á ÓVART

GÓÐUR STUÐNINGUR VIÐ MJÓBAK

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/eða breytingar.

ÝMIR

HÁGÆÐA SJÖ SVÆÐA-SKIPT POKAGORMA-KERFI

Styður mun betur við líkamann en venjuleg gormakerfi. Pokagormarnir eru með misþykkum vír eftir því hvar þeir eru staðsettir í dýnunni. Mjúkir við axlasvæði, stífir við mjóbakssvæði, millistífir í miðjunni. 330 gormar per fm². Tvíhert stál.

VERÐDÆMI:

90×200	79.900 kr.
120×200	99.900 kr.
140×200	114.900 kr.
160×200	134.900 kr.
180×200	149.900 kr.

Öll verð með PU botni og fótum. ATH. fleiri stæðir í boði.

FRIGG

MILLISTÍF

HÁGÆÐA SJÖ SVÆÐA-SKIPT HEILSUDÝNA Á FRÁBÆRU VERÐI

Með 5 svæðaskiptu pokagorma-kerfi. Góður mjóbaksstuðningur Mýkra og betra axlasvæði. Þrýsti-jöfnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti.

VERÐDÆMI:

90 × 200	104.900 kr.
120 × 200	129.900 kr.
140 × 200	144.900 kr.
160 × 200	169.900 kr.
180 × 200	184.900 kr.

Öll verð með PU botni og fótum. ATH. fleiri stæðir í boði.

ÓÐINN

STÍF

HÁGÆÐA SJÖ SVÆÐA-SKIPT HEILSUDÝNA Á FRÁBÆRU VERÐI

Með 5 svæðaskiptu pokagorma-kerfi. Góður mjóbaksstuðningur Mýkra og betra axlasvæði. Þrýsti-jöfnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti.

VERÐDÆMI:

90 × 200	104.900 kr.
120 × 200	129.900 kr.
140 × 200	144.900 kr.
160 × 200	169.900 kr.
180 × 200	184.900 kr.

Öll verð með PU botni og fótum. ATH. fleiri stæðir í boði.

IÐUNN

GÓÐ SJÖ SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA SEM STYÐUR RÉTT VIÐ LÍKAMANN

Cool efnablandan aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og betri líðan, þú færð dýpri og betri svefn. Áklæðið má þvo og er einnig með "Non-slip" efni á botni dýnunnar.

VERÐDÆMI:

90 × 200	104.900 kr.
120 × 200	129.900 kr.
140 × 200	144.900 kr.
160 × 200	169.900 kr.
180 × 200	184.900 kr.

Öll verð með PU botni og fótum. ATH. fleiri stæðir í boði.

VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR

Svefn & heilsa

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

BALDURSNES 6 - AKUREYRI

VERSLUN & OUTLET - LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | **svefnogheilsa.is**

UM FJÓRÐUNGUR LANDS-MANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*

*Samkvæmt könnun frá Gallup.